

*Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki*

*Samantekt úrskurða*

*2003*

# ÚRSKURÐARNEFND UM VIÐSKIPTI VIÐ FJÁRMÁLAFYRIRTÆKI

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Ár 2003, miðvikudaginn 26. mars, er fundur haldinn í Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Guðjón Ólafur Jónsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Grétar Grétarsson, Ólöf Embla Einarsdóttir og Sölvi Sölvason.

Fyrir er tekið **mál nr. 1/2003**:

**M**  
**gegn**  
**fjármálafyrirtækinu F**

og kveðinn upp svohljóðandi

## ú r s k u r ð u r:

### I.

#### Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefnd sóknaraðili, annars vegar, og fjármálafyrirtækið F, hins vegar, hér eftir nefnt varnaraðili.

Málið barst úrskurðarnefnd 3. febrúar 2003 með ódagsettri kvörtun lögmanns sóknaraðila. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu sama dag, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi lögmanns varnaraðila, dagsettu 26. febrúar 2003. Bréfið var sent lögmanni sóknaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu 3. mars 2003, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi lögmannsins, dagsettu 6. mars 2003.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 20. og 26. mars 2003.

### II.

#### Málsatvik.

Sóknaraðili bar í maí 2002 fram kvörtun við Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki vegna viðskipta sinna við varnaraðila. Kvaðst sóknaraðili þá hafa byrjað viðskipti sín við varnaraðila í lok árs 1996. Hinn 18. september 1998 gerðu aðilar málsins með sér fjárvörslusamning. Kemur þar fram að varnaraðili skyldi verja fé sóknaraðila til kaupa í „A“, „B“, „C“, „D“ hlutabréfum og skuldabréfum, bankavíxlum, ríkisvíxlum, víxlum sveitarfélaga og fyrirtækja og í öðrum skráðum hlutafélögum.

Í gögnum málsins kemur fram að fjármunir sóknaraðila í vörslu varnaraðila hafi að markaðsvirði numið um 8,5 milljónum króna í febrúar 1997, 8,7 milljónum í ársbyrjun 1999, 10,5 milljónum í árslok 1999, 7,9 milljónum í árslok 2000, 6,9 milljónum króna í árslok 2001 og 6,3 milljónum um miðjan maí 2002.

Með úrskurði nefndarinnar, uppkveðnum 3. júlí 2002, í máli nr. 6/2002 var varnaraðila gert að greiða sóknaraðila kr. 1.132.130 að frádregnu andvirði hlutabréfa að nafnvirði 200 bandaríkjadalir í E og gegn innlausn hlutabréfa að nafnvirði 140 sterlingspund í F á uppgjörstegi. Taldi úrskurðarnefndin varnaraðila hafa farið út fyrir

Það umboð sem hann hafði til að kaupa í verðbréfum í nafni sóknaraðila. Mun varnaraðili hafa gert upp við sóknaraðila á grundvelli úrskurðarins.

Með bréfi, dagsettu 15. júlí 2002, gerði sóknaraðili frekari athugasemdir við fjárvörslu varnaraðila. Með bréfi úrskurðarnefndarinnar til sóknaraðila, dagsettu 1. ágúst 2002, var sóknaraðila tjáð að með uppkvaðningu úrskurðar í málinu hinn 3. júlí 2002 hefði meðferð málsins hjá nefndinni lokið. Var sóknaraðila jafnframt bent á að um endurupptöku máls færi samkvæmt 13. gr. samþykktu fyrir Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki frá 8. júní 2000. Mætti beina rökstuddri kröfu þar að lútandi til nefndarinnar ásamt skýrri kröfugerð um breytingar á úrskurði.

Sóknaraðili beindi bótakröfu sinni að varnaraðila með bréfi lögmanns sóknaraðila, dagsettu 7. október 2002, og síðar með bréfi til lögmanns varnaraðila, dagsettu 4. nóvember 2002. Varnaraðili hefur hafnað kröfu sóknaraðila og var máli þessu vísað til úrskurðarnefndarinnar með kvörtun, mótttekinni 3. febrúar 2003.

### III.

#### Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili gerir í málinu þær kröfur að varnaraðili greiði honum:

1. Dráttarvexti af kr. 403.640 frá 22. júní 1999 til greiðsludags vegna kaupa á óskráðum bréfum í E.
2. Dráttarvexti af kr. 352.800 frá 20. júní 2000 til 27. júlí 2000 en af kr. 418.182 frá þeim degi til greiðsludags vegna kaupa á hlutum G.
3. a. Skaðabætur að fjárhæð kr. 18 ásamt dráttarvöxtum af kr. 2.897 frá 17. desember 1999 til 9. febrúar 2000 en af kr. 18 frá þeim degi til greiðsludags vegna kaupa á H.
- b. Skaðabætur að fjárhæð kr. 26.520 ásamt dráttarvöxtum af kr. 1.062.520 frá 17. desember 1999 til 9. febrúar 2000 en af kr. 26.520 frá þeim degi til greiðsludags vegna kaupa á H.
- c. Skaðabætur að fjárhæð kr. 17.956 ásamt dráttarvöxtum af kr. 482.956 frá 17. desember 1999 til 24. mars 2000 en af kr. 17.956 frá þeim degi til greiðsludags vegna kaupa á H.
- d. Skaðabætur að fjárhæð kr. 227.231 ásamt dráttarvöxtum af kr. 2.739.565 frá 17. desember 1999 til 4. maí 2000 en af kr. 227.231 frá þeim degi til greiðsludags vegna kaupa á H.
4. a. Skaðabætur að fjárhæð kr. 698.874 ásamt dráttarvöxtum af kr. 1.000.000 frá 24. febrúar 2000 til 21. september 2001 en af kr. 698.874 frá þeim degi til greiðsludags vegna kaupa á I.
- b. Skaðabætur að fjárhæð kr. 809.758 ásamt dráttarvöxtum frá 20. júní 2000 til greiðsludags vegna kaupa í J.
- c. Skaðabætur að fjárhæð kr. 250.657 ásamt dráttarvöxtum frá 9. nóvember 2001 til greiðsludags vegna kaupa í K.
- d. Skaðabætur að fjárhæð kr. 393.983 ásamt dráttarvöxtum af kr. 683.202 frá 20. desember 1999 en af kr. 393.983 frá þeim degi til greiðsludags (sic) vegna kaupa á bréfum í L.
5. a. Dráttarvexti af kr. 643.032 frá 23. mars 2000 til greiðsludags.
- b. Dráttarvexti af kr. 498.198 frá 13. ágúst 2001 til greiðsludags.

Krafist er dráttarvaxta samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25, 1987 til 1. júlí 2001 en samkvæmt III. kafla (sic) laga um vexti og verðtryggingu nr. 38, 2001 frá þeim tíma. Þá gerir sóknaraðili kröfu um að varnaraðila verði gert að greiða innheimtubóknun samkvæmt gjaldskrá M af heildarhöfuðstól og heildarvöxtum, auk virðisaukaskatts.

Sóknaraðili telur varnaraðila hafa brotið gegn fjárvörslusamningi aðila og þar með valdið sér tjóni. Hafi varnaraðili farið út fyrir umboð sitt í fjárfestingum fyrir hönd sóknaraðila og fjárfest í verðbréfum sem voru í verulegu ósamræmi við þá fjárfestingarstefnu sem mörkuð var við gerð fjárvörslusamnings aðila. Þá álitur sóknaraðili að varnaraðila sé ekki stætt á að neita að greiða sér vexti vegna þeirra kaupa sem varnaraðili hafi þegar greitt skaðabætur fyrir.

Sóknaraðili rökstyður einstaka kröfuliði svo:

1. Sóknaraðili kveður varnaraðila hafa fallist á að greiða skaðabætur og innheimtukostnað vegna kaupa á óskráðum bréfum í E þann 22. júní 1999 en hafi hafnað því að greiða vexti vegna þessa. Gerir sóknaraðili kröfu um dráttarvexti eins og fyrr var rakið. Telur sóknaraðili synjun varnaraðila á greiðslu dráttarvaxta bæði órökstudda og óskiljanlega.
2. Sóknaraðili segir varnaraðila hafa samþykkt að greiða skaðabætur og innheimtukostnað vegna kaupa á óskráðum bréfum í G í tvígang á árinu 2000 en hafi hafnað að greiða sóknaraðila vexti vegna þessa. Sé því gerð krafa um dráttarvexti. Telur sóknaraðili synjun varnaraðila á greiðslu dráttarvaxta bæði órökstudda og óskiljanlega.
3. Sóknaraðili kveður varnaraðila hafa farið út fyrir umboð sitt með kaupum á H hinn 17. desember 1999, en bréfin voru seld í fernu lagi á tímabilinu frá 9. febrúar 2000 til 4. maí 2000. Krefst sóknaraðili skaðabóta sem svara tapi af sölu bréfanna auk dráttarvaxta.
4. Sóknaraðili telur varnaraðila ennfremur hafa farið út fyrir umboð sitt með kaupum á hlutum í I, J, K og L á tímabilinu frá 20. desember 1999 til 14. desember 2001. Gerir sóknaraðili þá kröfu að varnaraðili bæti sér fjártjón af viðkomandi fjárfestingum og greiði dráttarvexti af þeim fjárhæðum sem fjárfest var fyrir frá kaupdegi fram að söludegi viðkomandi hluta en af mismuni kaup- og söluverðs frá þeim degi til greiðsludags.
5. Loks gerir sóknaraðili þá kröfu að varnaraðili verði gert að greiða honum dráttarvexti af tilgreindum fjárhæðum sem varið var til fjárfestinga í hlutum í E og F og nefndin fjallaði um í úrskurði sínum nr. 6/2002.

#### IV.

##### **Athugasemdir varnaraðila.**

Varnaraðili gerir aðallega þá kröfu að nefndin vísi málinu frá. Til vara krefst varnaraðili þess að kröfum sóknaraðila verði hafnað. Í báðum tilvikum er þess krafist að sóknaraðili verði úrskurðaður til greiðslu kostnaðar við meðferð málsins samkvæmt mati nefndarinnar.

Aðalkröfu sína rökstyður varnaraðili svo að sóknaraðili hafi áður kvartað til nefndarinnar vegna sömu atvika og nú sé kvartað yfir. Hafi því máli lokið með úrskurði nefndarinnar hinn 3. júlí 2002 í máli nr. 6/2002. Í þeim úrskurði komi m.a. fram að fjárvarsla varnaraðila hafi að öðru leyti en varðaði kaup í E og F verið í samræmi við fjárvörslusamning aðila. Vísar varnaraðili í þessu sambandi til meginreglna í íslensku

réttarfari, sbr. m.a. 2. mgr. 116. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91, 1991, svo og ákvæða 24. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37, 1993 um endurupptöku mála. Kveður varnaraðili engin ný gögn eða upplýsingar fram komnar sem nefndin hafi ekki haft undir höndum í máli nr. 6/2002 og verði því ekki séð hvað geti réttlætt það að taka málið fyrir að nýju og taka efnislega afstöðu í því.

Varnaraðili bendir á að frá árinu 1998 þegar fjárfestingastefna hafi verið gerð hafi orðið verulegar breytingar á verðbréfamarkaði. Sé því ekki hægt að túlka stefnuna eftir orðanna hljóðan heldur verði að líta svo á að varnaraðili hafi verið innan umboðs síns hafi kaup fallið innan viðeigandi flokks verðbréfa. Þá hafi sóknaraðili fengið yfirlit frá varnaraðila tvisvar á ári og kvittanir í hvert sinn sem breyting varð á eignum hans við kaup eða sölu. Hafi hann engar athugasemdir gert við kaup á verðbréfum í hans nafni fyrr en keypt voru hlutabréf í F á árinu 2002. Telur varnaraðili sig því hafa verið innan umboðs síns og verið í góðri trú þar um. Hafi varnaraðili heldur ekki getað skilið aðgerðarleysi sóknaraðila öðruvísi en sem samþykki á þeirri fjárfestingarstefnu sem fylgt var.

Varnaraðili gerir eftirfarandi athugasemdir við einstaka kröfuliði sóknaraðila:

1. Varnaraðili telur ágreining um kröfu þessa eiga undir dómstóla og beri því að vísa kröfunni frá. Verði ekki á það fallist telur varnaraðili að hafna verði kröfunni. Segir varnaraðili nefndina áður hafa fjallað um álítaefnið og komist að þeirri niðurstöðu að ekkert væri athugasemdir við kaupin. Þá gerir varnaraðili ennfremur athugasemdir við upphafstíma dráttarvaxta.
2. Varnaraðili gerir hér sömu athugasemdir og við 1. tölulið.
3. Varnaraðili vísar til þess að H hafi ekki verið til þá er fjárfestingastefna var gerð en um sé að ræða svipaðan sjóð og t.d. N. Hafi fyrst verið keypt í sjóðnum 17. desember 1999 og síðast 4. maí 2000 án þess að nokkur athugasemd kæmi frá sóknaraðila. Hafi fyrst verið gerðar athugasemdir við kaupin með bréfi lögmanns sóknaraðila 4. nóvember 2002. Varnaraðili telur kaupin hafa verið innan markaðrar fjárfestingarstefnu.
4. Varnaraðili kveður að í umboði sínu hafi falist heimild til kaupa í alþjóðlegum hlutabréfasjóðum. Þá hafi fjárfestingarstefnan náð til kaupa á hlutabréfum í skráðum félögum. Hafi varnaraðili því verið innan umboðs síns.
5. Varnaraðili telur að hér sé verið að gera kröfu um að nefndin taki til greina kröfur sem unnt hefði verið að hafa uppi í fyrra máli aðila nr. 6/2002. Verði því að vísa þessum kröfum frá.

## V.

### Niðurstaða.

Eins og fyrr er rakið bar sóknaraðili í maí 2002 fram kvörtun við Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki vegna viðskipta sinna við varnaraðila, sbr. mál nr. 6/2002. Af málatalibúnaði sóknaraðila þá varð ekki annað skilið en að sóknaraðili teldi sig hafa orðið fyrir fjártjóni vegna hlutabréfakaupa varnaraðila fyrir sína hönd, en málsaðilar höfðu hinn 18. september 1998 gert með sér fjárvörslusamning. Í fjárfestingarstefnu sóknaraðila kom m.a. fram að kaupin mætti bréf í skráðum hlutafélögum. Af gögnum málsins mátti ráða að óánægja sóknaraðila lyti að kaupum varnaraðila á bréfum í F og E en þau félög voru bæði óskráð á þeim tíma.

Með úrskurði nefndarinnar, uppkveðnum 3. júlí 2002, í máli nr. 6/2002 var varnaraðila gert að greiða sóknaraðila kr. 1.132.130 að frádregnu andvirði hlutabréfa að nafnvirði 200 bandaríkjadalir í E og gegn innlausn hlutabréfa að nafnvirði 140 sterlingspund í F á uppgjörsdegi. Taldi úrskurðarnefndin varnaraðila hafa farið út fyrir það umboð sem hann hafði til að kaupa verðbréf í nafni sóknaraðila. Í úrskurðinum var tekið fram að ekki yrði annað séð en að fjárvarsla varnaraðila hafi að öðru leyti verið í samræmi við fjárvörslusamning aðila og væri ekkert það fram komið sem benti til saknæmrar vanrækslu varnaraðila við vörslu fjár sóknaraðila. Ágreiningslaust er að varnaraðili hefur farið að úrskurði nefndarinnar og gert upp við sóknaraðila á grundvelli hans.

Með bréfi, dagsettu 15. júlí 2002, gerði sóknaraðili frekari athugasemdir við fjárvörslu varnaraðila. Úrskurðarnefndin sendi bréf til sóknaraðila, dagsett 1. ágúst 2002, þar sem honum var gerð grein fyrir að með uppkvaðningu úrskurðar í máli nr. 6/2002 hinn 3. júlí 2002 hefði meðferð málsins hjá nefndinni lokið. Var sóknaraðila jafnframt bent á að um endurupptöku máls færi samkvæmt 13. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki frá 8. júní 2000. Mætti beina rökstuddri kröfu þar að lútandi til nefndarinnar ásamt skýrri kröfugerð um breytingar á úrskurði.

Sóknaraðili hefur nú borið fram nýja kvörtun til úrskurðarnefndarinnar og gerir ýmsar frekari kröfur á hendur varnaraðila. Engin ný gögn eða upplýsingar hafa þó verið lögð fyrir nefndina sem sóknaraðili átti ekki kost á að koma á framfæri í fyrra máli sínu gegn varnaraðila. Verður sóknaraðili sjálfur að bera ábyrgð á því hvernig hann hagaði málatilbúnaði sínum í það skipti. Getur sóknaraðili ekki haft uppi nýjar kröfur á hendur varnaraðila með annarri kvörtun til úrskurðarnefndarinnar vegna sömu atvika og nefndin hefur þegar fjallað um og tekið afstöðu til með úrskurði.

Með vísan til alls framanritaðs verður því ekki hjá því komist að vísa máli þessu frá úrskurðarnefndinni.

### Ú r s k u r ð a r o r ð:

Máli sóknaraðila, M á hendur varnaraðila, F, er vísað frá úrskurðarnefndinni.

Reykjavík, 26. mars 2003.

Guðjón Ólafur Jónsson

Geir Arnar Marelsson

Grétar Grétarsson

Ólöf Embla Einarsdóttir

Sölvi Sölvason

# ÚRSKURÐARNEFND UM VIÐSKIPTI VIÐ FJÁRMÁLAFYRIRTÆKI

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Ár 2003, þriðjudaginn 1. júlí, er fundur haldinn í Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Guðjón Ólafur Jónsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Grétar Grétarsson, Ólöf Embla Einarsdóttir og Sölvi Sölvason.

Fyrir er tekið **mál nr. 2/2003**:

**M**  
**gegn**  
**fjármálafyrirtækinu F**

og kveðinn upp svohljóðandi

## ú r s k u r ð u r :

### I.

#### Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar, og fjármálafyrirtækið F, hins vegar, hér eftir nefndur varnaraðili.

Málið barst úrskurðarnefnd 10. febrúar 2003 með kvörtun sóknaraðila, dagsettri sama dag. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 10. febrúar 2003, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi hans, dagsettu 21. febrúar 2003. Bréfið var sent sóknaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu 4. mars 2003, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi sóknaraðila, dagsettu 6. mars 2003. Með bréfum nefndarinnar, dagsettum 23. apríl og 28. maí 2003 var óskað eftir frekari upplýsingum varnaraðila. Þær bárust með bréfum varnaraðila, dagsettum 13. maí og 5. júní 2003. Bréfin voru send sóknaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu 13. júní 2003, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Þær bárust með bréfi sóknaraðila, dagsettu 16. júní 2003.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 20. mars, 20. maí, 28. maí og 1. júlí 2003.

### II.

#### Málsatvik.

Tildrög máls þessa eru þau að hinn 21. september 2001 greiddi sóknaraðili A. kr. 8.499.000.- að hann taldi vegna kaupa á hlutum í B. Gaf varnaraðili út kvittun til sóknaraðila umræddan dag þar sem m.a. greinir: „Þú keyptir Erl hlbr. B “. Var nafnverð bréfanna sagt 40.000,00, að því er virðist bandaríkjadalir, sem seld voru á genginu 2,5, þ.e. 100.000 bandaríkjadali. Gengi bandaríkjadals var umræddan dag 84,99 krónur og greiddi sóknaraðili því kr. 8.499.000 til varnaraðila eins og fyrr greinir.

B var stofnað í júlí 1995 í Bandaríkjum Norður-Ameríku. Félagið varð gjaldþrota á árinu 2002 og lauk skiptum 31. október það ár.

Ágreiningur reis með sóknaraðila og fyrrgreindu fjármálafyrirtæki um hvort fyrirtækið hafi átt að kaupa umrædd hlutabréf í B í nafni sóknaraðila eða hvort kaupin yrðu hluti af stærri fjárfestingu í nafni fjármálafyrirtækisins ytra, sem síðan yrði

sundurliðuð á fjárvörslureikning sóknaraðila og annarra fjárfesta hérlendis. Kvartaði sóknaraðili m.a. yfir því að hafa ekki fengið hlutabréf í fyrrgreindu félagi í sínar hendur. Skaut hann máli sínu til úrskurðarnefndarinnar hinn 4. október 2001, sbr. mál nr. 12-2001. Því máli var vísað frá með úrskurði nefndarinnar hinn 4. desember 2001.

Með opinberri tilkynningu viðskiptaráðuneytisins, dagsettri 27. nóvember 2001, var tilkynnt að viðskiptaráðherra hefði þann sama dag afturkallað starfsleyfi A með vísan til 2. tölul. 1. mgr. 60. gr. þágildandi laga um verðbréfavíðskipti nr. 13, 1996. Í framhaldi af afturkölluninni hafi viðskiptaráðherra lagt fram beiðni til Héraðsdóms Reykjavíkur um opinber skipti á félaginu í samræmi við 2. mgr. 62. gr. laga um verðbréfavíðskipti. Hafi Héraðsdómur Reykjavíkur fallist á þá kröfu og skipað C, til að annast skiptin. Skiptastjóri mun hinn 5. desember 2001 hafa samið við varnaraðila um að hann tæki við fjárvörsluhluta rekstrar A

Samkvæmt fjárvörslufirliti, dagsettu 30. nóvember 2001, var markaðsgengi umræddra hluta hinn 28. sama mánaðar, 0,22 og verðmæti þeirra alls kr. 914.672. Sóknaraðili mun hafa lýst kröfu í bú A m.a. vegna fyrrgreindra hluta í B. Var kröfu hans þar að lútandi hafnað með bréfi skiptastjóra til lögmanns sóknaraðila, dagsettu 13. mars 2002, þar sem sóknaraðili væri skráður fyrir 40.000 hlutum í félaginu.

Með bréfi lögmanns sóknaraðila til varnaraðila, dagsettu 23. júlí 2002, var óskað eftir staðfestingu á því að varnaraðili ábyrgðist tiltekna verðbréfaeign sóknaraðila. Í bréfi til lögmanns sóknaraðila, dagsettu 11. september 2002, sagði varnaraðili m.a. eftirfarandi um verðbréfaeign sóknaraðila: „*B 40.000 Er í vörslu hjá F, Fyrirtækið er ekki starfandi.*” Ekki er ágreiningur um að skammstöfunin „*F.*” tákni varnaraðila. Í bréfinu var ennfremur tekið fram að varnaraðili bæri á engan hátt ábyrgð á þeim fjárfestingum sem gerðar hefðu verið í nafni fyrrum viðskiptavina A. Þá var tekið fram að erlendar eignir væru vistaðar á erlendum vörslureikningum og væri í flestum tilvikum ekki um að ræða útgefin bréf á bak við eignirnar.

Með bréfi til sóknaraðila, dagsettu 25. október 2001, svaraði varnaraðili fyrirspurn hans um hvar margumræddir hlutir hans væru geymdir. Kvað sóknaraðili B ekki hafa verið búið að gefa út bréf þegar félagið hætti starfsemi en skráning í fjárvörslukerfi varnaraðila hefði farið eftir fyrirbyggjandi gögnum.

Með bréfi til varnaraðila, dagsettu 11. nóvember 2002, gerði sóknaraðili þá kröfu að honum yrðu afhent þau hlutabréf sem varnaraðili hefði sagst hafa í sinni vörslu eða sannaði á óbyggjandi hátt að B hefði aldrei gefið út nein bréf. Gæti varnaraðili ekki staðið við þá fullyrðingu sína kvaðst sóknaraðili munu líta svo á að varnaraðili hefði í raun glatað bréfunum og með því komið í veg fyrir að hann gæti leitað meints réttar síns í Bandaríkjum Norður-Ameríku. Varnaraðili mun ekki hafa svarað bréfi þessu. Málinu var skotið til úrskurðarnefndarinnar með kvörtun, dagsettri 10. febrúar 2003.

### III.

#### Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili kvartar yfir því að varnaraðili hafi ekki afhent honum bréf í B sem varnaraðili hafi í sinni vörslu. Þá hafi varnaraðili jafnframt neitað að greiða sóknaraðila þá fjárhæð sem hann greiddi upphaflega fyrir bréfin, þ.e. 100.000 bandaríkjadali. Gerir hann þá kröfu að sóknaraðili endurgreiði (sic) honum 100.000 bandaríkjadali miðað við gengi gjaldmiðilsins um áramótin 2001 og 2002 eða þegar varnaraðili tók við fjárvörslusamningum A

Sóknaraðili kveður varnaraðila hafi tekist á hendur ákveðnar skyldur gagnvart eigendum fjárvörslusamninga þegar hann tók við þeim samningum. Segir sóknaraðili bústjóra A hafa hafnað kröfu hans um endurgreiðslu vegna kaupa sinna í B og byggt á upplýsingum frá varnaraðila sem hafi fullyrt að umrædd bréf væru í sinni vörslu. Segir sóknaraðili að með því að fullyrða bæði við skiptastjóra og lögmann sóknaraðila að varnaraðili hefði bréfin í B í sinni vörslu hafi varnaraðili svipt sig þeim rétti að gera kröfu um skaðabætur í til tryggingafélags A. Þá hafi varnaraðili jafnframt komið í veg fyrir að sóknaraðili gæti eftir atvikum leitað réttar síns í Bandaríkjum Norður-Ameríku.

#### IV.

##### **Athugasemdir varnaraðila.**

Varnaraðili vísar til þess að hann hafi með samningi við skiptastjóra A. tekið að sér umsjón með fjárvörslusamningum þeirra sem gert höfðu fjárvörslusamning við félagið og þeim eignum sem þeim fylgdu. Kveður varnaraðili að í einhverjum tilvikum hafi eignir verið keyptar fyrir aðila en hafðar fyrir utan fjárvörslusafn. Hafi hann fíar eða engar staðfestingar varðandi þær eignir. Þá segir varnaraðili erlendar eignir vistaðar á erlendum vörslureikningum og sé í flestum tilvikum ekki um að ræða útgefin bréf á bak við eignirnar. Varnaraðili kveður að um sé að ræða vörslu þegar útgefin bréf eru vistuð í fjármálastofnun í þar til gerðri öryggisvörslu, svo og þegar aðgangur að rafvæddum bréfum sé einungis í gegnum tiltekna fjármálastofnun sem hafi umsjón með viðkomandi eign.

Varnaraðili segir mismunandi fyrirkomulag hafa verið á viðskiptum A. Annað hvort hafi hlutir verið keyptir í nafni félagsins og síðan haldið utan um undirliggjandi eigendur eða að keypt hafi verið í nafni viðskiptamanns. Hafi þessar upplýsingar ekki legið nákvæmlega fyrir við gerð samnings við skiptastjóra og hafi það tekið töluverðan tíma að finna út hvernig kaupum í einstökum bréfum og sjóðum hefði verið háttað. Samkvæmt þeim upplýsingum sem varnaraðili kveðst hafa aflað sér hafi umrædd B bréf verið keypt fyrir nokkra aðila í nafni A og hafi nafngreindur bandarískur fjárfestingasjóður haft milligöngu um viðskiptin. Bréfin hafi hins vegar aldrei verið gefin út og því ekki afhent varnaraðila og þar af leiðandi aldrei í vörslu hans í áþreifanlegum skilningi. Varnaraðili kveður fyrrgreint fjármálafyrirtæki hafa í október 2001 sent beiðni til B um að skipta keyptum hlutum niður á þá einstaklinga sem hefðu verið á bak við kaupin. A hafi hins vegar orðið gjaldþrota í nóvember 2001 og B á árinu 2002. Hafi ekki verið hægt að fá það staðfest að nafnbreytingar hafi skilað sér til B.

#### V.

##### **Niðurstaða.**

Skilja verður kröfugerð sóknaraðila svo að hann geri kröfu um að varnaraðili greiði sér andvirði 100.000 bandaríkjadala miðað við gengi hinn 5. desember 2001 þegar varnaraðili gerði samning við skiptastjóra A um að taka við fjárvörsluhluta rekstrar félagsins. Þá verður og að skilja málátibúnað varnaraðila svo að hann geri þá kröfu að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Svo sem fyrr greinir greiddi sóknaraðili A kr. 8.499.000 hinn 21. september 2001 að hann taldi vegna kaupa á hlutum í hlutafélaginu B í Bandaríkjum Norður-Ameríku. Var nafnverð sagt 40.000,00, að því er virðist bandaríkjadalir, og hlutirnir seldir á genginu 2,5, þ.e. samtals á 100.000 bandaríkjadali. Gengi bandaríkjadals var umræddan

dag 84,99 krónur og greiddi sóknaraðili því kr. 8.499.000 til A eins og fyrr greinir. Af hálfu A var því haldið fram í máli sóknaraðila gegn félaginu, sbr. mál nr. 12-2001, að ljóst hafi verið að umrædd fjárfesting yrði í nafni félagsins gagnvart B en hún yrði síðan sundurliðuð á vörslureikninga viðkomandi viðskiptavina hjá félaginu. Hafi sóknaraðili nokkru eftir kaupin nefnt að hann vildi vera skráður beint sem hluthafi í margnefndu félagi. Sóknaraðili sagði fjármálafyrirtækið hins vegar eingöngu hafa átt að vera milliliður við kaupin, þ.e. miðlari.

Eftir að óskað hafði verið opinberra skipta á A hinn 27. nóvember 2001 gerði skiptastjóri hinn 5. desember 2001 samning við varnaraðila um umsjón með fjárvörslusamningum og vörslu eigna. Samkvæmt fjárvörsluyfirliti A, dagsettu 30. nóvember 2001, var sóknaraðili hinn 28. nóvember 2001 skráður fyrir 40.000 hlutum í B í Bandaríkjum Norður-Ameríku og þar með talinn eigandi þeirra í viðskiptakerfi fjármálafyrirtækisins.

Fyrir liggur að ágreiningur var með sóknaraðila og A um kaup á hlutum í B og hafði sóknaraðili m.a. krafist það fjármálafyrirtæki um afhendingu á hlutabréfum í B og síðar endurgreiðslu kaupverðs hluta í félaginu. Ekki er þó ágreiningur um að í viðskiptakerfi A var sóknaraðili talinn eigandi 40.000 hluta í B.

Skiptastjóri í búi félagsins hafnaði með bréfi, dagsettu 13. mars 2002, kröfum sóknaraðila vegna þess að hann væri skráður fyrir 40.000 hlutum í B. Ekkert kemur fram um það af hálfu skiptastjóra að kröfunni sé hafnað vegna upplýsinga frá varnaraðila eða sökum þess að varnaraðili hafi í vörslu sinni hlutabréf í B á nafni sóknaraðila. Verður því ekki annað ráðið en að skiptastjóri hafi hafnað kröfu sóknaraðila á grundvelli upplýsinga úr viðskiptakerfi A. Ekki verður séð af gögnum málsins að sóknaraðili hafi mótmælt afstöðu skiptastjóra til kröfu sinnar, sbr. 1. mgr. 120. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. nr. 21, 1991. Taldist afstaða skiptastjóra þar með endanlega samþykkt við skiptin, sbr. 3. mgr. 120. gr. sömu laga.

Þótt telja verði að texti í bréfi varnaraðila til lögmanns sóknaraðila, dagsettu 11. september 2002, sé ekki eins skýr og kostur hefði verið, gat sóknaraðili ekki, sérstaklega ekki með hliðsjón af forsögu málsins og ágreiningi hans við A, gert ráð fyrir að varnaraðili hefði haft eða hefði þá í vörslu sinni hlutabréf í B á nafni sóknaraðila. Kemur og fram í bréfi varnaraðila að erlendar eignir séu vistaðar á erlendum vörslureikningum og sé í flestum tilvikum ekki um að ræða útgefin bréf á bak við eignirnar. Í bréfinu er ennfremur upplýst að B sé ekki starfandi. Er það staðfest í bréfi varnaraðila, dagsettu 25. október 2002, þar sem ennfremur er upplýst að B hafi ekki verið búið að gefa út bréf þegar félagið hætti starfsemi. Gat sóknaraðili því ekki byggt kröfu sína um afhendingu meintra hlutabréfa í B á efni bréfs varnaraðila, dagsettu 11. september 2002. Eðli máls samkvæmt gat það bréf heldur ekki haft áhrif á þá afstöðu til kröfu skiptastjóra sem fram kemur í bréfi hans, dagsettu 13. mars 2002. Þá hefur heldur ekki verið sýnt fram á það að varnaraðili hafi með saknæmum hætti haft áhrif á þá afstöðu skiptastjóra eða á annan hátt sýnt af sér saknæma háttsemi sem bakað hafi sóknaraðila tjón.

Með vísan til alls framanritaðs er öllum kröfum sóknaraðila á hendur varnaraðila hafnað.

**Ú r s k u r ð a r o r ð:**

Kröfum sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, fjármálafyrirtækinu F, er hafnað.

Reykjavík, 1. júlí 2003.

Guðjón Ólafur Jónsson

Geir Arnar Marelsson

Grétar Grétarsson

Ólöf Embla Einarsdóttir

Sölvi Sölvason

# ÚRSKURÐARNEFND UM VIÐSKIPTI VIÐ FJÁRMÁLAFYRIRTÆKI

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Ár 2003, miðvikudaginn 26. maí, er fundur haldinn í Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Guðjón Ólafur Jónsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Grétar Grétarsson, Ólöf Embla Einarsdóttir og Sölvi Sölvason.

Fyrir er tekið **mál nr. 3/2003**:

## **M gegn fjármálafyrirtækinu F**

og kveðinn upp svohljóðandi

### **ú r s k u r ð u r:**

#### **I.**

##### **Málsmeðferð.**

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar, og fjármálafyrirtækið F, hins vegar, hér eftir nefnt varnaraðili.

Málið barst úrskurðarnefnd 17. mars 2003 með kvörtun sóknaraðila, dagsettri sama dag. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 20. mars 2003, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi hans, dagsettu 11. apríl 2003. Bréfið var sent sóknaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu 14. apríl 2003, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi sóknaraðila, dagsettu 22. apríl 2003.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 20. og 28. maí 2003.

#### **II.**

##### **Málsatvik.**

Hinn 9. október 2000 gerðu aðilar máls þessa með sér fjárvörslusamning. Fól sóknaraðili varnaraðila kr. 4.000.000 til vörslu og skuldbatt varnaraðili sig til að varðveita verðbréf og önnur verðmæti sóknaraðila á öruggan hátt. Veitti sóknaraðili varnaraðila fullt og ótakmarkað umboð til kaupa og sölu á verðbréfum samkvæmt sérstakri fjárfestingarstefnu sem fylgdi samningnum. Gert var ráð fyrir að þrjár fjórðu hlutar fjárins yrðu í hlutabréfum. Áður hafði verið útbúið yfirlit yfir hugsanlega ávöxtun eignasafns sóknaraðila. Var þar í tvígang tekið fram að um gefnar forsendur væri að ráða og þess getið að ástand efnahags og verðbréfamarkaða gæti breyst á skömmum tíma og ekki skyldi gengið að því vísu að tilgreind ávöxtun næðist. Sóknaraðili greiddi kr. 4.000.000 inn á fjárvörslureikning hjá varnaraðila hinn 16. október 2000.

Sóknaraðili mun hafa verið óánægður með ávöxtun fjár síns. Í kjölfar fundar aðila á fyrri hluta árs 2001, þar sem sóknaraðili kvartaði yfir því að fé hans hafði rýrnað um 180.000 krónur, var aukið við fjárfestingar í íslenskum ríkisvixlum og innlendum skuldabréfasjóðum. Sóknaraðili kvartaði oftár yfir ávöxtuninni og m.a. bréflaga í september 2001.

Hinn 16. maí 2002 tók sóknaraðili út kr. 1.050.000 af fé sínu og ákvað síðan í ársbyrjun 2003 að hætta viðskiptum við varnaraðila. Var fjárvörslureikningi hans hjá varnaraðila þá lokað. Með rafpósti til varnaraðila, dagsettum 24. febrúar 2003, fór sóknaraðili fram á að fá til baka kr. 4.000.000 ásamt þeim vöxtum sem hann hefði fengið á peningamarkaðsreikningi sínum hjá varnaraðila. Hann hafði þá alls fengið greiddar kr. 3.423.981 frá varnaraðila. Varnaraðili mun hafa hafnað þeirri kröfu. Málinu var vísað til úrskurðarnefndarinnar með kvörtun, dagsettri 17. mars 2003.

### III.

#### Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili byggir kröfu sína á að ekki hafi verið staðið við þær áætlanir sem gefnar hafi verið og hafi verið forsendur fyrir því að hann treysti varnaraðila fyrir fjármunum sínum. Kveðst sóknaraðili hafa tjáð varnaraðila í upphafi að hann hefði verið að velta fyrir sér hvort hann ætti að greiða upp um þriggja milljóna króna lán hjá A eða hvort hægt væri að ávaxta féð betur þannig að hann kæmi út með hagnaði. Hafi varnaraðili tjáð honum að ávöxtunin þyrfti að vera 15% og að það væri vel hægt. Kveður sóknaraðili aldrei hafa komið til tals að setja féð í einhverja áhættu. Þá kvartar sóknaraðili yfir því að ekki hafi verið haft samráð við hann um fjárfestingar.

Sóknaraðili kveðst hafa rætt við varnaraðila þá er hann fékk yfirlit frá sjóðnum sem sýni 180.000 króna rýrnun vörslufjárins. Hafi hann þá verið talinn af því að selja bréf sín, en þau rýrnað enn meir eftir það.

### IV.

#### Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili hafnar kröfum sóknaraðila. Varnaraðili kveður þrjá ávöxtunarmöguleika hafa verið kynnta fyrir sóknaraðila í upphafi, þ.e. að fjárfesta í bréfum, leggja féð inn á reikning eða búa til fjárvörslusafn. Hafi sóknaraðila litist illa á fyrstu tvö möguleikana enda haft uppi hugmyndir um 25% ávöxtun fjárins. Hafi honum verið bent á að slíkt safn fæli í sér verulega áhættu og hafi því verið ákveðið markmið um 15% ávöxtun á næstu fimm árum, sem var hærrí ávöxtun en vextir á peningamarkaðsreikningum er þá voru um 11%. Hafi meirihluti safnsins því verið í hlutabréfum eða 70%.

Varnaraðili kveður sóknaraðila hafa verið send yfirlit sem sýnt hafi vöxt safnsins miðað við 15% meðaltalsávöxtun á ári í fimm ár. Hafi þar í tvígang verið tekið fram að forsendur væru fyrirfram gefnar og að ekki skyldi ganga að því vísu að sú ávöxtun sem yfirlitið sýndi myndi nást þar sem ástand efnahagsmála og verðbréfamarkaða gæti breyst á skömmum tíma.

Varnaraðili segir tap á safni sóknaraðila hafa numið rúmlega 500.000 krónum frá hausti 2000 til ársbyrjunar 2003 þá er sóknaraðili hafi ákveðið að hætta viðskiptum við varnaraðila. Hafi neikvæð ávöxtun því verið 12,5% en til samanburðar hafi meðaltalsávöxtun sjö tilgreindra hlutabréfavísitalna verið neikvæð á sama tímabili um 41%.

Varnaraðili bendir á að sóknaraðili hafi undirritað fjárvörslusamning og fjárfestingarstefnu þar sem skýrt hafi verið kveðið á um hvaða fjárfestingar bæru uppi safn hans. Hafi honum því mátt vera ljóst í hverju yrði fjárfest. Sökum hárrar ávöxtunarkröfu hafi áhættufjárfestingar verið meðal fjárfestingakosta. Þá hafi varnaraðili

talið hugmynd sóknaraðila um 25% ávöxtun of háa og lagt til að það markmið yrði lækkað í 15% sem væri raunhæfara að ná á fimm ára tímabili.

Loks vísar varnaraðili til þess að safnið hafi verið til fimm ára og séu því enn tvö og hálf ár til stefnu. Sóknaraðili hafi hins vegar sjálfur ákveðið að loka safninu og sé því engin leið að segja til um hvort upphafleg markmið náist.

## V.

### Niðurstaða.

Skilja verður málatilbúnað sóknaraðila svo að hann geri kröfu um að varnaraðili bæti honum mismun á þeim kr. 4.000.000, sem hann fól varnaraðila vörslu á hinn 16. október 2000, og kr. 3.423.981, sem hann hafði samtals fengið greiddar þá er fjárvörslu lauk, þ.e. samtals kr. 576.019, auk vaxta af kr. 4.000.000 frá 16. október 2000 til 16. maí 2002, en af kr. 2.950.000 frá þeim degi til þess dags er fjárvörslureikningi hans hjá varnaraðila var lokað.

Ekki er ágreiningur með aðilum um að sóknaraðili hafi falið varnaraðila til vörslu kr. 4.000.000 hinn 16. október 2000, sbr. fjárvörslusamning aðila, dagsettan 9. október 2000. Til skoðunar er hvort háttsemi varnaraðila við vörslu fjár sóknaraðila hafi verið með þeim hætti að hann hafi bakað sér bótaábyrgð gagnvart sóknaraðila.

Með fyrrgreindum fjárvörslusamningi veitti sóknaraðili varnaraðila fullt og ótakmarkað umboð til kaupa og sölu á verðbréfum samkvæmt fjárfestingastefnu sem fylgdi samningnum, svo og til ýmissa annarra fjármálaráðstafana í sínu nafni. Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að ráðstafanir varnaraðila í umboði sóknaraðila hafi að fullu verið í samræmi við umboðið.

Varnaraðili skuldbatt sig ekki til að tryggja sóknaraðila einhverja lágmarksávöxtun vörslufjárins og getur ekki borið ábyrgð á þróun markaða. Er í því sambandi rétt að hafa í huga að verulegur hluti fjárins var með vitund sóknaraðila notaður til fjárfestinga í hlutabréfum og mátti sóknaraðila vera ljós sú áhætta sem því fylgdi. Var honum og gerð grein fyrir því að ávöxtunarkúrfur byggðust á gefnum forsendur og væri ekki unnt að ganga út frá því sem gefnu að sú ávöxtun næðist. Þá gat sóknaraðili ekki gengið út frá því sem vísu að höfuðstóll fjárins kynni ekki að rýrna í vörslu varnaraðila.

Að mati úrskurðarnefndarinnar hefur ekki verið sýnt fram á að rýrnun fjármuna sóknaraðila verði rakin til saknæmrar háttsemi varnaraðila eða manna sem hann ber ábyrgð á.

Með vísan til framanritaðs og að öðru leyti til gagna málsins verður ekki hjá því komist að hafna öllum kröfum sóknaraðila á hendur varnaraðila.

Það athugast að í fjárvörslusamningi aðila er ekki tekið fram að skjóta megi ágreiningi vegna hans til Úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki svo sem rétt hefði verið.

**Ú r s k u r ð a r o r ð:**

Kröfum sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, fjármálafyrirtækinu F, er hafnað.

Reykjavík, 28. maí 2003.

Guðjón Ólafur Jónsson

Geir Arnar Marelsson

Grétar Grétarsson

Ólöf Embla Einarsdóttir

Sölvi Sölvason

# ÚRSKURÐARNEFND UM VIÐSKIPTI VIÐ FJÁRMÁLAFYRIRTÆKI

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Ár 2003, þriðjudaginn 8. júlí, er fundur haldinn í Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Guðjón Ólafur Jónsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Grétar Grétarsson, Ólöf Embla Einarsdóttir og Sölvi Sölvason.

Fyrir er tekið **mál nr. 4/2003**:

**M**  
**gegn**  
**fjármálafyrirtækinu F**

og kveðinn upp svohljóðandi

## ú r s k u r ð u r:

### I.

#### Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar, og fjármálafyrirtækið F, hins vegar, hér eftir nefnt varnaraðili.

Málið barst úrskurðarnefnd 14. apríl 2003 með kvörtun sóknaraðila, dagsettri sama dag. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 16. apríl 2003, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi hans, dagsettu 12. maí 2003. Bréfið var sent sóknaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu 14. maí 2003, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi sóknaraðila, dagsettu 20. maí 2003. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 3. júní 2003, var óskað eftir frekari upplýsingum varnaraðila. Þær bárust með bréfi varnaraðila, dagsettu 12. júní 2003. Bréfið var sent sóknaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu 14. júní 2003, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Þær bárust með bréfi eiginkonu sóknaraðila, dagsettu 19. júní 2003.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 20. maí, 1. og 8. júlí 2003.

### II.

#### Málsatvik.

Hinn 17. september 2002 framvísaði sóknaraðili hjá varnaraðila frumritum kvittunar frá A um skipti á D fyrir C fyrir sig og eiginkonu sína, B. Var hvor kvittunin um sig að nafnvirði kr. 3.373.757. Á kvittunum fyrir móttöku frumritanna sem sóknaraðili og varnaraðili hafa ritað undir segir að andvirði bréfa sóknaraðila óskist lagt inn á reikning hans nr. XXXXXX og andvirði bréfa eiginkonu hans inn á reikning nr. XXXXXX. Sama dag gaf varnaraðili út kvittanir til handa sóknaraðila og eiginkonu hans fyrir sölu C. Samkvæmt þeim seldi hvort um sig C að nafnvirði kr. 3.327.105 á genginu 106,7590. Að frádregnu afgreiðslugjaldi og þóknun nam andvirði til hvors um sig kr. 3.537.596 og var það lagt inn á fyrrgreinda reikninga þeirra.

Hinn 14. nóvember 2002 keypti sóknaraðili E af varnaraðila fyrir samtals kr. 10.800.007 og eiginkona hans fyrir kr. 3.824.000 og voru tilgreindar fjárhæðir millifærðar af áðurnefndum reikningum þeirra. Þau seldu umrædd bréf 17. desember 2002 og var andvirði þeirra að frádregnum fjármagnstekjuskatti, kr. 10.861.623 og kr. 3.845.424, lagt inn á margnefndan reikning sóknaraðila.

Sóknaraðili mun hafa kvartað við varnaraðila fyrst 18. desember 2002. Í rafpósti til varnaraðila hinn 2. janúar 2003 kvað sóknaraðili misskilning hafa komið upp vegna sölu á C sem hafi átt að vera í vörslu bankans á reikningi sínum og eiginkonu sinnar. Hafi aldrei staðið til að selja bréfin. Hins vegar hafi hann verið látinn skrifa undir kvittun um móttöku frumrits frá A og ráðstöfun. Kvað hann sig þá hafa talið að hann væri að kvitta fyrir að rafræn C yrðu sett í vörslu hjá varnaraðila. Þá sagðist sóknaraðili engin gögn hafa fengið um umrædda sölu á húsbréfunum, afföll þeirra eða annað sem leitt hefði til þess að hann áttaði sig á mistökunum. Fór sóknaraðili fram á að varnaraðili leiðrétti þau mistök sem hann taldi hafa orðið. Ekki verður séð að sóknaraðila hafi borist svar við umræddum rafpósti.

Málinu var skotið til úrskurðarnefndarinnar með kvörtun, dagsettri 14. apríl 2003.

### III.

#### Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili gerir þá kröfu að hann verði jafnvel settur og verið hefði ef C þeirra hjóna hefðu ekki verið í vörslu F.

Sóknaraðili kveðst hafa afhent þjónustufulltrúa frumrit frá A og beðið um að C yrðu lögð inn á svonefndan reikning. Taldi hann sig í greint sinn vera að kvitta fyrir því að það væri hægt. Þá er hann og kona hans höfðu keyptu íbúð 18. desember 2002 hefðu þau tapað á því að bankinn hefði selt C strax og þau ekki áttað sig á því. Vísar sóknaraðili ennfremur til þess að eyðublöð þau er hann ritaði undir hafi verið fyllt út á ófullnægjandi hátt. Þá hafi ekki legið fyrir umboð frá eiginkonu sóknaraðila um sölu bréfanna.

Sóknaraðila finnst rétt að varnaraðili verði gerður ábyrgur vegna umræddra mistaka enda hafi hann brugðist upplýsingaskyldu sinni þar sem ekki hafi verið ætlunin að selja C.

### IV.

#### Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili kveðst hafa staðið í þeirri meiningu að sóknaraðili hafi viljað selja umrædd húsbréf enda hafi hann skrifað því til staðfestingar undir kvittun fyrir móttöku frumrits frá A þar sem fram komi að andvirði bréfanna skuli annars vegar leggjast inn á reikning hans sjálfs og hins vegar reikning eiginkonu hans. Hafi andvirði bréfanna verið ráðstafað í samræmi við þetta. Varnaraðili segir að láðst hafi að gera kröfu um umboð frá eiginkonu sóknaraðila en andvirði bréfanna hafi hins vegar verið ráðstafað inn á reikning hennar. Ljóst sé að sóknaraðili hafi í greint sinn, eins og jafnan í samskiptum við varnaraðila, komið fram fyrir hönd eiginkonu sinnar.

Varnaraðili bendir á að engar athugasemdir hafi borist vegna þessa, hvorki frá sóknaraðila né eiginkonu hans, fyrr en 18. desember 2002. Telur varnaraðili að sóknaraðila hefði átt að vera mistökin ljós mun fyrr hafi það verið ætlun hans að leggja C til vörslu hjá varnaraðila en ekki selja þau. Vísar varnaraðili í fyrsta lagi til þess að andvirði C hafi að hluta verið ráðstafað inn á launareikning sóknaraðila sem hann hafi

notað talsvert mikið og mætti því ætla að sóknaraðili hefði átt að verða var við að lögð hefði verið inn á reikninginn sú fjárhæð sem um ræðir. Í öðru lagi hafi þau hjón fengið sendar kvittanir fyrir sölu C og í þriðja lagi hafi þau fjárfest í E hinn 14. nóvember 2002 og hafi kaupverð þeirra verið skuldfært af reikningum sóknaraðila og eiginkonu hans hjá varnaraðila. Í fjórða lagi hafi sóknaraðili alloft skoðað yfirlit yfir reikning sinn í netbanka varnaraðila á tímabilinu frá 18. september til og með 14. nóvember 2002.

Varnaraðili hafnar því að mistök hafi átt sér stað af hans hálfu og telur að unnið hafi verið í samræmi við óskir sóknaraðila. Ljóst sé að eftir á að hyggja hefði verið hagkvæmara fyrir sóknaraðila að bíða með sölu bréfanna fram til þess tíma er athugasemdir bárust fyrst vegna sölu C. Það réttlæti hins vegar ekki að unnt sé að koma þremur mánuðum eftir að viðskipti eigi sér stað og halda því fram að varnaraðila hafi orðið á mistök. Sé það hins vegar rétt að sóknaraðili hafi ekki ætlað að selja bréfin í september 2002 hefði honum átt að vera það ljóst mun fyrir og geti því ekki haft uppi kröfur á hendur varnaraðila þess vegna svo löngu eftir að viðskipti hafi átt sér stað.

## V.

### Niðurstaða.

Mál þetta rekur sóknaraðili á hendur varnaraðila bæði vegna sölu á C, sínum og eiginkonu sinnar. Varnaraðili hefur ekki haft uppi athugasemdir við aðild sóknaraðila hvað varðar ráðstöfun C, eiginkonu hans. Eru því ekki efni til annars en að leysa úr ágreiningi aðila þó að eiginkona sóknaraðila sé ekki aðili að máli þessu. Skilja verður málalátbúnað varnaraðila svo að hann krefjist þess að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Í máli þessu liggur fyrir að sóknaraðili ritaði hinn 17. september 2002 nafn sitt undir tvær kvittanir fyrir móttöku frumrits frá A vegna C. Var önnur á nafni eiginkonu sóknaraðila en hin á hans eigin nafni. Ekki verður annað ráðið af gögnum málsins en að sóknaraðili hafi haft umboð eiginkonu sinnar til ráðstöfunar C þó ekki væri það skriflegt. Stoðar því ekki fyrir sóknaraðila eins og mál þetta liggur fyrir að bera nú fyrir sig meintan umboðsskort sinn hvað ráðstöfun þeirra bréfa varðar.

Á fyrrgreindum kvittunum eru gefnir þrír möguleikar á ráðstöfun C. Í fyrsta lagi að andvirði seldra bréfa óskist lagt inn á Xreikning, í öðru lagi að rafræn C óskist sett í vörslu hjá varnaraðila og í þriðja lagi annað. Gert er ráð fyrir að merkt sé við þann kost sem valinn er í þar til gerðan ferning sem er framan við hvern þeirra. Var það ekki gert á umræddum kvittunum. Hins vegar hefur á báðum kvittunum verið handskrifað númer reiknings fyrir aftan vélritaðan texta um að andvirði seldra bréfa óskist lagt inn á reikning. Er þar annars vegar tilgreindur reikningur sóknaraðila og hins vegar reikningur eiginkonu hans. Af fyrrgreindum skjölum verður ekki annað ráðið en að sóknaraðila hafi þá þegar verið það ljóst eða í öllu falli mátt vera það ljóst að bréfin yrðu seld og andvirði þeirra ráðstafað inn á reikninga þeirra hjóna. Bera kvittanirnar þess engin merki að sóknaraðili hafi óskað eftir því að bréfin yrðu lögð inn á svokallaðan Xreikning eins og hann heldur nú fram.

Þá verður ekki hjá því litið að fyrrgreindan dag var andvirði C ráðstafað inn á reikninga sóknaraðila og eiginkonu hans, auk þess sem gefnar voru út kvittanir fyrir sölu C til þeirra hjóna. Þá koma upplýsingar um innborganir andvirðis C fram á reikningsyfirlitum, sem bæði voru send sóknaraðila og eiginkonu hans, og sóknaraðili skoðaði reglulega í netbanka sínum, án þess að séð verði að þau hjón hafi nokkurn tíma

gert athugasemdir við innborganir eða fjárhæðir á reikningum sínum. Loks er þess að geta að sóknaraðili og eiginkona hans ráðstöfuðu m.a. andvirði seldra C af reikningum sínum til kaupa á E hinn 14. nóvember 2002 og seldu þau bréf aftur 17. desember 2002. Daginn eftir gerði sóknaraðili fyrst athugasemdir við sölu húsbrefanna og ráðstöfun andvirðis þeirra inn á reikninga þeirra hjóna.

Með hliðsjón af fyrrgreindum kvittunum, sem sóknaraðili hefur sannanlega ritað undir, og atvikum máls að öðru leyti, sbr. það sem áður er rakið, verður ekki hjá því komist að hafna öllum kröfum sóknaraðila á hendur varnaraðila.

Það athugast að rétt hefði verið af varnaraðila að gera kröfu um skriflegt umboð sóknaraðila til handa til ráðstöfunar frumrits A vegna C.

**Ú r s k u r ð a r o r ð:**

Kröfum sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, fjármálafyrirtækinu F , er hafnað.

Reykjavík, 8. júlí 2003.

Guðjón Ólafur Jónsson

Geir Arnar Marelsson

Grétar Grétarsson

Ólöf Embla Einarsdóttir

Sölvi Sölvason

# ÚRSKURÐARNEFND UM VIÐSKIPTI VIÐ FJÁRMÁLAFYRIRTÆKI

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Ár 2003, þriðjudaginn 8. júlí, er fundur haldinn í Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Guðjón Ólafur Jónsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Grétar Grétarsson, Ólöf Embla Einarsdóttir og Sölvi Sölvason.

Fyrir er tekið **mál nr. 5/2003**:

**M**  
**gegn**  
**fjármálafyrirtækinu F**

og kveðinn upp svohljóðandi

## ú r s k u r ð u r:

### I.

#### Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar, og fjármálafyrirtækið F, hins vegar, hér eftir nefnt varnaraðili.

Málið barst úrskurðarnefnd 23. apríl 2003 með kvörtun sóknaraðila, dagsettri sama dag. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 25. apríl 2003, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi hans, dagsettu 15. maí 2003. Bréfið var sent sóknaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu 16. maí 2003, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi sóknaraðila, dagsettu 19. maí 2003. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 3. júní 2003, var óskað eftir frekari upplýsingum varnaraðila. Þær bárust með bréfi varnaraðila, dagsettu 23. júní 2003. Bréfið var sent sóknaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu 24. júní 2003, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Þær bárust með bréfi sóknaraðila, dagsettu 1. júlí 2003.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 20. maí, 1. og 8. júlí 2003.

### II.

#### Málsatvik.

Hinn 9. febrúar 2000 gerði sonur sóknaraðila, A, samning við varnaraðila, F, um ávöxtun og vörslu eigna. Ekki mun vera ágreiningur um að þar hafi verið um að ræða sameiginlega fjármuni sóknaraðila og sonar hans. Hinn 27. desember 2000 gerði sóknaraðili samning við varnaraðila um eignastýringu og tók hann til fyrrgreindra fjármuna þeirra feðga. Þeim samningi sagði sóknaraðili upp hinn 16. janúar 2001.

Hinn 8. mars 2000 voru keyptir 3.750 hlutir að nafnvirði í nafni sonar sóknaraðila í óskráðu erlendu félagi, B, á genginu 2,42 bandaríkjadalir fyrir samtals kr. 675.180, en gengi bandaríkjadals var þá kr. 74,40. Samkvæmt útboðslýsingu, dagsettri í febrúar 2000, mun varnaraðili hafa haft umsjón með útboði hlutafjár í félaginu. Samkvæmt upplýsingum varnaraðila voru bréf í félaginu seld til 123 aðila í mars 2000 á genginu 2,42

en að auki var varnaraðili millgönguaðili sex sinnum til viðbótar. Á tímabilinu frá apríl-ágúst 2000 sá varnaraðili um viðskipti þar sem alls 14 aðilar seldu og alls 21 aðili keypti bréf í félaginu. Var gengi bréfanna í viðskiptunum frá 4,0 til 6,5. Síðast mun varnaraðili hafa séð um viðskipti með bréf í félaginu hinn 9. ágúst 2000 og var gengið þá frá 4,0 til 5,0.

Í upphafi annars ársfjórðungs 2000 mun verðmæti hluta sonar sóknaraðila B hafa að mati þeirra feðga numið tæpum kr. 1.400.000 og tæpum kr. 1.300.000 í lok hans, sem þá mun hafa verið um 12-14% af heildareign þeirra feðga. Kveðst sóknaraðili þá hafa viljað selja bréfin og ítrekað það næstu mánuði. Að mati sóknaraðila hafi varnaraðili hins vegar tregðast við því og aldrei orðið af sölu bréfanna. B mun síðar hafa orðið gjaldþrota og eru hlutabréf félagsins samkvæmt upplýsingum varnaraðila skráð sem krafa í eignalaust þrotabú félagsins.

Af hálfu sóknaraðila var kvartað yfir framangreindu á fundi með varnaraðila um miðjan maí 2002 og erindið áréttað með tölvupósti til varnaraðila hinn 29. maí 2002. Erindinu var svarað með bréfi varnaraðila til sonar sóknaraðila, dagsettu 1. júlí 2002. Af hálfu sóknaraðila voru enn gerðar athugasemdir með bréfi til varnaraðila, dagsettu 8. júlí 2002. Því bréfi var svarað með bréfi varnaraðila, dagsettu 8. ágúst 2002. Af hálfu sóknaraðila var varnaraðila að nýju sent bréf, dagsett 9. september 2002, sem varnaraðili svaraði með bréfi, dagsettu 13. september 2002.

Málinu var skotið til úrskurðarnefndarinnar með kvörtun, dagsettri 23. apríl 2003.

### III.

#### Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili kvartar yfir því að varnaraðili hafi tregðast of lengi við að selja hluti sína í B. Þá hafi upplýsingagjöf varnaraðila verið afar villandi. Óskar sóknaraðili eftir því að kannað verði hvort framgangna varnaraðila í málinu hafi verið í samræmi við lög og reglugerðir og heilbrigða og eðlilega viðskiptahætti.

Sóknaraðili kveðst hafa haft samband við varnaraðila að minnsta kosti einu sinni í mánuði. Hafi þeim komið saman um það snemma vors 2000 að hlutfall bréfa í B í safni þeirra feðga hafi verið glannalega hátt. Hafi þeim komið saman um að varnaraðili skyldi reyna að selja stóran hluta af bréfunum. Hafi þetta komið til tals í hvert sinn sem sóknaraðili ræddi við varnaraðila allt fram á haustið en varnaraðili hafi jafnan borið því við að nú færi að koma að sölu bréfanna og að beðið væri eftir rétta tækifærinu. Kveðst sóknaraðili hafa furðað sig á hversu gengi hlutanna í hinu óskráða félagi væri stöðugt 4,5 en jafnharðan verið fullvissadur um að viðskipti með hluti í félaginu færu fram á því gengi.

Sóknaraðili kveðst reglulega hafa haft aðgang að eignayfirliti sínu á heimasíðu varnaraðila. Hafi hann t.d. séð hinn 8. nóvember 2000 að gengi bréfanna hafi þá verið 4,5 og sú dagsetning sem skráð var við hafi verið 20. október 2000. Sé erfitt að skilja það öðruvísi en svo að þá hafi viðskipti með hluti í félaginu síðast átt sér stað. Kveðst sóknaraðili fáum vikum síðar hafa heyrt að viðskipti með hluti í B hafi ekki átt sér stað mánuðum saman.

#### IV.

##### **Athugasemdir varnaraðila.**

Varnaraðili vísar til þess að ríkt samráð hafi verið milli hans og sóknaraðila um verðbréfavíðskipti. Hafi verið haft samráð við sóknaraðila áður en kaupin á hlutabréfum í B áttu sér stað. Þá hafi sóknaraðili og verið í reglulegu sambandi við varnaraðila svo sem fram komi í gögnum málsins. Varnaraðili kveðst hafa gefið fullnægjandi skýringar á þeim upplýsingum sem birtust á viðskiptavef sínum um viðskipti með hluti í umræddu félagi. Þá hafi öðrum spurningum sem sóknaraðili hafi beint til varnaraðila verið svarað eftir bestu vitund. Telur varnaraðili með vísan til fyrirliggjandi gagna að framgangi sín í málinu sé í samræmi við lög og reglugerðir og heilbrigða og eðlilega viðskiptahætti.

#### V.

##### **Niðurstaða.**

Samkvæmt a-lið 2. mgr. 3. gr. samþykktu fyrir Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki, dagsettum 8. júní 2000, sem tóku gildi 15. júní það ár, tekur nefndin m.a. til meðferðar kvartanir sem varða réttarágreining milli fjármálafyrirtækis eða dótturfyrirtækis slíks fyrirtækis annars vegar og viðskiptamanns hins vegar, enda sé samningssamband á milli aðila. Samkvæmt 6. gr. samþykktanna fjallar nefndin ekki um ágreining sem samkvæmt lögum heyrir undir stjórnvöld, kröfu viðskiptamanns sem ekki verður metinn til fjár, breytingar á almennri gjaldtöku fjármálafyrirtækja, ágreiningsmál sem eru til meðferðar almennra dómstóla eða gerðardóms og loks mál sem eru það óljós, illa upplýst eða kröfur aðila svo óskýrar að þau eru ekki tæk til úrskurðar.

Eins og að framan greinir óskar sóknaraðili eftir því að kannað verði hvort framgangi varnaraðila hafi verið í samræmi við lög og reglugerðir og heilbrigða og eðlilega viðskiptahætti. Framangreindar kröfur sóknaraðila verða ekki metnar til fjár og verða ekki bornar undir úrskurðarnefnd. Er það utan starfsviðs nefndarinnar að láta í té álit sitt með þeim hætti sem óskað er eftir. Verður þegar af þessum ástæðum að vísa máli þessu frá úrskurðarnefndinni.

##### **Ú r s k u r ð a r o r ð:**

Máli sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, fjármálafyrirtækinu F, er vísað frá úrskurðarnefndinni.

Reykjavík, 8. júlí 2003.

Guðjón Ólafur Jónsson

Geir Arnar Marelsson

Grétar Grétarsson

Ólöf Embla Einarsdóttir

Sölvi Sölvason

# ÚRSKURÐARNEFND UM VIÐSKIPTI VIÐ FJÁRMÁLAFYRIRTÆKI

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Ár 2003, mánudaginn 21. júlí, er fundur haldinn í Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Ragnheiður Bragadóttir, varaformaður, Geir Marelsson, Grétar Gréтарsson, Ólöf Embla Einarsdóttir og Sölvi Sölvason.

Fyrir er tekið mál nr. 6/2003:

M

gegn

fjármálafyrirtækinu F

og kveðinn upp svohljóðandi

## ú r s k u r ð u r :

### I.

#### Málsmeðferð.

Sóknaraðili er M, en varnaraðili er fjármálafyrirtækið F.

Málið barst úrskurðarnefnd 28. apríl 2002 með kvörtun lögmanns sóknaraðila dagsettri 23. apríl 2003. Kvörtunin var send varnaraðila með bréfi nefndarinnar 29. apríl 2003 og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust 23. júní 2003 með bréfi hans dagsettu 20. júní 2003. Bréfið var sent lögmanni sóknaraðila með bréfi nefndarinnar 24. júní 2003 og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum eigi síðar en 1. júlí 2003. Engar athugasemdir bárust frá sóknaraðila.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 8. og 21. júlí 2003.

### II.

#### Málsatvik.

Hinn 5. ágúst 1999 gaf sóknaraðili út og framseldi víxil að fjárhæð 2.000.000 króna, sem samþykktur var til greiðslu af A hinn 5. nóvember 1999. Einnig gaf sóknaraðili út og framseldi víxil að fjárhæð 1.500.000 krónur hinn 15. september 1999, sem samþykktur var til greiðslu af A hinn 15. október 1999. Víxillinn var ábektur af B. Þá tókst sóknaraðili á hendur sjálfskuldarábyrgð á skuldabréfi að fjárhæð 600.000 krónur, útgefnu af A hinn 12. mars 1997. Loks samþykkti sóknaraðili að veðsetja C með fjórða veðrétti til tryggingar greiðslu á öllum skuldum og fjárskuldbindingum A við varnaraðila, þó að hámarki 3.500.000 krónur. Tryggingarbréfið er dags. 22. mars 1999.

Um fyrstnefnda víxilinn gekk dómur í Héraðsdómi Reykjavíkur 11. desember 2000 þar sem sóknaraðili var dæmd til greiðslu víxilkröfunnar og jafnframt var viðurkenndur fjórði veðréttur varnaraðila í jörð sóknaraðila, C til tryggingar tildæmdri fjárhæð. Sama dag gengu einnig tveir dómar í Héraðsdómi Reykjavíkur á hendur sóknaraðila og fleirum þar sem viðurkenndur var fjórði veðréttur varnaraðila í fyrrgreindri jörð sóknaraðila á grundvelli fyrrnefnds tryggingarbréfs til tryggingar greiðslu á skuld samkvæmt tveimur víxlum samþykktum til greiðslu af A, annar að fjárhæð 500.000 krónur, útgefnum og framseldum af B, en hinn einritaður að fjárhæð 1.500.000 krónur. Loks áritaði dómari hinn 8. desember 2000 tvær stefnur varnaraðila, aðra á hendur sóknaraðila, A og B vegna áðurgreinds víxils að fjárhæð 1.500.000 krónur, og hina á hendur sóknaraðila og A vegna áðurgreinds skuldabréfs að fjárhæð 600.000 krónur. Með árituninni voru dómkröfur varnaraðila á hendur stefndu gerðar aðfararhæfar.

### III.

#### Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess að ógilt verði og sóknaraðili þar með leyst undan skyldu á eftirfarandi:

1. Veðsetning sóknaraðila á C, skv. tryggingarbréfi að fjárhæð 3.500.000 krónur, útgefnu 22. mars 1999 af A.
2. Sjálfskuldarábyrgð á skuldabréfi að fjárhæð 600.000 krónur, útgefnu 12. mars 1997 af A.
3. Útgáfa sóknaraðila á víxli að fjárhæð 2.000.000 krónur þann 5. ágúst 1999 með gjalddaga 5. nóvember 1999, samþykktum til greiðslu af A.
4. Útgáfa sóknaraðila á víxli að fjárhæð 1.500.000 krónur þann 15. september 1999 með gjalddaga 15. október 1999, samþykktum til greiðslu af A

Sóknaraðili kveðst kvarta yfir þeirri framkomu og framgöngu bankans að krefjast eða taka við framangreindum tryggingum af sóknaraðila, sem hafi þá verið hátt á áttæðisaldri. Bendir sóknaraðili á að þetta sé andstætt reglum sem nefnist “Samkomulag um notkun sjálfskuldarábyrgða”, sem tekið hafi gildi 1. maí 1998. Ekki hafi verið gætt ákvæða 3., 4., 5. og 8 gr. reglnanna gagnvart sóknaraðila og beri sóknaraðili ábyrgð á því. Skuldabréf að fjárhæð 600.000 krónur hafi að vísu verið gefið út fyrir nefnt tímamark, en ætla verði að sömu reglur hafi í raun gilt þá.

Sóknaraðili kveðst vera ekkja og sitja í óskiptu búi eftir mann sinn. Framangreind fasteign sé megineign sín og dánarbúsins. Að auki sé hugsanlegum réttindum ábúanda

jarðarinnar til margra ára teflt í tvísýnu. Vísar sóknaraðili í þessum efnunum til ábúðarlaga nr. 64/1976.

Þá tekur sóknaraðili það fram að við handveðsetningu A hinn 14. desember 1999 á tiltekinni eign sinni hefði bankinn, hvað sem öðru líður, átt að leysa sóknaraðila undan framangreindum skuldbindingum sóknaraðila. Að lokum bendir sóknaraðili á að lánsfé það, sem sett hafi verið trygging fyrir með veði í eign sóknaraðila, hafi ekki komið henni til góða á nokkurn hátt.

#### IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Um fjárkröfur varnaraðila á hendur sóknaraðila og veðrétt hans í jörð sóknaraðila, C er af hálfu varnaraðila vísað til áðurgreindra þriggja dóma frá 11. desember 2000 og áðurgreindra tveggja áritaðra stefna frá 8. desember 2000. Er af hálfu varnaraðila bent á að sóknaraðili verði ekki leyst undan skyldu sinni samkvæmt fyrrgreindum dómum og árituðum stefnum.

Almennt kveðst varnaraðili byggja á því að ákvæði 8. gr. samkomulags um notkun sjálfskuldarábyrgða, sem tekið hafi gildi 1. maí 1998, sé ekki fortakslaut ákvæði heldur fyrst og fremst varúðar- og leiðbeiningarregla til viðmiðunar. Orðalagið “yfirleitt ekki lægri en 20 ár og ekki hærri en 70 ár” gefi þetta m.a. til kynna. Ekki hafi verið ætlunin að gera eldra fólki ómögulegt að styðja börn sín og barnabörn, enda hafi reglan fallið úr sambærilegu samkomulagi sömu aðila, sem tekið hafi gildi 1. nóvember 2001 vegna andstöðu samtaka aldraðra. Reglan gefi hins vegar fjármálastofnunum ástæðu til að skoða sérstaklega andlega og fjárhagslega stöðu eldra fólks. Ekkert í málinu bendi til þess að staða sóknaraðila hafi verið slæm að þessu leyti. Athyglisvert sé að samkvæmt 5. gr. kvörtunarinnar kvarti sóknaraðili eingöngu “yfir þeirri framgöngu og framkomu bankans að krefjast eða taka við framangreindum tryggingum af mér, verandi þá hátt á áttæðisaldri” eins og það sé orðað. Ekki sé með neinum hætti reynt að halda því fram að sóknaraðili hafi ekki vitað hvað hún var að gera eða að andlegt ástand hennar hafi að einhverju leyti verið bágborið. Varnaraðila sé kunnugt um að sóknaraðili sé heilsuhraust og andleg heilsa hennar góð og hún hafi því vitað nákvæmlega hvað hún var að gera. Þá sé líka athyglisvert að sóknaraðili hafi undirritað yfirlýsingu á svuntu hjálagðs víxils að fjárhæð 2.000.000 krónur, þar sem hún falli frá greiðslumati á aðalskuldara. Hún hafi vitað um stöðu aðalskuldara og verið ljós sú áhætta sem hún hafi verið að taka fyrir barnabarn sitt. Þá kveðst varnaraðili byggja á því að líta verði til þess að til skuldbindinganna hafi verið stofnað á mismunandi tímum, bæði fyrir og eftir að reglur fjármálafyrirtækja um notkun sjálfskuldarábyrgða hafi tekið gildi. Ekki sé um að ræða eitt einstakt “óhappatilvik”, heldur einlægán ásetning til þess að aðstoða barnabarn. Allt leiði þetta til þess að varnaraðili geti ekki nú hlaupist frá skuldbindingum sínum.

**V.**

**Niðurstaða**

Samkvæmt d-lið 4. gr. samþykktu úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki fjallar nefndin ekki um ágreiningsmál, sem eru til meðferðar hjá almennum dómstólum og gerðardómum. Fyrir liggur að ágreiningsmál þau, sem sóknaraðili leggur með kvörtun sinni fyrir nefndina til úrlausnar, hafa öll verið dæmd að efni til af dómstólum. Ber því með vísan til framangreinds að vísa kvörtun sóknaraðila frá nefndinni.

**ú r s k u r ð a r o r ð :**

Kvörtun sóknaraðila, M, á hendur fjármálafyrirtækinu F, er vísað frá nefndinni.

Reykjavík, 21. júlí 2003

Ragnheiður Bragadóttir

Geir Arnar Marelsson

Grétar Grétarsson

Ólöf Embla Einarsdóttir

Sölvi Sölvason

# ÚRSKURÐARNEFND UM VIÐSKIPTI VIÐ FJÁRMÁLAFYRIRTÆKI

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Ár 2003, mánudaginn 21. júlí, er fundur haldinn í Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Ragnheiður Bragadóttir, varaformaður, Geir Marelsson, Grétar Grétarsson, Ólöf Embla Einarsdóttir og Sölvi Sölvason.

Fyrir er tekið mál nr. 7/2003:

M

gegn

fjármálafyrirtækinu F

og kveðinn upp svohljóðandi

## ú r s k u r ð u r :

### I.

#### Málsmeðferð.

Sóknaraðili er M, en varnaraðili er Fjármálafyrirtækið F.

Málið barst úrskurðarnefnd 28. apríl 2002 með kvörtun lögmanns sóknaraðila dagsettri sama dag. Kvörtunin var send varnaraðila með bréfi nefndarinnar 29. apríl 2003 og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust 23. júní 2003 með bréfi hans dagsettu 20. júní 2003. Bréfið var sent lögmanni sóknaraðila með bréfi nefndarinnar 24. júní 2003 og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum eigi síðar en 1. júlí 2003. Engar athugasemdir bárust frá sóknaraðila.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 8. og 21. júlí 2003.

### II.

#### Málsatvik.

Sóknaraðili rak um skeið veitingastaðinn A og gerðist þá viðskiptamaður útibús varnaraðila. Var hann þar með tékkareikning nr. XXXXXX, sem var á kennitölu sóknaraðila en eigandi reikningsins var veitingastaðurinn A. Reikningi þessum var lokað 16. ágúst 1999 og var staða hans þá 6.926.124 krónur í mínus.

Hinn 14. desember 1999 gerðu málsaðilar með sér handveðsamning þar sem sóknaraðili setti fjárkröfu sína samkvæmt kaupsamningi dags. 26. ágúst 1999 að handveði til tryggingar greiðslu á öllum skuldum sóknaraðila við varnaraðila hverju nafni sem nefnast, þ.e. höfuðstól, vöxtum, dráttarvöxtum og öllum kostnaði. Fyrirnefndur kaupsamningur fjallar um kaup tveggja nafngreindra manna á viðskiptavild, innréttingum

og lausamunum veitingahússins af sóknaraðila. Kaupverð er sagt nema 18 milljónum króna með gjalddaga 15. nóvember 1999. Í handveðssamningnum er tekið fram að kaupendur hafi ekkert greitt. Er varnaraðila þar falið að innheimta kaupsamningsgreiðsluna með dráttarvöxtum og kostnaði í nafni veðsala og á hans ábyrgð og ráðstafa því fé, sem kunnir að innheimtast, til greiðslu á skuldum sóknaraðila við varnaraðila.

Samkvæmt framlögðum gögnum gaf lögmaður varnaraðila út greiðsluáskorun á hendur skuldurum samkvæmt fyrrgreindum kaupsamningi hinn 14. desember 1999, en birting hennar tókst ekki þar sem hvorugur skuldaranna reyndist búa á skráðu lögheimili. Gefin var út stefna á hendur skuldurinum 22. maí 2000 en birting tókst ekki. Aftur var gefin út stefna 20. september 2000 en ekki tókst að birta hana. Enn var gefin út stefna 14. nóvember 2000 en birting hennar tókst ekki. Gert var árangurslaust fjárnám hjá öðrum skuldaranum 6. apríl 2001 og hjá hinum 30. janúar 2002.

Sóknaraðili kveðst hafa sett sig í samband við útibússtjóra F sumarið 2000 og í því skyni að semja um greiðslur á skuldum hans við F. Hafi útibússtjórinn tekið vel í erindi hans og sagt honum að hann fengi fyrirgreiðslu jafnskjótt og hann væri búinn að greiða 200.000 krónur inn á skuld sína. Segist sóknaraðili hafa greitt þessa fjárhæð í þrennu lagi á tímabilinu júní til september 2000. Hafi hann þá verið krafinn um frekari greiðslur og kveðst sóknaraðili hafa greitt samtals 780.000 krónur inn á sérstakan reikning í eigu bankans, en síðasta greiðslan hafi átt sér stað 5. apríl 2001. Auk þessi hafi hann greitt 100.000 krónur inn á Xreikning á sínu nafni í apríl 2001. Þrátt fyrir þessar greiðslur og fyrri loforð um skuldbreytingu á öllum vanskilaskuldum sóknaraðila hafi útibússtjórinn hafnað frekari samningum.

Varnaraðili mótmælir því að hann hafi lofað sóknaraðila því að skuldbreyta vanskilaskuldum hans við F. Varnaraðili hafi hins vegar sagst vera tilbúinn til að skoða slíka beiðni með jákvæðu hugarfari, stæði sóknaraðili við loforð sín um innborganir inn á skuld sína. Við þau loforð hafi sóknaraðili hins vegar ekki staðið.

Loks heldur sóknaraðili því fram að fyrrnefndur útibússtjóri hafi lofað því að skuldir hans yrðu ekki settar í lögfræðiinnheimtu nema útibússtjóranum í F yrði áður gert viðvart vegna hagsmuna veðþolans, B. Við það loforð hafi útibússtjórinn ekki staðið.

Bú sóknaraðila var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur, uppkveðnum 15. nóvember 2000.

### III.

#### Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst eftirfarandi:

1. Að viðurkennt verði að handveðsetning sú til bankans, sem fram fór 14. desember 1999, hafi falið í sér fullnaðar- eða a.m.k. verulega greiðslu sóknaraðila á skuldbindingum sínum. Hann losni því undan skyldum sínum að sama skapi sem og ábyrgðarmenn hans.
2. Verði ekki fallist á kröfu samkvæmt 1. tölulið, krefst sóknaraðili þess að staðfest verði að sóknaraðili eigi skaðabótakröfu á hendur F sem samsvari kröfu F gegn honum.

Í kvörtun sóknaraðila eru umkvörtunarefni sóknaraðila eftirfarandi:

1. Fyrirvaralaus lokun yfirdráttarheimildar á reikningi nr. XXXXXX við útibú varnaraðila.
2. Loforð um skuld- og skilmálabreytingu, sem bankinn hafi ekki staðið við.
3. Lögfræðiinnheimta.
4. Meðferð handveðsetningar 14.12. 1999 á eign sóknaraðila.

Sóknaraðili kveður lokun yfirdráttarheimildarinnar hafa haft í för með sér að fótunum hafi verið kippt undan veitingarekstri þeim sem kvartandi hafi þá haft með höndum. Lokunin hafi síðan haft í för með sér að skuldbindingar sóknaraðila við bankann hafi lent í vanskilum.

Útibússtjórinn í F hafi lofað sóknaraðila skuld- og skilmálabreytingu á skuldum hans við F vorið eða sumarið 2000 gegn því að sóknaraðili greiddi inn á skuld sína. Útibússtjórinn hafi ekki staðið við þetta loforð sitt þrátt fyrir að sóknaraðili hafi staðið við sitt.

Á sama tíma og framangreind samskipti sóknaraðila og útibússtjórans hafi átt sér stað hafi skuldir sóknaraðila verið settar í lögfræðiinnheimtu. Hafi þetta verið gert án vitundar sóknaraðila, sem ekki hafi átt von á öðru en bankinn myndi standa við loforð sitt.

Í áðurgreindum handveðsamningi frá 14. desember 1999 segi orðrétt: “Er veðhafa falið að innheimta kaupsamningsgreiðslu þessa með dráttarvöxtum og kostnaði, í nafni veðsala og á hans ábyrgð og ráðstafa því fé sem kann að innheimtast, til greiðslu á skuldum veðsala við veðhafa.” Kveðst sóknaraðili telja að varnaraðili hafi ekki sinnt innheimtu á skuld þessari og því hafi umtalsverð verðmæti farið forgörðum sem ella hefðu nýst honum. Þetta kveður hann tvímælalaust vera á ábyrgð varnaraðila sem

handveðhafa. Verðmæti hafi falist í kaupsamningnum sjálfum, sem þarna hafi verið settur að handveði, en auk þess hafi a.m.k. annar skuldarinn þá átt eignir til að tryggja skuldina að einhverju leyti. Skírskotar sóknaraðili í þessu sambandi til skyldna handveðhafa skv. lögum um sammingsveð nr. 75/1997. Þá vísar hann enn fremur til þeirra viðhorfa, sem fram komi í III. kafla laga nr. 7/1936.

#### IV.

##### **Athugasemdir varnaraðila.**

Af hálfu varnaraðila er þeirri lögskýringu sóknaraðila að handveðsetning sé í eðli sínu greiðsla en ekki tryggingaráðstöfun mótmælt. Í handveðsamningi málsaðila komi fram að hin tilgreindu réttindi séu sett varnaraðila að handveði, auk þess sem bankanum sé falið að innheimta þau. Þetta þýði að um greiðslu verði ekki að ræða inn á skuldir varnaraðila fyrr en ef og þegar takist að innheimta hin veðsettu réttindi, í þessu tilviki rétt til greiðslna skv. kaupsamningi. Fyrir hafi legið við undirritun handveðsamningsins að greiðslan skv. kaupsamningnum var í vanskilum.

Með skírskotun til framlagðra gagna um tilraunir til birtingar á greiðsluáskorunum og stefnum fyrir skuldurum skv. fyrrgreindum kaupsamningi verði sóknaraðila ekki um kennt að ekki hafi tekist að innheimta hinar handveðsettu greiðslur skv. kaupsamningi. Jafnframt bendir varnaraðili á að sóknaraðili hafi ekki með neinum hætti sýnt fram á að skuldarar skv. kaupsamningnum hafi átt veðbandalausar eignir, sem hafi staðið til boða sem fullgild veðandlög til fullnustu kröfum sóknaraðila á hendur þeim, en sóknaraðili hljóti að hafa sönnunarbyrðina fyrir því. Eina eignin sem varnaraðila sé kunnugt um að skuldararnir hafi átt hafi verið fasteign annars þeirra að E. Hún hafi verið veðsett og seld á uppboði 11. febrúar 2001. Frumvarp til úthlutunar á söluverði dags. 26. mars 2001 beri með sér að söluverðið hafi greiðst upp í kröfu F á 2. veðrétti og því hafi síðari kröfuhafar ekkert fengið upp í kröfur sínar. Ekkert bendi því til þess að framganga varnaraðila hafi valdið sóknaraðila tjóni.

Varnaraðili kveðst enn fremur byggja á því að bú sóknaraðila hafi verið tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði uppkevðnum 15. nóvember 2000. Þar með hafi krafan skv. fyrrnefndum kaupsamningi fallið til búsins.

Varnaraðili bendir á að aðalkrafa sóknaraðila sé svo óskýr að varla verði komist hjá því að vísa henni frá, sbr. e-lið 6. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki, sbr. 7. gr. sömu samþykktu. Ekki sé þó gerð krafa um frávísun þar sem varnaraðili hafi hagsmuni af því að fá efnisúrlausn í málinu. Bent er á að varnaraðili rökstyðji ekki eða sýni fram á það með neinum hætti að líta beri á hin handveðsettu réttindi sem greiðslu. Þá sé ekki rökstutt af hverju aðalkrafa sóknaraðila er valkvæð, þ.e.

að handveðsetningin hafi falið í sér “fullnaðar- eða a.m.k. verulega greiðslu” á skuldbindingum sóknaraðila. Þá sé heldur ekki augljóst hvað felist í orðinu “skuldbindingum”. Þannig sé kröfugerðin í raun vanreifuð og óljós.

Hvað varðar varakröfu sóknaraðila bendir varnaraðili á þá meginreglu að sá sem haldi því fram að hann hafi orðið fyrir tjóni verði að sanna tjón sitt, en engin tilraun hafi verið gerð til þess af hálfu sóknaraðila. Sóknaraðili fullyrði aðeins að hann hafi orðið fyrir tjóni. Af hálfu varnaraðila er því haldið fram að háttsemi varnaraðila hafi eftir atvikum verið eðlileg og í samræmi við það sem búast hafi mátt við af góðum og gildum veðhafa við svipaðar aðstæður.

Varnaraðili bendir á að varakrafa sóknaraðila sé svo óskýr að varla verði komist hjá því að vísa henni frá, sbr. e-lið 6. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki, sbr. 7. gr. sömu samþykktu. Ekki sé þó gerð krafa um frávísun þar sem varnaraðili hafi hagsmuni af því að fá efnisúrlausn í málinu. Sóknaraðili tilgreini hvorki fjárhæð né um hvaða kröfur sé að ræða.

Varnaraðili mótmælir fullyrðingum sóknaraðila um að lokun á tékkareikningi hafi verið fyrirvaralaus. Reikningnum hafi verið lokað eftir ítrekaða misnotkun sóknaraðila á reikningnum og vísar til framlagðs yfirlits yfir F.I.T. – tékka dags. 11. maí 1999, sbr. bréf varnaraðila dags. 16. ágúst 1999. Einnig mótmælir varnaraðili þeim fullyrðingum varnaraðila að honum hafi verið lofað skuld- og skilmálabreytingum á skuldum hans. Í þriðja lagi bendir varnaraðili á að lögfræðiiinnheimta hafi verið eðlileg eins og á hafi staðið, enda hafi skuldir sóknaraðila verið í vanskilum.

## V.

### Niðurstaða

Af hálfu varnaraðila hefur verið lagt fram bréf hans til sóknaraðila dags. 16. ágúst 1999 þar sem tilkynnt er um lokun á tékkareikningi nr. XXXXXX. Ástæður þess eru sagðar þær að viðskipti á tékkareikningnum hafi ekki verið í samræmi við reglur um tékkaviðskipti og eðlilega viðskiptahætti. Einnig hefur verið lagt fram yfirlit yfir F.I.T.–tékka, útgefna á áðurgreindan reikning, dags. 11. maí 1999 þar sem fram kemur að sóknaraðili hafi á þeim tíma í fjölmörg skipti gefið út tékka umfram heimild af umræddum tékkareikningi. Ekki verður því séð að lokun varnaraðila á reikningnum hafi verið fyrirvaralaus.

Gegn mótmælum varnaraðila verður sóknaraðili ekki talinn hafa sýnt fram á að varnaraðili hafi gefið sóknaraðila bindandi loforð um skuldbreytingu á vanskilum hans við bankann sumarið 2000. Þá þykir sóknaraðili ekki hafa sýnt fram á að ólögmæt eða óeðlileg sjónarmið hafi ráðið því að kröfur varnaraðila á hendur sóknaraðila hafi verið

settar í lögfræðinnheimtu á þessum tíma. Hér ber að hafa í huga að bú sóknaraðila var tekið til gjaldþrotaskipta stuttu síðar eða með úrskurði uppkveðnum 15. nóvember 2000. Þá þykir ósannað að útibússtjóri F hafi lofað því að skuldir sóknaraðila yrðu ekki settar í lögfræðinnheimtu nema útibússtjóranum í F yrði áður gert viðvart. Af hálfu sóknaraðila er og ekki rökstutt hvaða lagalega þýðingu slík tilkynning hefði haft fyrir hagsmuni sóknaraðila.

Eins og áður greinir setti sóknaraðili réttindi sín samkvæmt kaupsamningi dags. 26. ágúst 1999 að handveði til tryggingar greiðslu á öllum skuldum sínum við varnaraðila, hverju nafni sem nefnast, eins og segir í handveðssamningnum sem dags. er 14. desember 1999. Jafnframt fól sóknaraðili varnaraðila að innheimta kaupsamningsgreiðsluna, sem var að fjárhæð 18.000.000 króna. Af hálfu sóknaraðila er þess krafist að handveðsetning þessi hafi falið í sér fullnaðar- eða a.m.k. verulega greiðslu sóknaraðila á skuldbindingum sínum.

Í 1. mgr. 1. gr. laga nr. 75/1997 um samningsveð segir að með veðrétti sé í þeim lögum átt við forgangsrétt til þess að leita fullnustu fyrir kröfu (veðkröfu) í tilteknu fjárverðmæti eða fjárverðmætum (veðinu). Veðréttindi er ein tegund hinna svonefndu tryggingarréttinda, sem gegna því hlutverki að greiðsla fari fram, eftir atvikum þegar skuldari er kominn í greiðsluþrot. Jafnframt veita þau veðhafanum forgangsrétt til að leita fullnustu fyrir kröfu í veðandlaginu, þ.e. að taka verðmæti greiðslunnar af peningaverði veðandlagsins.

Samkvæmt ofangreindu, sem og skýru orðalagi handveðsamnings þess, sem hér um ræðir, er í samningnum fjallað um tryggingarréttindi varnaraðila, þ.e. veðrétt hans í réttindum sóknaraðila skv. fyrrgreindum kaupsamningi, en ekki framsal sóknaraðila á þessum réttindum sínum. Er því ekki unnt að fallast á það með sóknaraðila að líta beri svo á að handveðsetningin hafi falið í sér fullnaðar- eða a.m.k. verulega greiðslu sóknaraðila á skuldum við varnaraðila.

Eins og fyrr greinir var varnaraðila falið í handveðsamningnum að innheimta fjárkröfu sóknaraðila skv. kaupsamningnum. Af framlögðum gögnum verður ekki annað séð en eðlilega hafi verið staðið að innheimtutilraunum af hálfu varnaraðila, sem allar reyndust árangurslausar. Þá hefur sóknaraðili ekki gert sennilegt að framgangna varnaraðila við innheimtu fjárkröfunnar hafi verið með þeim hætti að hún hafi valdið honum tjóni. Hefur sóknaraðili t.d. ekki bent á eignir í eigu skuldaranna, sem varnaraðili hefði getað gengið að til fullnustu kröfunnar.

Með vísan til alls ofangreinds er niðurstaða nefndarinnar sú að hafna beri kvörtun sóknaraðila í máli þessu.

**ú r s k u r ð a r o r ð :**

Kvörtun sóknaraðila, M, á hendur fjármálafyrirtækinu F., er hafnað.

Reykjavík, 21. júlí 2003

Ragnheiður Bragadóttir

Geir Arnar Marelsson

Grétar Grétarsson

Ólöf Embla Einarsdóttir

Sölvi Sölvason

# ÚRSKURÐARNEFND UM VIÐSKIPTI VIÐ FJÁRMÁLAFYRIRTÆKI

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Ár 2003, þriðjudaginn 15. júlí, er fundur haldinn í Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Guðjón Ólafur Jónsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Grétar Grétarsson, Gunnar Viðar og Ólöf Embla Einarsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 8/2003**:

**M**  
**gegn**  
**fjármálafyrirtækinu F**

og kveðinn upp svohljóðandi

## ú r s k u r ð u r:

### I.

#### Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar, og fjármálafyrirtækið F, hins vegar, hér eftir nefnt varnaraðili.

Málið barst úrskurðarnefnd 22. maí 2003 með kvörtun lögmanns sóknaraðila, dagsettri 15. sama mánaðar. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 27. maí 2003, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi hans, dagsettu 25. júní 2003. Bréfið var sent sóknaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu 26. júní 2003, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi lögmanns sóknaraðila, dagsettu 4. júlí 2003.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 8. og 15. júlí 2003.

### II.

#### Málsatvik.

Hinn 9. október 2000 keypti sóknaraðili fyrir milligöngu varnaraðila 7.000 hluti í A á genginu 7,0 fyrir samtals 49.000 sterlingspund eða sem svaraði kr. 6.000.000. Fór uppgjör aðila fram tveimur dögum síðar eða hinn 11. október 2000. Hinn 14. nóvember 2000 sendi sóknaraðili varnaraðila rafpóst þar sem hann óskaði eftir því að 5.250 af þeim 7.000 hlutum sem hann hafði keypt yrðu skráðir á þrjá nafngreinda menn þannig að hver þeirra yrði skráður fyrir 1.750 hlutum. Hinn 8. mars 2002 var staðfest af hálfu varnaraðila við einn þessara þriggja að samkvæmt hluthafaskrá A væri eign viðkomandi í félaginu 1.750 hlutir að nafnverði.

Í nóvember 2002 spurðist einn hinna þriggja, sem sóknaraðili hafði ráðstafað hlutum sínum til, fyrir um hluthafaskrá í félaginu. Í rafpósti til hans, dagsettum 9. desember 2002, kvað varnaraðili tvær hluthafaskrár vera í gangi og væri sitthvort hlutabréfið að baki hvorri skrá. Væri viðkomandi skráður hjá tilteknu endurskoðunarfyritæki undir hlutabréfi sem nafngreindur endurskoðandi hefði í vörslum sínum. Kvað varnaraðili líklegt að skrárnar yrðu sameinaðar innan skamms. Þá upplýsti

varnaraðili að hann hefði sem skráður hluthafi fyrir hönd annarra hluthafa samþykkt hlutafjáraukningu í félaginu. Umræddum rafpósti fylgdi staðfesting áðurnefnds endurskoðanda um að viðtakandi póstsins væri handhafi 1.750 hluta í A og væru þeir hluti af stærra hlutabréfi (sic) á nafni endurskoðandans.

Hinn 6. janúar 2003 gerðu sóknaraðilar og þeir þrír einstaklingar sem hann hafði framselt hluti í A, með sér samkomulag um „*rifun kaupa á hlutabréfum*” í félaginu. Skyldi sóknaraðili endurgreiða hverjum um sig kr. 1.500.000 hinn 1. ágúst 2004, auk vaxta sem næmu útlánsvöxtum varnaraðila af óverðtryggðum skuldabréfalánum frá 12. október 2000 til greiðsludags.

Með bréfi B, til varnaraðila, dagsettu 6. janúar 2003, var kvartað yfir ætluðum viðskiptum sóknaraðila með hlutabréf í A sem sóknaraðili hafi talið sig vera að kaupa. Gerði sóknaraðili þar kröfu um endurgreiðslu alls útlagðs kostnaðar auk dráttarvaxta. Varnaraðili svaraði bréfi lögmannsins með bréfi, dagsettu 20. janúar 2003, þar sem málatilbúnaði sóknaraðila var vísað á bug. Þáverandi lögmaður sóknaraðila ritaði varnaraðila bréf á nýjan leik, dagsett 31. janúar 2003, sem varnaraðili svaraði með bréfi, dagsettu sama dag.

Máli þessu var skotið til úrskurðarnefndarinnar með kvörtun, dagsettri 15. maí 2003.

### III.

#### Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili gerir þá kröfu að varnaraðila verði gert að greiða honum kr. 6.000.000, auk vaxta eins og þeir eru ákveðnir af varnaraðila af óverðtryggðum skuldabréfalánum frá 11. október 2000 og lögmannskostnaðar að fjárhæð kr. 370.933 og virðisaukaskatts á hann.

Sóknaraðili kveðst hafa talið sig vera að kaupa 7.000 hluti í A sem hann gæti framselt. Kveðst hann hafa gert ráð fyrir að farið yrði með hann sem hluthafa í félaginu og hagsmunir hans hefðu að leiðarljósi, t.d. við aukningu hlutafjár, þannig að hann gæti varið stöðu sína. Hafi hann gert ráð fyrir að fá hlutabréf afhent líkt og í öðrum hlutabréfaviðskiptum. Rúmum tveimur árum síðar hafi komið í ljós að lögmaður viðskipti hefðu ekki farið fram heldur hefði varnaraðili sent fé það sem sóknaraðili greiddi til einstaklings sem segist hafa skráð hann sem meðeiganda sinn í hlutabréfi sínu í félaginu. Hafi varnaraðili viðhaft þennan hátt vitandi vits og ekki sinnt skyldum sínum til að fá hlutina framselda til sóknaraðila. Eftir viðskiptin hafi verið gripið til ýmissa aðgerða hjá A sem rýrt hafi verðmæti hluta sóknaraðila stórkostlega án þess að honum hafi verið gefinn kostur á að njóta réttinda sinna sem hluthafi.

Sóknaraðili bendir á að það eitt að rita orðið vörslusafn á kvittun fyrir viðskiptunum heimili ekki þá viðskiptahætti sem viðhafðir voru þar sem varnaraðili hafi ekki haft bréfin í sínum vörslum heldur einstaklingur sem til þess hafði enga heimild. Þá hafi varnaraðila á þeim tíma skort heimild að lögum til að eiga viðskipti með vörslusöfn. Jafnvel þótt sú heimild hefði verið fyrir hendi sé einsýnt að engin heimild hafi verið til að fela einstaklingi utan bankans að annast safnskráningu undir eigin hlutabréfi og afhenda honum fé sóknaraðila. Vísar sóknaraðili til þess að varnaraðili lúti ströngum reglum um fjárhagslega stöðu, starfshætti og eftirlit. Séu viðskiptahættir varnaraðila ólögmatir og hafi hann brugðist því trausti sem sóknaraðili hafi borið til hans. Hafi fé sóknaraðila verið sent einstaklingi utan F án þess að tryggja eignarheimild eða stöðu sóknaraðila með

nokkrum hætti. Sé sóknaraðili því óvarinn fyrir því ef viðkomandi einstaklingur seldi hlutina, veðsetti þá, gert yrði í þeim fjárnám, þeir rygnu til erfingja við andlát eða í þrotabú hans við gjaldþrot eða teknar yrðu ákvarðanir í andstöðu við vilja sóknaraðila eins og raunin hafi orðið.

Sóknaraðili kveður fyrrgreint fyrirkomulag allt hafa farið fram fyrir tilstuðlan og milligöngu varnaraðila sem verði að taka afleiðingum þess að hafa gert þessi alvarlegu mistök og bæta það tjón sem orðið hafi og varnaraðili eigi sök á. Það geri varnaraðili með því að gera sóknaraðila eins settan og ef viðskiptin hefðu aldrei átt sér stað í samræmi við kröfur hans. Efnidir in natura eða efnidabætur komi ekki til álita.

Sóknaraðili telur að þau viðskipti sem hann hafi óskað eftir hafi ekki farið fram og eigi hann því rétt á endurgreiðslu þess fjár sem hann lagði til viðskiptanna ásamt vöxtum og kostnaði. Verði hins vegar litið svo á að viðskiptin hafi farið fram eru þau að mati sóknaraðila riftanleg og skapi rétt til greiðslu vangildisbóta úr hendi varnaraðila. Bendir sóknaraðili á að verulegur afhendingardráttur hafi orðið þar sem kaupverðið hafi verið greitt 11. október 2000 en hlutirnir ekki framseldir með lögmatum hætti fyrr en 9. desember 2002. Séu kaupin því riftanleg samkvæmt 21. gr. laga um lausafjárkaup nr. 39, 1922. Þá hafi verðmæti hins keypta rýrnað svo verulega í höndum þess sem framselja átti það til sóknaraðila að hann hafi fulla heimild til að rifta kaupunum á þeim grundvelli samkvæmt 1. mgr. 42. gr. laga um lausafjárkaup.

Loks vísar sóknaraðili til þess að samningurinn um kaup á hlutafénu sé ógildur þar sem viðskiptahættir varnaraðila hafi verið í andstöðu við lög um verðbréfavíðskipti nr. 13, 1996. Þá sé samningurinn ennfremur ógildur samkvæmt 36. gr. laga um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa nr. 7, 1936. Bendir sóknaraðili í þeim efnum á að hann hafi ekki verið upplýstur um þá viðskiptahætti sem varnaraðili hugðist beita. Þá hafi sóknaraðili ekki verið upplýstur um viðskiptin, félagið eða aðra nauðsynlega hluti og ekki hafi verið komið fram við hann sem hluthafa í félaginu. Hafi þessi síðari atvik leitt til þess að ósanngjarnt sé og óeðlilegt að halda viðskiptunum upp á sóknaraðila sem mátt hafi þola riftun af hálfu viðskiptamanna sinna. Sé ómögulegt að efna samninginn samkvæmt efni hans vegna þeirra atvika sem orðið hafi frá því að viðskiptin hafi átt að fara fram.

#### IV.

##### **Athugasemdir varnaraðila.**

Varnaraðili krefst þess aðallega að kröfum sóknaraðila verði vísað frá úrskurðarnefndinni. Til vara krefst hann þess að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað á þeim grundvelli að varnaraðili sé ekki gagnaðili þeirra viðskipta sem riftunar- og ógildingarkröfur sóknaraðila snúi að. Til þrautavara krefst varnaraðili þess að kröfum sóknaraðila verði hafnað þar sem hann hafi ekki orðið fyrir tjóni vegna vörslu varnaraðila.

Aðalkröfu sína byggir varnaraðili á því að kröfur sóknaraðila séu vanreifðar og órökstuddar, s.s. um hvert tjón hans sé og hvernig fjárhæð kröfu hans og vextir séu til komin. Vísar varnaraðili að þessu leyti til e-liðar 6. gr., sbr. 7. gr. samþykktar fyrir Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Varnaraðili kveðst ekki hafa verið gagnaðili sóknaraðila í umræddum viðskiptum heldur eingöngu haft milligöngu um þau og hafi sóknaraðila verið um það kunnugt. Hafi varnaraðili afhent það fé sem sóknaraðili reiddi af hendi til seljanda bréfanna sem hafi átt

réttmæta kröfu til þeirra gegn afhendingu hluta í A. Þá sé sóknaraðili ekki skráður sem meðeigandi að umræddum hlutum heldur sem nominee-eigandi þeirra. Telur varnaraðili að ógildingar- og riftunaraðgerðum verði ekki beitt gagnvart sér sem milligönguaðila sem miðlað hafi bréfum til sóknaraðila frá seljanda.

Varnaraðili hafnar því alfarið að engin viðskipti hafi átt sér stað enda hafi verið gefin út viðskiptanóta til sóknaraðila sem ekki hafi verið mótmælt innan eðlilegra tímamarka. Þá hafi viðskiptin verið í samræmi við samþykktir hlutaðeigandi félags, lög þau sem um það gilda og viðskiptavenju á innlendum og erlendum verðbréfamarkaði. Varnaraðili kveður hluti þá sem sóknaraðili keypti vera skráða á nafni hans á nominee-reikningi og hafi hann í höndum viðskiptanótu um að hlutirnir hafi verið afhentir á vörslusafn hans hjá varnaraðila. Kveðst varnaraðili ábyrgjast vörslur 1.750 hluta sóknaraðila í A sem eftir séu á vörslureikningi hans hjá varnaraðila. Séu hlutirnir tilbúnir til ráðstöfunar að ósk sóknaraðila í samræmi við ákvæði í samþykktum félagsins um framsöl nominee-reikninga. Varnaraðili segir að á þeim tíma sem viðskiptin áttu sér stað hafi engar sérstakar reglur gilt um heimildir eða skilyrði fyrir svokallaðri safnskráningu, þ.m.t. nominee-skráningu. Hafi reglur þar um ekki verið settar fyrr en með lögum nr. 164, 2000. Fram að þeim tíma hafi ýmsar fjármálastofnanir og fleiri haft með höndum svokallaða nominee-skráningu þar sem nafn eins tiltekins einstaklings eða lögaðila var skráð í hlutaskrá viðkomandi félags en umsjónaraðili hafði umsjón með eign þeirra nominee-aðila sem keyptu bréf úr þeim „*potti*” sem væri á nafni viðkomandi aðila. Giltu kaupnótur kaupanda sem skilríki fyrir eignarrétti að viðkomandi hlutum. Hafi flest ef ekki öll viðskipti almennra fjárfesta hér á landi með erlend verðbréf verið skráð nominee-skráningu með þessum hætti. Með lögum nr. 164, 2000 sem tóku gildi 16. desember 2000 hafi ákvæðum laga um verðbréfavíðskipti verið breytt þess efnis að verðbréfafyrirtækjum hafi verið veittur einkaréttur til að sjá um safnskráningu. Þá hafi jafnframt verið kveðið á um skilyrði hennar, s.s. formlegt samþykki fyrir safnskráningu og upplýsingagjöf. Þar sem engum takmörkunum eða skilyrðum fyrir heimildum til safnskráningar hafi verið til að dreifa þegar viðskipti sóknaraðila fóru fram sé ekkert aðfinnsluvert við umsjón tilgreinds endurskoðanda á skráningu hluta í hlutaskrá A. Hafi það þvert á móti samræmst framkvæmd á íslenskum og erlendum verðbréfamörkuðum. Þá kveður varnaraðili engin skilyrði hafa gilt samkvæmt enskum lögum um nominee-skráningu eða sérstaka tilgreiningu hennar. Ennfremur hafi verið gert ráð fyrir því í samþykktum A að skráning í hlutaskrá væri með þeim hætti sem um ræðir í máli þessu.

Varnaraðili telur kröfu um riftun á viðskiptum sóknaraðila órökstudda og hafi ekki verið sýnt fram á saknæma hegðun af hans hálfu. Þá hafi sóknaraðili ekki sýnt fram á að hann hafi orðið fyrir tjóni vegna viðskiptanna eða fyrirkomulags vörslu á hlutum hans. Feli krafa sóknaraðila um að vörslur hans hefðu átt að vera með öðrum hætti ekki í sér neina efnislega breytingu á réttarstöðu sóknaraðila frá því sem nú er. Sé tjón hans því ósannað.

Varnaraðili bendir á að lög nr. 39, 1922 hafi verið felld úr gildi með lögum nr. 50, 2000. Varnaraðili hafnar kröfu um riftun vegna afhendingardráttar og vísar til þess að umrædd viðskipti hafi verið gerð á þeim grundvelli að hlutabréf yrðu ekki afhent kaupanda heldur inn á vörslusafn eins og komi fram á kaupnótu. Kveðst varnaraðili enn sjá um vörslur 1.750 af þeim 7.000 hlutum sem sóknaraðili keypti en 5.250 hlutir hafi að beiðni sóknaraðila verið afhentir út af vörslusafni hans til þriggja aðila.

Varnaraðili tekur fram að vörslur hans á umræddum hlutum í A hafi ekkert með verðmæti þeirra að gera og sé fráleitt að krefjast riftunar á þeim grundvelli.

Varnaraðili hafnar kröfu um ógildingu sammings. Hafi umrædd viðskipti ekki brotið gegn neinum ákvæðum laga sem giltu þá er þau áttu sér stað. Hafi vinnubrögð við viðskiptin verið í takt við viðskiptavenjur á innlendum og erlendum verðbréfamörkuðum. Varnaraðili vísar til þess að á viðskiptanótu komi fram að hlutabréf vegna hinna keyptu hluta yrðu ekki afhent og hafi sóknaraðili ekki gert athugasemdir við það fyrirkomulag. Þá hafi sóknaraðila og viðsemjendum hans verið veittar upplýsingar um viðskiptin í símtölum og með rafpósti.

Varnaraðili mótmælir kröfu sóknaraðila um málskostnað og telur enga heimild í samþykktum fyrir Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki til að ákvarða hann. Þá hafi sóknaraðili ekki sýnt fram á að hann hafi sannanlega orðið fyrir slíkum kostnaði.

## V.

### Niðurstaða.

Svo sem fyrr er rakið krefst varnaraðili þess aðallega að kröfum sóknaraðila verði vísað frá úrskurðarnefndinni, til vara að kröfum sóknaraðila verði hafnað sökum aðildarskorts og til þrautavara að kröfum sóknaraðila verði hafnað þar sem tjón sé ósannað. Varakrafa og þrautavarakrafa varnaraðila eru því ein og sama krafan, þ.e. að kröfum sóknaraðila verði hafnað, en studdar ólíkum málsástæðum. Samkvæmt þessu verður að skilja málatilbúnað varnaraðila svo að hann krefjist þess aðallega að málinu verði vísað frá úrskurðarnefndinni en til vara að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Aðalkröfu sína byggir varnaraðili á því að kröfur sóknaraðila séu vanreifaðar og órökstuddar. Í kröfugerð sóknaraðila er skýrlega tekið fram hverrar fjárhæðar krafist er af varnaraðila, hveftra vaxta og frá hvaða tíma og loks tiltekinnar fjárhæðar í lögmannskostnað. Hefur sóknaraðili rökstutt kröfur sínar. Eru engir þeir annmarkar á kröfugerð eða málatilbúnaði sóknaraðila sem leitt geti til þess að málið teljist ekki tækt til úrskurðar. Er frávísunarkröfu varnaraðila því hafnað.

Sóknaraðili byggir á því að þau viðskipti sem hann hafi óskað eftir hafi ekki farið fram og eigi hann því rétt á endurgreiðslu þess fjár sem hann lagði til viðskiptanna ásamt vöxtum og kostnaði. Eins og áður greinir liggur fyrir í málinu kvittun sem gefin er út af varnaraðila til sóknaraðila. Þar segir m.a.: „Þú keyptir A” og síðar: „Inná safn Vörslusafn”. Þar er nafnverð tilgreint 7.000 og gengi 7,0. Mun þar vera átt við 7.000 hluti í umræddu félagi, sem var óskráð, og var hver hlutur seldur á genginu 7. Greiddi sóknaraðili því 49.000 sterlingspund fyrir hlutina. Svaraði það til kr. 6.000.000 á þáverandi gengi sterlingspunds. Fyrir liggur að sóknaraðili var eftir kaupin skráður eigandi 7.000 hluta í félaginu. Hann óskaði síðar eftir því að 5.250 hlutir yrðu skráðir á aðra en að 1.750 hlutir yrðu áfram skráðir á sig og var það gert að því er virðist fyrir milligöngu varnaraðila. Samkvæmt þessu er ljóst að sóknaraðili varð fyrir milligöngu varnaraðila eigandi að 7.000 hlutum í A svo sem hugur hans stóð til. Hefur eignarhald hans að hlutunum og réttur hans til framsals þeirra aldrei verið dreginn í efa, hvorki af hálfu félagsins sjálfs né annarra aðila.

Af hálfu sóknaraðila er því nú haldið fram að hann hafi gert ráð fyrir því við kaup hlutanna að hann fengi hlutabréf í félaginu í sínar hendur. Því hefur ekki verið mótmælt að sóknaraðili hafi lokið námi í verðbréfamiðlun og hafi reynslu af fjármálamarkaði. Ekki verður séð að sóknaraðili hafi gert nokkurn reka að því að fá einhver hlutabréf í sínar

hendur eða kvartað þar um fyrr en með bréfi þáverandi lögmanns hans til varnaraðila, dagsettu 6. janúar 2003. Var þá liðið vel á þriðja ár frá því að sóknaraðili keypti hluti sína í A. Breytir þá engu hverjar fyrirspurnir viðsemjendur sóknaraðila kunna að hafa haft uppi gagnvart varnaraðila á þeim tíma. Þá verður heldur ekki ráðið af rafpósti sóknaraðila til varnaraðila, sem sendur er um mánuði eftir að viðskipti með umrædda hluti áttu sér stað, að hann hafi gert ráð fyrir að fá afhent hlutabréf í félaginu eða hygðist framselja slík bréf til viðsemjanda sinna.

Ákvæði um svokallaða safnskráningu, þ.m.t. nominee-skráningu, voru lögfest hér á landi með lögum nr. 164, 2000 um breytingu á [lögum nr. 13, 1996](#) um verðbréfavíðskipti, [lögum nr. 131, 1997](#) um rafræna eignarskráningu verðbréfa og [lögum nr. 2, 1995](#), um hlutafélög. Tóku löggin gildi við birtingu í Stjórnartíðindum 21. desember 2000. Fram til þess tíma voru engar takmarkanir á slíkri skráningu. Fallast má á að orðalag kvittunar sem varnaraðili gaf út í tengslum við kaupin hafi mátt vera skýrara. Sama má segja um upplýsingar um hvernig skráningu hluta sóknaraðila yrði háttað. Eftir sem áður verður ekki annað ráðið en að kaup sóknaraðila á hlutum í A og skráning hans sem eiganda þeirra hafi verið í samræmi við þær venjur sem þá giltu um þess háttar kaup á verðbréfamarkaði hérlendis og sóknaraðila mátti vera ljós.

Ekki er um það deilt að varnaraðili hafði eingöngu milligöngu um kaup sóknaraðila á hlutunum en var ekki sjálfur seljandi þeirra. Verður kröfum um riftun kaupanna eða ógildingu því ekki beint gegn varnaraðila. Þá hefur sóknaraðili ekki sýnt nægilega fram á að hann hafi orðið fyrir tjóni sem rakið verði til meintrar saknæmrar háttsemi varnaraðila við milligöngu hans um kaup á hlutum í félaginu.

Með vísan til alls framanritaðs þykir ekki hjá því komist að hafna öllum kröfum sóknaraðila á hendur varnaraðila.

#### Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu varnaraðila, fjármálafyrirtækisins F, um að máli þessu verði vísað frá úrskurðarnefndinni er hafnað.

Kröfum sóknaraðila, M á hendur varnaraðila, fjármálafyrirtækisins F, er hafnað.

Reykjavík, 15. júlí 2003.

Guðjón Ólafur Jónsson

Geir Arnar Marelsson

Grétar Grétarsson

Gunnar Viðar

Ólöf Embla Einarsdóttir

# ÚRSKURÐARNEFND UM VIÐSKIPTI VIÐ FJÁRMÁLAFYRIRTÆKI

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Ár 2003, þriðjudaginn 15. júlí, er fundur haldinn í Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Guðjón Ólafur Jónsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Grétar Grétarsson, Gunnar Viðar og Ólöf Embla Einarsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 9/2003**:

**M**  
**gegn**  
**fjármálafyrirtækinu F**

og kveðinn upp svohljóðandi

## ú r s k u r ð u r :

### I.

#### Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefnd sóknaraðili, annars vegar, og fjármálafyrirtækið F, hins vegar, hér eftir nefnt varnaraðili.

Málið barst úrskurðarnefnd 26. maí 2003 með kvörtun A, f.h. sóknaraðila, dagsettri sama dag. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 28. maí 2003, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi hans, dagsettu 18. júní 2003. Bréfið var sent umboðsmanni sóknaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu 23. júní 2003, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Þær bárust með bréfi umboðsmanns sóknaraðila, dagsettu 30. júní 2003.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 8. og 15. júlí 2003.

### II.

#### Málsatvik.

Hinn 22. mars 2000 lagði sóknaraðili kr. 150.000 inn á innlánsreikning hjá varnaraðila, sem bar heitið B. Í reglum fyrir reikninginn sem fram komu á stofnskríteini er tekið fram að um væri að ræða óverðtryggðan innlánsreikning og væri ávöxtun bundin þróun einstakra hlutabréfavísitalna eða safns af hlutabréfavísitölum. Þá væri innstæða bundin í þann tíma sem auglýstur væri á hverju tímabili. Í tilviki sóknaraðila var binditími 36 mánuðir. Í reglunum kom enn fremur fram að eigandi fengi höfuðstól endurgreiddan við lok binditíma ásamt ávöxtun sem næmi hækkun þeirrar hlutabréfavísitölu sem miðað væri við. Lokagildi hlutabréfavísitölnnar væri sex mánaða meðaltal þess í lok binditímans. Væri gengi hlutabréfavísitölnnar lægra á lokadegi en á stofndegi fengi eigandi reikningsins höfuðstólinn að fullu endurgreiddan.

Í kynningarbæklingi varnaraðila var tekið fram að hægt væri að njóta ávöxtunar á hlutabréfamarkaði án þeirrar áhættu sem fylgdi hlutabréfaeign. Í bæklingnum sagði enn fremur að ávöxtun á markaði gæti verið mjög góð en að sama skapi neikvæð þannig að fjárfesting lækkaði í krónum talið. Með Hlutdeild byðist viðskiptamanni hins vegar að njóta kosta hlutabréfamarkaðarins án þeirra galla sem slíkum fjárfestingum fylgdi. Þannig

myndi innstæða hækka í takt við hækkanir á hlutabréfamörkuðum en þó aldrei lækka niður fyrir upphaflega fjárfestingu.

Sem fyrr segir voru áður nefndar kr. 150.000 bundnar á nefndum innlánsreikningi sóknaraðila í 36 mánuði. Engin ávöxtun varð hins vegar á fé sóknaraðila þann tíma enda gengi hlutabréfavísitölu lægra á lokadegi en stofndegi. Var innstæðan, kr. 150.000, greidd út til sóknaraðila hinn 7. mars 2003 og reikningurinn eyðilagður.

Með bréfi sambýlismanns sóknaraðila til varnaraðila, dagsettu 10. mars 2003, var þess krafist að sóknaraðila yrði bætt það tjón sem hann kvaðst hafa orðið fyrir vegna illrar og lélegrar fjármálaráðgjafar varnaraðila. Var gerð krafa um kr. 23.643 sem sóknaraðili kvað svara til 5% vaxta og vaxtavaxta af kr. 150.000 á þriggja ára tímabili. Varnaraðili svaraði erindinu með bréfi til umboðsmanns sóknaraðila, dagsettu 19. mars 2003, þar sem m.a. var vísað til kynningar- og upplýsingabæklings um Hlutdeildarreikninga. Af hálfu sóknaraðila var krafan ítrekuð með bréfi til varnaraðila, dagsettu 4. apríl 2003. Kröfunni var hafnað með bréfi varnaraðila til sambýlismanns sóknaraðila, dagsettu 5. maí 2003. Málinu var skotið til úrskurðarnefndarinnar með kvörtun, dagsettri 26. maí 2003.

### III.

#### Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess að varnaraðili greiði honum kr. 23.643 sem svari til 5% vaxta og vaxtavaxta af kr. 150.000 í þau þrjú ár sem fjárhæðin var bundin á reikningi hjá varnaraðila.

Sóknaraðili telur að í auglýsingu um ávöxtun í B varnaraðila hafi verið rangt farið með staðreyndir. Eðlilegt hefði verið að arðsemi væri a.m.k. 23.643 í mars 2003 ef um áhættulausa ávöxtun hefði verið að ræða. Séu 5% sú lágmarksávöxtun sem fengist ef fjárfest hefði verið í áhættulausum innlánsreikningum og hægt væri að ná með kaupum á spariskírteinum ríkissjóðs. Þá vísar sóknaraðili til kynningarefnis varnaraðila þar sem gefið sé í skyn bæði í myndum og máli að um sé að ræða algjörlega áhættulausa fjárfestingu. Þá hafi ráðgjöf varnaraðila ennfremur verið þess valdandi að fénu var ráðstafað með þeim hætti sem raun bar vitni.

Sóknaraðili lítur svo á að um ámælisverð mistök varnaraðila hafi verið að ræða þar sem fé sem hafi verið bundið í þrjú ár hafi verið skilað án nokkrurrar ávöxtunar. Hafi þetta valdið sóknaraðila tjóni sem hann geri kröfu um að fá bætt.

### IV.

#### Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað. Vísar varnaraðili til þess að samkvæmt skilmálum reikningsins hafi engin ávöxtun verið á binditímanum og hafi höfuðstóllinn því verið greiddur út án vaxta. Varnaraðili bendir á að um hafi verið að ræða innlánsreikning þar sem ávöxtun hafi verið bundin þróun á hlutabréfavísitölum eins og fram komi í skilmálum um reikninginn. Hafi þeir legið frammi í öllum útibúum bankans til kynningar fyrir viðskiptavini. Þá hafi reikningseigandi fengið í hendur stofnskírteini þar sem sérstaklega hafi verið tekið fram að ef gengi hlutabréfavísitölu væri lægra á lokadegi en á stofndegi fengi reikningseigandi höfuðstóllinn greiddan út. Engri lágmarksávöxtun hafi verið lofað.

**V.****Niðurstaða.**

Í reglum á stofnskírteini fyrir B, þeim sem sóknaraðili ákvað að ráðstafa fé sínu inn á kemur skýrlega fram að um sé að ræða óverðtryggðan bundinn innlánsreikning og sé ávöxtun bundin þróun hlutabréfavísitalna. Fái eigandi við lok binditíma höfuðstól endurgreiddan ásamt ávöxtun sem nemur hækkun viðkomandi hlutabréfavísitölu. Sé gengi vísitölnunnar lægra á lokadegi en á stofndegi fái eigandi höfuðstólinn að fullu endurgreiddan. Í kynningarbæklingi varnaraðila eru reglur reikningsins skýrðar frekar.

Ekki er um það deilt að hlutabréfavísitala sú sem ávöxtun á reikningi sóknaraðila var bundin við var lægri á lokadegi en þegar reikningurinn var stofnaður þremur árum fyrir. Samkvæmt því varð engin ávöxtun á höfuðstóli reikningsins en hann var hins vegar greiddur sóknaraðila óskertur í samræmi við skilmála þá sem fram komu á stofnskírteini reikningsins. Varnaraðili hafði ekki skuldbundið sig til að tryggja sóknaraðila einhverja tiltekna ávöxtun og verður ekki annað ráðið en að hann hafi að fullu farið að skilmálum viðkomandi innlánsreiknings. Verður varnaraðili ekki gerður ábyrgur fyrir neikvæðri þróun á hlutabréfamarkaði þann tíma sem um ræðir.

Með vísan til framanritaðs og að öðru leyti til atvika máls er óhjákvæmilegt að hafna öllum kröfum sóknaraðila á hendur varnaraðila.

**Ú r s k u r ð a r o r ð:**

Kröfum sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, fjármálafyrirtækinu F, er hafnað.

Reykjavík, 15. júlí 2003.

Guðjón Ólafur Jónsson

Geir Arnar Marelsson

Grétar Grétarsson

Gunnar Viðar

Ólöf Embla Einarsdóttir

# ÚRSKURÐARNEFND UM VIÐSKIPTI VIÐ FJÁRMÁLAFYRIRTÆKI

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Ár 2003, þriðjudaginn 26. ágúst, er fundur haldinn í Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Guðjón Ólafur Jónsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Grétar Grétarsson, Gunnar Viðar og Ólöf Embla Einarsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 10/2003**:

**M**  
**gegn**  
**fjármálafyrirtækinu F**

og kveðinn upp svohljóðandi

## ú r s k u r ð u r:

### I.

#### Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefnd sóknaraðili, annars vegar, og fjármálafyrirtækið F, hins vegar, hér eftir nefnt varnaraðili.

Málið barst úrskurðarnefnd 10. júní 2003 með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 6. sama mánaðar. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 10. júní 2003, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi hans, dagsettu 30. júní 2003. Bréfið var sent sóknaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu 2. júlí 2003, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Þær bárust með bréfi sóknaraðila, dagsettu 8. júlí 2003.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 15. júlí og 26. ágúst 2003.

### II.

#### Málsatvik.

Með yfirlýsingu um sjálfskuldarábyrgð, dagsettri 5. janúar 2000, ábyrgðist sóknaraðili greiðslu yfirdráttar á tékkareikningi A, nr. XXXX hjá varnaraðila. Var hámarksfjárhæð sjálfskuldarábyrgðarinnar kr. 3.500.000. Í árslok 2000 nam skuld á reikningnum kr. 3.925.334. Skuldin var gjaldfelld þann 31. maí 2001. Nefndur A var lýstur gjaldþrota 26. október 2001. Hinn 12. júní 2002 var þingfest í Héraðsdómi Reykjaness mál varnaraðila á hendur sóknaraðila þar sem hann var krafinn um kr. 3.500.000 auk dráttarvaxta frá 31. maí 2001. Ekki var haldið uppi vörnum af hálfu sóknaraðila í málinu og var stefna í málinu árituð um aðfararhæfi hinn 13. júní 2002. Í framhaldi þar af óskaði varnaraðili eftir því að gert yrði fjárnám hjá sóknaraðila til tryggingar skuldinni. Var fjárnám gert í eignum sóknaraðila hinn 8. ágúst 2002 og nam krafa varnaraðila þá kr. 4.796.885.

### III.

#### Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess að sjálfskuldarábyrgð hans að fjárhæð kr. 3.500.000 verði ógilt. Styður hann þá kröfu sína við að ekki hafi farið fram mat á greiðslugetu

aðalskuldara áður en hann ritaði undir ábyrgðaryfirlýsingu sína og vísar í þeim efnunum til samkomulags um notkun sjálfskuldarábyrgða þar sem fram komi að slíkt mat skuli fara fram þegar ábyrgð á skuldum viðkomandi skuldara nemi meira en kr. 1.000.000.

Sóknaraðili kveðst ekki sáttur við fyrrgreinda viðskiptahætti varnaraðila. Þá hafi skort alla upplýsingagjöf til sín um vanskil.

#### IV.

##### **Athugasemdir varnaraðila.**

Varnaraðili krefst þess aðallega að máli þessu verði vísað frá úrskurðarnefndinni. Vísar varnaraðili til þess að um málið hafi þegar verið fjallað fyrir dómstólum og hefðu athugasemdir við ábyrgðina átt að koma fram á þeim vettvangi. Bendir varnaraðili til stuðnings kröfu sinni á d-lið 6. gr. Samþykktu fyrir Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki. Kveður varnaraðili héraðsdómara engar athugasemdir hafa gert við kröfur varnaraðila. Telur varnaraðili að úrskurðarnefndin geti ekki fjallað um málið þar sem það hafi þegar verið dæmt af dómstólum.

Til vara krefst varnaraðili þess að málinu verði vísað frá úrskurðarnefndinni sökum þess hversu óljós málatilbúnaður kæranda sé og vísar í þeim efnunum til e-liðar 6. gr. samþykktu fyrir nefndina.

Til þrautavarakrafa krefst varnaraðili þess að sjálfskuldarábyrgð sóknaraðila verði talin í fullu gildi svo sem staðfest hafi verið með áritun Héraðsdóms Reykjaness á stefnu varnaraðila á hendur sóknaraðila. Kveðst varnaraðili því ekki byggja kröfu sína lengur á ábyrgðaryfirlýsingu sóknaraðila heldur áritaðri stefnu.

Varnaraðili heldur því fram að þrátt fyrir að ekki hafi farið fram mat á greiðslugetu aðalskuldara þá valdi það eitt og sér ekki ógildi ábyrgðarinnar. Hafi sóknaraðili aldrei mótmælt sjálfskuldarábyrgð sinni og hafi heldur ekki verið undir neinum þrýstingi af hálfu varnaraðila að gangast í þá ábyrgð. Kveður varnaraðili sóknaraðila og aðalskuldara hafa búið saman frá árinu 1999 og verið í sambúð þá er sóknaraðili ritaði undir ábyrgðaryfirlýsingu sína. Hafi sóknaraðili því mátt gera sér grein fyrir greiðslugetu aðalskuldara.

Þá vísar varnaraðili til þess að ekkert hefði átt að koma fram í greiðslumati á þeim tíma sem til ábyrgðarinnar var stofnað sem hefði bent til þess að aðalskuldari hefði ekki átt að geta staðið undir þeim fjárhagsskuldbindingum sem hann var í á þeim tíma. Hafi hann verið í skilum þá er sóknaraðili ritaði undir ábyrgðaryfirlýsingu sína og séu greiðsluferfiðleikar aðalskuldara og gjaldþrot hans komið til vegna síðari atvika. Ennfremur kveður varnaraðili sóknaraðila ekki hafa sýnt fram á að hann hafi orðið fyrir tjóni sökum þess að mat á greiðslugetu aðalskuldara hafi ekki farið fram. Hafi sóknaraðili og notið góðs af yfirdrætti þeim sem hann var í ábyrgð fyrir þar sem hann hafi verið í sambúð með aðalskuldara.

#### V.

##### **Niðurstaða.**

Sóknaraðili krefst ógildingar á sjálfskuldarábyrgð sinni að fjárhæð kr. 3.500.000. Aðal- og varakrafa varnaraðila er ein og sama krafan, þ.e. um að máli þessu verði vísað frá úrskurðarnefndinni, byggð á sitthvorri málsástæðunni. Til þrautavara krefst varnaraðili þess að „sjálfskuldarábyrgðin verði talin í fullu gildi“. Samkvæmt þessu verður að skilja málatilbúnað varnaraðila svo að hann geri aðallega þá kröfu að máli

Þessu verði vísað frá úrskurðarnefndinni en til vara að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Samkvæmt a-lið 2. mgr. 3. gr. samþykktu fyrir Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki, dagsettum 8. júní 2000, sem tóku gildi 15. júní það ár, tekur nefndin m.a. til meðferðar kvartanir sem varða réttarágreining milli fjármálafyrirtækis eða dótturfyrirtækis slíks fyrirtækis annars vegar og viðskiptamanns hins vegar, enda sé samningssamband á milli aðila. Samkvæmt 6. gr. samþykktanna fjallar nefndin ekki um ágreining sem samkvæmt lögum heyrir undir stjórnvöld, kröfu viðskiptamanns sem ekki verður metin til fjár, breytingar á almennri gjaldtöku fjármálafyrirtækja, ágreiningsmál sem eru til meðferðar almennra dómstóla eða gerðardóms og loks mál sem eru það óljós, illa upplýst eða kröfur aðila svo óskýrar að þau eru ekki tæk til úrskurðar.

Í máli þessu liggur fyrir að varnaraðili höfðaði á liðnu ári mál á hendur sóknaraðila á grundvelli yfirlýsingar þeirrar um sjálfskuldarábyrgð sem um er deilt í málinu. Var málið þingfest í Héraðsdómi Reykjaness 12. júní 2002. Sóknaraðili hélt ekki uppi vörnum í málinu og var stefna í málinu árituð um aðfararhæfi hinn 13. júní 2002, sbr. 1. mgr. 113. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91, 1991. Áritun dómara á stefnu hefur sama gildi og dómur, sbr. 2. mgr. 113. gr., og er bindandi um úrslit sakarefnis milli aðila, sbr. 1. mgr. 116. gr. laga nr. 91, 1991. Kröfur um sama efni verða því ekki hafðar uppi fyrir úrskurðarnefndinni eftir að niðurstaða dómstóla liggur fyrir. Þegar af þessari ástæðu verður ekki hjá því komist að vísa máli þessu frá úrskurðarnefndinni.

#### Ú r s k u r ð a r o r ð:

Máli sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, fjármálafyrirtækinu F, er vísað frá úrskurðarnefndinni.

Reykjavík, 26. ágúst 2003.

Guðjón Ólafur Jónsson

Geir Arnar Marelsson

Grétar Grétarsson

Gunnar Viðar

Ólöf

Embla

Einarsdóttir

# ÚRSKURÐARNEFND UM VIÐSKIPTI VIÐ FJÁRMÁLAFYRIRTÆKI

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Ár 2003, þriðjudaginn 28. október, er fundur haldinn í Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Guðjón Ólafur Jónsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Grétar Grétarsson, Sölvi Sölvason og Vilhjálmur H. Vilhjálmsón.

Fyrir er tekið **mál nr. 12/2003**:

**M**  
**gegn**  
**fjármálafyrirtækinu F**

og kveðinn upp svohljóðandi

## ú r s k u r ð u r:

### I.

#### Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar, og fjármálafyrirtækið F, hins vegar, hér eftir nefnt varnaraðili.

Málið barst úrskurðarnefnd 11. júlí 2003 með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 9. sama mánaðar. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 14. júlí 2003, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi hans, dagsettu 27. ágúst 2003. Bréfið var sent sóknaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu 29. ágúst 2003, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Þær bárust með bréfi sóknaraðila, dagsettu 21. september 2003. Með bréfum nefndarinnar til aðila málsins, dagsettum 12. september 2003, var óskað eftir frekari upplýsingum og gögnum. Svar barst frá sóknaraðila með bréfi hans, dagsettu 21. september 2003, og frá varnaraðila með bréfi, dagsettu 6. október 2003.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 8. og 15. september og 7. og 28. október 2003.

### II.

#### Málsatvik.

Hinn 4. apríl 2001 keypti sóknaraðili fyrir milligöngu varnaraðila hlut í franska fyrirtækinu A að nafnverði 4.000 evrur á genginu 3,26 eða sem svarar 13.040 evrum. Að viðbætti þóknun varnaraðila, 195,60 evrur, greiddi sóknaraðili alls 13.235,60 evrur við kaupin, sem miðað við gengi evru þann dag, kr. 81.62, nam alls kr. 1.080.290. Ágreiningslaust er með aðilum að umrædd kaup fóru fram að frumkvæði og að ósk sóknaraðila og að hlutur hans var skráður á nafn varnaraðila í hlutaskrá Integra.

Nokkru eftir kaupin gerði B, Bandaríkjum Norður-Ameríku, yfirtökutilboð í A. Fól tilboðið í sér að hluthafar fengju 3/4 hlutar í B fyrir hvern hlut í A.. Ágreiningslaust er með aðilum að varnaraðili framsendi sóknaraðila svofelldan rafpóst hinn 12. júní 2001:

*„A is suspended until the stock swap operation ends. As you might know, the US company B offered a 22% premium on the last quoted A share price.  
0,75% B = 1 A”*

Af tölvusamskiptum aðila verður ráðið að varnaraðili hafi sent sóknaraðila rafpóst hinn 22. október 2001 þar sem hann kveðst munu senda sóknaraðila upplýsingar um A um leið og þær bærust. Þá sést að sóknaraðili hefur sent varnaraðila rafpóst hinn 2. júlí 2002 þar sem hann kveðst vera að leita betur án þess þó að ráðið verður að hverju leitað sé. Hinn 10. júlí 2002 sendi varnaraðili sóknaraðila rafpóst þar sem sóknaraðili er upplýstur um að hann eigi enn 4.000 hluti í A. Með rafpósti hinn 13. nóvember 2002 var sóknaraðili upplýstur um að félagið hefði verið tekið til gjaldþrotaskipta 3. september 2002 og að gengið á hlutum þess hefði verið 0,2 evrur hinn 23. ágúst 2002. B mun einnig vera gjaldþrota.

Með bréfi, dagsettu 13. nóvember 2002, kvartaði sóknaraðili yfir því við varnaraðila að hann hefði ekki sinnt hlutverki sínu sem vörslumaður bréfa sóknaraðila í A og óskaði eftir því að varnaraðili endurgreiddi sér kaupverð hlutanna ásamt vöxtum. Á næstu vikum og mánuðum reyndu aðilar að ná sáttum án þess þó að varnaraðili féllist á að hann bæri ábyrgð á tjóni sóknaraðila. Samkomulag náðist ekki og skaut sóknaraðili máli þessu til úrskurðarnefndarinnar með kvörtun, dagsettri 9. júlí 2003.

### III.

#### Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili gerir þá kröfu að varnaraðila verði gert að greiða honum kr. 1.080.290, auk 9% vaxta, kr. 218.759, eða samtals kr. 1.299.049.

Sóknaraðili telur varnaraðila ekki hafa sinnt skyldum sínum um upplýsingagjöf varðandi framvindu mála hluthafa hjá A þrátt fyrir að hafa fengið upplýsingar frá félaginu sem höfðu umtalsverða þýðingu fyrir hluthafa.

Sóknaraðili kveðst hafa spurst fyrir um A hinn 12. júní 2001 og þá fengið svör frá varnaraðila. Næst hafi heyrst frá varnaraðila 22. október 2001 og aftur 10. júlí 2002. Þá hafi hins vegar allt verið um garð gengið og tjónið orðið.

### IV.

#### Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili mótmælir kröfum sóknaraðila og gerir þá kröfu að þeim verði hafnað. Varnaraðili vísar til þess að ekki hafi verið um ræða vörslusamning eða annan formlegan samning milli aðila heldur hafi verið um stök viðskipti að ræða sem sóknaraðili hafi óskað eftir. Hafi hann hvorki það ráðgjöf frá sérfræðingum varnaraðila né óskað eftir annarri þjónustu hans en milligöngu um viðskiptin.

Varnaraðili bendir á að í þeim tilvikum sem hér um ræði taki fjármálafyrirtæki á sig ákveðnar skyldur sem lúti fyrst og fremst að því að koma á framfæri til viðskiptamanna þeim upplýsingum sem því berast frá hinum erlendu félögum vegna hlutabréfaeignarinnar. Varnaraðili mótmælir því að hafa ekki sinnt upplýsingaskyldu sinni gagnvart sóknaraðila og vísar í því skyni til rafpósts sem varnaraðili hafi sent sóknaraðila 12. júní 2001. Hafi sóknaraðili aldrei óskað eftir því að varnaraðili hefði milligöngu um að taka tilboði B. Þá hafi sóknaraðili heldur ekki óskað eftir því að varnaraðili hefði milligöngu um að selja hluti hans í A. Kveðst varnaraðili engar skyldur hafa haft til að vakta hlutaeign sóknaraðila í félaginu.

Varnaraðili vísar því á bug að hann beri nokkra ábyrgð á tjóni sóknaraðila. Þá gerir varnaraðili athugasemdir við kröfu sóknaraðila og vísar til þess að sóknaraðili hafi á þeim tíma sem yfirtökutilboð B var sett fram átt nokkra möguleika. Í fyrsta lagi hafi hann

getað skipt hlutum sínum í hluti í B og annað hvort selt bréfin strax eða síðar. Þá hafi hann getað ákveðið að taka ekki tilboðinu og selt hluti sína þá þegar eða síðar. Kveðst varnaraðili eins og fyrr segir hafna því að bera nokkra ábyrgð á tjóni sóknaraðila. Í öllu falli geti varnaraðili ekki borið ábyrgð á því öllu. Vísar varnaraðili m.a. til þess að sóknaraðili virðist sjálfur hafa fylgst vel með umræddum félögum og óskað eftir að kaupa hluti í A að eigin frumkvæði. Þá hafi upplýsingar í rafpósti varnaraðila til sóknaraðila hinn 12. júní 2001 a.m.k. átt að gefa sóknaraðila tilefni til að kanna málið sjálfur. Telur varnaraðili því að ábyrgð vegna viðskiptanna og þess tjóns sem sóknaraðili varð fyrir hvíli fyrst og fremst á sóknaraðila sjálfum.

## V.

### Niðurstaða.

Ekki er ágreiningur með aðilum um að varnaraðili hafi að ósk sóknaraðila haft milligöngu um kaup hans á hlutum í franska félaginu A og að hlutirnir hafi verið skráðir á nafn varnaraðila í hlutaskrá félagsins. Eins og varnaraðili hefur sjálfur bent á hvíldi á honum sú skylda að senda þær upplýsingar sem honum bárust sem skráðum hluthafa í A áfram til sóknaraðila sem var raunverulegur eigandi hlutanna.

Með bréfi nefndarinnar til varnaraðila, dagsettu 12. september 2003, var þess óskað að varnaraðili upplýsti hvaða upplýsingar og gögn hann hefði fengið í hendur um A frá og með 4. apríl 2001, þ.e. þeim degi sem sóknaraðili keypti hluti sína í félaginu, og hverjum þeirra hann hafi komið áfram til sóknaraðila, hvenær og með hvaða hætti. Jafnframt var óskað eftir afritum gagna þessu viðvirkjandi. Í svari varnaraðila, dagsettu 6. október 2003, vísaði varnaraðili til þess að vörslubanki varnaraðila í Lundúnum í Englandi hafi annast vörslu þeirra bréfa sem varnaraðili hafi haft milligöngu um að kaupa fyrir sóknaraðila. Beri þeim banka að senda allar tilkynningar er varði verðbréf sem séu í hans vörslu og hafi það m.a. gilt um fréttir af yfirtökutilboði í B í hluti í A. Varnaraðila hafi hins vegar ekki reynst unnt að finna þá tilkynningu sem um ræði en geti þó ekki útilokað að hún hafi borist varnaraðila. Hins vegar vísar varnaraðili til rafpósts 12. júní 2001 sem hann kveður hafa að geyma frétt um yfirtökutilboð B.

Samkvæmt framansögðu verður við það að miða að sóknaraðila hafi ekki borist önnur gögn frá varnaraðila um rekstur A eða yfirtökutilboð B í hluti félagsins en fyrrgreindan rafpóst. Er hann birtur í heild sinni í kafla II. hér að framan. Þrátt fyrir að af póstinum verði ráðið að B hafi boðist til að kaupa hluti í A felur hann ekki í sér tilkynningu um yfirtökutilboð félagsins, hvers efnis það sé eða skilyrði þess að öðru leyti. Telja verður að sóknaraðili hefði haft af því réttmæta hagsmuni að fá tilkynningu um yfirtökutilboð B. Varnaraðili hefur ekki getað sýnt fram á að sér hafi borist umrædd tilkynning og því síður að sóknaraðila hafi verið send hún. Kemur fyrrgreindur rafpóstur ekki í stað hennar. Ekki þykir ástæða til að ætla annað en að varnaraðila eða erlendum umboðsaðila hans hafi borist umrædd tilkynning. Verður varnaraðili, sem býr yfir sérfræðikunnáttu á sviði verðbréfavíðskipta og hefur starfsleyfi til þeirra, sjálfur að bera hallann af því hafi umrædd tilkynning ekki borist honum frá erlendum vörslubanka og viðsemjanda varnaraðila eða hún ekki send sóknaraðila af öðrum ástæðum. Eins og mál þetta liggur fyrir og vörnum varnaraðila er háttáð verður því að telja að skort hafi á að fullnægjandi upplýsingar um umrætt yfirtökutilboð hafi borist frá varnaraðila til sóknaraðila. Verður varnaraðili að bera það tjón sem af þeim upplýsingaskorti kann að hafa hlotist.

Hefði sóknaraðili búið yfir upplýsingum um yfirtökutilboð B hefði hann getað ákveðið að skipta á 4.000 hlutum sínum í A í 3.000 hluti í B. Þá hluti hefði hann fyrst getað selt 24. september 2001 á markaði í Frakklandi á genginu 1,58. Miðað við gengi evru þann dag, kr. 92,07, hefði hann fengið kr. 436.412 fyrir þá hluti sína. Hlutfé í B mun hafa verið fært niður í maí 2002 og hefði sóknaraðili þá átt 1/20 af því sem hann áður átti eða 150 hluti. Ekki var unnt að selja bréf í Bandaríkjum Norður-Ameríku fyrir en ári eftir yfirtökutilboð eða í október 2002. Þá var gengi félagsins þar í landi um 0,32. Félagið er nú gjaldþrota eins og fyrr sagði.

Hefði sóknaraðili hins vegar tekið ákvörðun um að eiga áfram 4.000 hluti í A hefði hann hinn sama dag, 24. september 2001, getað selt þá hluti sína á genginu 0,7 evrur sem miða við gengi þann dag hefði numið kr. 257.796. Hann hefði hins vegar getað átt hluti sína áfram þar til þeir urðu verðlausir við gjaldþrot félagsins.

Engin rök mæla með því að taka til greina kröfu sóknaraðila um bætur sem nemi endurgreiðslu kaupverðs hluta hans í A. Verður hann sjálfur að bera ábyrgð á verðþróun hluta í félaginu þar til tilkynning um yfirtöku B á hlutum í félaginu var send út. Fyrir liggur að hefði sóknaraðili átt þess kost að skipta 4.000 hlutum sínum í félaginu í 3.000 hluti í B var markaðsverð þeirra miðað við fyrsta mögulega söludag kr. 178.616 hærra en markaðsverð þeirra 4.000 hluta sem sóknaraðili átti í A þann sama dag. Er rétt með vísan til framanritaðs að varnaraðili beri hallann af því hvort sóknaraðili hefði tekið umræddu tilboði eður ei, selt hluti sína í hvoru félaginu sem var eða átt þá áfram. Með vísan til framanritaðs þykir rétt eins og atvikum er hér háttað að varnaraðili bæti sóknaraðila ofangreindan mismun miðað við 24. september 2001.

### Ú r s k u r ð a r o r ð:

Varnaraðili, fjármálafyrirtækið F, greiði sóknaraðila M, kr. 178.616.

Reykjavík, 28. október 2003.

Guðjón Ólafur Jónsson

Geir Arnar Marelsson

Grétar Grétarsson

Sölvi Sölvason

Vilhjálmur H. Vilhjálmsson

# ÚRSKURÐARNEFND UM VIÐSKIPTI VIÐ FJÁRMÁLAFYRIRTÆKI

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Ár 2003, mánudaginn 15. september, er fundur haldinn í Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Guðjón Ólafur Jónsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Grétar Grétarsson, Ólöf Embla Einarsdóttir og Sölvi Sölvason.

Fyrir er tekið **mál nr. 13/2003**:

**M**  
**gegn**  
**fjármálafyrirtækinu F**

og kveðinn upp svohljóðandi

## ú r s k u r ð u r:

### I.

#### Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefnd sóknaraðili, annars vegar, og fjármálafyrirtækið F, hér eftir nefndur varnaraðili.

Málið barst úrskurðarnefnd 11. júlí 2003 með kvörtun lögmanns sóknaraðila, dagsettri 4. sama mánaðar. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 15. júlí 2003, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör bárust með bréfi lögmanns varnaraðila, dagsettu 6. ágúst 2003. Bréfið var sent sóknaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu 11. ágúst 2003, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust ekki.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 26. ágúst, 8. og 15. september 2003.

### II.

#### Málsatvik.

Hinn 7. júní 2000 gaf A, út skuldabréf til varnaraðila að fjárhæð kr. 950.000. Til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu höfuðstóls, vaxta, dráttarvaxta og alls kostnaðar tókst sóknaraðili á hendur sjálfskuldarábyrgð in solidum á láninu. Kveður sóknaraðili það hafa verið forsendu af sinni hálfu að sambýlismaður A tæki ennfremur ábyrgð á láninu og er nafn hans ritað undir nafn sóknaraðila sem sjálfskuldarábyrgðaraðili.

A var úrskurðuð gjaldþrota í Héraðsdómi Reykjaness 26. febrúar 2001 og lauk skiptum 30. maí 2001. Í kjölfarið krafði varnaraðili sóknaraðila um greiðslu á grundvelli ábyrgðaryfirlýsingarinnar. Gerði varnaraðili fjárnám í fasteign sóknaraðila hinn 11. september 2002 og hefur beðið um nauðungarsölu á eigninni.

Fyrrum sambýlismaður A hefur kært hana fyrir að hafa falsað nafnritun sína á umrætt skuldabréf og mun það mál vera til rannsóknar hjá lögreglu. Kveðst sóknaraðili hafa verið beittur svikum af hálfu A þá er hann gekkst í ábyrgð fyrir umræddri skuld hennar þar sem það hafi verið forsenda ábyrgðar sóknaraðila að sambýlismaður A gengi ennfremur í ábyrgð fyrir skuldinni.

Með bréfi, dagsettu 9. apríl 2003, fór lögmaður sóknaraðila fram á það fyrir hans hönd að varnaraðili félli frá kröfum á hendur sóknaraðila vegna ábyrgðarskuldbindingar

hans. Því var hafnað með bréfi varnaraðila, dagsettu 2. júlí 2003. Málinu var vísað til úrskurðarnefndarinnar með kvörtun, dagsettri 4. júlí 2003.

### III.

#### Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili kveðst hafa hafnað því að gangast í ábyrgð fyrir umræddu láni nema sambýlismaður skuldara yrði einnig ábyrgðarmaður. Hafi hann ekki viljað ábyrgjast lánið og hafi aðalskuldari, A, þá falsað nafn hans á skjalið. Hafi sóknaraðili eftir það ritað undir skuldabréfið sem ábyrgðarmaður. Kveðst sóknaraðili hafa verið beitt svikum af hálfu A og sé ábyrgðaryfirlýsing hennar því ógild. Vísar sóknaraðili í því skyni til 30. gr. laga nr. 7, 1936.

Sóknaraðili bendir ennfremur á að svo virðist sem varnaraðili hafi ekki metið greiðslugetu aðalskuldara rétt. Sé augljóst að fjárhagur hans hafi í júní 2000 staðið mjög völtum fótum og aðgerðir sem leiddu til gjaldþrots aðalskuldara 26. febrúar 2001 þá byrjaðar. Þá vísar sóknaraðili til þess að með tilliti til aðstæðna sé ósanngjarnt af varnaraðila að halda ábyrgðinni til streitu.

### IV.

#### Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað. Varnaraðili hafnar fullyrðingum sóknaraðila um aðdraganda undirskriftar sóknaraðila á skuldabréfið, um forsendur hans fyrir undirrituninni og því að sannað sé að A hafi falsað nafn fyrrum sambýlismanns síns á skuldabréfið. Vísar varnaraðili til þess að það mál sé enn til rannsóknar lögreglu eftir því sem næst verði komist. Þá kveður varnaraðili umræddan fyrrum sambýlismann A hafa greitt kr. 500.000 inn á kröfuna áður en hann kærði meinta fölsun skuldabréfsins.

Varnaraðili bendir á að ábyrgðarmenn hafi einhliða og skilyrðislaust tekist á hendur sjálfskuldarábyrgð in solidum á greiðslu skuldarinnar. Felist í slíku loforði að hver ábyrgðarmanna fyrir sig lofi því gagnvart kröfueiganda að greiða skuldina að fullu fari hún í vanskil, án tillits til greiðslugetu eða greiðsluvilja annarra ábyrgðarmanna. Kveður varnaraðili innbyrðis samband eða samning útgefanda og ábyrgðarmanns kröfuhafa óviðkomandi og valdi ógildi samnings þeirra á milli ekki ógildi loforðs ábyrgðarmanns gagnvart kröfuhafa.

Varnaraðili kveður samningssamband sóknaraðila vegna ábyrgðarloforðs hans vera tvíþætt. Sé annars vegar um að ræða samning milli sóknaraðila og aðalskuldara um að sóknaraðili takist á hendur ábyrgð á skuldabréfinu og hins vegar sé um að ræða loforð sóknaraðila gagnvart varnaraðila um sjálfskuldarábyrgð in solidum á skuldabréfinu. Varði hin meintu svik A aðeins samning hennar og sóknaraðila en ekki yfirlýsingu sóknaraðila um sjálfskuldarábyrgð gagnvart varnaraðila. Sé kröfuréttarlegt samband milli sóknaraðila og varnaraðila í fullu gildi þar sem varnaraðili hafi hvorki beitt svikum né vitað um þau þá er hann tók við margumræddu skuldabréfi. Verði því sambandi ekki hnekktt með vísan til 30. gr. samningalaga nr. 7, 1936 þar sem þau atvik eigi ekki við um samband sóknaraðila og varnaraðila.

Varnaraðili kveður ógildi skuldbindingar eins ábyrgðarmanns ekki leiða til ógildis annarra ábyrgðarmanna enda sé ábyrgðarloforðið aðeins bundið við það að skuldari standi ekki við skuldbindingar sínar en ekki gildi skuldbindinga eða greiðsluvilja annarra

ábyrgðarmanna. Þá kveður varnaraðili málavexti vera óljósa og mikinn vafa leika á því hvort sú forsenda að sambýlismaður aðalskuldara myndi einnig gangast í ábyrgð fyrir skuldinni hafi í raun verið sóknaraðila ofarlega í huga þá er hún gekkst undir ábyrgðarskuldbindingu sína.

## V.

### Niðurstaða.

Skilja verður málatilbúnað sóknaraðila svo að hann krefjist þess að ábyrgðaryfirlýsing hans samkvæmt margnefndu skuldabréfi verði ógilt. Varnaraðili krefst þess að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Málatilbúnaður sóknaraðila byggir á því að útgefandi skuldabréfsins hafi beitt sóknaraðila svikum með því að falsa nafnritun sambýlismanns síns sem sjálfskuldarábyrgðaraðila á skuldabréfið sem orðið hafi til þess að sóknaraðili gekkst í umrædda ábyrgð, enda hafi það verið forsenda sóknaraðila fyrir ábyrgðinni að umræddur sambýlismaður gengist jafnframt í ábyrgð fyrir skuldinni. Sökum þessara meintu svika aðalskuldara gagnvart sóknaraðila sé ábyrgð sóknaraðila gagnvart varnaraðila ógild.

Í málinu liggur fyrir að fyrrum sambýlismaður útgefanda skuldabréfsins hefur kært meinta falsaða nafnritun sína á bréfið og liggur ekki annað fyrir en að það mál sé enn til rannsóknar hjá lögreglu. Í gögnum málsins liggur hvorki fyrir nein sönnun um að umrætt skuldabréf sé falsað né að útgefandi bréfsins hafi sýnt af sér saknæma háttsemi í þeim efnum. Jafnvel þótt svo væri er bæði ósannað að sóknaraðili hafi verið beittur svikum þá er hann gekkst í sjálfskuldarábyrgð gagnvart varnaraðila fyrir umræddri skuld samkvæmt skuldabréfinu og að varnaraðili hafi vitað eða mátt vita af þeim meintu svikum.

Með vísan til framanritaðs verður ekki hjá því komist að hafna öllum kröfum sóknaraðila á hendur varnaraðila.

### Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfum sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, fjármálafyrirtækinu F, er hafnað.

Reykjavík, 15. september 2003.

Guðjón Ólafur Jónsson

Geir Arnar Marelsson

Grétar Grétarsson

Ólöf Embla Einarsdóttir

Sölvi Sölvason

# ÚRSKURÐARNEFND UM VIÐSKIPTI VIÐ FJÁRMÁLAFYRIRTÆKI

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Ár 2003, þriðjudaginn 28. október, er fundur haldinn í Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Guðjón Ólafur Jónsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Grétar Grétarsson, Ólöf Embla Einarsdóttir og Sölvi Sölvason.

Fyrir er tekið **mál nr. 14/2003:**

**M**  
**gegn**  
**fjármálafyrirtækinu F**

og kveðinn upp svohljóðandi

## ú r s k u r ð u r:

### I.

#### Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar, og fjármálafyrirtækið F, hins vegar, hér eftir nefnt varnaraðili.

Málið barst úrskurðarnefnd 30. júlí 2003 með kvörtun sóknaraðila, dagsettri sama dag. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 1. ágúst 2003, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi hans, dagsettu 5. september 2003. Bréfið var sent sóknaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu 8. september 2003, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Með bréfi nefndarinnar til varnaraðila, dagsettu 12. september 2003, var óskað eftir frekari gögnum. Þau bárust með bréfi varnaraðila, dagsettu 24. september 2003. Frekari athugasemdir bárust frá sóknaraðila með rafpósti 20. október 2003.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 8. og 14. september 7. og 28. október 2003.

### II.

#### Málsatvik.

Hinn 22. janúar 1997 gerðu aðilar máls þessa með sér samning um vörslu og ávöxtun fjármuna sóknaraðila. Var markmiðið með samningnum að tryggja góða ávöxtun og öryggi eigna sóknaraðila. Veitti sóknaraðili varnaraðila fullt og ótakmarkað umboð til kaupa og sölu á verðbréfum í sínu nafni. Sama dag rituðu aðilar undir fjárfestingastefnu vegna fjárvörslunnar.

Hinn 28. desember 1999 keypti varnaraðili fyrir hönd sóknaraðila hlutabréf í A hf. að nafnvirði kr. 100.000 á genginu 15,075. Hinn 5. apríl 2000 var helmingur bréfanna seldur aftur með umtalsverðum hagnaði eða á genginu 28,5. Átti sóknaraðili þá eftir kr. 50.000 hlut að nafnvirði í félaginu. Markaðsverð hlutarins lækkaði jafnt og þétt eftir þetta.

Á fundi með varnaraðila hinn 3. mars 2003 gerði sóknaraðili þá kröfu að varnaraðili keypti af honum umrædd hlutabréf á kaupverði þeirra, þ.e. á genginu 15,075. Varnaraðili hafnaði þeirri kröfu í bréfi til sóknaraðila, dagsettu 11. mars 2003.

Sóknaraðili ítrekaði kröfu sína í bréfi til varnaraðila, dagsettu 24. mars 2003. Varnaraðili hafnaði henni á ný með bréfi, dagsettu 25. mars 2003.

Málinu var vísað til úrskurðarnefndarinnar með kvörtun, dagsettri 30. júlí 2003.

### III.

#### Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili gerir þá kröfu að varnaraðila verði gert að greiða honum kr. 753.750. Svarar fjárhæð kröfunnar til söluverðs 50.000 króna hlutabréfa að nafnvirði í A miðað við gengið 15,075, sem var upphaflegt kaupverð bréfanna.

Sóknaraðili kveður varnaraðila ekki hafa farið að munnlegum fyrirmælum sínum um að selja hlutabréf sín í A að nafnvirði kr. 50.000 á genginu 18,5. Hafi varnaraðili ekki viljað selja bréfin og sagt að félagið væri að fara á opinn markað sem hafa myndi í för með sér mikla hækkun á verði bréfanna. Hafi þetta að mati sóknaraðila verið ámælisverð og bótaskyld háttsemi af hálfu varnaraðila.

### IV.

#### Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili mótmælir kröfum sóknaraðila og gerir þá kröfu að þeim verði hafnað. Af hálfu varnaraðila er því alfarið hafnað að hann hafi neitað að fara eftir meintum fyrirmælum sóknaraðila. Þá bendir varnaraðili á að sóknaraðila hafi verið í lófa lagið að fara fram á sölu bréfa sinna þá þegar honum hafi verið ljóst að sala hefði ekki farið fram í samræmi við hin meintu fyrirmæli.

### V.

#### Niðurstaða.

Í máli þessu krefur sóknaraðili varnaraðila um bætur sem nemur upphaflegu kaupverði kr. 50.000 hlutar að nafnverði í A miðað við gengið 15,075 eða samtals kr. 753.750. Byggir sóknaraðili kröfu sína á því að varnaraðili hafi ekki orðið við fyrirmælum hans um að selja hlutabréf hans í félaginu á genginu 18,5 þegar það var unnt.

Ágreiningslaust er að ekki nýtur við neinna skriflegra gagna um meint fyrirmæli sóknaraðila til varnaraðila um sölu umræddra hlutabréfa. Gegn eindregnum andmælum varnaraðila er ennfremur ósannað að sóknaraðili hafi gefið slík fyrirmæli munnlega. Þá bera gögn málsins heldur ekki með sér að sóknaraðili hafi fylgt þessum meintu fyrirmælum eftir. Er því óhjákvæmilegt annað en að hafna öllum kröfum sóknaraðila á hendur varnaraðila.

#### Úrskurðarorð:

Kröfum sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, fjármálafyrirtækinu F, er hafnað.

Reykjavík, 28. október 2003.

Guðjón Ólafur Jónsson

Geir Arnar Marelsson

Grétar Grétarsson

Ólöf Embla Einarsdóttir

Sölvi

Sölvason

# ÚRSKURÐARNEFND UM VIÐSKIPTI VIÐ FJÁRMÁLAFYRIRTÆKI

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Ár 2003, mánudaginn 22. desember, er fundur haldinn í Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Guðjón Ólafur Jónsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Grétar Grétarsson, Ólöf Embla Einarsdóttir og Sölvi Sölvason.

Fyrir er tekið **mál nr. 15/2003**:

**M**  
**gegn**  
**fjármálafyrirtækinu F**

og kveðinn upp svohljóðandi

## ú r s k u r ð u r:

### I.

#### Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar, og fjármálafyrirtækið F, hins vegar, hér eftir nefnt varnaraðili.

Málið barst úrskurðarnefnd 19. ágúst 2003 með kvörtun sóknaraðila, dagsettri sama dag. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 20. ágúst 2003, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi lögmanns varnaraðila, dagsettu 12. september 2003. Bréfið var sent sóknaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu 16. september 2003, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Þær bárust með bréfi sóknaraðila, dagsettu 19. september 2003.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 7. og 28. október, 20. nóvember og 22. desember 2003.

### II.

#### Málsatvik.

Hinn 1. október 1998 gaf sóknaraðili út skuldabréf til A, að fjárhæð kr. 5.000.000. Skyldi lánið endurgreiddast með 144 mánaðarlegum jöfnum greiðslum afborgana og vaxta og var gjalddagi 15. hvers mánaðar. Gjalddagi fyrstu afborgunar var 15. febrúar 1999 og hafa nú verið greiddar tæplega 60 afborganir af skuldinni.

Í skuldabréfinu var m.a. að finna eftirgreint ákvæði: „Á hverjum tíma ber skuldara að greiða kostnað af innheimtu hvernar greiðslu af bréfi þessu skv. gjaldskrá innlánsstofnana.“ Kröfuhafi skuldabréfsins fól varnaraðila að innheimta fyrir sína hönd greiðslur samkvæmt skuldabréfinu. Mun varnaraðili af því tilefni hafa sent sóknaraðila greiðsluseðla mánaðarlega þar sem hann er krafinn um greiðslu samkvæmt skuldabréfinu. Hefur greiðsla hvers mánaðar verið sundurliðuð í afborgun á nafnverði, afborgun verðbóta, vexti, verðbætur vegna vaxta og innheimtulaun.

Sóknaraðili kveðst þegar á árinu 1998 (sic) hafa gert athugasemdir við innheimtu þóknunar sem hann kveður varnaraðila innheimta með hverri greiðslu. Hafi þetta verið ítrekað við varnaraðila síðastliðið vor en án árangurs. Kveðst sóknaraðili samþykku að

sér beri að greiða kostnað af innheimtu skuldabréfsins en hann sé samkvæmt gjaldskrá varnaraðila kr. 350. Varnaraðili innheimti hins vegar kr. 870 og séu kr. 520 því þóknun samkvæmt framansögðu.

Málinu var vísað til úrskurðarnefndarinnar með kvörtun, dagsettri 19. ágúst 2003.

### III.

#### Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili kvartar yfir því að varnaraðili innheimti kr. 520 þóknun af hverri greiðslu skuldabréfsins. Gerir sóknaraðili þá kröfu að hætt verði að innheimta þóknun af greiðslum af skuldabréfinu. Þá krefst sóknaraðili endurgreiðslu á áður greiddri þóknun ásamt vöxtum og vísitölu frá fyrsta gjalddaga skuldabréfsins þar til endurgreiðslan fer fram af hálfu varnaraðila, en krafan er sett fram þegar 55 afborganir af 144 hafa verið greiddar.

Sóknaraðili kveður tilgreinda 520 króna þóknun ákveðna af varnaraðila og sé hún ekki á neinn hátt tengd umræddu skuldabréfi. Telur sóknaraðili þessa fjárhæð sér óviðkomandi þar sem hann hafi ekki óskað eftir neinni þjónustu við innheimtu bréfsins. Eðlilegast sé að kröfuhafi greiði þóknunina telji varnaraðili að sér beri umrædd fjárhæð. Sóknaraðili vísar til orðabanka Íslenskrar málstöðvar um merkingu orðanna „greiðsla“ og „þóknun“.

Sóknaraðili bendir ennfremur á þann mismun sem sé á heildarkostnaði í fyrsta lagi við innheimtu skuldabréfs sem varnaraðili eigi, en þá séu skuldfærðar kr. 160, í öðru lagi við innheimtu skuldabréfs sem varnaraðili eigi og sendi út gíróseðil en þá sé kostnaðurinn kr. 430, og loks í þriðja lagi, skuldabréf sem bankinn innheimti fyrir þriðja aðila þar sem kostnaðurinn sé alls kr. 870, þ.e. kr. 350 í útlagðan kostnað og kr. 520 í þóknun.

Sóknaraðili heldur því fram að samkvæmt upplýsingum sem hann hafi fengið hjá varnaraðila sé eini munurinn á innheimtu skuldabréfa sem varnaraðili eigi sjálfur og innheimtu skuldabréfa fyrir aðra sá að peningunum sé ráðstafað að óskum eiganda skuldabréfsins, þ.e. kröfuhafa.

### IV.

#### Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili gerir aðallega þær kröfur að máli þessu verði vísað frá úrskurðarnefndinni. Til vara krefst varnaraðili þess að úrskurðarnefndin hafni öllum kröfum sóknaraðila „og staðfesti að innheimta [varnaraðila] á innheimtuþóknun þeirri er [kvörtunin] tekur til, sé að öllu leyti lögum samkvæmt.“

Um aðalkröfu sína vísar varnaraðili til þess að samningsákvæði um greiðslu kostnaðar af innheimtu hvernar greiðslu af skuldabréfinu sé hluti af lánessamningi sóknaraðila við kröfuhafa skuldabréfsins. Beri sóknaraðila því að snúa sér til kröfuhafa hafi hann athugasemdir um framkvæmd umrædds ákvæðis. Eigi úrlausnarefnið því ekki undir úrskurðarnefndina, sbr. a-lið 2. mgr. 3. gr. samþykktu fyrir nefndina.

Varðandi varakröfu sína bendir varnaraðili á að áðurnefnd samningsákvæði sé skýrt og fortakslaus. Sé það staðlað ákvæði sem sé að finna á eyðublöðum fyrir skuldabréf. Telur varnaraðili óljóst hvaða rök sóknaraðili telji að leiða eigi til þess að hætta beri að innheimta umrædda þóknun enda kveðist sóknaraðili sammála því að honum beri að greiða kostnað við innheimtu bréfsins.

Varnaraðili vísar til þess að kröfuhafi sem óski innheimtu skuldabréfs afhendi honum frumrit bréfsins og feli honum útreikning og innheimtu á því. Kveðst varnaraðili kanna hvort bréfið hafi verið stimplað samkvæmt lögum þar um en ella framkvæmi varnaraðili stimplunina. Þá segist varnaraðili skrá skuldabréfið í rafrænt innheimtakerfi sem hann hafi aðgang að samkvæmt samningi við Reiknistofu bankanna. Sé útreikningur greiðslna framkvæmdur með aðstoð kerfisins og gíróseðill sendur greiðanda áður en til gjalddaga komi. Við greiðslu seðilsins bókast greiðslan í innheimtakerfið og færist síðan á reikning kröfuhafa. Við uppgreiðslu bréfsins, afhendingu þess til kröfuhafa eða þegar þess kunni að vera þörf sé greiðslukvittun prentuð út og heft við frumrit bréfsins. Reynist þörf á sé unnt að færa innborganir handvirkt inn á bréfið sjálft á grundvelli þessara upplýsinga. Kjósi kröfuhafi að taka bréfið úr innheimtu áður en það sé að fullu greitt útheimti það vinnu af hálfu varnaraðila. Þá sé skuldabréfið sent skuldara í pósti við uppgreiðslu þess.

Varnaraðili kveður augljós rök standa til þess að kröfuhafi feli fjármálafyrirtæki vörslu og innheimtu skuldabréfs. Vísar varnaraðili til þess að greiðslustaður umrædds skuldabréfs sé hjá kröfuhafa. Við rétta greiðslu afborgana skuldabréfs beri samkvæmt almennum reglum kröfuréttar að árita bréfið um greiðsluna. Í flestum tilvikum sé óraunhæft að kröfuhafi og skuldari hittist augliti til auglitis til að skuldari geti greitt og kröfuhafi áritað bréfið um greiðslu. Til þess verði kröfuhafi að hafa bréfið við höndina. Þá bendir varnaraðili á að greiðsla skuldara í heimabanka hafi ekki í för með sér að greiðsla verði færð inn á bréfið sjálft. Af þessum sökum sé augljóst að varsla skuldabréfs af hálfu fjármálafyrirtækis sé nú þáttur í eðlilegri kröfu um öryggi í viðskiptum. Það að fela útreikning og innheimtu hvernar greiðslu í hendur sérhæfðu fyrirtæki leiði til skilvirkari meðferðar og aukins öryggis við útreikning afborgana, vaxta og verðbóta og sé ótvírætt til hagræðis fyrir kröfuhafa og skuldara. Kveður varnaraðili vörslu og útreikning ætíð útheimta nokkra vinnu og umstang af hálfu kröfuhafa kjósi hann að annast slíkt sjálfur og sé eðlilegt að meta þá vinnu til fjár.

Varnaraðili kveðst fallast á að fjárhæð þóknunar vegna útreiknings og innheimtu verði að vera eðlileg og sanngjörn. Til grundvallar innheimtuþóknun sinni liggi annars vegar þóknun að fjárhæð kr. 520 og hins vegar útlagður kostnaður að fjárhæð kr. 350. Að því er varðar fyrrnefndu fjárhæðina vísar varnaraðili til þess að hann greiði Reiknistofu bankanna gjöld fyrir afnot af innheimtakerfi, s.s. fyrir útreikning á hverri greiðslu áður en til gjalddaga komi, færslukostnað í kerfum, geymslukostnað í innheimtakerfi og annan kostnað við rekstur þess. Þá kveðst varnaraðili bera kostnað og áhættu af varðveislu frumrits skuldabréfsins og vinnu starfsmanna við móttöku og upplýsingagjöf vegna bréfanna. Útlagðan kostnað segir varnaraðili vera þann kostnað sem hann þurfi að leggja út við greiðsluseðil, prentun og útsendingu, umslög og póstburðargjöld. Þá sé ennfremur um að ræða kostnað vegna vinnu starfsmanna við greiðsluseðla og útsendingu þeirra. Kveður varnaraðili fyrrgreinda innheimtuþóknun vera fyllilega í eðlilegu hlutfalli við þá þjónustu sem um ræði.

Varnaraðili segir það rétt að krafist sé lægra gjalds í þeim tilvikum þar sem hann sé sjálfur kröfuhafi samkvæmt skuldabréfum. Eigi það sér eðlilegar og viðskiptalegar forsendur. Takist varnaraðili á hendur vörsluábyrgð gagnvart viðskiptamönnum sínum þá er hann veiti frumritum skuldabréfa þeirra viðtöku. Viðtakan og í sumum tilvikum afhending þeirra til baka til kröfuhafa, svo og fyrirvar vegna innheimtunnar, útheimti vinnu af hálfu varnaraðila en svara þurfi fyrirspurnum bæði kröfuhafa og skuldara meðan

á innheimtu stendur. Leiði þessi atriði til kostnaðar fyrir varnaraðila sem ekki hljótist af innheimtu eigin bréfa.

## V. Niðurstaða.

### 1. Um formhlið máls

Aðalkrafa varnaraðila er frávísunarkrafa. Byggir varnaraðili þá kröfu sína á því að aðeins sé samningssamband milli sóknaraðila og kröfuhafa skuldabréfsins en ekki milli sóknaraðila og sín. Sóknaraðili hafnar frávísunarkröfu varnaraðila og telur að þar sem varnaraðili hafi rukkað sig um þóknun vegna innheimtu skuldabréfsins heyri málið undir úrskurðarnefndina.

Samkvæmt a-lið 2. mgr. 3. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki, dagsettra 8. júní 2000, tekur nefndin til meðferðar kvartanir sem varða réttarágreining milli fjármálafyrirtækis eða dótturfyrirtækis slíks fyrirtækis annars vegar og viðskiptamanns hins vegar, enda sé samningssamband milli aðila. Ekki er skilgreint í samþykktunum hversu víðtækt samningssamband aðila þurfi að vera til að eiga undir nefndina. Af þeim sökum fellur það í hlut nefndarinnar sjálfrar að túlka framangreint ákvæði samþykktanna.

Úrskurðarnefndin telur að almennt beri að túlka hugtakið samningssamband rúmt þegar neytendur skjóti málum til nefndarinnar. Sú afstaða er í samræmi við markmið nefndarinnar um að auðvelda viðskiptavinum fjármálafyrirtækja að koma á framfæri kvörtunum vegna viðskipta við fjármálafyrirtæki og fá leyst úr þeim með skjóttum og ódýrum hætti, sbr. 2. gr. samkomulags um úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki, dagsetts 8. júní 2000. Afstaðan er sömuleiðis í samræmi við fyrri úrskurði nefndarinnar, sbr. t.d. úrskurð í máli nr. 2/2001.

Í máli því sem hér um ræðir tók varnaraðili að sér innheimtu skuldabréfs hjá sóknaraðila að beiðni kröfuhafa bréfsins. Heimild sína til innheimtunnar byggir varnaraðili á ákvæði í skuldabréfinu sem mælir fyrir um að á hverjum gjalddaga beri skuldara [sóknaraðila] að greiða kostnað af innheimtu hvernar greiðslu af bréfinu samkvæmt gjaldskrá innlánsstofnana. Ekkert segir nánar í skuldabréfinu um þennan kostnað og er hann því alfarið ákvarðaður af hálfu varnaraðila. Á grundvelli ákvæðis skuldabréfsins innheimtir varnaraðili hjá sóknaraðila til viðbótar afborgunum af skuldabréfinu kr. 870 í þóknun og vegna útlagðs kostnaðar. Úrskurðarnefndin lítur svo á að þegar varnaraðili tók að sér innheimtu skuldabréfsins hafi hann um leið samþykkt að rukka skuldara [sóknaraðila] um þjónustuna samkvæmt eigin gjaldskrá en á hana hefur kröfuhafi skuldabréfsins engin áhrif. Með þessum hætti stofnaðist samningssamband milli sóknaraðila og varnaraðila. Auk þess er ljóst að sóknaraðili getur í raun ekki komist hjá því við greiðslu vaxta og afborgana að greiða þóknun varnaraðila þar sem ekki er hægt að gera breytingar á greiðsluseðlum. Þá er það föst venja fjármálafyrirtækja að innheimtukostnaður er greiddur upp á undan vöxtum og höfuðstólsafborgunum og því myndi greiðsla af hálfu sóknaraðila að fráreginni þóknun varnaraðila aðeins þýða að sóknaraðili myndi lenda í vanskilum við kröfuhafa með höfuðstólsgreiðslu. Telur úrskurðarnefndin framangreint styðja enn frekar réttmæti viðurkenningar á samningssambandi sóknaraðila og varnaraðila.

Með vísan til framanritaðs er það niðurstaða úrskurðarnefndarinnar, að með því að varnaraðili tók að sér innheimtu skuldabréfs og krafði sóknaraðila um greiðslu á útlögðum kostnaði sínum auk þóknunar til sín, hafi stofnast samningssamband á milli sóknaraðila og varnaraðila. Af þeim sökum telur nefndin málið tækt til efnislegs úrskurðar.

### **Sérálit Grétars Grétarssonar og Guðjóns Ólafs Jónssonar**

Samkvæmt a-lið 2. mgr. 3. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki, dagsettra 8. júní 2000, tekur nefndin til meðferðar kvartanir sem varða réttarágreining milli fjármálafyrirtækis eða dótturfyrirtækis slíks fyrirtækis annars vegar og viðskiptamanns hins vegar, enda sé samningssamband milli aðila. Samkvæmt c-lið 6. gr. samþykktanna fjallar nefndin ekki um breytingar á almennri gjaldtöku fjármálafyrirtækja.

Hinn 1. október 1998 gaf sóknaraðili út skuldabréf að fjárhæð kr. 5.000.000. Kröfuhafi samkvæmt bréfinu er A. Samkvæmt samningi þeirra í millum skyldi sóknaraðili greiða kostnað af innheimtu hvernar greiðslu af skuldabréfinu samkvæmt gjaldskrá innlánsstofnana. Varnaraðili átti enga aðild að samningi þessum. Fyrirgreindur kröfuhafi skuldabréfsins fól varnaraðila að innheimta greiðslur samkvæmt bréfinu og er því í gildi samningur þeirra á milli þar um. Ber kröfuhafi skuldabréfsins ábyrgð á greiðslu þeirrar þóknunar sem varnaraðili áskilur sér hverju sinni fyrir að innheimta greiðslur samkvæmt bréfinu. Ekkert samningssamband er milli sóknaraðila og varnaraðila um kostnað við innheimtu skuldabréfsins og verður slíkt samningssamband ekki til við það að varnaraðili sendi sóknaraðila samkvæmt umboði kröfuhafa skuldabréfsins greiðsluseðla til innheimtu greiðslna samkvæmt bréfinu. Ákvæði í samningi sóknaraðila og kröfuhafa um að sóknaraðili skuli greiða kostnað við innheimtu hvernar greiðslu af skuldabréfinu samkvæmt gjaldskrá innlánsstofnana getur hér engu breytt um. Hafi sóknaraðili einhverjar athugasemdir eða mótbárur við þá greiðslu sem hann er krafinn, hvort heldur er um útreikning afborgunar, vexti, verðbætur eða innheimtukostnað, beinast þær mótbárur að kröfuhafa bréfsins en ekki varnaraðila sem umboðsmanni hans. Neiti sóknaraðili að inna umkrafða greiðslu af hendi að hluta eða öllu leyti er það kröfuhafa skuldabréfsins en ekki varnaraðila að innheimta greiðsluna að fullu. Ber kröfuhafa og skylda til að greiða varnaraðila þann kostnað sem til fellur við innheimtu bréfsins eins og áður var getið og hefur varnaraðili enga heimild til að innheimta þann kostnað hjá sóknaraðila.

Samkvæmt framansögðu er ekkert samningssamband milli aðila máls þessa og því óhjákvæmilegt að vísa málinu þegar af þeirri ástæðu frá úrskurðarnefndinni. Þá er þess að geta að kvörtunin beinist ennfremur að umkrafinni þóknun samkvæmt gjaldskrá varnaraðila allt frá árinu 1999. Ekki liggur fyrir hverjar breytingar hafa orðið á gjaldskrá varnaraðila á þessum tíma en ákvæði c-liðar 6. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki verða ekki skilin öðruvísi en að nefndinni sé ekki ætlað að fjalla um almenna gjaldtöku fjármálafyrirtækja eða breytingar þar á. Ekki er ástæða til að fjalla um kröfugerð sóknaraðila og málalíbúnað að öðru leyti.

Með vísan til framanritaðs teljum við að vísa beri máli þessu frá úrskurðarnefndinni. Þar sem meiri hluti úrskurðarnefndarinnar hefur hins vegar komist að annarri niðurstöðu er okkur ekki stætt á öðru en að taka þátt í efnislegri afgreiðslu málsins.

## 2.

**Um efnishlið máls**

Í málinu er efnislega deilt um þær kr. 520 sem varnaraðili gerir kröfu um að fá greiddar sem þóknun við innheimtu umsaminna greiðslna samkvæmt skuldabréfi því er sóknaraðili gaf út til A, hinn 1. október 1998. Varnaraðili hefur bent á ýmis atriði sem liggja til grundvallar þessari þóknun hans, s.s. fyrir afnot af innheimtugerfi Reiknistofu bankanna og vinnu starfsmanna við móttöku og upplýsingagjöf vegna bréfanna. Þá er þess og að geta að varnaraðili ber alla ábyrgð gagnvart kröfuhafa á vörslu umrædds skuldabréfs og því eðlilegt að þóknun hans taki mið af því.

Að mati úrskurðarnefndarinnar er eðlilegt að varnaraðili áskilji sér þóknun fyrir að innheimta greiðslur samkvæmt téðu skuldabréfi. Þegar litið er til þeirrar ábyrgðar gagnvart kröfuhafa sem vörslu bréfsins og innheimtu fylgir, svo og mögulegs aukins umstangs við innheimtuna, er ekki óeðlilegt að sú þóknun sé hærri en við innheimtu á varnaraðila á eigin skuldabréfum. Ekki hefur verið sýnt fram á að fjárhæð þóknunarinnar sé óeðlileg eða ósanngjörn. Hefur úrskurðarnefndin heldur engar forsendur til að meta hvort svo sé.

Með vísan til framanritaðs verður ekki hjá því komið að hafna öllum kröfum sóknaraðila á hendur varnaraðila.

**Sérálit Geirs Arnars Marelssonar og Ólafar Emblu Einarsdóttur**

Í því máli sem hér um ræðir er svohljóðandi ákvæði í skuldabréfinu: „*Á hverjum gjalddaga ber skuldara að greiða kostnað af innheimtu hvernar greiðslu af bréfi þessu samkvæmt gjaldskrá innlánsstofnana*”. Í gjaldskrá varnaraðila segir undir skuldabréfalið innheimtuþjónustu: „*Innheimt með árangri: Innheimtuþóknun pr. afborgun kr. 520 + útlagður kostnaður kr. 350*”. Sóknaraðili heldur því fram að varnaraðila sé á grundvelli skuldabréfsins einungis heimilt að rukka sig um kostnað vegna innheimtunnar en megi ekki innheimta sérstaka þóknun úr sinni hendi heldur verði að beina kröfum um slíkt að kröfuhafa bréfsins.

Varnaraðili segir að til grundvallar fjárhæð innheimtuþóknunar, kr. 520, liggja greiðslur fyrir afnot af innheimtugerfi til Reiknistofu banka, útreikningur á hverri greiðslu fyrir gjalddaga, færslukostnaður í kerfum, geymslukostnaður auk annars kostnaðar við rekstur innheimtugerfis. Þar að auki beri varnaraðili kostnað og áhættu af varðveislu frumrits bréfsins. Jafnframt hafi hann kostnað af vinnu starfsmanna við móttöku og upplýsingagjöf vegna bréfanna. Til grundvallar útlögðum kostnað, kr. 350, sé um að ræða kostnað varnaraðila af greiðsluseðli, prentun og útsendingu hans, umslög og burðargjöld vegna útsendinga. Hér sé einnig um að ræða vinnu starfsmanns við greiðsluseðla og útsendingu þeirra.

Réttur varnaraðila til að ákveða sjálfur eigin gjaldskrá er ekki dreginn í efa. Við setningu slíkrar gjaldskrár verður varnaraðili þó ávallt að gæta þess að gjaldskráin samræmist góðum viðskiptaháttum og að í henni leynist ekki óhófleg gjaldtaka í skjóli yfirburðarstöðu. Í máli þessu byggir varnaraðili gjalddöku sína á stöðluðu ákvæði í stöðluðu skuldabréfaformi. Með ákvæði þessu samþykkir skuldari fyrirvaralaust að greiða þann kostnað sem innlánsstofnun mælir fyrir um í gjaldskrá sinni.

Samkvæmt 36. gr. b laga nr. 7, 1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa skal túlka samningsskilmála sem ekki hefur verið samið um sérstaklega og

samningurinn er liður í starfsemi annars aðilans, atvinnurekanda, en í meginatriðum ekki liður í starfsemi hins aðilans, neytanda, neytandanum í hag. Í því felst að komi upp vafi um hvaða túlkun er neytandanum í hag má ganga út frá því að skilningur neytandans eigi að ráða.

Minni hluti úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki lítur svo á að þegar fjármálafyrirtæki byggir innheimtu sína á jafn opnu ákvæði og hér um ræðir beri því skylda til að gæta sérstakrar varúðar við gjaldtökuna. Fyrirtækjum á borð við varnaraðila er samkvæmt lögum skylt að taka tillit til neytandans og er óheimilt að færa sér yfirburði sína í nyt. Minni hlutinn telur af þeim sökum að niðurstaða málsins velti töluvert á því hvort umrædd kr. 870 gjaldtaka af hverri greiðslu skuldabréfsins sé réttmæt, bæði almennt og með hliðsjón af annarri sambærilegri gjaldtöku samkvæmt gjaldskránni.

Í gjaldskrá varnaraðila er að finna ýmis konar gjaldtökuákvæði er varða greiðslu af skuldabréfum, sbr. yfirlit sóknaraðila:

1. Skuldabréf sem varnaraðili á og skuldfærir, kr. 160,
2. Skuldabréf sem varnaraðili á og sendir út gíróseðil, kr. 430,
3. Skuldabréf sem bankinn innheimtir fyrir þriðja aðila, kr. 870, þ.e. kr. 350 í útlagðan kostnað og kr. 520 í þóknun.

Það er mat minni hluta nefndarinnar að varnaraðili hafi ekki fært viðhlítandi skýringar á því hvers vegna skuldfærsla á hans eigin skuldabréfum kosti skuldara einungis kr. 160 en skuldfærsla á skuldabréfum í innheimtu fyrir þriðja aðila kosti skuldara kr. 870. Í þessu sambandi má nefna að afnot af innheimtukerfi Reiknistofu bankanna, útreikningur á hverri greiðslu fyrir gjalddaga, færslukostnaður í kerfum auk annars kostnaðar er jafn mikið til staðar til við innheimtu eigin bréfa varnaraðila og innheimtu bréfa fyrir þriðja aðila. Rétt er að geta þess að þegar varnaraðili innheimtir skuldabréf fyrir þriðja aðila er ekki boðið upp á lækkun kostnaðar vegna skuldfærslu í stað greiðsluseðils eins og boðið er upp á vegna eigin skuldabréfa varnaraðila og liggur skýringin á kr. 710 mismun meðal annars í því.

Með vísan til framanritaðs telur minni hluti úrskurðarnefndarinnar að slíkt misræmi sé í gjaldtökum varnaraðila að rétt sé að leggja skilning neytandans til grundvallar í málinu með vísan til 36. gr. b laga nr. 7, 1936.

### 3.

#### Samantekt

Samkvæmt framansögðu er það niðurstaða meiri hluta úrskurðarnefndarinnar að hafna kröfu varnaraðila um að vísa málinu frá úrskurðarnefndinni. Þá er það og niðurstaða meiri hluta nefndarinnar að hafna eigi kröfum sóknaraðila á hendur varnaraðila.

**Ú r s k u r ð a r o r ð:**

Kröfu varnaraðila, fjármálafyrirtækisins F, um að máli þessu verði vísað frá úrskurðarnefndinni er hafnað.

Kröfum sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, fjármálafyrirtækinu F, er hafnað.

Reykjavík, 22. desember 2003.

Guðjón Ólafur Jónsson

Geir Arnar Marelsson

Grétar Grétarsson

Ólöf Embla Einarsdóttir

Sölvi Sölvason

# ÚRSKURÐARNEFND UM VIÐSKIPTI VIÐ FJÁRMÁLAFYRIRTÆKI

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Ár 2003, fimmtudaginn 20. nóvember, er fundur haldinn í Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Guðjón Ólafur Jónsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Gunnar Viðar, Ólöf Embla Einarsdóttir og Sölvi Sölvason.

Fyrir er tekið **mál nr. 16/2003:**

**M**  
**gegn**  
**fjármálafyrirtækinu F**

og kveðinn upp svohljóðandi

## ú r s k u r ð u r:

### I.

#### Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefnd sóknaraðili, annars vegar, og fjármálafyrirtækið F, hins vegar, hér eftir nefnt varnaraðili.

Málið barst úrskurðarnefnd 8. september 2003 með kvörtun lögmanns M, dagsettri 5. sama mánaðar. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 8. september 2003, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi lögmanns F, dagsettu 7. október 2003. Bréfið var sent lögmanni sóknaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu 9. október 2003, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Þær bárust með bréfi lögmanns sóknaraðila, dagsettu 13. október 2003.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 28. október og 21. nóvember 2003.

### II.

#### Málsatvik.

Hinn 6. september 2000 keypti sóknaraðili fyrir milligöngu varnaraðila hlut að nafnverði 49.000 á genginu 9 í hlutafélaginu B. Nam kaupverð hlutarins því kr. 441.000. Gefið var út hlutabréf til handa sóknaraðila að nafnverði kr. 49.000 sama dag.

Fyrirgreint hlutafélag var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði Héraðsdóms XXXX, uppkveðnum 11. apríl 2001. Með bréfi til varnaraðila, dagsettu 6. ágúst 2003, kvartaði lögmaður sóknaraðila yfir umræddum viðskiptum og gerði þá kröfu að varnaraðili greiddi sóknaraðila skaðabætur sem svaraði kaupverði hlutanna og greiddri þóknun við kaupin, auk dráttarvaxta og lögmannskostnaðar. Með bréfi lögmanns varnaraðila til lögmanns sóknaraðila, dagsettu 3. september 2003, var kröfu sóknaraðila hafnað.

Málinu var vísað til úrskurðarnefndarinnar með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 5. september 2003.

### III.

#### Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili gerir þá kröfu að varnaraðila verði gert að greiða honum kr. 922.434. Sundurliðar hann kröfu sína svo að höfuðstóll sé kr. 444.022, þ.e. kaupverð umræddra

hluta 441.000 og þóknun kr. 3.022, dráttarvextir 340.301 og lögmannskostnaður kr. 138.111.

Sóknaraðili vísar til þess að varnaraðila hafi átt að vera vel kunnugt um fjárhagsstöðu þess hlutfélags sem sóknaraðili keypti hlut í. Hafi kaup sóknaraðila verið byggð á upplýsingum varnaraðila um að um góðan fjárfestingarkost væri að ræða og yrði auðvelt að endurselja hlutina. Þá hafi varnaraðila borið að veita sóknaraðila greinargóðar upplýsingar um vitneskju sína um bága fjárhagsstöðu félagsins og vara hann við þeirri miklu og augljósu áhættu sem fólgin væru í kaupum á hlutum í félaginu.

Sóknaraðili telur ennfremur að varnaraðila hafi borið að leggja mat á faglega þekkingu, fjárhag og reynslu sóknaraðila sem hefði augljóslega leitt til þess að sóknaraðili teldist ekki búa yfir nægilegri þekkingu, reynslu eða fjárhagslegum styrk til að taka upplýsta ákvörðun um kaupin. Hafi varnaraðila því verið rétt að synja sóknaraðila um kaup á umræddum hlutum. Hafi varnaraðili ekki getað ætlað að sóknaraðili vildi leggja fé sitt í svo augljósa áhættufjárfestingu. Þá hafi varnaraðila jafnvel borið að taka hlutina úr sölu og/eða verið óheimilt að hafa hlutina til sölu.

Loks telur sóknaraðili framkvæmd varnaraðila á sölu hluta í félaginu ekki hafa verið í samræmi við þágildandi lög, reglugerðir, reglur eða samþykktir um starfsemi sem þessa og að öðru leyti ekki í samræmi við góða, heilbrigða og eðlilega viðskiptahætti og venjur á fjármálamarkaði. Hafi varnaraðili með fyrrgreindum hætti bakað sér bótaskyldu gagnvart sóknaraðila vegna umræddra viðskipta.

#### IV.

##### **Athugasemdir varnaraðila.**

Varnaraðili gerir aðallega þær kröfur að máli þessu verði vísað frá úrskurðarnefndinni. Til vara krefst varnaraðili þess að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Um aðalkröfu vísar varnaraðili til þess að það sé skilyrði þess að úrskurðarnefndin fjalli um réttarágreining milli fjármálafyrirtækis og viðskiptamanns að samningssamband sé milli aðila, sbr. 3. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki. Verði ekki séð að sóknaraðili hafi stöðu viðskiptamanns í samningssambandi við varnaraðila. Hafi enginn samningur verið gerður við sóknaraðila um sérfræðiþjónustu eða ráðgjöf um ráðstöfun fjármuna sóknaraðila. Þá hafi varnaraðili ekki átt þá hluti sem seldir voru.

Varnaraðili kveður sóknaraðila hafa átt allt frumkvæði að umræddum viðskiptum. Sé ósannað að varnaraðili hafi lýst því yfir að um væri að ræða góðan fjárfestingakost og að auðvelt yrði að endurselja hlutina. Hafi varnaraðili þvert á móti hvatt til gætni þegar um kaup á óskráðum hlutum væri að ræða eins og í því tilviki sem hér um ræði. Varnaraðili mótmælir því að sóknaraðili hafi haft einhverja sérstaka ástæðu til að ætla að hlutirnir hefðu verið seldir fyrir eigin reikning varnaraðila. Þá vísar varnaraðili til þess að gerð sé sú krafa að verðbréfamiðlun innan fjármálafyrirtækja sé aðskilin öðrum þáttum í starfsemi þeirra. Ennfremur bendir varnaraðili á að fjárhæð viðskiptanna hafi ekki verið meiri en svo að telja verði að fjárráða einstaklingur geti og megi ráðstafa slíkum upphæðum að vild án þess að milliliður í löglegum viðskiptum í frjálsu markaðsþjóðfélagi banni það eða hamli með nokkrum hætti.

Varnaraðili mótmælir því sérstaklega að sér hafi borið að taka hluti í umræddu félagi úr sölu. Hafi engin lagaákvæði verið í gildi er bönnuðu slík viðskipti þá er þau voru

gerð. Hafi almenningur stundað þau af kappi með ágóðavon í huga en með meiri ágóðavon aukist sú áhætta sem menn taki í viðskiptunum.

Varnaraðili mótmælir því enn fremur að sala umræddra hluta hafi falið í sér einhverja sérstaka ívilnun fyrir sig. Loks kveður varnaraðili ekkert orsakasamband vera á milli aðkomu sinnar að viðskiptunum og þess tjóns sem sóknaraðili hafi orðið fyrir.

## V.

### Niðurstaða.

Svo sem fyrr er rakið keypti sóknaraðili hinn 6. september 2000 hluti í B að nafnverði 49.000 á genginu 9 og greiddi fyrir kr. 441.000. Gefið var út hlutabréf til handa sóknaraðila að fjárhæð kr. 49.000 sama dag. Ágreiningslaust er að viðskiptin áttu sér stað fyrir milligöngu varnaraðila, sem hefur opinbert leyfi til slíkra viðskipta. Sóknaraðili naut aðstoðar varnaraðila við umrædd viðskipti og greiddi fyrir milligöngu hans sérstaka þóknun, kr. 3.022. Er því engum vafa undirorpið að samningssamband var milli aðila máls. Er frávisunarkröfu varnaraðila því hafnað.

Umþrætt viðskipti áttu sér stað hinn 6. september 2000 en hlutafélag það sem um ræðir var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði héraðsdóms 11. apríl 2001. Ekki verður séð að sóknaraðili hafi haft uppi athugasemdir vegna viðskiptanna fyrr en með bréfi lögmanns sóknaraðila til varnaraðila, dagsettu 6. ágúst 2003, eða tæpum þremur árum eftir að þau áttu sér stað.

Ekki hefur verið sýnt fram á annað en að háttsemi varnaraðila í tengslum við fyrrgreind viðskipti hafi verið í samræmi við þágildandi reglur og venjur þar um. Ekki liggur annað fyrir en að sóknaraðili sé bæði sjálfráða og fjárráða og hafi mátt vera ljós sú áhætta sem fylgdi kaupum á hlut í óskráðu félagi. Var varnaraðila óskilyt að leggja sérstakt mat á faglega þekkingu, fjárhag eða reynslu sóknaraðila á kaupum á hlutum í hlutafélögum. Ekki hefur verið sýnt fram á saknæma háttsemi varnaraðila við umþrætt viðskipti. Sóknaraðili verður einn að bera þá áhættu sem fylgdi kaupum hans á hlut í fyrrgreindu hlutafélagi en varnaraðili verður ekki gerður ábyrgur fyrir þeirri þróun sem varð á markaðsgengi hluta í félaginu eftir að viðskiptin áttu sér stað eða því tjóni sem sóknaraðili varð fyrir við gjaldþrot félagsins rúmum sjö mánuðum síðar. Verður því að hafna öllum kröfum sóknaraðila á hendur varnaraðila.

### Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu varnaraðila, fjármálafyrirtækisins F, um að máli þessu verði vísað frá úrskurðarnefndinni er hafnað.

Kröfum sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, fjármálafyrirtækinu F, er hafnað.

Reykjavík, 20. nóvember 2003.

Guðjón Ólafur Jónsson

Geir Arnar Marelsson

Gunnar Viðar

Ólög Embla Einarsdóttir

Sölvi Sölvason

# ÚRSKURÐARNEFND UM VIÐSKIPTI VIÐ FJÁRMÁLAFYRIRTÆKI

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Ár 2003, mánudaginn 15. desember, er fundur haldinn í Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Guðjón Ólafur Jónsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Grétar Grétarsson, Ólöf Embla Einarsdóttir og Sölvi Sölvason.

Fyrir er tekið **mál nr. 17/2003**:

## **M gegn fjármálafyrirtækinu F**

og kveðinn upp svohljóðandi

### **ú r s k u r ð u r:**

#### **I.**

##### **Málsmeðferð.**

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar, og fjármálafyrirtækið F hins vegar, hér eftir nefnt varnaraðili.

Málið barst úrskurðarnefnd 6. október 2003 með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 30. september 2003. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 6. október 2003, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi hans, dagsettu 13. nóvember 2003. Bréfið var sent sóknaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu 14. nóvember 2003, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi sóknaraðila, dagsettu 1. desember 2003.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 20. nóvember, 10. og 15. desember 2003.

#### **II.**

##### **Málsatvik.**

Sóknaraðili var félagi í XXX, sem síðar sameinaðist varnaraðila undir nafni varnaraðila. Hinn 16. apríl 2002 óskaði sóknaraðili rafleiðis eftir flutningi milli sparnaðarleiða, þ.e. í úr sparnaðarleiddinni A yfir í B. Með bréfi XXX til sóknaraðila, dagsettu 26. apríl 2002, var staðfest af hálfu sjóðsins að inneign sóknaraðila og séreignargreiðslur í sjóðnum myndu færast í B. Ávöxtun umræddrar sparnaðarleidar skyldi miðast við skuldabréf. Flutningur þessi átti sér stað 8. maí 2002. Umrædd sparnaðarleid mun nú nefnd C.

Sóknaraðila barst í febrúar 2003 bráðabirgðayfirlit yfir sjóðsinneign sína 31. desember 2002 og síðar leiðrétt yfirlit, dagsett 13. mars 2002. Að mati sóknaraðila kom þá í ljós að ávöxtun umræddrar sparnaðarleidar var ekki miðuð við skuldabréf heldur innlán sem að sögn var mun lakari.

Sóknaraðili leitaði upplýsinga og leiðréttingar hjá varnaraðila, í upphafi símleiðis, þá á fundi með varnaraðila og loks með rafpósti 24. mars 2003. Honum munu engin svör hafa borist og leitaði þá til Fjármálaeftirlitsins með bréfi, dagsettu 10. september 2003.

Fjármálaeftirlitið vísaði málinu frá sér með bréfi, dagsettu 17. sama mánaðar, enda hefði stofnunin ekki úrskurðarvald í einstökum ágreiningsmálum.

Málið barst úrskurðarnefnd með kvörtun, dagsettri 30. september 2003.

### III.

#### Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili gerir þá kröfu að varnaraðila verði gert að greiða honum kr. 582.178. Sundurliðast krafan svo að gerð er krafa um kr. 319.318 vegna mismunar ávöxtunar innlánsvaxta og skuldabréfavaxta af frjálsri séreign í C frá 8. maí 2002 til loka þess árs og kr. 2.205 vegna mismunar af innborgunum í frjálsa séreign á sama tíma. Þá er krafist kr. 73.700 vegna vísitölulækkunar inneignar í frjálsri séreign frá 16. apríl til 8. maí 2002, auk kr. 7.752 sem svarar til skuldabréfavaxta af kr. 73.700 frá 8. maí til 31. desember 2002. Ennfremur gerir sóknaraðili kröfu um kr. 165.603 vegna ranglegrar færðrar neikvæðrar ávöxtunar á síðastgreindu tímabili. Loks er gerð krafa um kr. 12.306 sem svarar til vísitölulækkunar inneignar í bundinni séreign frá 16. apríl til 8. maí 2002, auk skuldabréfavaxta af þeirri fjárhæð frá síðastgreindum degi til 31. desember 2002, kr. 1.294. Miðast kröfugerðin við hæstu skuldabréfaávöxtun vörsluaðila sjóðsins og breytingar á heildarvísitölu aðallista Kauphallar Íslands.

Sóknaraðili kveður að miða eigi við gengi inneignar sinnar í lífeyrissjóðnum við flutning milli sparnaðarleiða við 16. apríl 2002, en til vara við 26. apríl 2002. Kveður sóknaraðili verulegar breytingar hafa orðið á verðbréfamarkaði frá 16. apríl til 8. maí 2002 og hafi dráttur á flutningi inneignar hans milli sparnaðarleiða valdið honum tjóni þar sem hlutabréfi hafi lækkað í verði á tímabilinu. Þá telur sóknaraðili það alvarlegt að ávöxtun hafi verið miðuð við innlán í stað skuldabréf eins og um hafi verið samið. Loks hafi varnaraðili brugðist þeirri skyldu sinni að gefa sjóðfélaga skýringar og upplýsingar sem óskað hafi verið eftir.

### IV.

#### Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili gerir aðallega þá kröfu að kvörtun sóknaraðila verði vísað frá úrskurðarnefndinni. Til vara krefst varnaraðili þess að kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Kröfu sína um frávísun styður varnaraðili þeim rökum að sjóðurinn sé ekki fjármálafyrirtæki samkvæmt skilgreiningu laga þar um nr. 161, 2002 og falli þar að leiðandi ekki undir valdsvið nefndarinnar, sbr. 3. gr. Samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki. Þá sé heldur ekki hægt að meta kröfur sóknaraðila til fjár, sbr. b-lið 6. gr. samþykktanna.

Varnaraðili kveður að á vef rekstraraðila sjóðsins hafi fjárfesting B, síðar C, verið tilgreind sem 100% í skuldabréfum. Hafi umrædd sparnaðarleidd upphaflega eingöngu átt að vera í skuldabréfum og nokkru af kynningarefni dreift þess efnis. Frá því hafi hins vegar verið horfið og iðgjöldum þess í stað ráðstafað á verðtryggðan innlánsreikning með föstum vöxtum. Hafi ný fjárfestingarstefna verið kynnt á fundi sjóðfélaga þann 26. nóvember 2001 og samþykkt á fundi stjórnar sjóðsins 7. janúar 2002. Hafi þessi breyting verið kynnt í fréttabréfi D sem dreift hafi verið í mars 2002 og aftur á fundi sjóðfélaga í apríl 2002. Varnaraðili kveður sóknaraðila hafa tekið virkan þátt í fundum sjóðfélaga og að auki hitt starfsmenn varnaraðila og rætt um umþrættan flutning. Hafi sóknaraðili því

haft eða mátt hafa réttar upplýsingar um framangreint þá er hann valdi sér fjárfestingarleið.

Varnaraðili telur ekki tryggt að ávöxtun sparnaðarleiðarinnar hefði orðið hærri en raun varð á þótt fjárfest hefði verið í skuldabréfum. Ekki sé hægt að ákvarða í hvaða skuldabréfum hefði verið fjárfest og sé því ekki hægt að meta kröfu sóknaraðila til fjár.

Loks kveður varnaraðila að framkvæmd flutnings milli sparnaðarleiða hafa verið í samræmi við það verklag sem viðgengist hafi á þeim tíma sem ósk um flutning barst sjóðnum, en slíkur flutningur geti tekið nokkurn tíma. Hafi því ekki verið um óeðlilegan drátt að ræða.

## V.

### Niðurstaða.

Í 3. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki, dagsettra 8. júní 2000, er að finna ákvæði um starfssvið nefndarinnar. Er þar mælt fyrir um að viðskiptamenn fjármálafyrirtækja sem aðild eigi að nefndinni geti snúið sér til hennar vegna viðskipta við þau. Samkvæmt a-lið 2. mgr. 3. gr. tekur nefndin til meðferðar kvartanir sem varða réttarágreining milli fjármálafyrirtækis eða dótturfyrirtækis slíks fyrirtækis annars vegar og viðskiptamanns hins vegar enda sé samningssamband milli aðila.

Varnaraðili er lífeyrissjóður. Samkvæmt gr. 3.1 í samþykktum varnaraðila geta allir orðið aðilar að sjóðnum. Í gr. 2.2. er tilgreint að varnaraðili starfi samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129, 1997. Samkvæmt gr. 2.1. er hlutverk sjóðsins að ávaxta iðgjöld sjóðfélaga og tryggja eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri samkvæmt ákvæðum samþykktanna. Samkvæmt gr. 4.7. annast fjármálafyrirtækið E, daglegan rekstur sjóðsins samkvæmt sérstöku samkomulagi milli stjórnar E og E. Stjórn varnaraðila er að meiri hluta skipuð af stjórn E, sbr. gr. 4.1 í samþykktunum.

Samkvæmt framansögðu er það utan starfssviðs nefndarinnar að fjalla um framanrakinn ágreining sóknaraðila og varnaraðila. Er því óhjákvæmilegt að vísa máli þessu frá úrskurðarnefndinni.

### Úrskurðarorð:

Máli sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, fjármálafyrirtækinu F, er vísað frá úrskurðarnefndinni.

Reykjavík, 15. desember 2003.

Guðjón Ólafur Jónsson

Geir Arnar Marelsson

Grétar Grétarsson

Ólöf Embla Einarsdóttir

Sölvi Sölvason

# ÚRSKURÐARNEFND UM VIÐSKIPTI VIÐ FJÁRMÁLAFYRIRTÆKI

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Ár 2003, föstudaginn 19. desember, er fundur haldinn í Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Guðjón Ólafur Jónsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Grétar Grétarsson, Ólöf Embla Einarsdóttir og Sölvi Sölvason.

Fyrir er tekið **mál nr. 18/2003**:

**M**  
**gegn**  
**fjármálafyrirtækinu F**

og kveðinn upp svohljóðandi

## ú r s k u r ð u r:

### I.

#### Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M hér eftir nefnt sóknaraðili, annars vegar, og fjármálafyrirtækið F hins vegar, hér eftir nefndur varnaraðili.

Málið barst úrskurðarnefnd 9. október 2003 með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 2. október 2003. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 10. október 2003, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi lögmanns varnaraðila, dagsettu 31. október 2003. Bréfið var sent sóknaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu 3. nóvember 2003, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi sóknaraðila, dagsettu 1. desember 2003.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 10. 15. og 19. desember 2003.

### II.

#### Málsatvik.

Tildrög máls þessa eru þau að í apríl 1999 leitaði A, til varnaraðila um fjármögnun á byggingu 1.700 fermetra iðnaðarhúsnæðis að XXXX. Á þeim tíma var félagið til helminga í eigu sóknaraðila og B. Hinn 13. september 1999 gaf A út fimm tryggingarbréf til varnaraðila þar sem öll fyrrgreind fasteign félagsins að XXXX var sett varnaraðila að veði með 1. veðrétti til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu á öllum þeim skuldum sem sóknaraðili þá eða síðar, á hvaða tíma sem væri, skuldaði varnaraðila, hvort sem um væri að ræða víxilskuldir, víxilábyrgðir, lánasamninga, yfirdrátt á hlaupareikningi, skuldabréf eða hvers konar aðrar skuldir. Var hvert bréf til tryggingar fjárskuldbindingum sóknaraðila við varnaraðila að hámarki kr. 10.000.000 að höfuðstóli.

Ofangreind fasteign skiptist í 14 eignarhluta. Eftir því sem eignarhlutirnir seldust létti varnaraðili fyrrnefndu veði af þeim. Hinn 26. september 2000 afsalaði A eignarhluta 01-01 til C en hann var þá stjórnarmaður og framkvæmdastjóri félagsins. Í afsalinu var tekið fram að eignin væri seld veðbandalaus af hálfu seljanda og að skuldir sem á hinu selda hvíldu væru „skuldir sem kaupandi hefur stofnað til og seljanda óviðkomandi.“ Sama dag var eignarhlutum 01-02, 01-03 og 01-04 afsalað til sóknaraðila, en eigendur þess félags eru hinir sömu og A. Í afsöllum þessum kemur fram að umsamið kaupverð sé

að fullu greitt en það er ekki tilgreint í þeim. Af hálfu A og sóknaraðila er miðað við að söluverðið fyrir alla hlutana hafi verið kr. 30.000.000 og hafi það miðast við útreikninga varnaraðila.

Hinn 3. október 2000 var fjórum af fimm áðurgreindum tryggingarbréfum aflétt af eignarhlutum 01-01, 01-02, 01-03 og 01-04. Hvílið veð samkvæmt hinu fimmta, að fjárhæð kr. 10.000.000 að höfuðstóli, enn á eignarhlutunum og snýst ágreiningur aðila um hvort varnaraðili hafi gefið sóknaraðila, kaupenda þriggja síðastnefndu hlutanna, loforð um að létta umræddu veði af þeim. Af hálfu sóknaraðila var í október 2000 gerð athugasemd um þessi efni við varnaraðila, og aftur í júlí 2001. Þá voru sömu athugasemdir hafðar uppi í rafpósti til varnaraðila í mars 2002, á fundi í nóvember 2002 og bréflaga í desember 2002. Varnaraðili hefur hafnað frekari málaleitan sóknaraðila vegna þessa, síðast fyrir á þessu ári.

Máli þessu var skotið til úrskurðarnefndarinnar með kvörtun, dagsettri 2. október 2003.

### III.

#### Umkvörtunarefni.

Skilja verður kvörtun sóknaraðila svo að hann krefjist þess að varnaraðila verði gert að aflýsa af fasteigninni XXX, eignarhlutum 01-01, 01-02, 01-03 og 01-04, tryggingarbréfi að fjárhæð kr. 10.000.000, útgefnu 13. september 1999, merktu nr. A-06395/99 í þinglýsingarbókum.

Af hálfu sóknaraðila er á því byggt að umrædd kaup hafi átt sér stað með fullri vitund og vilja varnaraðila sem m.a. hafi reiknað út verðmæti hvers hlutar og gert tillögu um söluverð þeirra. Hafi ávallt verið gengið út frá því milli aðila að öllum áhvílandi tryggingarbréfum yrði aflétt af öllum eignarhlutunum þegar fjármögnun væri lokið. Þegar ganga hafi átt frá afsölum hafi áður nefndur C við annan mann mætt á fund löggilts fasteignasala sem annast hafi skjalagerð. Hafi þá komið í ljós að umræddum fimm tryggingarbréfum hefði ekki verið aflýst af eignarhlutunum þrátt fyrir að uppgjóri hafi að fullu verið lokið við varnaraðila. Sökum þessa hafi verið haft símasamband við varnaraðila sem hafi lofað því að bréfunum yrði tafarlaust aflýst. Hafi af þessum sökum verið gengið frá afsölum með þeim hætti sem fyrir er rakið.

Sóknaraðili kveður þann skilning aldrei hafa komið fram af hálfu varnaraðila að einu tryggingarbréfa yrði ekki aflýst eins og hinum fjórum. Sé það ekki í samræmi við samkomulag aðila og yfirlýsingar varnaraðila. Þá verði varnaraðili að bera hallan af því að engir skriflegir samningar hafi verið gerðir milli aðila.

### IV.

#### Athugasemdir varnaraðila.

Af hálfu varnaraðila er þess aðallega krafist að máli þessu verði vísað frá úrskurðarnefndinni, en til vara að kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Aðalkröfu sína styður varnaraðili þeim rökum að ekki sé samningssamband milli sóknaraðila og varnaraðila. Beri því að vísa málinu frá úrskurðarnefndinni. Bendir varnaraðili í þeim efnum á a-lið 3. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki, dagsettra 8. júní 2000.

Varnaraðili kveður samkomulag hafa verið með sér og A um að hann leysti einstaka eignarhluta úr veðböndum að því gefnu að hver þeirra seldist á hámarksverði að

mati varnaraðila og að söluandvirðið skilaði sér að fullu inn á viðskiptareikning A hjá varnaraðila. Af hálfu varnaraðila er bent á að ekkert liggi fyrir um kaupverð eignarhluta 01-01, 01-02, 01-03 og 01-04 og hafi engir kaupsamningar verið lagðir fram. Segir varnaraðili það bæði alrangt og ósannað að hann hafi skuldbundið sig til að aflétta öllum tryggingarbréfum af eignarhlutunum. Hafi varnaraðili engan þátt átt í verðlagningu eignarhlutanna og því síður samþykkt tilgreint verð, kr. 30.000.000, sem fullt verð þeirra, en það sé langt undir markaðsvirði. Varnaraðili kveðst ekkert loforð hafa gefið um afléttingu allra veðabyrgða af eignarhlutunum og hafi þess heldur ekki verið krafist af hálfu A. Það samkomulag sem gert hafi verið við A hafi verið um að felldar yrður niðar allar persónulegar ábyrgðir forsvarmanna félagsins á yfirdráttarskuldum þess og að aflétt yrði fjórum af fimm tryggingarbréfum af eignarhlutunum fjórum.

Varnaraðili telur fyrrgreinda tilfærslu á greindum eignarhlutum vera lið í uppgjöri þeirra tveggja einkahlutafélaga sem stóðu að A, þ.e. sóknaraðila og B. Þá bendir varnaraðili á að samkvæmt þeim útreikningum varnaraðila, sem sóknaraðili segir söluverð eignanna byggjast á, ætti það að vera kr. 50.600.000 en ekki kr. 30.000.000. Sé það í samræmi við mat óhlutdrægs aðila sem varnaraðili hafi fengið til að meta eignirnar á sama tíma. Þar sem ekki hafi fengist fullt verð fyrir eignarhlutana við þessa meintu sölu hafi ekki verið ástæða til að varnaraðili aflétti nema fjórum af fimm tryggingarbréfum af eignarhlutunum. Hafi verið fullt samkomulag um þetta þrátt fyrir að A og sóknaraðili haldi öðru fram nú. Þá hafi A á þeim tíma aldrei farið fram á afléttingu allra bréfanna. Sé sú krafa síðar fram komin.

Loks vekur varnaraðili athygli á því að þegar umræddar kr. 30.000.000 voru inntar af hendi hafi yfirdráttarskuld A numið kr. 88.018.780,42. Hafi skuldin lægst verið hinn 5. maí 2000 kr. 8.388.379,97 en sé nú rúmar kr. 42.000.000. Þá eigi að vísu eftir að kreditfæra nettósöluandvirði þriggja síðustu eignarhlutanna að A sem slegnir hafi verið varnaraðila á nauðungaruppboði fyrr á þessu ári og vonast sé til að verði um kr. 30.000.000. Séu þrátt fyrir það enn ógreiddar kr. 12.000.000 af yfirdráttarskuldinni og umþrætt tryggingarbréf því að fullu nýtt. Beri því þegar af þeirri ástæðu að hafna kröfu sóknaraðila.

## V.

### Niðurstaða.

Varnaraðili hefur aðallega krafist þess að máli þessu verði vísað frá úrskurðarnefndinni þar sem ekki sé samningssamband milli hans og sóknaraðila. Varnaraðili hefur réttilega bent á var einkahlutafélagið A. hafi verið í bankaviðskiptum við hann en ekki sóknaraðili og verði umrædd útgáfa tryggingarbréfa rakin til þeirra viðskipta. Skilja verður málatilbúnað sóknaraðila svo að hann byggi á því að varnaraðili hafi lofað honum sem kaupanda þriggja af margnefndum fjórum eignarhlutum að XXX að aflétta veði af eignarhlutunum og hafi með þeim hætti myndast samningssamband milli sóknaraðila og varnaraðila. Að þessu gættu þykir eins og mál þetta liggur fyrir mega taka málið til efnislegrar úrlausnar. Er frávísunarkröfu varnaraðila því hafnað.

Kröfu sína um að varnaraðila verði gert að aflýsa tryggingarbréfi af þremur eignarhlutum að XXX byggir sóknaraðili á meintu samkomulagi aðila þess efnis. Eins og fyrr var rakið var eignin í heild sinni, þ.m.t. umræddir eignarhlutar, samkvæmt fimm tryggingarbréfum sett varnaraðila að veði með 1. veðrétti til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu á öllum þeim skuldum sem A þá eða síðar, á hvaða tíma sem væri,

skuldaði varnaraðila. Síðar var fjórum þeirra aflýst í samræmi við greiðslur sem bárust inn á reikning A. hjá varnaraðila. Af hálfu sóknaraðila virðist á því byggt að varnaraðila hafi borið að létta öllum veðum af öllum eignarhlutunum og aflýsa öllum tryggingabréfunum án þess að A greiddi skuld sína við varnaraðila að fullu eða legði fram aðrar fullnægjandi tryggingar. Ber sóknaraðili sönnunarbyrði fyrir því að samkomulag þessa efnis hafi tekist milli hans sem kaupanda eignarhlutanna þriggja og varnaraðila, en það hefði óhjákvæmilega haft í för með sér verri stöðu fyrir varnaraðila þar sem yfirdráttarskuld A nam þá um kr. 40.000.000. Hefur varnaraðili mótmælt því að um þetta hafi verið samið hvort heldur er við sóknaraðila eða A og önnur gögn sýna ekki fram á slíkt samkomulag með óyggjandi hætti. Er fullyrðing sóknaraðila um þessi efni því ósönnuð og af þeim sökum óhjákvæmilegt að hafna kröfu hans.

**Ú r s k u r ð a r o r ð:**

Kröfu sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, fjármálafyrirtækinu F, er hafnað.

Reykjavík, 19. desember 2003.

Guðjón Ólafur Jónsson

Geir Arnar Marelsson

Grétar Grétarsson

Ólöf Embla Einarsdóttir

Sölvi Sölvason

# ÚRSKURÐARNEFND UM VIÐSKIPTI VIÐ FJÁRMÁLAFYRIRTÆKI

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Ár 2003, miðvikudaginn 10. desember, er fundur haldinn í Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Guðjón Ólafur Jónsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Grétar Grétarsson, Ólöf Embla Einarsdóttir og Sölvi Sölvason.

Fyrir er tekið **mál nr. 19/2003**:

**M**  
**gegn**  
**fjármálafyrirtækinu F**

og kveðinn upp svohljóðandi

## ú r s k u r ð u r:

### I.

#### Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar, og fjármálafyrirtækið F, hins vegar, hér eftir nefnt varnaraðili.

Málið barst úrskurðarnefnd 9. október 2003 með ódagsettri kvörtun lögmanns sóknaraðila. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 10. október 2003, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi lögmanns varnaraðila, dagsettu 23. nóvember 2003. Bréfið var sent lögmanni sóknaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu 25. nóvember 2003, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust ekki.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 20. nóvember og 10. desember 2003.

### II.

#### Málsatvik.

Með ódagsettum samningi málsaðila, sem virðist hafa verið gerður í ágústmánuði 2000, tók varnaraðili að sér að stofna fyrir varnaraðila eignarhaldsfélagið A. Skyldi félagið vera með heimilisfesti hjá varnaraðila í Luxemborg. Hlutfé þess skyldi vera samtals kr. 392.220.000 og er ekki ágreiningur um að sóknaraðili hafi greitt það innan umsamins tíma með 430.000 hlutum í franska hlutafélaginu B. Samkvæmt samningnum skyldu eignir umrædds eignarhaldsfélags vera í vörslu varnaraðila, auk þess sem hann skyldi annast eignastýringu félagsins.

Sóknaraðili veitti varnaraðila hinn 29. ágúst 2000 umboð til að stofna ofangreint félag í Luxemborg og gerði jafnframt hinn 31. sama mánaðar sérstakan samning við varnaraðila um rekstur félagsins þar í landi. Við stofnun fyrrgreinds eignarhaldsfélags voru allar eignir þess hlutabréf í ofangreindu frönsku félagi. Varð engin breyting á eignasamsetningu fyrrgreinds félags en gengi hlutabréfa í franska félaginu lækkaði stöðugt uns það varð gjaldþrota síðla árs 2002. Eru eignir eignarhaldsfélags sóknaraðila því eðli máls samkvæmt verðlausar.

Sóknaraðili kvartaði yfir ráðgjöf, vörslu og eignastýringu varnaraðila með bréfi lögmanns sóknaraðila til lögmanns varnaraðila, dagsettu 2. desember 2002, og krafðist greiðslu á kr. 392.220.000 að frádregnum yfirdrætti að fjárhæð kr. 10.000.000. Erindinu var hafnað með bréfum lögmanns varnaraðila, dagsettum 13. janúar 2003 og 8. apríl 2003. Lögmaður sóknaraðila ítrekaði kröfu hans í bréfum til lögmanns sóknaraðila, dagsettum 5. maí 2003 og 18. júní 2003. Málið barst úrskurðarnefnd með kvörtun, móttækinni 9. október 2003. Með stefnu, birtri 21. október 2003, höfðaði varnaraðili mál á hendur sóknaraðila vegna ofangreindra viðskipta. Sóknaraðili höfðaði gagnsök með gagnstefnu, birtri 21. nóvember 2003, og var málið þingfest í Héraðsdómi XXX þann 25. þess mánaðar.

### III.

#### Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili gerir þá kröfu að varnaraðila verði gert að greiða honum kr. 392.220.000, auk meðalvaxta banka og sparisjóða af innlánnum af þeirri fjárhæð frá 31. ágúst 2000 til 2. desember 2002 og dráttarvaxta frá þeim degi til greiðsludags, allt að frádregnum kr. 10.000.000 miðað við 7. desember 2000. Þá er krafist kr. 11.162.239 í málskostnað.

Sóknaraðili telur varnaraðila hafa sýnt af sér stórkostlegt gáleysi við ráðgjöf, vörslu og eignastýringu verðbréfa sóknaraðila. Leiði það til bótaábyrgðar varnaraðila á öllu því tjóni sem sóknaraðili hafi orðið fyrir. Sóknaraðili vísar m.a. til þess að engin greining hafi farið fram á áhættu hans. Þá hafi áhættu ekki verið dreift heldur öll bréf höfð í sama félaginu. Hafi ekki verið vakað yfir eignum sóknaraðila og engin markviss endurskoðun átt sér stað meðan þær voru í vörslu varnaraðila.

### IV.

#### Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili gerir þá kröfu að kvörtun sóknaraðila verði vísað frá úrskurðarnefndinni. Kröfu sína um frávísun styður varnaraðili þeim rökum að sóknaraðili hafi skotið sama ágreiningsefni til meðferðar almennra dómstóla með gagnstefnu sinni, dagsettri 17. nóvember 2003. Verði því með vísan til d-liðar 6. gr. og 7. gr. samþykkt fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki, dagsettra 8. júní 2000, að vísa málinu frá úrskurðarnefndinni. Þá vísar varnaraðili til þess að hann sé ekki aðili að úrskurðarnefndinni þar sem hann sé fjármálafyrirtæki í Luxemborg og hafi starfsleyfi þar í landi samkvæmt þarlandum lögum. Beri því að beina kvörtunum af þessu tagi til þar til bærra yfirvalda í því landi.

### V.

#### Niðurstaða.

Samkvæmt d-lið 6. gr. samþykkt fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki, dagsettra 8. júní 2000, fjallar nefndin ekki um ágreiningsmál sem eru til meðferðar almennra dómstóla eða gerðardóms. Í 3. másl. 7. gr. er mælt fyrir um að nefndin vísi máli frá sem tekið hafi verið til meðferðar hjá nefndinni en mál vegna þess síðar tekið til meðferðar fyrir dómi.

Eins og fyrr er rakið höfðaði varnaraðili mál á hendur sóknaraðila vegna ofangreindra viðskipta með stefnu, birtri 21. október 2003. Sóknaraðili höfðaði gagnsök

með gagnstefnu, birtri 21. nóvember 2003, og var málið þingfest í Héraðsdómi XXX þann 25. þess mánaðar. Er ágreiningur aðila því til meðferðar þar fyrir dómi. Með vísan til þessa og fyrrgreindra ákvæða í samþykktum fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki verður þegar af þessari ástæðu að vísa málinu frá úrskurðarnefndinni.

**Ú r s k u r ð a r o r ð:**

Máli sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, fjármálafyrirtækinu F, er vísað frá úrskurðarnefndinni.

Reykjavík, 10. desember 2003.

Guðjón Ólafur Jónsson

Geir Arnar Marelsson

Grétar Grétarsson

Ólöf Embla Einarsdóttir

Sölvi Sölvason

# ÚRSKURÐARNEFND UM VIÐSKIPTI VIÐ FJÁRMÁLAFYRIRTÆKI

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Ár 2003, miðvikudaginn 10. desember, er fundur haldinn í Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Guðjón Ólafur Jónsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Grétar Grétarsson, Ólöf Embla Einarsdóttir og Sölvi Sölvason.

Fyrir er tekið **mál nr. 20/2003**:

**M**  
**gegn**  
**fjármálafyrirtækinu F**

og kveðinn upp svohljóðandi

## ú r s k u r ð u r:

### I.

#### Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M hér eftir nefnd sóknaraðilar, annars vegar, og fjármálafyrirtækið F, hins vegar, hér eftir nefndur varnaraðili.

Málið barst úrskurðarnefnd 20. október 2003 með kvörtun lögmanns sóknaraðila, dagsettri 16. sama mánaðar. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 20. október 2003, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi lögmanns varnaraðila, dagsettu 20. nóvember 2003. Bréfið var sent lögmanni sóknaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu 21. nóvember 2003, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi lögmannsins, dagsettu 25. nóvember 2003.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 20. nóvember og 10. desember 2003.

### II.

#### Málsatvik.

Sóknaraðilar báru í nóvember 2002 fram kvörtun við Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki vegna sjálfskuldarábyrgðar þeirra á láni samkvæmt skuldabréfi, útgefnu af M, hinn 16. september 1999, upphaflega að fjárhæð kr. 1.100.000. Gerðu sóknaraðilar þar kröfu um „*að litið [yrði] svo á að sjálfskuldarábyrgð á veðskuldabréff[ið] [væri] ógild*“. Með úrskurði nefndarinnar, uppkveðnum 20. febrúar 2003, í máli nr. 20/2002 var ábyrgð sóknaraðila úrskurðuð ógild. Að gengnum fyrrgreindum úrskurði nefndarinnar voru árangurslaus fjárnám sem varnaraðili hafði gert hjá sóknaraðilum endurupptekin og aðfararbeiðnir felldar niður.

Með bréfi, dagsettu 16. október 2003, krafðist sóknaraðili þess að varnaraðili greiddi honum kr. 300.177 í málskostnað vegna málsins og kr. 200.000 í miskabætur. Varnaraðili hafnaði kröfunni með bréfi, dagsettu 3. október 2003.

Málinu var skotið til úrskurðarnefndarinnar með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 16. október 2003.

### III.

#### Umkvörtunarefni.

Sóknaraðilar krefjast þess að varnaraðila verði gert að greiða þeim kr. 555.759 í skaðabætur. Sundurliða þeir kröfu sína svo að krafist sé kr. 355.759 vegna lögfræðikostnaðar og kr. 100.000 til hvors um sig vegna miska. Kveðast sóknaraðilar byggja kröfu sína á úrskurði úrskurðarnefndarinnar í máli þeirra gegn varnaraðila nr. 20/2002. Hafi þar verið staðfest að varnaraðili hafi ekki farið að reglum sem gilt hafi um notkun sjálfskuldarábyrgða. Byggi krafa sóknaraðila á almennum reglum skaðabótaréttar og vísa sóknaraðilar í þeim efnunum til 1. mgr. 25. gr. skaðabótalaga nr. 30, 1993.

### IV.

#### Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess aðallega að kröfum sóknaraðila verði vísað frá úrskurðarnefndinni. Til vara er þess krafist að kröfum sóknaraðila verði hafnað og til þrautavara að þær verði lækkaðar.

Kröfu sína um frávísun málsins styður varnaraðili þeim rökum að kvörtun sóknaraðila sé svo óljós og óskýr að vísa verði málinu frá. Þá sé kröfugerð sóknaraðila óskýr og sé ekki ljóst hvort verið sé að gera kröfu um að skorið verði úr um greiðsluskyldu og bótafjárhæð. Loks heldur varnaraðili því fram að krafa sóknaraðila sé of seint fram komin. Bendir varnaraðili í þeim efnunum á að sóknaraðilar hafi ekki gert kröfu eða áskilið sér rétt til þess þá er þau skutu máli sínu fyrir úrskurðarnefndina í fyrra sinn. Vísar varnaraðili í þeim efnunum til 11. og 12. gr. samþykktar fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki. Þá hafi sóknaraðilar heldur ekki skotið málinu til dómstóla og sé meintur réttur þeirra því fallinn niður hafi hann verið til staðar.

Varnaraðili heldur því og fram að eins og málið sé allt vaxið sé óeðlilegt að úrskurða sóknaraðilum umkrafðar bætur. Þá mótmælir varnaraðili kröfufjárhæð sem allt of hárrí og órökstuddri. Sé tilgreindur tímafjöldi vegna lögfræðikostnaðar óeðlilega mikill miðað við umfang málsins. Telur varnaraðili það ósanngjarnt að hann þurfi að bera þann kostnað, sér í lagi þegar horft sé til þess að hann hafi sjálfur orðið fyrir umtalsverðum kostnaði og tjóni. Þá vísar varnaraðili miskabótakröfu sóknaraðila á bug sem órökstuddri.

### V.

#### Niðurstaða.

Eins og fyrr er rakið bar sóknaraðili í nóvember 2002 fram kvörtun við Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki vegna sjálfskuldarábyrgðar þeirra á láni samkvæmt skuldabréfi, útgefnu af M, hinn 16. september 1999, upphaflega að fjárhæð kr. 1.100.000, sbr. mál nr. 20/2002. Með úrskurði nefndarinnar, uppkveðnum 20. febrúar 2003, var ábyrgð sóknaraðila úrskurðuð ógild. Ágreiningslaust er að varnaraðili hefur í kjölfar úrskurðarins fallið frá öllum innheimtuadgerðum á hendur sóknaraðilum vegna fyrrgreindra sjálfskuldarábyrgðar þeirra.

Um endurupptöku mála fyrir úrskurðarnefndinni fer eftir ákvæðum 13. gr. samþykktar fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki, dagsettra 8. júní 2000. Er þar mælt fyrir um að nefndin taki ákvörðun um að mál sem úrskurðað hafi verið af henni skuli tekið fyrir aftur ef fram koma nýjar upplýsingar sem væru þess eðlis að hefðu þær legið fyrir við uppkvaðningu úrskurðar gætu þær hafa leitt til annarrar niðurstöðu.

Sóknaraðilar hafa nú borið fram nýja kvörtun til úrskurðarnefndarinnar og gera nú ýmsar frekari kröfur á hendur varnaraðila en í fyrri kvörtun sinni. Engin ný gögn eða upplýsingar hafa þó verið lögð fyrir nefndina sem sóknaraðilar áttu ekki kost á að koma á framfæri í fyrra máli sínu gegn varnaraðila. Þá verður heldur ekki séð að sóknaraðilar hafi ekki getað haft umræddar kröfur uppi í því máli. Geta sóknaraðilar ekki haft uppi nýjar kröfur á hendur varnaraðila með annarri kvörtun til úrskurðarnefndarinnar sem rót eiga að rekja til sömu atvika og nefndin hefur þegar fjallað um og tekið afstöðu til með úrskurði.

Með vísan til alls framanritaðs verður ekki hjá því komist að vísa máli þessu frá úrskurðarnefndinni.

### **Ú r s k u r ð a r o r ð:**

Máli sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, fjármálafyrirtækinu F, er vísað frá úrskurðarnefndinni.

Reykjavík, 10. desember 2003.

Guðjón Ólafur Jónsson

Geir Arnar Marelsson

Grétar Grétarsson

Ólöf Embla Einarsdóttir

Sölvi Sölvason

# ÚRSKURÐARNEFND UM VIÐSKIPTI VIÐ FJÁRMÁLAFYRIRTÆKI

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Ár 2003, mánudaginn 22. desember, er fundur haldinn í Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Guðjón Ólafur Jónsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Grétar Grétarsson, Gunnar Viðar og Ólöf Embla Einarsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 21/2003**:

**M**  
**gegn**  
**fjármálafyrirtækinu F**

og kveðinn upp svohljóðandi

## ú r s k u r ð u r:

### I.

#### Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefnd sóknaraðili, annars vegar, og fjármálafyrirtækið F, hins vegar, hér eftir nefnt varnaraðili.

Málið barst úrskurðarnefnd 22. október 2003 með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 20. sama mánaðar. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 23. október 2003, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi hans, dagsettu 11. nóvember 2003. Bréfið var sent sóknaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu 14. nóvember 2003, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi sóknaraðila, dagsettu 24. nóvember 2003.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 20. nóvember, 10., 15., 19. og 22. desember 2003.

### II.

#### Málsatvik.

Hinn 16. desember 2002 greiddi sóknaraðili kr. 2.000.000 inn á reikning A, nr. XXX í útibúi varnaraðila. Daginn eftir skuldfærði varnaraðili kr. 1.819.337,10 af reikningnum til greiðslu á afborgun af skuldabréfi, útgefnu af A til varnaraðila 2. júlí 1998. Samkvæmt lánsútsókn félagsins, dagsettri 1. júlí 1998 hafði verið óskað eftir að afborganir af skuldabréfinu yrðu skuldfærðar af ofangreindum reikningi A.

Með bréfi til varnaraðila, dagsettu 6. janúar 2003, óskaði sóknaraðili þess „f.h. A” að upphæðin yrði bakfærð aftur til sóknaraðila þar sem hún hefði verið greidd fyrir mistök. Sama dag óskaði A eftir sömu bakfærslu. Áður kveðst sóknaraðili símeiðis hafa leitað leiðréttingar hinn 19. desember 2002.

Varnaraðili óskaði eftir frekari rökstuðningi sóknaraðila með bréfi, dagsettu 13. janúar 2003. Því bréfi svaraði sóknaraðili með bréfi, dagsettu 23. janúar 2003. Kvað hann samgönguráðuneytið hafa falið sér að inna greiðsluna af hendi inn á tiltekinn reikning sem forsvarsmáður A, hefði gefið upp. Sökum mistaka hafi greiðslan hins vegar verið lögð inn á þann reikning sem gefinn hefði verið upp í fyrri viðskiptum sóknaraðila og A.

Kvað sóknaraðila gera kröfu um að fá greiðsluna í sínar hendur eins og um hafi verið samið. Væri fyrrgreind ósk um bakfærslu því ítrekuð.

Sóknaraðili bauðst hinn 18. febrúar 2003 símleiðis til að ljúka málinu með sátt þannig að varnaraðili endurgreiddi sóknaraðila kr. 1.000.000. Frekari upplýsingar voru sendar varnaraðila með símbréfi hinn 27. febrúar 2003. Með bréfi, dagsettu 15. júlí 2003, var ítrekuð sú ósk að bankinn endurgreiddi sóknaraðila „a.m.k.“ kr. 1.000.000. Varnaraðili hafnaði þessari ósk sóknaraðila með bréfi, dagsettu 2. september 2003.

Máli þessu var skotið til úrskurðarnefndarinnar með kvörtun, dagsettri 20. október 2003.

### III.

#### Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili fer þess á leit að kannað verði hvort varnaraðili hafi haft heimild til ofangreindrar ráðstöfunar. Þá er þess farið á leit að gefið verði álit á því hvort ráðstöfunin samrýmist góðum viðskiptaháttum í bankastarfsemi, sbr. 19. gr. laga nr. 161, 2002. Ennfremur er þess farið á leit að því verði beint til varnaraðila að hann verði við beiðni sóknaraðila og A um endurgreiðslu á kr. 2.000.000 til sóknaraðila.

Sóknaraðili telur afgreiðslu varnaraðila í andstöðu við góða viðskiptahætti í bankastarfsemi og vekur í þeim efnum sérstaklega athygli á því að eigandi viðkomandi reiknings hafi staðfest bréflega að um mistök hafi verið að ræða og óskað eftir bakfærslu greiðslunnar. Hafi beiðni um endurgreiðslu verið sett fram eins fljótt og unnt var og síðar staðfest með formlegum hætti. Sóknaraðili kveður ráðstöfun varnaraðila af reikningi þeim sem lagt var inn á hafa verið í andstöðu við eiganda reikningsins.

### IV.

#### Athugasemdir varnaraðila.

Af hálfu varnaraðila er þess aðallega krafist að máli þessu verði vísað frá úrskurðarnefndinni, en til vara að kröfum sóknaraðila verði hafnað. Til þrautavara er þess krafist að varnaraðila verði einungis gert að greiða sóknaraðila kr. 1.000.000.

Varnaraðili styður aðalkröfu sína þeim rökum að ekkert réttarsamband sé milli sín og sóknaraðila, sbr. a-lið 2. mgr. 3. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki, dagsettra 8. júní 2000. Þá sé krafist frávisunar vegna aðildarskorts þar sem svo virðist sem að sóknaraðili sé að krefjast þess að varnaraðili endurgreiði þrotabúi A fé án þess að fyrir liggi að búið komi á nokkurn hátt að málinu eða hafi veitt til þess umboð. Þá sé ekki hægt að sjá að sóknaraðili hafi lögvarða hagsmuni af málinu enda hafi hann ekki sýnt fram á að hann hafi orðið fyrir nokkru tjóni.

Varðandi varakröfu sína bendir varnaraðili á að fyrrgreind greiðsla hafi með réttu átt að fara til A. Þá sé á því byggt af hálfu varnaraðila að heimild hans til skuldfærslu hafi verið skýr samkvæmt samkomulagi varnaraðila og A. Varnaraðili vísar til þess að A sé nú gjaldþrota, en árangurslaust fjárnám hafi farið fram hjá félaginu 18. nóvember 2002. Verði því ekki annað séð en að félagið hafi viljað fá greiðslunni ráðstafað annað til þess að fjárhæðin færi ekki til að greiða niður skuldir þess.

Til stuðnings þrautavarakröfu sinni vísar varnaraðili til bréfs sóknaraðila, dagsetts 15. júlí 2003, þar sem varnaraðila sé boðin sú sátt að endurgreiða sóknaraðila kr. 1.000.000.

**V.**

**Niðurstaða.**

Skilja verður málatilbúnað sóknaraðila svo að hann krefjist þess að varnaraðila verði gert að greiða honum kr. 2.000.000.

Fyrir liggur að sóknaraðili greiddi kr. 2.000.000 inn á reikning A. nr. XXX hjá varnaraðila. Er á því byggt af hálfu sóknaraðila að greiðslan hafi fyrir mistök farið inn á þennan reikning A og hafi bæði hann og félagið óskað leiðréttingar hér á. Ágreiningslaust er þó að greiðslan hafi átt að berast félaginu.

Kröfu um endurgreiðslu ofgreidds fjár ber að beina að þeim aðila sem féð fær greitt. Í máli þessu háttar hins vegar svo til að sá aðili sem fékk greiðsluna og átti að fá hana vildi fá fjárhæðina greidda inn á annan reikning. Að öllu jöfnu hefði hann væntanlega getað millifært af þeim reikningi sem greiðslan var lögð inn á. Varnaraðili skuldfærði hins vegar degi eftir að sóknaraðili lagði kr. 2.000.000 inn á reikning A nr. XXX kr. 1.819.337,10 af reikningnum til greiðslu á afborgun af skuldabréfi samkvæmt áður gerðum samningi varnaraðila og félagsins.

Fyrrgreind greiðsla var innt af hendi af hálfu sóknaraðila inn á reikning A hjá varnaraðila án sérstaks atbeina varnaraðila og hefur ekki öðru verið borið við en að þar sé við sóknaraðila einan að sakast. Snýr mál þetta því annars vegar að réttarsambandi sóknaraðila og A. Eru þau lögskipti varnaraðila óviðkomandi. Kröfu um endurgreiðslu verður sóknaraðili að beina að rétthafa fyrrgreinds reiknings, þ.e. A og nú þrotabúi félagsins.

Hins vegar snýr mál þetta að samningssambandi A, nú þrotabús A, og varnaraðila, þ.e. um heimild varnaraðila til að ráðstafa fé af reikningi A. Ljóst er að ráðstöfun varnaraðila á fjármunum á reikningi A degi eftir að sóknaraðili lagði þar inn kr. 2.000.000 gerði það að verkum að félagið gat ekki millifært féð aftur til sóknaraðila eða á annan reikning í sinni eigu eða annarra. Þau atvik snúa hins vegar að réttarsambandi A og varnaraðila. Eru þau lögskipti sóknaraðila óviðkomandi og getur hann ekki í eigin nafni haft uppi kröfur á hendur varnaraðila vegna þeirra.

Samkvæmt framansögðu varða atvik máls þessa annars vegar kröfu sóknaraðila á hendur A um endurgreiðslu þess fjár sem lagt var inn á rangan reikning félagsins og hins vegar kröfu A á hendur varnaraðila vegna ráðstöfunar fjár af þeim reikningi félagsins. Milli sóknaraðila og varnaraðila er hins vegar ekkert samningssamband. Verður því með vísan til a-liðar 2. mgr. 3. gr. samþykkt fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki frá 8. júní 2000 að vísa máli þessu frá nefndinni.

**Ú r s k u r ð a r o r ð:**

Máli sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, fjármálafyrirtækinu F, er vísað frá úrskurðarnefndinni.

Reykjavík, 22. desember 2003.

Guðjón Ólafur Jónsson

Grétar Grétarsson

Gunnar Viðar

**S é r á l i t****Geirs Arnars Marelssonar og Ólafar Emblu Einarsdóttur**

Fyrir liggur í málinu að sóknaraðili greiddi kr. 2.000.000 inn á reikning A. nr. XXX hjá varnaraðila. Er á því byggt af hálfu sóknaraðila að greiðslan hafi fyrir mistök farið inn á þennan reikning A. og hafi bæði hann og félagið óskað leiðréttingar þar á. Ágreiningslaust er þó að greiðslan átti að berast félaginu.

Aðalkrafa varnaraðila er að máli sóknaraðila verði vísað frá úrskurðarnefndinni þar sem ekkert réttarsamband sé milli sín og sóknaraðila, sbr. a-lið 2. mgr. 3. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki frá 8. júní 2000. Minni hluti úrskurðarnefndarinnar lítur svo á að þegar varnaðili tók á móti fjármunum úr hendi sóknaraðila og lagði þá, að beiðni sóknaraðila, inn á reikning í eigu þriðja aðila hafi varnaraðili tekið á sig ákveðnar skuldbindingar gagnvart sóknaraðila. Skuldbindingar varnaraðila felast meðal annars í skyldu til að ráðstafa fjármununum í samræmi við beiðnina og leiðréttu eigin mistök hafi þau átt sér stað. Af þeim sökum lítur minni hluti nefndarinnar svo á að skilyrði a-liðar 2. mgr. 3. gr. samþykktu fyrir nefndina um samningssamband aðila sé fullnægt og að málið sé tækt til efnislegs úrskurðar.

Skilja verður málatalbúnað sóknaraðila svo að hann krefjist þess að varnaraðila verði gert að greiða honum kr. 2.000.000. Viðurkennt er af hálfu sóknaraðila að hann hafi gert þau mistök að tilgreina rangan reikning. Sömuleiðis er staðfest að framangreind mistök urðu ekki fyrir tilstilli varnaraðila og ber hann því enga ábyrgð á þeim. Þremur dögum eftir millifærsluna uppgötvaði sóknaraðili mistök sín og fór þess á leit við varnaraðila að fjármunirnir yrðu endurgreiddir. Samdægurs lagði A inn beiðni um bakfærslu. Í framhaldinu óskaði varnaraðili eftir frekari rökstuðningi frá sóknaraðila fyrir beiðni sinni. Rökstuðning sinn sendi sóknaraðili í bréfi dagsettu 13. janúar 2003. Með bréfi dagsettu 2. september 2003 hafnaði varnaraðili svo beiðni sóknaraðila án skýringa. Við svo búið leitaði sóknaraðili til Fjármálaeftirlitsins sem framsendi erindið til úrskurðarnefndarinnar.

Minni hluti úrskurðarnefndarinnar telur að sóknaraðili geti ekki krafist varnaraðila um endurgreiðslu á kr. 2.000.000 sem lagðar voru inn á reikning A þann 16. desember 2002. Ljóst er að varnaraðili gerði engin mistök við framkvæmd beiðni sóknaraðila. Hvorki sóknaraðili né varnaraðili hafa ráðstöfunarrétt yfir reikningnum sem fjármunirnir voru lagðir inn á og því getur sóknaraðili ekki krafist þess að varnaraðili millifæri fjármuni af reikningnum né varnaraðili hlýtt slíkum fyrirmælum sóknaraðila. Með vísan til framanritaðs telur minni hluti úrskurðarnefndarinnar að hafna beri kröfum sóknaraðila á hendur varnaraðila.

Reykjavík, 22. desember 2003.

Geir Arnar Marelsson

Ólöf Embla Einarsdóttir

# ÚRSKURÐARNEFND UM VIÐSKIPTI VIÐ FJÁRMÁLAFYRIRTÆKI

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Ár 2003, föstudaginn 19. desember, er fundur haldinn í Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Guðjón Ólafur Jónsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Grétar Grétarsson, Ólöf Embla Einarsdóttir og Sölvi Sölvason.

Fyrir er tekið **mál nr. 22/2003**:

**M**  
**gegn**  
**fjármálafyrirtækinu F**

og kveðinn upp svohljóðandi

## ú r s k u r ð u r:

### I.

#### Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar, og fjármálafyrirtækið F, hins vegar, hér eftir nefnt varnaraðili.

Málið barst úrskurðarnefnd 22. október 2003 með kvörtun lögmanns sóknaraðila, dagsettri 20. sama mánaðar. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 27. október 2003, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi hans, dagsettu 25. nóvember 2003. Bréfið var sent sóknaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu 27. nóvember 2003, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust ekki.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 10. og 19. desember 2003.

### II.

#### Málsatvik.

Hinn 15. október barst A kauptilboð sem tveir nafngreindir menn höfðu gert eiganda jarðarinnar B í hreppnum, C, í jörðina. Hafði C, sem er bróðir sóknaraðila, samþykkt tilboðið. A ákvað að neyta lögbundins forkaupsréttar að jörðinni. C lét hjá líða að skrifa undir afsal til hreppsins. Geymslugreiddi sveitarfélagið því þrjár greiðslur samkvæmt kauptilboðinu, samtals 1.650.000 krónur, þ.e. hinn 12. nóvember 1993 kr. 650.000, hinn 3. desember 1993 kr. 500.000 og 4. febrúar 1994 kr. 500.000. Féð var greitt C þann 18. febrúar 1994 við undirskrift kaupsamnings milli hans og A.

Á fyrrgreindum tíma kveður sóknaraðili C hafa verið í vanskilum með sex skuldabréf sem hann og tveir nafngreindir menn hafi verið í sjálfskuldarábyrgð fyrir. Hafi ábyrgðarmennirnir óskað eftir því við varnaraðila að fyrrgreind fjárhæð sem hafði verið geymslugreidd yrði öll notuð til greiðslu á áðurnefndum skuldabréfum þegar hún yrði afhent C. Varnaraðili hafi hins ekki orðið við þessu heldur hafi fjárhæðinni verið ráðstafað inn á hlaupareikning C sem hafi á fáeinum vikum eytt um kr. 850.000 en um kr. 800.000 hafi verið ráðstafað til greiðslu á skuldum C. Hafi ábyrgðarmennirnir verið mjög ósáttir við þetta.

Þann 15. júlí 1994 gaf C út nýtt skuldabréf til varnaraðila að fjárhæð kr. 2.005.000. Var lánið til sex ára. Mun andvirði þess hafa verið varið til greiðslu eldri skulda C. Til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu höfuðstóls, vísitöluálags, vaxta, dráttarvaxta og alls kostnaðar sem af vanskilum kynni að leiða og skuldara bæri að greiða að skaðlausu tók sóknaraðili ásamt áðurnefndum tveimur mönnum á hendur sjálfskuldarábyrgð in solidum á láninu. Vanskil urðu á greiðslu afborgana af láninu. Gerðar voru breytingar á skilmálum skuldabréfsins hinn 8. ágúst 1995 og aftur 7. maí 1996.

Hinn 12. júní 1997 óskaði sóknaraðili bréflaga eftir því við varnaraðila að sjálfskuldarábyrgð hans á fyrrgreindu skuldabréfi yrði felld niður. Kvaðst hann líta svo á að forsendur þess að hann hefði gengist í ábyrgð fyrir greiðslum af láninu væru brostnar þar sem skuldari bréfsins hefði lofað að greiða skilvíslega afborganir og vexti á hverjum gjalddaga en ekki staðið við það loforð. Ekki verður séð að varnaraðili hafi svarað bréfinu skriflega.

Enn urðu vanskil á greiðslum samkvæmt bréfinu. Hinn 23. mars 1999 var gefið út nýtt skuldabréf að fjárhæð kr. 3.330.000 og andvirði þess varið til greiðslu eldra láns. Voru gjalddagar 196 á eins mánaðar fresti. Ábyrgðarmenn voru hinir sömu og áður, þ.m.t. sóknaraðili. Kveður sóknaraðili varnaraðila hafa haft heimild til að skuldfæra greiðslu afborgana og vaxta af launareikningi skuldara. Hafi þetta gengið þar til í júlí 2001 að skuldarinn hafi flutt viðskipti sín í annan banka og hætt að greiða af bréfinu. Í kjölfarið urðu vanskil á umsömdum greiðslum og var því hafist handa við að innheimta skuldina hjá ábyrgðarmönnum. Var þeim sent innheimtubréf í mars 2002 og greiðsluáskorun í nóvember sama ár. Lögmaður varnaraðila óskaði eftir því að gert yrði fjárnám hjá sóknaraðila í mars 2003. Fyrirhugaðri aðför mun hafa verið frestað.

Máli þessu var skotið til úrskurðarnefndarinnar með kvörtun, dagsettri 20. október 2003.

### III.

#### Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili kveður skuldara og aðra ábyrgðarmenn eignalaus. Hann segir stöðu sína sem ábyrgðarmanns óþolandi og verði hann því með öllum tiltækum ráðum að fá sig leystan undan ábyrgð. Leggur sóknaraðili málið fyrir úrskurðarnefndina til úrlausnar.

### IV.

#### Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili kveðst hafa hafnað munnlega beiðni sóknaraðila um niðurfellingu sjálfskuldarábyrgðar hans á sínum tíma. Hann kveður sig aldrei hafa haft neitt umboð til að ráðstafa söluandvirði jarðar skuldara gegn vilja hans. Varnaraðili hafnar kröfu sóknaraðila.

### V.

#### Niðurstaða.

Málatilbúnaður sóknaraðila verður ekki skilinn öðruvísi en svo að gerð sé krafa um að sjálfskuldarábyrgð hans á láni samkvæmt skuldabréfi útgefnu af C, hinn 23. mars 1999 verði felld niður. Sóknaraðili, sem nýtur aðstoðar lögmanns við rekstur málsins, hefur þó ekki fært nein rök fyrir því hvers vegna skuld hans ætti að falla niður. Er

sóknaraðili, sem að eigin sögn hefur ábyrgst greiðslu lána fyrir téðan C í yfir áratug, skuldbundinn af ábyrgðaryfirlýsingu sinni á umræddu skuldabréfi í samræmi við almennar reglur kröfuréttar. Stoðar ekki fyrir sóknaraðila að bera fyrir sig eignaleysi skuldara eða annarra ábyrgðarmanna. Ber hann ábyrgð á skilvísunum greiðslum af skuldabréfinu gagnvart varnaraðila

Með vísan til framanritaðs og eins og málatilbúnaði sóknaraðila er háttað standa engin rök til að verða við kröfu hans. Er henni því hafnað.

**Ú r s k u r ð a r o r ð:**

Kröfu sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, fjármálafyrirtækinu F, er hafnað.

Reykjavík, 19. desember 2003.

Guðjón Ólafur Jónsson

Geir Arnar Marellsson

Grétar Grétarsson

Ólög Embla Einarsdóttir

Sölvi Sölvason

# ÚRSKURÐARNEFND UM VIÐSKIPTI VIÐ FJÁRMÁLAFYRIRTÆKI

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Ár 2004, föstudaginn 9. janúar, er fundur haldinn í Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Guðjón Ólafur Jónsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Grétar Grétarsson, Ólöf Embla Einarsdóttir og Sölvi Sölvason.

Fyrir er tekið **mál nr. 23/2003**:

**M**  
**gegn**  
**fjármálafyrirtækinu F**

og kveðinn upp svohljóðandi

## ú r s k u r ð u r:

### I.

#### Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefnd sóknaraðili, annars vegar, og fjármálafyrirtækið F, hins vegar, hér eftir nefndur varnaraðili.

Málið barst úrskurðarnefnd 22. október 2003 með kvörtun A f.h. sóknaraðila, dagsettri sama dag. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 23. október 2003, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi lögmanns varnaraðila, dagsettu 14. nóvember 2003. Bréfið var sent umboðsmanni sóknaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu 18. nóvember 2003, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi umboðsmanns sóknaraðila, dagsettu 24. nóvember 2003. Óskað var eftir frekari upplýsingum og gögnum frá varnaraðila og bárust þau með bréfi hans, dagsettu 15. desember 2003. Sóknaraðila var gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum við það bréf og bárust þær með rafpósti umboðsmanns sóknaraðila, dagsettu 22. desember 2003.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 20. nóvember, 10., 15. og 22. desember 2003 og 9. janúar 2004.

### II.

#### Málsatvik.

Hinn 16. febrúar 2000 gekkst sóknaraðili í sjálfskuldarábyrgð til tryggingar greiðslu yfirdráttar á tékkareikningi systur sinnar, B, nr. XXXX hjá varnaraðila. Ritaði sóknaraðili undir yfirlýsingu þessa efnis þar sem hámarksfjárhæð sjálfskuldarábyrgðarinnar var tilgreind kr. 600.000. Í yfirlýsingunni var m.a. svofellt ákvæði: „*Sjálfskuldarábyrgðin takmarkast við ofangreinda fjárhæð, auk vaxta og kostnaðar við innheimtu skuldarinnar, frá þeim degi sem greiðsluáskorun til skuldara er dagsett.*”

Hinn 21. febrúar 2001 ritaði sóknaraðili að nýju undir yfirlýsingu um sjálfskuldarábyrgð þar sem hún ábyrgðist greiðslu yfirdráttar á tékkareikningi systur

sinnar. Var ábyrgðaryfirlýsingin samhljóða hinni fyrri nema hvað hámarksfjárhæð sjálfskuldarábyrgðar sóknaraðila var kr. 400.000.

Hinn 17. janúar 2002 gaf sóknaraðili í þriðja sinn út yfirlýsingu um sjálfskuldarábyrgð á greiðslu yfirdráttar á fyrrgreindum tékkareikningi B. Var yfirlýsingin nánast samhljóða hinum fyrri og í hinni áðurgreint ákvæði um takmörkun ábyrgðarinnar. Að þessu sinni var hámarksfjárhæð sjálfskuldarábyrgðar sóknaraðila kr. 500.000.

Með bréfi, dagsettu 18. ágúst 2003, gerði umboðsmaður sóknaraðila athugasemdir við ábyrgð sóknaraðila og kvað sóknaraðila vera í þeirri trú að hann hefði einungis ábyrgst þá upphæð sem hann hefði skrifað undir hverju sinni en ekki samanlagða fjárhæð fyrrgreindra þriggja yfirlýsinga, kr. 1.500.000. Þá kvað umboðsmaðurinn skylt að meta greiðslugetu skuldara þegar ábyrgð ábyrgðarmanns næmi hærri fjárhæð en kr. 1.000.000. Með bréfi lögmanns varnaraðila til umboðsmanns sóknaraðila, dagsettu 22. september 2003, var því mati varnaraðila lýst að í einu og öllu hefði verið farið eftir viðurkenndum starfsreglum og reynt að gæta að hagsmunum sóknaraðila við afgreiðslu ábyrgða hans fyrir nefnda B. Hefði sóknaraðila ekki getað dulist að verið hafi verið að auka ábyrgðir hennar þegar hún gaf út nýjar ábyrgðaryfirlýsingar í febrúar 2001 og í janúar 2002. Þá hefði sóknaraðila m.a. verið send yfirlit yfir ábyrgðir sínar hjá varnaraðila um hver áramót en engar athugasemdir eða mótmæli hefðu borist frá henni. Ennfremur hefði sóknaraðili afþakkað að greiðslugeta systur hennar yrði metin. Umboðsmaður sóknaraðila gerði frekari athugasemdir í bréfi til lögmanns varnaraðila, dagsettu 8. október 2003.

Málinu var skotið til úrskurðarnefndarinnar með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 22. október 2003.

### III.

#### Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili óskar „úrskurðar um hvaða lög og reglur [gildi] um undirskriftir sjálfskuldarábyrgðarmanna og ábyrgð þeirra vegna yfirdráttarheimildar á reikningi.“ Kveðst sóknaraðili hafa staðið í þeirri trú að um skuldbreytingar hafi verið að ræða og að hann hafi einungis ábyrgst þá upphæð sem hann skrifaði undir hverju sinni en ekki samanlagða krónutölu allra þriggja yfirlýsinganna, kr. 1.500.000. Þá vísar sóknaraðili til þess að samkvæmt samkomulagi Neytendasamtakanna, viðskiptaráðuneytis og fjármálafyrirtækja sé fjármálafyrirtæki skylt að meta greiðslugetu skuldara þegar ábyrgð ábyrgðarmanns nemur kr. 1.000.000 eða þar yfir.

### IV.

#### Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili kveður að í einu og öllu hafi verið farið að viðurkenndum starfsreglum í umþrættum viðskiptum. Hafi sóknaraðili fyrst gengist í ábyrgð fyrir yfirdrætti að fjárhæð kr. 600.000, síðan fyrir kr. 400.000 og loks fyrir kr. 500.000. Hafi fjárhæðirnar þannig farið stíglækkandi (sic) og því augljóst að óþarft hefði verið að gefa út nýjar yfirlýsingar ef verið var að lækka yfirdráttarheimild systur sóknaraðila. Hafi sóknaraðila verið þetta fullljóst og ekki dulist að verið var að veita systur hennar aukna lánaþyrngreiðslu.

Varnaraðili kveður sóknaraðila hafa gefið ábyrgðaryfirlýsingar sínar á stöðluð eyðublöð sem búin hafi verið til í samræmi við samkomulag Neytendasamtakanna,

viðskiptaráðuneytisins og fjármálafyrirtækja. Sé þar ítarlega lýst réttaráhrifum slíkra yfirlýsinga. Þá segir varnaraðili að sóknaraðila hafi í kjölfar útgáfu hvernar ábyrgðar-yfirlýsingar verið send tilkynning frá varnaraðila þar sem fram hafi komið ábyrgð á hennar nafni með tiltekinni fjárhæð. Hafi hún aldrei gert athugasemdir þar við. Ennfremur hafi henni verið sent yfirlit um hver áramót þar sem fram hafi komið í hvaða ábyrgðum hún væri gagnvart varnaraðila.

Varnaraðili kveður sóknaraðila aldrei hafa óskað eftir því að greiðslugeta systur hennar yrði metin. Engin af yfirlýsingunum hafi numið hærri fjárhæð en kr. 1.000.000 en heimildin hafi náð þeirri fjárhæð í janúar 2002. Þrátt fyrir það hafi sóknaraðili merkt við það á yfirlýsingu sinni að hún óskaði ekki eftir mati á greiðslugetu þegar hún hafi gefið út viðbótarábyrgð sína að fjárhæð kr. 400.000.

## V.

### Niðurstaða.

Þegar málatilbúnaður sóknaraðila er virtur í heild þykir mega skilja hann svo að hann telji sig ekki vera í hærri sjálfskuldarábyrgð gagnvart varnaraðila vegna yfirdráttar á tékkareikningi nr. XXXX en sem nemur tilgreindri hámarksfjárhæð ábyrgðarinnar á yfirlýsingu hans, dagsettri 17. janúar 2002, kr. 500.000. Varnaraðili hefur ekki gert athugasemdir við kröfugerð sóknaraðila og er því ekki varhugavert að líta svo á að sóknaraðili krefjist viðurkenningu á framangreindu. Verður sú krafa metin til fjár. Skilja verður málatilbúnað varnaraðila svo að hann krefjist þess að kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Sóknaraðili kveðst líta svo á að fjárhæð ábyrgðarskuldbindingar hans hafi numið þeirri hámarksfjárhæð sem tilgreind var á ábyrgðaryfirlýsingu hans hverju sinni. Varnaraðili heldur því hins vegar fram að um viðbótarábyrgð hafi verið að ræða og hafi hámarksfjárhæðin því farið hækkandi við útgáfu hvernar yfirlýsingar sóknaraðila.

Í sjálfskuldarábyrgðaryfirlýsingum sóknaraðila, dagsettum 16. febrúar 2000, 21. febrúar 2001 og 17. janúar 2002, er í öllum tilvikum tekið fram að sóknaraðili ábyrgist greiðslu yfirdráttar á fyrrgreindum tékkareikningi í samræmi við skilmála yfirlýsingarinnar. Er hámarksfjárhæð sjálfskuldarábyrgðar sóknaraðila tilgreind í hverri yfirlýsingu, síðast kr. 500.000 í yfirlýsingu hennar, dagsettri 17. janúar 2002. Samkvæmt 1. tölul. skilmála hvernar yfirlýsingar, þ.m.t. hinnar síðastnefndu, er kveðið á um að sjálfskuldarábyrgðin takmarkist við „*ofangreinda*” hámarksfjárhæð, auk vaxta og kostnaðar við innheimtu skuldarinnar frá þeim degi sem greiðsluáskorun til skuldara er dagsett. Í yfirlýsingu sóknaraðila, dagsettri 21. febrúar 2001, er hvergi vikið að því að um viðbótarábyrgð sóknaraðila sé að ræða, þ.e. að hámarksfjárhæð ábyrgðar sóknaraðila eigi að vera önnur en þar er tilgreind. Sömu sögu er að segja af ábyrgðaryfirlýsingu sóknaraðila, dagsettri 17. janúar 2002.

Samkvæmt 6. gr. gildandi samkomulags Samtaka banka og verðbréfafyrirtækja, Sambands íslenskra sparisjóða, Neytendasamtakanna og viðskiptaráðherra um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga, dagsetts 1. nóvember 2001, skal skuldaábyrgð til tryggingar yfirdráttarheimild á tékkareikningi miðast við tiltekna hámarksfjárhæð, sbr. áður 6. tölul. samkomulags um notkun sjálfskuldarábyrgða, dagsetts 27. janúar 1998. Fyrrgreindar ábyrgðaryfirlýsingar sóknaraðila verða ekki skildar á annan veg en samkvæmt efni sínu þannig að sú hámarksfjárhæð sjálfskuldarábyrgðar sem þar er tilgreind hafi verið sú fjárhæð sem sóknaraðili bar á hverjum tíma að hámarki ábyrgð á

gagnvart varnaraðila. Var varnaraðila í lófa lagið að geta þess í yfirlýsingunum eða með öðrum hætti að samhliða yfirlýsingunni gildi önnur eða eftir atvikum aðrar yfirlýsingar og væri hámarksfjárhæð sjálfskuldarábyrgðar sóknaraðila því hærri en þar greindi. Verður varnaraðili, sem hefur opinbert leyfi sem fjármálafyrirtæki og býr yfir sérfræðipækkingu á því sviði, því að bera allan halla af óskýrleika og vafa í þessum efnum. Ekki verður talið að sóknaraðili hafi glatað rétti sínum sakir tómlætis enda er því heldur ekki haldið fram af hálfu varnaraðila.

Þessu til viðbótar skal það nefnt að hafi vilji varnaraðila staðið til þess að ábyrgðaryfirlýsing sóknaraðila, dagsett 17. janúar 2002, kæmi til viðbótar yfirlýsingum hennar, dagsettum 16. febrúar 2000 og 21. febrúar 2001, hefði samanlögð hámarksfjárhæð sjálfskuldarábyrgðar sóknaraðila numið kr. 1.500.000. Hefði varnaraðila þá verið skylt að meta greiðslugetu systur sóknaraðila hvort heldur sóknaraðili óskaði eftir því eður ei, sbr. 3. mgr. 3. gr. samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga, dagsetts 1. nóvember 2001. Ágreiningslaust er að það var ekki gert.

Samkvæmt framansögðu er viðurkennt að sóknaraðili beri ekki hærri sjálfskuldarábyrgð gagnvart varnaraðila á greiðslu yfirdráttar á reikningi B, nr. XXXX hjá varnaraðila, en sem nemur tilgreindri hámarksfjárhæð í ábyrgðaryfirlýsingu, dagsettri 17. janúar 2002, þ.e. kr. 500.000, auk vaxta og kostnaðar við innheimtu skuldarinnar frá þeim degi sem greiðsluáskorun til skuldara er dagsett, sbr. 1. tölul. yfirlýsingarinnar.

Grétar Grétarsson tekur fram að hann sé ósammála öðrum nefndarmönnum um niðurstöðu málsins. Telur hann að hver umræddra ábyrgðaryfirlýsinga hafi sjálfstætt gildi og gildi í fjögur ár frá undirritun. Þá bendi ekkert til þess að sóknaraðili hafi haft ástæðu til að ætla að um væri að ræða skuldbreytingu á eldri kröfum skuldar. Þá álitur hann að ekki sé unnt að leggja saman fjárhæðir samkvæmt einstökum ábyrgðarskuldbindingum þegar meta á hvort fjármálafyrirtæki sé skylt að meta greiðsluhæfi skuldara.

### Ú r s k u r ð a r o r ð:

Viðurkennt er að sjálfskuldarábyrgð sóknaraðila, M, gagnvart varnaraðila, fjármálafyrirtækinu F, á greiðslu yfirdráttar á tékkareikningi B, nr. XXXX hjá varnaraðila, nemi kr. 500.000 að hámarki, sbr. ábyrgðaryfirlýsingu sóknaraðila, dagsetta 17. janúar 2002, auk vaxta og kostnaðar við innheimtu skuldarinnar frá þeim degi sem greiðsluáskorun til skuldara er dagsett, sbr. 1. tölul. yfirlýsingarinnar.

Reykjavík, 9. janúar 2004.

Guðjón Ólafur Jónsson

Geir Arnar Marellsson

Grétar Grétarsson

Ólöf Embla Einarsdóttir

Sölvi Sölvason

# ÚRSKURÐARNEFND UM VIÐSKIPTI VIÐ FJÁRMÁLAFYRIRTÆKI

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Ár 2004, mánudaginn 19. janúar, er fundur haldinn í Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Ragnheiður Bragadóttir, varaformaður, Grétar Grétarsson, Íris Ösp Ingjaldsdóttir, Ólöf Embla Einarsdóttir og Sölvi Sölvason.

Fyrir er tekið mál nr. 24/2003:

M

gegn

fjármálafyrirtækinu F

og kveðinn upp svohljóðandi

## ú r s k u r ð u r :

### I.

#### Málsmeðferð.

Sóknaraðili er M, en varnaraðili er fjármálafyrirtækið F.

Málið barst úrskurðarnefnd 24. október 2003 með kvörtun lögmanns sóknaraðila dagsettri 20. október 2003. Kvörtunin var send varnaraðila með bréfi nefndarinnar 27. október 2003 og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust 21. nóvember 2003 með bréfi hans dags. 14. nóvember 2003. Bréfið var sent lögmanni sóknaraðila með bréfi nefndarinnar 21. nóvember 2003 og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir sóknaraðila bárust nefndinni 11. desember 2003 með bréfi dags. 9. desember 2003.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 10. desember 2003 og 9. og 14. janúar 2004.

### II.

#### Málsatvik.

Málavextir eru þeir að með kauptilboði samþykktu 18. janúar 1999 keypti sóknaraðili einbýlishús að A af B, en varnaraðili tók síðar við skyldum seljanda. Kaupverð eignarinnar var 12.500.000 krónur og samkvæmt kauptilboðinu skyldi afhenda eignina fullbúna að utan, en tilbúna undir tréverk að innan hinn 15. júní 1999.

Kaupsamningur um eignina er dags. 13. september 1999.

Samkvæmt A-lið kaupsamningsins skyldi útborgun kaupverðsins greiðast með eftirfarandi hætti:

- |                                                       |                |
|-------------------------------------------------------|----------------|
| 1. Við undirritun kaupsamnings með peningum           | 1.000.0000 kr. |
| 2. Greitt við afhendingu með peningum                 | 500.000 kr.    |
| 3. Greitt þann 15.01. 2000 eða við afsal með peningum | 1.000.000 kr.  |

Samkvæmt C-lið kaupsamnings skyldi greiða 7.400.000 krónur með fasteignaveðbréfi, skiptanlegu fyrir húsbref. Um var að ræða frumbréf á 2. veðrétti með 12 gjalddögum á ári, samtals 478 afborgunum, grunnvísitölu í maí 1999 og 5,1% vöxtum, sem reiknast skyldu frá 15. maí 1999.

Samkvæmt F-lið skyldi greiða 2.600.000 krónur með skuldabréfi, tryggðu með veði í hinu selda á eftir fasteignaveðbréfi skv. C-lið. Um var að ræða lán varnaraðila til sóknaraðila. Umsamdir vextir voru 6% og skyldi greiða bréfið með 360 mánaðarlegum afborgunum, í fyrsta skipti þremur mánuðum eftir afhendingu.

Í kaupsamningi er tekið fram að veðskuldabréf skv. F-lið skuli gefið út um leið og frumbréf fasteignaveðbréfs, þ.e. þegar fasteignin væri fókheld. Þá var samið um nýjan afhendingardag eignarinnar, sem skyldi vera 1. nóvember 1999. Seljandi skyldi þó greiða kaupanda 70.000 krónur á mánuði frá og með áður umsömdum afhendingardegi hinn 15. júní 1999 til afhendingardags.

Af ýmsum ástæðum, sem ekki skipta máli við úrlausn þessa máls, varð mikill dráttur á afhendingu eignarinnar auk þess sem sóknaraðili hélt því fram að gallar væru á byggingunni. Vegna þessa hélt sóknaraðili eftir megninu af kaupverði eignarinnar þar til samið hafði verið um uppgjör á kaupsamningnum. Þannig hafði sóknaraðili aðeins greitt 8% af umsömdu kaupverði hinn 1. október 2002 eða rúmum þremur árum eftir undirritun kaupsamningsins. Samkvæmt vottorði byggingafulltrúans í C var byggingin fókheld 24. janúar 2002. Sóknaraðili virðist þó hafa farið með vörslu byggingarinnar frá og með 22. maí 2000.

Aðilar gerðu sérstakt samkomulag um uppgjör á kaupsamningnum, sem undirritað var 1. október 2002. Samkomulag þetta tók mið af því að fasteignaveðbréf að fjárhæð 7.400.000 krónur samkvæmt C-lið kaupsamnings bæri vexti og verðbætur frá 15. maí 1999. Þá var lagt til grundvallar í samkomulaginu að fyrsti gjalddagi veðskuldabréfs samkvæmt F-lið væri 1. ágúst 2001 og að vaxtafótur væri 7,5% í stað 6%. Gjaldföllnum afborgunum og samningsvöxtum var bætt við höfuðstólinn og skyldi greiða bréfið með 300 mánaðarlegum afborgunum, í fyrsta skipti 2. nóvember 2002. Jafnhliða var samið um fjárhæð skaðabóta vegna afhendingardráttar eða 770.000 krónur, sem nam 70.000 krónur á mánuði í 11 mánuði á meðan á afhendingardrætti stóð, og skaðabóta vegna meintra galla að fjárhæð 750.000 krónur.

### III.

#### Umkvörtunarefni.

Af hálfu sóknaraðila er ekki gerður ágreiningur um fjárhæð skaðabóta vegna afhendingardráttar og galla. Kvörtun sóknaraðila beinist hins vegar að þeim þætti samkomulags aðila frá 1. október 2002 sem lýtur að uppgjöri fasteignaveðbréfs og veðskuldabréfs sóknaraðila.

Kröfur sóknaraðila eru eftirfarandi:

Aðallega að samkomulag sóknaraðila við varnaraðila frá 1. október 2002 um uppgjör vegna kaupsamnings um A verði breytt með eftirfarandi hætti:

1. Skuldabréf á 1. veðrétti í fyrrgreindri fasteign verði að fjárhæð 2.600.000 krónur með fyrsta gjalddaga 1. október 2002 og beri 6% fasta vexti, sem reiknist frá sama degi.
2. Fasteignaveðbréf á 2. veðrétti í sömu fasteign verði að fjárhæð 7.400.000 krónur og beri vexti og verðbætur frá 1. október 2002.

Til vara að samkomulagi sóknaraðila við varnaraðila frá 1. október 2002 um uppgjör vegna kaupsamnings um A verði breytt með eftirfarandi hætti:

1. Skuldabréf á 1. veðrétti í áðurgreindri fasteign verði að fjárhæð 2.600.000 krónur, verði með fyrsta gjalddaga 2. febrúar 2002 og beri 6% fasta vexti, sem reiknist frá sama degi.
2. Fasteignaveðbréf á 2. veðrétti í sömu fasteign verði að fjárhæð 7.400.000 krónur, beri vexti og verðbætur frá 15. febrúar 2002.

Til þrautavara að samkomulagi sóknaraðila við varnaraðila frá 1. október 2002 um uppgjör vegna fyrrgreinds kaupsamnings verði breytt innan þess ramma sem úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki telur sanngjarnt í garð sóknaraðila.

Í öllum tilvikum er þess krafist að varnaraðila verði gert skylt að endurgreiða sóknaraðila mismuninn á því, sem hann hefur þurft að greiða samkvæmt samkomulagi aðila dags. 1. október 2002 og því, sem hann hefði réttilega átt að greiða samkvæmt aðal-, vara- eða þrautavarakröfu samkvæmt ofangreindu.

Sóknaraðili kveður aðalkröfu sína miðast við að eðlilegast sé að miða við dagsetningu samkomulags milli aðila hinn 1. október 2002 þar sem framkvæmd kaupsamningsins um fyrrnefnda fasteign hafi verið í uppnámi. Varakrafa taki hins vegar mið af þeim degi, er fokheldisvottorð hafi verið gefið út fyrir eignina, þ.e. 24. janúar 2002, en þann dag verði fyrst talið að efndahindrun hafi lokið. Þann dag hafi sóknaraðila í fyrsta lagi verið unnt að þinglýsa fasteignaveðbréfi og veðskuldabréfi á eignina. Að því er þrautavarakröfunna varði hafi úrskurðarnefndin heimild til þess að breyta samningi innan þeirra marka, sem krafist sé í aðal- og varakröfu. Þessa heimild sæki nefndin annars vegar til 36. gr. samningalaga nr. 7/1936 og hins vegar til meginreglna stjórnisýsluréttar, sem hafa verði til hliðsjónar um valdheimildir nefndarinnar.

Sóknaraðili byggir á því að honum hafi verið ómögulegt að efna sinn hluta kaupsamningsins vegna vanefnda varnaraðila með því að ekki sé unnt að þinglýsa fasteignaveðbréfi fyrr en fokheldisvottorð liggja fyrir. Vísar sóknaraðili til 20. gr. reglugerðar nr. 157/2001 um húsbréf og húsbréfavíðskipti og bréfs Íbúðalánasjóðs dags. 29. mars 1999 til sóknaraðila máli sínu til stuðnings.

Þá bendir sóknaraðili á að í kaupsamningi komi fram að veðskuldabréf samkvæmt F-lið skuli *gefið út við fokheldi um leið og frumbréf fasteignabréfs*. Hér sé því miðað við sömu reglu og gildi um útgáfu frumbréfs, þ.e. að miða við fokheldi.

Fokheldisvottorð hafi ekki verið gefið út fyrir umrædda fasteign fyrr en 24. janúar 2002. Því hafi valdið vanefndir varnaraðila. Afleiðing þess hafi verið sú að sóknaraðili hafi ekki getað fengið útgefið fasteignaveðbréf með veði í eigninni, sem aftur hafi leitt til þess að hann hafi ekki getað greitt varnaraðila með húsbrefum. Hið sama gildi um fasteignaveðbréf samkvæmt F-lið, sem gefa skyldi út við fokheldi um leið og frumbréf fasteignabréfs. Með vísan til framangreinds geti því aldrei verið um vanefndir sóknaraðila að ræða fyrr en í fyrsta lagi frá þeim degi er fokheldisvottorð lá fyrir. Hafa verði í huga að kaupsamningur um fasteign sé gagnkvæmur íþyngjandi samningur. Það sé forsenda fyrir greiðsluskyldu í gagnkvæmu skuldarsambandi að gagnaðili inni einnig sína greiðslu af hendi, sbr. 14. og 21. gr. laga nr. 39/1922 með lögjöfnun, sem gilt hafi um kaupsamning aðila. Þá vísar sóknaraðili til 7. gr. laga nr. 38/2001 að því er varðar sjónarmið, sem liggja til grundvallar reglum um viðtökudrátt kröfuhafa.

Sóknaraðili byggir á því að óheimilt hafi verið að láta fasteignaveðbréfið bera vexti og verðbætur frá 15. maí 1999 eins og ákveðið hafi verið í samkomulagi aðila frá 1. október 2002. Vegna vanefnda varnaraðila hafi ekki átt að bæta áföllnum afborgunum, vöxtum og verðbótum við eftirstöðvar og mynda þannig nýjan höfuðstól.

Af bréfi varnaraðila 11. júní 2003 verði ráðið að ástæða þess að vaxtafæti veðskuldabréfs samkvæmt F-lið kaupsamnings var breytt úr 6% í 7,5% hafi verið sú, að varnaraðili hafi álitid að bréfið hafi allt verið löngu gjaldfallið þegar samkomulagið var gert 1. október 2002. Þrátt fyrir það hafi verið ákveðið að reikna bréfið út ógjaldfellt til þess dags og hafi það munað hundruðum þúsunda fyrir sóknaraðila. Af þessum skýringum verði ráðið að varnaraðili hafi talið sig vera að bæta sér upp tjón vegna meintra vanefnda sóknaraðila með því að hækka vaxtafótinn. Sóknaraðili tekur fram að í fyrsta lagi sé óskiljanlegt hvernig fyrsti gjalddagi bréfsins hafi getað verið 20. ágúst 2000 þegar litið sé til þess að samkvæmt ákvæðum kaupsamnings skyldi umrætt veðskuldabréf gefið út við fokheldi um leið og frumbréf fasteignabréfs. Í öðru lagi bendir sóknaraðili á að þar sem ekkert veðskuldabréf hafi verið gefið út hafi engin gjaldfellingarheimild verið fyrir hendi. Almennt sé litið svo á að gjaldfelling allra eftirstöðva sé ekki heimil ef ákvæði þess efnis skortir í veðskuldabréf. Þegar svo sé verði kröfuhafi að láta sér nægja að krefjast greiðslu á því sem gjaldfallið sé, ásamt vöxtum og kostnaði, sbr. t.d. H. 1985.1284.

Með vísan til framangreinds verði að hafna því að varnaraðila hafi verið heimilt að breyta vaxtafæti úr 6% í 7,5%.

Sóknaraðili kveður kröfu sína um að úrskurðarnefndin breyti samkomulagi aðila frá 1. október 2002 byggjast á 1. mgr. 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa. Kveðst hann vísa til þess þáttar reglunnar, sem heimili að efni

samnings sé breytt á þann veg að samkomulagið verði í heild sinni ekki ósanngjarnt. Sé krafa sóknaraðila sú að samkomulaginu verði breytt á þann veg að uppgjör fari samkvæmt almennum reglum kröfuréttar, lögfestum og ólögfestum.

Af hálfu sóknaraðila er á því byggt að það sé bæði ósanngjarnt og andstætt góðri viðskiptavenju fyrir bankann að bera fyrrgreint samkomulag fyrir sig. Að því er varði efni samkomulagsins verði að telja að sá þáttur samkomulagsins sem lúti að uppgjöri fasteignaveðbréfs og veðskuldabréfs til handa seljanda sé ósanngjarn. Við mat á ósanngirni verði að hafa í huga að samkomulagið víki frá meginreglum kröfuréttar með því að sóknaraðili sé látinn axla ábyrgðina á vanefndum bankans.

Þá verði einnig að líta til stöðu samningsaðilanna. Hér verði að hafa sérstaklega í huga að seljandi hafi hótað riftun á kaupsamningnum (þó sóknaraðili telji að draga megi skilyrði riftunar verulega í efa). Í fyrsta lagi bendir sóknaraðili á aðstöðumun aðila, sem einkum felist í sérþekkingu varnaraðila sem banka og yfirburðastöðu gagnvart sóknaraðila. Í öðru lagi verði, með hliðsjón af sérþekkingu, að leggja áhættuna af óskýrleika og óvandvirkni samkomulagsins fremur á varnaraðila en sóknaraðila. Sóknaraðili sé ólöglærður og hafi hann ritað undir samkomulagið með hótun um riftun kaupsamningsins yfir höfði sér.

Einnig telur sóknaraðili að líta beri til þeirra atvika við samningsgerðina að sóknaraðili hafi ekki notið aðstoðar lögmanns við undirritun þess. Þá hafi varnaraðili hótað riftun án þess að hafa skorað á sóknaraðila með sanngjörnum fyrirvara að efna skyldur sínar.

Auk ofangreinds vísar sóknaraðili til annarra ákvæða III. kafla samningalaga um ógilda löggerninga, sérstaklega til neytendaákvæðanna í 36. gr. a-d, svo og 33. gr. Bendir hann á að kaup þau, sem um ræði í máli þessu, séu neytendakaup, sbr. tilvitnuð ákvæði og nú einnig 6. gr. laga nr. 40/2002 um fasteignakaup. Sóknaraðili vísar sérstaklega til 3. mgr. 36. gr. c samningalaga þar sem segi að teljist samningur ósanngjarn stríði hann gegn góðum viðskiptaháttum og raski til muna jafnvægi milli réttinda og skyldna samningsaðila, neytanda í óhag. Ef slíkum skilmála er vikið til hliðar í heild eða að hluta, eða breytt, skuli samningurinn að kröfu neytanda gilda að öðru leyti án breytinga verði hann efndur án skilmálans. Í máli því, sem hér sé til umfjöllunar, sé ljóst að varnaraðili hafi brotið gegn góðum viðskiptaháttum og að sú háttsemi hafi valdið sóknaraðila verulegri fjárhagslegri röskun.

Sóknaraðili kveður kröfur sína um endurgreiðslu byggjast á mismuninum á því sem hann hefur þegar innt af hendi samkvæmt samkomulagi aðila frá 1. október 2002 og þeirri fjárhæð, sem honum hefði borið að greiða samkvæmt aðal-, vara- eða

þrautavarakröfu í málinu. Að því er varðar uppgjör vegna oftekinna vaxta byggir sóknaraðili á 18. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu.

#### IV.

##### **Athugasemdir varnaraðila.**

Kröfur varnaraðila eru eftirfarandi:

Aðallega að samkomulag aðila dags. 1. október 2002 verði staðfest að öllu leyti.

Til vara að samkomulag aðila verði staðfest að öllu öðru leyti en því að í stað 7,5% ársvaxta verði ákvarðaðir 6% ársvextir af áhvilandi veðskuldabréfi varnaraðila, en jafnframt verði sóknaraðila gert að greiða þegar áfallnar afborganir að fjárhæð 1.067.439 krónur miðað við 1. október 2002 með dráttarvöxtum til greiðsludags.

Varnaraðili kveður að af hans hálfu hafi vissulega orðið vanefndir á kaupsamningi um fasteignina að A. Þær vanefndir hafi fyrst og fremst verið fölgnar í afhendingardrætti, sem stafað hafi af því að verktakar hafi ekki efnt vinnuskyldu sína á réttum tíma. Af hálfu varnaraðila hafi verið bætt úr þessu með skjóttum og sanngjörnum hætti með því að semja um að greiða sóknaraðila 70.000 krónur á mánuði í 11 mánuði vegna afhendingardráttar eða samtals 770.000 krónur. Þar að auki hafi verið reynt að draga sem mest úr seinkun á afhendingu eignarinnar m.a. með því að koma til móts við mikinn þrýsting frá sóknaraðila um að fá eignina afhenta og flytja inn í hana í maí árið 2000, enda þótt enn hafi vantað smávægilega upp á að eignin væri komin í umsamið ástand við afhendingu. Þetta hafi síðar valdið varnaraðila verulegum vandræðum þar sem sóknaraðili hafi ítrekað komið í veg fyrir að varnaraðili gæti klárað að vinna við eignina með því að banna verktökum aðgang að henni. Varnaraðili kveður vanefndir sínar einnig hafa falist í meintum göllum, en í fyrsta lagi hafi verið um að ræða smávægilega galla, sem varnaraðili hafi látið verktaka bæta úr á byggingartímanum og í öðru lagi tveir meintir gallar, sem ekki hafi tekist að lagfæra að mati sóknaraðila. Aðilar hafi samið um bætur vegna þessara galla að fjárhæð 750.000 krónur.

Varnaraðili bendir á að af hálfu sóknaraðila hafi orðið verulegar vanefndir á greiðslu kaupverðs með því að sóknaraðili hafi aðeins greitt 1.000.000 krónur eða u.þ.b. 7% af heildarkaupverðinu, 12.500.000 krónum í rúm þrjú ár, þ.e. frá undirritun kaupsamningsins hinn 13. september 1999 til 1. október 2002 er samkomulag aðila hafi verið undirritað. Vegna þessa hátternis kaupanda hafi seljandi þá þegar getað rift kaupunum, enda um verulega vanefnd að ræða. Varnaraðili hafi hins vegar forðast í lengstu lög að fara þá leið, enda þótt það hefði verið mun hagkvæmara fyrir hann vegna verulegrar hækkunar á fasteignamarkaði. Meðal annars hafi sóknaraðili haldið eftir hluta af útborgun eða 1.500.000 krónum. Sóknaraðili haldi því fram að ómöguleiki hafi valdið

Því að hann greiddi ekki umsamdar greiðslur samkvæmt kaupsamningi. Varnaraðili bendir á að í fyrsta lagi hefði sóknaraðili getað greitt 1.500.000 krónur óháð fokheldismati byggingarfulltrúa. Í öðru lagi hefði sóknaraðili getað gefið út umsamið veðskuldabréf til varnaraðila og greitt af því eins og honum bar, enda þótt ekki hefði verið hægt að þinglýsa því á eignina fyrr en 24. janúar 2002. Í þriðja lagi hefði ekkert verið því til fyrirstöðu að gefa út fasteignaveðbréf þegar fokheldisvottorð lá fyrir 24. janúar 2002.

Vanefndir sóknaraðila hafi einnig verið fólgnar í því að hann hafi ítrekað, eftir að hann flutti inn í eignina, reynt að koma í veg fyrir að seljandi gæti bætt úr vanköntum á eigninni með því að reka burt iðnaðarmenn og verktaka, að hans sögn vegna þess að hann taldi að þeir myndu ekki vinna verk sín nægilega vel. Með þessu háttalagi hafi sóknaraðili tafið varnaraðila í því að skila eigninni í umsömdu ástandi.

Af þessu megi ljóst vera að vanefndir sóknaraðila hafi verið stórfelldar og dráttur á útgáfu fokheldisvottorðs ekki eingöngu á ábyrgð varnaraðila.

Þeirri fullyrðingu sóknaraðila að varnaraðila hafi borið að skora á hann með formlegum hætti að standa við fyrirliggjandi kaupsamning og því hafi sóknaraðili ekkert þurft að aðhafast eftir útgáfu fokheldisvottorðs er mótmælt sérstaklega af hálfu varnaraðila. Sú skylda hafi að sjálfsögðu ekki hvílt á varnaraðila þar sem undirritaður kaupsamningur hafi legið fyrir um fasteignina.

Varnaraðili mótmælir þeirri fullyrðingu sóknaraðila að hann hafi ekki notið lögmannsaðstoðar nema að litlu leyti við gerð samkomulagsins frá 1. október 2002 og með því hafi varnaraðili nýtt sér með óeðlilegum hætti yfirburði sína og knúið fram niðurstöðu sér í hag. Framlögð gögn beri það með sér að sóknaraðili hafi notið lögmannsaðstoðar allan tímann, þ.m.t. við lokafrágang samkomulagsins frá 1. október 2002. Í eina skiptið sem sóknaraðili hafi ekki mætt með lögmanni sínum hafi verið á lokafundi á fasteignasölu D þegar áður nefnt samkomulag hafi verið lagt fram, þá þegar undirritað og frágengið. Það eina, sem fram hafi farið á fundi þessum hafi því verið undirritun veðskuldabréfs og peningalegt uppgjör s.s. vegna gjalda vegna fasteignaviðskiptanna. Jafnframt sé rétt að benda á að fasteignasalinn teljist ekki síður fulltrúi kaupanda en seljanda og beri því að gæta hagsmuna allra aðila, svo sem hann hafi og gert.

Að því er varði veðskuldabréf það, sem sóknaraðili hafi gefið út til varnaraðila, hafi verið samið um að það bæri 7,5% ársvexti í stað 6%, eins og gert var ráð fyrir í kaupsamningi. Þetta hafi verið eðlilegt eins og á stóð. Vegna þess hversu lengi hafi dregist að efna kaupsamninginn hafi verið nauðsynlegt að framreikna með einhverjum hætti umrætt veðskuldabréf að höfuðstól 2.600.000 krónur, enda hefði fyrsti gjalddagi

bréfsins átt að vera 20. ágúst 2000, þ.e. þremur mánuðum eftir afhendingu eignar. Eðli málsins samkvæmt hafi ekki verið hægt að gefa bréfið þannig út þann 1. október 2002. Ljóst sé að bréfið hafi allt verið löngu gjaldfallið. Varnaraðili hafi þó í samráði við kaupanda ákveðið að reikna bréfið út ógjaldfellt. Sú lækkun ein hafi numið hundruðum þúsunda. Út úr þessu hafi komið talan 4.106.717 krónur, en niðurstaðan hafi orðið sú að lækka töluna í 3.954.162 krónur til að koma frekar til móts við sóknaraðila. Að beiðni sóknaraðila hafi jafnframt orðið að samkomulagi að lána alla fjárhæðina til 25 ára enda þótt 1.067.439 krónur hafi þegar verið gjaldfallnar miðað við ógjaldfella stöðu. Af hálfu varnaraðila hafi það jafnframt verið forsenda fyrir þessu að vextir yrðu hækkaðir í 7,5% ársvexti í áttina að útlánsvöxtum bankans á þessum tíma, en þeir hafi verið 6,5% fastir vextir auk 2-3% vaxtaálags, þ.e. 8,5-9,5% ársvextir. Um þennan vaxtafót, 7,5% hafi orðið samkomulag milli aðila. Ekkert óeðlilegt hafi verið við það að aðilar semdu á ný, m.a. um vaxtakjör.

Hvað varði athugasemdir sóknaraðila við útreikning fasteignaveðbréfs tekur varnaraðili fram að hann sé í fullu samræmi við kaupsamning. Í kaupsamningi komi fram að miða skuli við grunnvísitölu í maí 1999. Þá skuli miða við 5,1% ársvexti og að vextir skuli reiknast frá 15. maí 1999.

Krafa sóknaraðila um að honum beri ekki að greiða neina vexti af kaupverði fasteignarinnar sé óeðlileg með hliðsjón af því að hann hafði aðeins greitt um 7% af kaupverði fasteignarinnar fyrir 1. október 2002 eða rúmum þremur árum eftir undirritun kaupsamnings. Staðreynd sé að fasteignaverð í E hafi stórhækkað á þessu tímabili, sem að sjálfsögðu komi sóknaraðila til góða.

Þegar meta eigi hvort unnt sé að ógilda samkomulag aðila frá 1. október 2002 á grundvelli 1. mgr. 36. gr. samningalaga nr. 7/1936 þurfi að skoða betur hvað felist í samkomulaginu. Meginatriði samkomulagsins séu þau að varnaraðili hafi samþykkt að greiða sóknaraðila 770.000 krónur vegna afhendingardráttar og 750.000 krónur vegna meintra galla. Sé þetta til hagsbóta fyrir sóknaraðila enda geri hann ekki ágreining um þessi atriði. Í öðru lagi hafi fasteignaveðbréf verið gefin út í samræmi við ákvæði kaupsamnings og hafi varnaraðili engin afskipti haft af útreikningi og/eða útgáfu þeirra bréfa, heldur hafi starfsmaður Íbúðalánasjóðs annast það verk að beiðni sóknaraðila. Í þriðja lagi hafi þurft að semja á ný um veðskuldabréfið til varnaraðila vegna þess hversu langur tími hafði liðið frá undirritun kaupsamningsins þar til endanlegt uppgjör fór fram. Að ósk sóknaraðila hafi öllum gjaldföllum ógreiddum afborgunum verið bætt við eftirstöðvar bréfsins. Hafi þannig verið myndaður nýr höfuðstóll, sem lánaður hafi verið til 25 ára, en að ósk varnaraðila með 7,5% vöxtum í stað 6%. Hér hafi því verið tekið tillit

til sjónarmiða beggja aðila. Ekki verði séð að samkomulag þetta sé ósanngjarnt í garð sóknaraðila.

Sóknaraðili haldi því fram að varnaraðili hafi í krafti stöðu sinnar nýtt sér yfirburði sína við gerð samkomulags aðila frá 1. október 2002 og að varnaraðili hafi undirritað samkomulagið með hótun um riftun yfir höfði sér. Varnaraðili bendir hins vegar á að 1. október 2002 hafi verið liðin rúm þrjá ár frá undirritun kaupsamnings og tæp tvö og hálf ár frá afhendingu fasteignarinnar og þó hafi sóknaraðili aðeins verið búinn að greiða um 7% af kaupverðinu. Báðir aðilarnir hafi notið aðstoðar lögmanns, en sóknaraðili hafi setið í fasteign varnaraðila og hafði nánast ekkert greitt af umsömdu kaupverði.

Af hálfu varnaraðila er því haldið fram að samkomulagið sé í fullu samræmi við meginreglur kröfuréttarins, það sé skýrt og unnið að öllu leyti í samráði við sóknaraðila. Haldinn hafi verið sérstakur fundur með lögmanni sóknaraðila þar sem farið hafi verið yfir samkomulagið lið fyrir lið. Þá er því mótmælt að varnaraðili hafi brotið gegn góðum viðskiptaháttum. Varnaraðili hafi lagt sig fram um að leysa málið af sanngirni og samkomulag aðila beri það með sér að komið hafi verið að verulegu leyti á móts við óskir sóknaraðila.

Af hálfu varnaraðila er því alfarið hafnað að samkomulag aðila frá 1. október 2002 verði tekið upp að nokkru leyti og er öllum kröfum sóknaraðila í máli þessu mótmælt.

## V.

### Niðurstaða.

Í máli þessu krefst sóknaraðili þess að samkomulagi aðila um uppgjör á greiðslum vegna kaupsamnings um A, sem dagsett er 1. október 2002, verði með vísan til 36. gr. samningalaga nr. 7/1936, breytt með nánar tilgreindum hætti. Telur sóknaraðili að það sé bæði ósanngjarnt af hálfu varnaraðila og andstætt góðri viðskiptavenju að bera samninginn fyrir sig óbreyttan.

Við mat á því hvort samningur er ósanngjarn eða andstæður góðri viðskiptavenju ber samkvæmt 2. mgr. 36. gr. samningalaga að líta til efnis samnings, stöðu samningsaðila, atvika við samningsgerðina og atvika, sem síðar komu til.

Verður nú fyrst vikið að efni samkomulagsins.

Fram hefur komið að sóknaraðili greiddi 1.000.000 krónur við undirritun kaupsamnings í samræmi við ákvæði hans. Einnig hefur komið fram að sóknaraðili innti ekki frekari greiðslur af hendi vegna kaupanna fyrr en sérstakt uppgjör fór fram milli aðilanna hinn 1. október 2002.

Af hálfu varnaraðila er því haldið fram að sóknaraðili hafi farið með vörslur fyrrgreindrar fasteignar frá 22. maí 2000 og er þeirri fullyrðingu ekki mótmælt af hálfu

sóknaraðila. Samkomulag aðila frá 1. október 2002 rennir og stoðum undir þessa fullyrðingu, en þar er miðað við að dráttur á afhendingu hafi varað í 11 mánuði, þ.e. frá umsömdum afhendingardegi hinn 15. júní 1999. Enda þótt fasteignin hafi ekki verið afhent með sérstökum atbeina varnaraðila þykir sýnt að sóknaraðili hafi farið með raunveruleg umráð og vörslur fasteignarinnar frá maímánuði 2000, sbr. til hliðsjónar H. 1982,876. Verður því að miða við að afhending fasteignarinnar hafi farið fram í maí 2000, enda þá komið fram yfir umsaminn afhendingartíma, og að þar með hafi greiðsla að fjárhæð 500.000 krónur skv. A-lið kaupsamnings gjaldfallið.

Ljóst er að fasteignin var ekki afhent á því byggingarstigi, sem um hafði verið samið, auk þess sem sóknaraðili hélt því fram að tilteknir gallar hafi verið á byggingu hússins. Samkvæmt almennum reglum var sóknaraðila því heimilt að beita varnaraðila vanefndaúrræðum, s.s. stöðvunarrétti, í því skyni að þvinga varnaraðila til rétttra efnda á kaupsamningnum, svo og til að tryggja það að hann byði ekki tjón af vanefndum varnaraðila. Samkvæmt fræðiritum markast umfang stöðvunarréttar almennt af því að samningsaðila er heimilt að halda eftir greiðslu, sem svarar til vanefnda viðsemjanda síns. Í því er talið felast, að réttur hans standi til að halda eftir fjárhæð, sem svari til áætlaðra skaðabóta eða afsláttar vegna vanefndanna, svo og kostnaðar við að staðreyna galla.

Af gögnum málsins er ljóst að svo samdist um með aðilum að varnaraðili hefði rétt til að bæta úr þeim göllum, sem á fasteigninni voru, eftir afhendingu hennar. Þeim lagfæringum lauk með því að gefið var út fokheldisvottorð vegna fasteignarinnar 24. janúar 2002. Fallast verður á það með sóknaraðila að vanefndir varnaraðila hafi hindrað efndir hans á greiðslu samkvæmt C-lið kaupsamningsins, þ.e. útgáfu fasteignaveðbréfs skiptanlegu fyrir húsbref. Þeirri efndahindrun lauk 24. janúar 2002. Telja verður hins vegar að sóknaraðila hafi verið í lófa lagið að gefa út og/eða greiða afborganir af skuldabréfi samkvæmt F-lið kaupsamningsins þótt ekki hafi verið unnt að þinglýsa því fyrr en fokheldisvottorð lá fyrir. Eins og áður hefur komið fram gaf sóknaraðili hvorugt bréfanna út fyrr en rúmum átta mánuðum eftir að fasteignin varð fokheld eða í október 2002. Ber sóknaraðili fyrir sig að varnaraðila hafi borið að skora á sig að efna kaupsamninginn, en á það verður ekki fallist.

Samkvæmt framangreindu hélt sóknaraðili eftir 92% af kaupverðinu þar til uppgjör fór fram í október 2002. Með hliðsjón af því að sóknaraðili samdi síðar um bætur að fjárhæð 750.000 krónur vegna meintra galla á fasteigninni má ljóst vera að kaupandi hélt eftir mun hærri fjárhæð en honum var heimilt og að um vanefndir af hans hálfu var að ræða frá afhendingu fasteignarinnar eða a.m.k. frá 24. janúar 2002. Þegar hér var komið verður að telja að varnaraðili hefði getað beitt vanefndaúrræðum gagnvart sóknaraðila, jafnvel riftun kaupsamningsins. Jafnframt verður að telja að sóknaraðila hefði verið

heimilt að gjaldfella alla skuldina samkvæmt fasteignaveðbréfi og veðskuldabréfi, sbr. H. 1971, 525, H. 1985, 374, H. 1986, 1770, H. 1988, 982 og 1169, H. 1992, 178 og 1992, 1950, enda var fyrsti gjalddagi á bréfunum löngu kominn.

Eins og áður greinir lauk viðskiptum aðila með gerð sérstaks samkomulags um uppgjör á greiðslum samkvæmt kaupsamningnum. Í gögnum málsins kemur fram að útreikningur á fjárhæð veðskuldabréfs samkvæmt F-lið kaupsamnings hafi miðast við ógjaldfelldar eftirstöðvar. Þá hafi verið miðað við að fyrsti gjalddagi þess væri 1. ágúst 2001 í stað 22. ágúst 2000, svo sem rétt hefði verið að gera miðað við ákvæði kaupsamningsins (þremur mánuðum eftir afhendingu). Á hinn bóginn hafi verið miðað við 7,5% ársvexti í stað 6%, auk þess sem reiknaðir hafi verið dráttarvextir á gjaldfallnar afborganir. Miðað við þessar forsendur voru 1.067.439 krónur gjaldfallnar. Að samkomulagi varð með aðilum að bæta þeirri fjárhæð við höfuðstólinn og að varnaraðili lánaði sóknaraðila alla fjárhæðina til 25 ára.

Að því er fasteignaveðbréf samkvæmt C-lið kaupsamningsins varðar var fjárhæð þess reiknuð út í samræmi við ákvæði kaupsamningsins, þ.e. miðað var við að verðbættur höfuðstóll bæri 5,1% vexti frá 15. maí 1999. Samkvæmt framlögðum gögnum var fyrsti gjalddagi bréfsins 15. desember 2002.

Ekki er fallist á þau sjónarmið sóknaraðila, sem fram koma í aðal- og varakröfu hans, að óheimilt hafi verið að láta óútgefin skuldabréf samkvæmt kaupsamningi bera umsamda vexti og verðbættur á meðan á afhendingardrætti varnaraðila stóð, svo og á meðan varnaraðili vann að úrbótum á göllum á fasteigninni eftir afhendingu.

Með hliðsjón af öllu framangreindu, svo og því að aðilar sömdu einnig sérstaklega um bætur vegna afhendingardráttar og meintra galla á fasteigninni, verður ekki fallist á það með sóknaraðila að efni samkomulagsins frá 1. október 2002 sé ósanngjarnt eða fari í bága við góða viðskiptahætti.

Að því er varðar stöðu samningsaðilanna þykir ljóst af gögnum málsins að sóknaraðili naut aðstoðar lögmanns við gerð og lokafrágang samkomulagsins frá 1. október 2002, þó að lögmaður hans hafi ekki verið viðstaddur undirritun þess. Verður því ekki fallist á að samkomulagið sé ósanngjarnt eða andstætt góðum viðskiptavenjum með skírskotun til ójafnrar stöðu aðilanna. Þá er ekki fallist á að samkomulagið sé óskýrt eða unnið af óvandvirkni. Með vísan til þess sem að framan greinir verður og að telja að varnaraðili hafi, eins og á stóð, með réttu getað hótað varnaraðila riftun á kaupsamningnum, svo sem hann gerði í bréfi 23. ágúst 2002.

Að lokum hefur sóknaraðili ekki bent á að önnur atvik við samningsgerðina eða atvik, sem síðar komu til, leiði til þess að samkomulagið teljist ósanngjarnt eða andstætt góðri viðskiptavenju.

Með vísan til alls ofangreinds er öllum kröfum sóknaraðila á hendur varnaraðila hafnað í máli þessu.

**Ú r s k u r ð a r o r ð :**

Kvörtun sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, fjármálafyrirtækinu F, er hafnað.

Reykjavík, 14. janúar 2004

Ragnheiður Bragadóttir

Grétar Grétarsson

Íris Ösp Ingjaldsdóttir

Ólöf Embla Einarsdóttir

Sölvi Sölvason

# ÚRSKURÐARNEFND UM VIÐSKIPTI VIÐ FJÁRMÁLAFYRIRTÆKI

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Árið 2004, fimmtudaginn 5. mars, er haldinn fundur í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki. Mætt eru: Reimar Pétursson, formaður ad hoc, Ólöf Embla Einarsdóttir, Íris Ösp Ingjaldsdóttir, Grétar Gréтарsson og Gunnar Viðar.

Fyrir er tekið mál nr. 25/2003:

**A, B, C, D, E, G, og H**

gegn

**fjármálafyrirtækinu F**

og kveðinn upp svohljóðandi

**ú r s k u r ð u r :**

## **I.**

### **Málsmeðferð**

Með bréfi dags. 3. nóvember 2003 beindi lögmaður allra sóknaraðila kvörtun til nefndarinnar f.h. þeirra. Með bréfi dags. 6. nóvember s.á. gaf nefndin F kost á að koma á framfæri athugasemdum við kvörtunina. Það gerði F með bréfi til nefndarinnar dags. 27. nóvember s.á. Nefndin gaf þá með bréfi dags. 2. desember s.á. lögmanni sóknaraðila tækifæri til að koma á framfæri athugasemdum. Það gerði lögmaðurinn með bréfi til nefndarinnar dags. 19. desember s.á.

Við meðferð málsins kom sú aðstaða upp, að bæði formaður og varaformaður nefndarinnar, viku sæti vegna vanhæfis. Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti skipaði því Reimar Pétursson hrl. formann nefndarinnar ad hoc í málinu með bréfi dags. 22. janúar 2004.

## **II.**

### **Málsatvik**

**2.1.** Í máli þessu reynir á ábyrgð sem sóknaraðilar veittu F 3. maí 1997 með því að rita nöfn sín á óútfylltan vixil. Samhliða því veittu þeir F umboð til að fylla út dagsetningar og fjárhæð víxilsins. Ábyrgðin var sett í þágu yfirdráttarviðskipta I á tilgreindum reikningi við F.

Í umboðinu kom fram að umsamin yfirdráttarheimild á reikningnum væri kr. 5.800.000. Myndi reikningseigandi hins vegar óska eftir hækkun á yfirdráttarheimildinni mætti bankinn verða við þeim óskum. Yfirdráttarheimild mætti þó aldrei verða hærri en sem nemur kr. 5.800.000. Þá kom fram í umboðinu að F væri jafnframt heimilt að framlengja eða endurnýja yfirdráttarheimild á reikningnum meðan hún væri innan greinds hámarks.

**2.2.** Í nýtti sér um nokkurt skeið yfirdráttarheimild sína á tilgreindum reikningi. Þann 14. apríl 1998 kom félagið hins vegar reikningnum í skil og F felldi yfirdráttarheimild þess niður. Eftir það var ekki um yfirdrátt að ræða á reikningnum um langt skeið.

**2.3.** Sóknaraðilarnir D, C og J segjast hafa hætt afskiptum sínum af rekstri I og selt hluti sína í því í maí 1998. Sóknaraðilinn A segist hafa gert þetta í október 1998. Sóknaraðilarnir G og B segjast hafa gert þetta árið 1999. Sóknaraðilinn H segist það sama ár hafa selt meirihluta eignar sinnar í félaginu en haldið áfram störfum sem framkvæmdastjóri. Engin gögn hafa verið lögð fram um þetta af hálfu sóknaraðila, en af hálfu F er þetta ekki dregið í efa. Enginn sóknaraðila sagði upp ábyrgð sinni á reikningi I í F þegar þeir hættu afskiptum af rekstrinum.

**2.4.** Eftir rúmlega tveggja ára hlé, eða þann 2. júní 2000 veitti F, I kr. 1.500.000 yfirdráttarheimild að nýju á tilgreindan reikning. Þann 1. nóvember 2000 hækkaði F þá heimild í kr. 4.500.000.

Í nóvember 2000 gaf I út nokkra innistæðulausa tékka á reikninginn, samtals að fjárhæð kr. 5.954.947. Einn þessara tékka var stílaður á K og var að fjárhæð kr. 4.906.000. Þegar tékkarnir bárust færði F þá á færsluskrá innistæðulausra tékka, en ekki á reikning I. F endursendi síðan tékkana 23. nóvember 2000 til innlausnarbanka, sem hefði endurkrafið framseljendur tékkanna um greiðslur samkvæmt þeim. Áður en til þess kom endurgreiddi F hins vegar innlausnarbanka tékkana og færði þá greiðslu útaf reikningi I þann 24. nóvember 2000. Við það fór yfirdráttur á reikning I úr kr. 1.064.280 í kr. 7.019.227 kr. Þessi staða breyttist svo 27. nóvember 2000 þegar andvirði víxils að fjárhæð kr. 2.959.725 kom inn á reikninginn. Eftir það var yfirdráttur á reikningnum kr. 4.059.502. F lokaði síðan reikningnum 19. desember 2000 en þá var yfirdrátturinn á honum kr. 3.012.392.

F skýrir þessa atburðarás með því, að þegar F hefði verið búinn að taka ákvörðun um endursendingu, hefðu forsvarsmenn I óskað eftir því að F myndi láta það vera. Hefðu forsvarsmennirnir lofað að séð yrði til þess að fjármunir yrðu lagðir inn á reikninginn til að mæta þessu. Við þessu hefði F orðið.

**2.5.** Skömmu eftir þetta varð ljóst að I gat ekki greitt upp yfirdráttinn. F gaf því út tryggingarvixilinn þann 23. júlí 2001 og krafði sóknaraðila um greiðslur samkvæmt honum. Með greiðslu á kr. 1.502.264,50 þann 22. maí 2003 greiddu sóknaraðilar upp umræddan víxil. Þann 20. september 2001 var I úrskurðað gjaldþrota.

### III.

#### Málsástæður og lagarök aðila

Sóknaraðilar krefjast þess að fá endurgreidda fjárhæð tryggingarvixilsins. Þeir telja F við innheimtu víxilsins hafa farið út fyrir umboð sitt eins og það hljóðar. Umboðið falli niður sé enginn yfirdráttur og engin yfirdráttarheimild á tékkareikningi um skeið. Þá telja þeir að forsendur hafi brostið fyrir ábyrgðinni og því hafi F skort heimild til að fylla út víxilinn. Verði ekki á það fallist, halda sóknaraðilar því fram að samningssambandið sem slíkt sé ógilt vegna ákvæða 36. gr. samningalaga. Þá hafi F sýnt af sér eigin sök.

F mótmælir öllum málsástæðum sóknaraðila. Telur hann viðskiptin hafa farið eðlilega fram.

### IV.

#### Forsendur nefndarinnar

**4.1.** Nefndin telur að F hafi haldið sig innan umboðs síns þegar hann fyllti út víxilinn og hóf innheimtu á hendur sóknaraðilum. Í umboðinu segir að F sé heimilt að “framlengja” yfirdráttarheimild. Það orðalag telur nefndin eiga við um það tilvik, þegar heimildin er framlengd án þess að yfirdráttarskuld sé greidd upp. Heimild F samkvæmt umboðinu er hins vegar ekki takmörkuð við “framlengingu”, heldur er F einnig heimilt að “endurnýja” yfirdráttarheimild. Það orðalag telur nefndin eiga við um það tilvik, þegar yfirdráttur er greiddur upp, heimild felld niður, og yfirdráttarheimild síðar “endurnýjuð á reikningnum”.

Sóknaraðili hefur vísað til þess, að F hafi samkvæmt orðalagi umboðsins einungis heimild “allt að einu ári” til að fylla út tryggingarvixilinn “frá því heimild síðast féll niður”. Nefndin telur þetta ekki eiga við í málinu.

Nefndin telur þessi tímatakörk eiga við um innheimtu víxilsins þegar yfirdráttarheimild hefur fallið niður án þess að skuld hafi verið greidd. Orðalag umboðsins bendir til þessa, enda fjallar setningin sem þetta kemur fram í, um hvernig staðið skuli að útfyllingu víxilsins fyrir innheimtu. Þá liggur í eðli málsins, að falli yfirdráttarheimild niður samhliða því að skuld er greidd, þá þarf ekki að fylla út tryggingarvixilinn. Samkvæmt þessu telur nefndin það engu skipta fyrir formlega heimild F samkvæmt umboðinu, að innistæða hafi um langt skeið verið á reikningi I og að það hafi ekki haft heimild til yfirdráttar á reikninginn.

**4.2.** Nefndin telur almennar reglur um forsendubrest ábyrgðarmanna eiga við í málinu. Eins og atvikum er háttað telur nefndin að 36. gr. samningalaga og reglur skaðabótaréttar um eigin sök eigi ekki við.

Að mati nefndarinnar byggja almennar reglur um forsendubrest á því sjónarmiði að óhjákvæmilega fylgi áhætta því að gangast í ábyrgð. Þá áhættu verði ábyrgðarmaður að axla í langflestum tilvikum. Til að forsendur fyrir ábyrgð teljist brostnar verður því (a) hættan á greiðslufalli aðalskuldarans að hafa aukist verulega frá því sem ábyrgðarmaðurinn mátti gera ráð fyrir í upphafi. Þá verður (b) kröfuhafanum að mega vera þetta ljóst. Af þessu leiðir jafnframt, að kröfuhafa getur í vissum tilvikum verið skylt að sýna ábyrgðarmanni það tillit, að auka ekki hættuna á að á ábyrgðina reyni verulega frá því sem ábyrgðarmaðurinn mátti gera ráð fyrir í upphafi.

Þegar þetta er haft í huga, telur nefndin að brotthvarf sóknaraðila frá rekstri I hafi ekki þýðingu fyrir úrlausn málsins. Þegar sóknaraðilar gengust í ábyrgðina máttu þeir gera ráð fyrir því að þeir kynnu að hverfa frá rekstrinum. Óvíst hafi verið að þeir kæmust skaðlausir frá ábyrgðinni ef svo færi. Þá hefðu sóknaraðilar hvenær sem er getað sagt upp ábyrgð sinni. Samkvæmt þessu telur nefndin brotthvarfið frá rekstrinum þýðingarlaust í málinu.

**4.3.** Leiki vafi á því hvort forsendur fyrir ábyrgð séu brostnar telur nefndin að ábyrgðarmaðurinn beri hallann af sönnunarskorti. Nefndin hafi þó frjálst mat um það, hvort fram sé komin nægjanlega sönnun. Ýmis atriði geti haft áhrif á það mat. Þá takmarkast sönnunarfærsla fyrir nefndinni við sýnileg sönnunargögn. Munnlegar skýrslur geta því ekki varpað jafn skýru ljósi á mál fyrir nefndinni og jafnan gerist í dómsmálum. Nefndin verður því að draga ályktanir af sýnilegum sönnunargögnum.

Í ljósi þessa og með hliðsjón af öllum atvikum telur nefndin nægjanlega sannað, að forsendur fyrir ábyrgð sóknaraðila, annarra en H, hafi brostið þegar F ákvað þann 24. nóvember 2000 að endurgreiða innlausnarbanka endursendu tékkana og skuldfæra innistæðulausu tékkana á reikning I. Við það hafi áhætta sóknaraðila af ábyrgðinni aukist svo verulega frá því sem ráð var fyrir gert í upphafi, að sóknaraðilar þurfi ekki að una því.

Mörg atriði benda til þessa. Í ákvörðun um endursendingu tékkana hafi t.d. falist það mat F að ótraust væri með greiðslur frá I. Séu tékkar endursendir þurfi framseljandi tékkana að greiða þá. Ákvörðun F að endursenda tékkana bendi því til þess að F hafi talið vænlegra að fá tékkana greidda á þann hátt, en af I. Þá fólst í endursendingu tékkana það mat F að tékkamisferli I væri alvarlegt. Samkvæmt reglum um tékkaviðskipti bankanna, ákvæði 6.0, endursenda bankar ekki tékka nema ákvörðun hafi verið tekin um að loka viðkomandi reikningi. Reikningi sé samkvæmt sömu reglum svo ekki lokað nema F telji um alvarlegt tékkamisferli að ræða. Loks er vert að nefna, að einn innistæðulausu tékkana var stílaður á K og var að fjárhæð kr. 4.906.000. I kann því að hafa verið í erfiðleikum með skil á vörslusköttum. Um öll þessi atriði mátti F vera kunnugt.

Nefndinni er ljóst, að í málinu liggja fyrir gögn sem vísa í aðra átt. T.d. lýsir F atvikum svo að fyrirsvarsmenn I, þ.m.t. sóknaraðilinn H, hafi óskað eftir því að tékkarnir yrði færðir á reikning félagsins gegn því að félagið myndi greiða inn á reikninginn fljótlega, en von væri á greiðslum. Þetta hafi F talið nægjanlega traustan grunn til að halda áfram reikningsviðskiptum við I. Þessi frásögn fær stoð í gögnum um að félagið hafi greitt kr. 2.959.725 inn á reikninginn 27. nóvember 2000 og lækkað skuld á reikningnum meira í kjölfarið, en þó aldrei niður í jafn lága fjárhæð og var fyrir 24. nóvember 2000. Nefndin telur að atvik af þessu tagi geti skipt máli. Eins og hér háttar til, telur nefndin þó að þessi samskipti F við I ekki nægjanlega skýr í gögnum málsins til að úrskurður verði byggður á þeim.

Samkvæmt þessu telur nefndin þau atriði vega þyngra, sem benda til að um forsendubrest hafi verið að ræða. Nefndin telur þó önnur sjónarmið gilda um H. Ekki er annað að sjá af gögnum en að H hafi gegnt starfi framkvæmdastjóra I þann 24. nóvember 2000. Hann getur því ekki borið fyrir sig þennan forsendubrest. Hann mátti vita um þessi atvik og hefði því átt að geta sagt upp ábyrgð sinni áður en F tók ákvörðun um að endurgreiða innlausnarbanka endursendu tékkana og skuldfæra þá á reikning I.

**4.4.** Samkvæmt framansögðu telur nefndin að forsendur fyrir ábyrgð sóknaraðila, að frátöldum H, hafi brostið þegar F ákvað 24. nóvember 2000 að hætta við að endursenda innistæðulausa tékka I. Þegar F tók þá ákvörðun var umræddur reikningur I yfirdreginn um kr. 1.064.280. Við þá fjárhæð hefði ábyrgð sóknaraðila, að frátöldum H, átt að takmarkast, en ef tékkarnir hefðu verið endursendir hefði reikningi I verið lokað.

Samkvæmt yfirliti sem lögmaður sóknaraðila sendi nefndinni og fær stoð í gögnum frá F, sundurliðast greiðslur sóknaraðila til F svo:

1. A greiddi kr. 265.000.
2. B greiddi kr. 221.213.
3. G greiddi kr. 221.213.
4. C greiddi kr. 221.213.
5. E greiddi kr. 221.213.
6. D greiddi kr. 221.213.
7. H greiddi kr. 221.213.
8. J greiddi kr. 197.213.

Nefndur J var ekki ábyrgðarmaður á vixlinum og á ekki aðild að málinu. Hann greiddi því ekki vegna ábyrgðarinnar. Í heildina greiddu aðrir sóknaraðilar en H kr. 1.371.065. Af því leiðir að þeir hafa greitt kr. 306.785 umfram umræddar kr. 1.064.280. Af þeirri fjárhæð á A rétt á endurgreiðslu á 19,35% en hinir fimm eiga rétt á 16,13%.

Samkvæmt þessu telur nefndin að F beri að endurgreiða:

1. A, kr. 59.365,
2. B, kr. 49.484,
3. G, kr. 49.484,
4. C, kr. 49.484,
5. E, kr. 49.484,
6. D, kr. 49.484.

Rétt þykir að F greiði dráttarvexti frá 20. maí 2003 líkt og sóknaraðilar krefjast, en þeim upphafsdegi dráttarvaxta hefur ekki verið mótmælt sérstaklega.

**ÚRSKURÐARORÐ:**

F greiðir sóknaraðila A, kr. 59.365, B, kr. 49.484, G, kr. 49.484, C, kr. 49.484, E, kr. 49.484, og D, kr. 49.484. Dráttarvextir greiðist af framangreindum fjárhæðum frá 20. maí 2003 til greiðsludags.

Reykjavík, 4. mars 2004.

Reimar Pétursson

Grétar Gréтарsson

Gunnar Viðar

Íris Ösp Ingjaldsdóttir

Ólöf Embla Einarsdóttir

# ÚRSKURÐARNEFND UM VIÐSKIPTI VIÐ FJÁRMÁLAFYRIRTÆKI

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Ár 2004, fimmtudaginn 11. mars, er fundur haldinn í Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Guðjón Ólafur Jónsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Grétar Grétarsson, Gunnar Viðar og Ólöf Embla Einarsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 27/2003**:

M  
**gegn**  
**fjármálafyrirtækinu F**

og kveðinn upp svohljóðandi

## ú r s k u r ð u r:

### I.

#### Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefnd sóknaraðili, annars vegar, og fjármálafyrirtækið F, hins vegar, hér eftir nefndur varnaraðili.

Málið barst úrskurðarnefnd 10. nóvember 2003 með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 28. október 2003. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 11. nóvember 2003, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi hans, dagsettu 2. desember 2003. Bréfið var sent sóknaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu 4. desember 2003, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust ekki. Með bréfum nefndarinnar til málsaðila, dagsettum 9. janúar 2004, var óskað eftir frekari gögnum og upplýsingum. Bárust þær frá sóknaraðila í janúar 2004 og með bréfi varnaraðila, dagsettu 21. janúar 2004. Með bréfum nefndarinnar, dagsettum 30. janúar 2004, voru viðbótargögn send málsaðilum og þeim gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust ekki.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 19. og 22. desember 2003, 9. janúar, 6. og 27. febrúar og 4. og 11. mars 2004.

### II.

#### Málsatvik.

Sóknaraðili var þinglýstur eigandi fasteignarinnar A, í Hafnarfirði. Hinn 3. febrúar 1999 gaf B, út tryggingarbréf til C að fjárhæð kr. 2.000.000 og samþykkti sóknaraðili að fasteign sín yrði veðsett bankanum með 4. veðrétti til tryggingar greiðslu skulda félagsins við hann. Tryggingarbréf þetta var framselt varnaraðila 27. júlí 1999. Sama dag samþykkti sóknaraðili að fyrrgreint félag setti varnaraðila eign sóknaraðila að veði til tryggingar skuldum að fjárhæð kr. 1.000.000 samkvæmt tryggingarbréfi sem félagið gaf út þann dag. Hið sama átti sér stað hinn 28. október 2003. Naut varnaraðili þá tryggingar samkvæmt þremur tryggingarbréfum, samtals að fjárhæð kr. 4.000.000, í íbúð sóknaraðila A í Hafnarfirði.

Hinn 23. júlí 1999 hafði sóknaraðili gengist í sjálfskuldarábyrgð fyrir greiðslu yfirdráttar á tékkareikningi B hjá varnaraðila að hámarksfjárhæð kr. 3.000.000.

Reikningnum var lokað 14. nóvember 2000 og nam yfirdráttarskuldin þá kr. 5.693.910. Varnaraðili þingfesti hinn 24. október 2001 mál á hendur sóknaraðila og manni hennar sem einnig hafði gengist í sjálfskuldarabyrgð fyrir skuldinni (krafa nr. xxxx-xxxxx samkvæmt stefnu). Voru þau in solidum krafín um kr. 3.000.000 ásamt dráttarvöxtum frá 14. nóvember 2000. Var stefna málsins árituð um aðfararhæfi þann 31. október 2001. Með stefnu, útgefni 1. nóvember 2001 höfðaði varnaraðili mál á hendur sóknaraðila sem þinglýstum kaupsamningshafa fyrrgreindrar íbúðar að A og þinglýstum eiganda til að þola staðfestingu á veðréttum samkvæmt áðurnefndum þremur tryggingarbréfum. Var orðið við kröfum varnaraðila með dómi Héraðsdóms Reykjaness hinn 14. desember 2001. Varnaraðili gerði hinn 7. maí 2002 fjárnám fyrir kröfum sínum í staðfestum veðrétti í íbúðinni samkvæmt dóminum. Krafist var nauðungarsölu á eigninni og var hún seld varnaraðila á kr. 9.900.000 á framhaldsuppboði hinn 18. september 2002. Lýsti varnaraðili kröfu að fjárhæð kr. 6.990.739 í eignina á grundvelli veðréttanna sinna. Upp í kröfuna greiddust kr. 2.449.135,40. Eigninni var afsalað til varnaraðila 4. desember 2002.

Hinn 9. janúar 2003 gerði sóknaraðili tilboð í fasteignina D í Bessastaðahreppi, nú Álftanesi. Var tilboðið m.a. gert með fyrirvara um skuldabréfaskipti við E. Tilboðið var samþykkt og leitaði sóknaraðili til G um gerð greiðslumats. Var af því tilefni m.a. leitað upplýsinga um skuldir sóknaraðila við varnaraðila og önnur fjármálafyrirtæki. Hinn 28. janúar 2003 gaf sérfræðingur í rekstrardeild varnaraðila út svofellda yfirlýsingu fyrir hans hönd:

*"Til þess sem málið varðar.*

*Varðandi skuldastöðu [sóknaraðila] við [varnaraðila].*

*Staða þessi er vegna fullnustueignar, þar sem [sóknaraðili] var uppboðsþoli og er þetta bókað með þessum hætti í bankanum uns eignin hefur verið seld. Þetta á því ekki að teljast sem skuld [sóknaraðila]."*

Sóknaraðili náði samningum við aðra lánadrottna. Með kaupsamningi, dagsettum 19. febrúar 2003, keypti sóknaraðila fasteignina að D. Var umsamið kaupverð kr. 18.500.000. Í málinu leggur fyrir greiðslumat, dagsett 5. mars 2003, þar sem eigin fjármögnun sóknaraðila við íbúðarkaup er sögð kr. 6.501.000 eða 35%. Ekki er að sjá að þar sé tekið tillit til skuldar sóknaraðila við varnaraðila. Þann 3. mars 2003 óskaði varnaraðili að nýju eftir því að gert yrði fjárnám hjá sóknaraðila og manni hennar (krafa samkvæmt aðfararbeiðni nr. XXXX-XXXXXX) og var höfuðstóll skuldarinnar tilgreindur kr. 3.000.000, en heildarfjárhæð kröfunnar var kr. 5.198.373. Gerði varnaraðili hinn 13. maí 2003 fjárnám í fasteign sóknaraðila að D og lagði fram beiðni um nauðungarsölu eignarinnar 21. maí 2003.

Hinn 3. mars 2003 var ráðstafað til greiðslu á kröfu varnaraðila á hendur B (nr. XXX-XXXXXX) kr. 3.427.759 og í þeim efnunum byggt á áætluðu söluverði fasteignarinnar A og kostnaði við sölumæðferð samkvæmt útreikningum varnaraðila frá 25. febrúar 2003. Var söluverð áætlað kr. 13.000.000 og kostnaður við sölumæðferð kr. 1.950.000. Frá þeim kr. 11.050.000 voru dregnar alls kr. 7.622.241 sem greiddust til sýslumanns og með yfirtöku lána. Stóðu þá eftir kr. 3.427.759 sem fyrr greinir. Höfuðstóll ofangreindrar kröfu var tilgreindur kr. 5.693.910 sem var yfirdráttarskuld B þegar tékkareikningi félagsins var lokað 14. nóvember 2000.

Hinn 27. mars 2003 seldi varnaraðili fasteignina að A, og var umsamið kaupverð kr. 12.500.000. Hinn 16. maí 2003 var síðan kr. 977.347 ráðstafað upp í fyrrgreinda kröfu varnaraðila á hendur B (nr. XXX-XXXXXX).

Sóknaraðili kvartaði munnlega við varnaraðila eftir að varnaraðili hafði gert fjárnám í nýrri eign sóknaraðila þar sem fyrrgreind yfirlýsing varnaraðila frá 28. janúar 2003 hafi verið skilin svo að andvirði íbúðarinnar að A myndi duga til að greiða allar skuldir sóknaraðila við varnaraðila. Ritaði varnaraðili sóknaraðila af þessu tilefni bréf hinn 8. september 2003 og kvaðst reiðubúinn til að færa skuldina niður um kr. 2.000.000 sem svaraði til þeirrar stöðu sem tékkareikningur B hefði verið í við endursölu eignarinnar án vaxta og kostnaðar. Hefði ákveðins misskilnings gætt í framhaldi af útgáfu yfirlýsingar varnaraðila, sem varnaraðili kallar m.a. í bréfinu „*yfirlýsingu um skuldleysi*“. Þá hafi frekari innheimtuaðgerðir mikla röskun í för með sér.

Með bréfi lögmanns varnaraðila til sóknaraðila, dagsettu 9. september 2003, var ráðstöfun söluandvirðis eignarinnar sundurliðuð og skýrð frekar. Til frádráttar yfirdráttar-skuld B við varnaraðila hafi komið samtals kr. 4.396.382. Þar sem eftirstöðvar skuldar á tékkareikningi félagsins eftir þá innborgun hafi verið hærri en uppreiknuð sjálfskuldarábyrgð sóknaraðila hafi verið farið í innheimtu á grundvelli hennar. Hafi krafa vegna skuldar á tékkareikningi hinn 21. maí 2003 numið kr. 5.674.065 en ábyrgðarskuld sóknaraðila hinn sama dag kr. 5.509.216.

Sóknaraðili leitaði til Fjármálaeftirlitsins með bréfi, dagsettu 22. október 2003, og lagði málið fyrir úrskurðarnefnd með kvörtun, dagsettri 28. október 2003.

### III.

#### Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili gerir þá kröfu að fallið verði frá nauðungarsölu á fasteign hans að D, Álftanesi. Sóknaraðili kveðst hafa óskað eftir upplýsingum um skuldastöðu sína við varnaraðila í tengslum við kaup á umræddri fasteign þar sem hann hafi þurft að skila inna upplýsingum um tekjur, eignir og skuldir. Hafi varnaraðili af þessu tilefni lýst því yfir að sóknaraðili væri skuldlaus við varnaraðila. Á grundvelli þessara upplýsinga hafi sóknaraðili fengið heimild til að kaupa téða fasteign.

Sóknaraðili kveður varnaraðila hafa viðurkennt mistök í bréfi sínu, dagsettu 8. september 2003, og áskilur sér rétt til að hafa uppi kröfur um skaðabætur á hendur varnaraðila vegna þessa.

### IV.

#### Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess aðallega að máli þessu verði vísað frá úrskurðarnefndinni en til vara að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Aðalkröfu sína styður varnaraðili þeim rökum að sóknaraðili geri þá kröfu að varnaraðili falli frá nauðungarsölu á fasteigninni D, Álftanesi og áskilji sér rétt til skaðabóta á hendur varnaraðila. Hafi sóknaraðili engar fjárkröfur uppi á hendur varnaraðila og verði krafa hans um að fallið verði frá nauðungarsölu ekki metin til fjár. Þá sé málavaxtalýsing sú sem krafa sóknaraðila sé byggð á mjög óljós. Vísar varnaraðili um þessi efni til b- og e-liða 6. gr. samþykktar fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Varnaraðili kveður íbúð að A í Hafnarfirði hafa verið óselda þegar hann gaf út yfirlýsingu sína hinn 28. janúar 2003. Hafi G spurst fyrir um stöðu á reikningi sóknaraðila nr. XXX-XX-XXXXX hjá varnaraðila. Þar sem íbúðin hafi verið óseld hafi endanlegt uppgjör vegna eignarinnar ekki farið fram og hafi reikningurinn sýnt

skuldastöðu vegna eignarinnar á þeim tíma án þess að búið væri að taka tillit til endanlegs söluverðs íbúðarinnar. Hafi umræddur reikningur því aðeins verið bókhaldslegur reikningur vegna fullnustueignar og ekkert sagt til um endanlegar skuldir sóknaraðila við varnaraðila. Hafi tilgreind yfirlýsing verið gefin út að beiðni G. þar sem tekið hafi verið fram að staða þessi ætti ekki að skoðast sem skuld sóknaraðila vegna fyrrgreindra takmarkana.

Varnaraðili kveður sóknaraðila fullljóst að krafa varnaraðila sé enn að hluta til ógreidd. Telur varnaraðili það fráleitt að slíta orðalag greindrar yfirlýsingar úr samhengi við viðskipti aðila og líta á hana sem fullnaðarkvittun fyrir skuldleysi við varnaraðila. Hafi aldrei staðið til að varnaraðili gæfi sóknaraðila eftir að fullu eftirstöðvar kröfunnar, enda hafi ekkert í samskiptum sóknaraðila við varnaraðila gefið slíkt til kynna. Leiði engin rök til þeirrar niðurstöðu að skuldari geti gegn betri vitund losnað undan greiðsluskyldu með því að túlka orðalag sér í hag með þessum hætti. Þá verði heldur ekki talið að sóknaraðili geti krafist eftirgjafar án samþykkis varnaraðila.

## V.

### Niðurstaða.

Varnaraðili hefur aðallega krafist þess að máli þessu verði vísað frá úrskurðarnefndinni. Byggir hann þá kröfu sína á því að krafa sóknaraðila lúti að því að varnaraðili felli niður beiðni um nauðungarsölu á fasteign sóknaraðila en sú krafa verði ekki metin til fjár og verði því ekki tekin til úrskurðar. Þrátt fyrir að fallast megi á með varnaraðila að kröfugerð og málartilbúnaður sóknaraðila sé ekki svo ljós sem vera skyldi getur ekki leikið vafi á að sóknaraðili telur sig vera skuldlausan við varnaraðila á grundvelli yfirlýsingar varnaraðila, dagsettrar 28. janúar 2003, og sé af þeim ástæðum farið fram á niðurfellingu nauðungarsölubeiðni á fasteigninni að D á Álftanesi. Krafa sú sem umrædd nauðungarsölubeiðni snýst um er nr. XXXX-XXXXXX og er að höfuðstóli kr. 3.000.000. Er hún reist á fjárnámi sem gert var í eign sóknaraðila 13. maí 2003 á grundvelli áritaðrar stefnu á hendur sóknaraðila hinn 31. október 2001. Þykir mega skilja kröfugerð sóknaraðila svo að viðurkennt verði að umrædd krafa varnaraðila á hendur sóknaraðila sé niður fallin en um fjárhæð hennar er ekki ágreiningur. Verður krafa sóknaraðila samkvæmt þessu metin til fjár. Eftir frekari gagnaöflun fyrir tilstilli úrskurðarnefndarinnar hafa atvik máls skýrst mjög og eru ekki efni til að vísa málinu frá á þeim grundvelli að það sé óljóst eða illa upplýst. Með vísan til framangreinds er kröfu varnaraðila um að málinu verði vísað frá úrskurðarnefndinni hafnað.

Tildrög máls þessa má rekja til viðskipta B, við varnaraðila og yfirdráttarskuld félagsins við hann. Til tryggingar greiðslu á öllum fjárskuldbindingum félagsins við varnaraðila naut varnaraðili veðs samkvæmt þremur tryggingarbréfum í þáverandi fasteign sóknaraðila að A í Hafnarfirði eins og fyrr var rakið. Jafnframt hafði sóknaraðili ásamt manni sínum gengist í sjálfskuldarábyrgð til tryggingar greiðslu á yfirdráttarskuld að hámarki kr. 3.000.000. Ágreiningslaust er með aðilum að yfirdráttarskuld B var kr. 5.693.910 þegar tékkareikningi félagsins var lokað hinn 14. nóvember 2000 en það var úrskurðað gjaldþrota 30. sama mánaðar. Sóknaraðili lýsti við framhald uppboðs á íbúð sóknaraðila hinn 18. september 2002 kröfu að fjárhæð kr. 6.990.739 vegna fyrrgreindrar yfirdráttarskuldar B. Var íbúðin seld varnaraðila á kr. 9.900.000 og greiddust kr. 2.449.135,40 upp í kröfu hans. Stöðu þá eftir kr. 4.541.603,60 af kröfu varnaraðila miðað við þann dag sem nauðungarsölu lauk.

Ekki er um það deilt að sóknaraðili hafi á grundvelli yfirlýsingar sinnar um sjálfskuldarábyrgð, dagsettrar 23. júlí 1999, borið ábyrgð á greiðslu yfirdráttarskuldar B að hámarki kr. 3.000.000. Var stefna um aðfararhæfi kröfu varnaraðila á hendur sóknaraðila á grundvelli yfirlýsingarinnar árituð 31. október 2001 eins og fyrr greinir. Ágreiningur aðila snýst hins vegar um túlkun og áhrif yfirlýsingar varnaraðila, dagsettrar 28. janúar 2003, um skuldastöðu sóknaraðila við varnaraðila.

Þegar fyrrgreind yfirlýsing varnaraðila var gefin hafði íbúð sóknaraðila verið seld varnaraðila nauðungarsölu og var í eigu varnaraðila. Seldi varnaraðili ekki íbúðina aftur fyrir en 27. mars 2003. Umrædd yfirlýsing er gefin út af sérfræðingi í rekstrardeild varnaraðila fyrir hans hönd. Er henni ekki beint til neins sérstaks aðila heldur til þess sem málið varði. Í yfirlýsingunni kemur fram að hún sé um skuldastöðu sóknaraðila við varnaraðila. Segir og að skuldastaðan sé eins og hún er vegna „*fullnustueignar*“ þar sem sóknaraðili hafi verið uppboðspoli. Sé þetta, þ.e. skuldastaða sóknaraðila við varnaraðila, bókuð með þessum hætti uns eignin hafi verið seld. Segir svo berum orðum að þetta eigi því ekki að teljast sem skuld sóknaraðila. Rétt er í þessu sambandi að geta þess að í 1. mgr. 57. gr. laga um nauðungarsölu nr. 90, 1991 er mælt fyrir um að hafi einhver sá sem notið hafi réttinda yfir fasteign gerst kaupandi að henni við nauðungarsölu án þess að réttindum hans hafi verið fullnægt með öllu af söluverðinu og hann krefji síðan gerðarþola eða annan um greiðslu þess sem standi eftir af skuldbindingunni, geti sá sem kröfunni er beint að krafist þess að hún verði færð niður um fjárhæð sem nemi mismun á því verði sem eignin var seld fyrir og því sem þykir sýnt að hafi verið markaðsverð eignarinnar við samþykki boðs miðað við þau greiðslukjör sem eignin var seld gegn.

Fyrrgreind yfirlýsing varnaraðila verður ekki skilin annan veg en svo að varnaraðili hafi álitnið markaðsverð íbúðar sóknaraðila nægja fyrir yfirdráttarskuld B við varnaraðila þannig að ekki myndi reyna frekar á ábyrgðarkröfu varnaraðila á hendur sóknaraðila eftir sölu íbúðarinnar á frjálsum markaði. Kemur og fram að skráð skuld sóknaraðila við varnaraðila eigi ekki að teljast sem skuld sóknaraðila. Viðurkennt er af hálfu varnaraðila að umrædd yfirlýsing hafi verið gefin að beiðni annars fjármálafyrirtækis og gat varnaraðila því ekki dulist að hún hlyti að hafa fjárhagslega þýðingu fyrir sóknaraðila. Yfirlýsingin leiddi og til þess að umrætt fjármálafyrirtæki leit svo á við gerð greiðslumats fyrir sóknaraðila að skuld samkvæmt skráðri skuldastöðu sóknaraðila við varnaraðila væri ekki fyrir hendi. Varð það til þess að eigið fé sóknaraðila var við greiðslumatið talið mun hærra en ella hefði verið. Gerði það sóknaraðila kleift að kaupa hina nýju fasteign sína að D á Álftanesi, sem varnaraðili hefur nú gert fjárnám í og krafist að seld verði nauðungarsölu.

Varnaraðili hefur opinbert leyfi sem fjármálafyrirtæki og býr yfir sérfræðilegri þekkingu og reynslu á því sviði. Fyrir liggur að margnefnd yfirlýsing var gefin út af sérfræðingi varnaraðila en gera verður þær kröfur, m.a. í ljósi þeirra hagsmuna sem í húfi eru, að vandað sé til slíkra yfirlýsinga þannig að þær séu skýrar og ótvíræðar. Var varnaraðila í lófa lagið að orða yfirlýsinguna þannig að hún samræmdist þeim skilningi sem hann nú leggur í hana. Verður varnaraðili að bera allan halla af villandi orðalagi yfirlýsingarinnar hafi það verið ætlun hans að yfirlýsingin yrði skilin á annan veg en að framan er rakið og liggur beinast við. Ber því að líta svo á að í yfirlýsingunni hafi það falist að sóknaraðili væri skuldlaus við varnaraðila og þar með að krafa á grundvelli sjálfskuldarábyrgðaryfirlýsingar hennar, dagsettrar 23. júlí 1999, væri niður fallin.

Með vísan til alls framanritaðs er viðurkennt að skuld sóknaraðila við varnaraðila, samkvæmt kröfu nr. XXXX-XXXXXX, að höfuðstóli kr. 3.000.000, sé niður fallin.

### **Ú r s k u r ð a r o r ð:**

Kröfu varnaraðila, fjármálafyrirtækisins F, um að máli þessu verði vísað frá úrskurðarnefndinni, er hafnað.

Viðurkennt er að skuld sóknaraðila, M, við varnaraðila, fjármálafyrirtækið F samkvæmt kröfu nr. XXXX-XXXXXX, að höfuðstóli kr. 3.000.000, sé niður fallin.

Reykjavík, 11. mars 2004.

Guðjón Ólafur Jónsson

Geir Arnar Marelsson

Gunnar Viðar

Ólöf Embla Einarsdóttir

### **Sératkvæði Grétars Grétarssonar.**

Ég er sammála niðurstöðu annarra nefndarmanna um að hafna kröfu sóknaraðila um að vísa málinu frá úrskurðarnefndinni. Margumræddri yfirlýsingu varnaraðila var ekki beint að sóknaraðila heldur til annarrar fjármálastofnunar vegna gagnaöflunar í tilefni af greiðslumati fyrir sóknaraðila. Fól hún ekki í sér eftirgjöf skulda til sóknaraðila heldur kemur þar með nokkuð skýrum hætti fram að endanleg veðskuld verði ekki ljós fyrir en eftir endursölu fullnustueignar eins og almennt tíðkast. Átti öllum hlutaðeigandi að vera þetta ljóst á umræddum tíma. Þá leiða önnur atvik heldur ekki til þess að ábyrgðarskuld sóknaraðila sé niður fallin. Tel ég því að hafna beri kröfum sóknaraðila.

Grétar Grétarsson

# ÚRSKURÐARNEFND UM VIÐSKIPTI VIÐ FJÁRMÁLAFYRIRTÆKI

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Ár 2004, föstudaginn 9. janúar, er fundur haldinn í Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Guðjón Ólafur Jónsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Grétar Grétarsson, Ólöf Embla Einarsdóttir og Sölvi Sölvason.

Fyrir er tekið **mál nr. 28/2003**:

**M**  
**gegn**  
**fjármálafyrirtækinu F**

og kveðinn upp svohljóðandi

## ú r s k u r ð u r:

### I.

#### Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar, og fjármálafyrirtækið F, hins vegar, hér eftir nefndur varnaraðili.

Málið barst úrskurðarnefnd 21. nóvember 2003 með kvörtun sóknaraðila, dagsettri sama dag. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 24. nóvember 2003, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi lögmanns varnaraðila, dagsettu 18. desember 2003. Bréfið var sent sóknaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu 19. desember 2003, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust ekki.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 22. desember 2003 og 9. janúar 2004.

### II.

#### Málsatvik.

Hinn 19. október 1999 gaf sóknaraðili út skuldabréf til varnaraðila að fjárhæð kr. 2.000.000. Var skuldin tryggð með veði í eign sóknaraðila að A og með sjálfskuldarábyrgð dóttur hans, B og C. Vanskil urðu á greiðslu skuldarinnar og var eignin slegin varnaraðila við framhald uppboðs þann 4. desember 2003.

Hinn 26. mars 2003 þingfesti varnaraðili fyrir héraðsdómi D mál á hendur sóknaraðila, eiginkonu hans, E, og dóttur þeirra, F, vegna yfirdráttarskuldar á tékkareikningi sóknaraðila, en E og F höfðu hinn 4. janúar 2000 gengið í sjálfskuldarábyrgð fyrir greiðslu skuldarinnar. Stefnan er sögð hafa verið árituð um aðfararhæfi en stefnufjárhæðin var kr. 500.000.

Hinn 14. maí 2003 þingfesti varnaraðili annað mál á hendur eiginkonu sóknaraðila og F, dóttur hans, og krafðist greiðslu yfirdráttarskuldar á tékkareikningi hinnar fyrrnefndu að fjárhæð kr. 1.500.000, en skuldin var tryggð með sjálfskuldarábyrgð F. Stefna þessi er sömuleiðis sögð hafa verið árituð um aðfararhæfi.

Hinn 26. nóvember 2003 þingfesti varnaraðili víxilmál á hendur sóknaraðila, E eiginkonu hans, og nefndri F. Var krafan byggð á vixli að fjárhæð kr. 460.000, útgefnum

og ábektum af þeirri síðastnefndu, samþykktum af E og ábektum af sóknaraðila. Stefna málsins var árituð um aðfararhæfi 27. nóvember 2003.

Síðastgreindan dag þingfesti varnaraðili annað víxilmál á hendur sóknaraðila og F, dóttur hans. Var það til innheimtu víxilskuldar að fjárhæð kr. 435.000, en víxillinn hafði verið útgefinn og framseldur af F og samþykktur af sóknaraðila. Stefna þessi var sömuleiðis árituð um aðfararhæfi 27. nóvember 2003.

Með bréfi, dagsettu 10. ágúst 2002, óskaði nafngreindur lögmaður eftir fundi með varnaraðila til að ræða skuldastöðu þeirra við varnaraðila. Með bréfi þáverandi lögmanns varnaraðila, dagsettu 3. september 2002, var vakin athygli á því að hinn 11. júlí 2002 hefði verið þinglýst á fasteign sóknaraðila handhafaskuldabréfi að fjárhæð kr. 3.000.000. Hefði það verið um svipað leyti og fyrst urðu vanskil á skuldum sóknaraðila og eiginkonu hans við varnaraðila. Kvaðst varnaraðili engar viðræður munu eiga við þau um lækkun skulda nema sýnt yrði fram á að veðsetning þessi hefði verið gerð til að tryggja raunverulega skuld og að gerð yrði grein fyrir ráðstöfun fjármunanna.

Sóknaraðili og eiginkona hans beiddust þess með bréfi, dagsettu 6. maí 2003, að skuldir þeirra við varnaraðila yrðu lækkaðar. Varnaraðili kveður því erindi hafa verið hafnað á stjórnarfundum 14. maí 2003 og hafi sóknaraðila verið tilkynnt um það símleiðis 26. sama mánaðar.

Málinu var skotið til úrskurðarnefndarinnar með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 21. nóvember 2003.

### III.

#### Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili gerir þær kröfur að skuldir hans og eiginkonu hans, svo og ábyrgðarskuldir tveggja dætra þeirra hjóna, við varnaraðila verði felldar niður eða lækkaðar svo þau ráði við þær. Til vara krefst sóknaraðili þess að dætur hans verði leystar undan ábyrgðum. Þá er þess krafist að úrskurðarnefndin beiti sér fyrir því að varnaraðili svari bréfum lögmanns hans þar sem beiðst er upplýsinga um skuldamál sóknaraðila.

Sóknaraðili kveður varnaraðila hafa með óeðlilegum hætti fengið dætur sóknaraðila til að gangast í ábyrgð fyrir skuldum hans og eiginkonu hans við varnaraðila, en þær hafi þá nýlega verið orðnar fjárráða. Hafi á þessum tíma verið ljóst að skuldir þeirra hjóna væru þeim ofviða. Telur sóknaraðili að varnaraðili hafi með þessum hætti neytt sig og eiginkonu sína til að blanda dætrum þeirra inn í skuldamál þeirra með ófyrirsjáanlegum afleiðingum.

### IV.

#### Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili vísar því á bug að hann hafi beitt einhverjum óeðlilegum þrýstingi þegar sóknaraðili og eiginkona hans urðu sér út um ábyrgðarmenn. Hafi eingöngu verið minnst á það af hálfu varnaraðila að þörf væri ábyrgðarmanna. Hafi þau hjón stungið upp á dætrum sínum sem hafi samþykkt það gagnvart varnaraðila. Bendir varnaraðili á að ábyrgðarmenn hafi aldrei kvartað yfir ábyrgðarskuldburði sinni á nokkurn hátt.

Varnaraðili bendir á að til séu dómur fyrir öllum skuldum sóknaraðila og eiginkonu hans nema einni en vegna hennar hafi þó verið höfðað mál fyrir Héraðsdómi D. Þá hafi verið óþarft að höfða mál vegna veðskuldabréfsins með veði í fasteign

sóknaraðila. Hafi sóknaraðila og eiginkonu hans verið í lófa lagið að gera athugasemdir við meðferð dómstóla.

Varnaraðili kveður öllum erindum sóknaraðila hafa verið svarað.

## V.

### Niðurstaða.

Samkvæmt d-lið 6. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki, dagsettra 8. júní 2000, fjallar nefndin ekki um ágreiningsmál sem eru til meðferðar almennra dómstóla eða gerðardóms.

Eins og fyrr er rakið hefur varnaraðili höfðað þrjú mál á hendur sóknaraðila vegna skulda hans. Í öllum málunum var F, dóttur hans, einnig stefnt og í tveimur þeirra eiginkonu hans að auki. Þá hefur varnaraðili ennfremur rekið eitt mál til viðbótar fyrir dómi á hendur eiginkonu hans og dóttur. Gögn málsins bera með óyggjandi hætti að tveimur málanna á hendur sóknaraðila hafi lokið með áritun dómara um aðfararhæfi dómkrafna og upphæð málskostnaðar, sbr. 1. mgr. 113. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91, 1991. Hefur sú áritun sama gildi og dómur, sbr. 2. mgr. 113. gr. Af þeim gögnum sem úrskurðarnefndin hefur undir höndum verður ekki glögglega ráðið hvort meðferð annarra mála fyrir dómi sé lokið.

Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki tekur ekki til meðferðar mál sem eru eða hafa verið til meðferðar almennra dómstóla. Með vísan til framanritaðs og fyrrgreindra ákvæða í samþykktum fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki verður þegar af þessari ástæðu ekki hjá því komist að vísa málinu frá úrskurðarnefndinni.

### Ú r s k u r ð a r o r ð:

Máli sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, fjármálafyrirtækinu F, er vísað frá úrskurðarnefndinni.

Reykjavík, 9. janúar 2004.

Guðjón Ólafur Jónsson

Geir Arnar Marelsson

Grétar Grétarsson

Ólöf Embla Einarsdóttir

Sölvi Sölvason

# ÚRSKURÐARNEFND UM VIÐSKIPTI VIÐ FJÁRMÁLAFYRIRTÆKI

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Ár 2004, föstudaginn 27. febrúar, er fundur haldinn í Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Guðjón Ólafur Jónsson, formaður, Grétar Grétarsson, Íris Ösp Ingjaldsdóttir, Ólöf Embla Einarsdóttir og Sölvi Sölvason.

Fyrir er tekið **mál nr. 29/2003**:

**M**  
**gegn**  
**fjármálafyrirtækinu F**

og kveðinn upp svohljóðandi

## ú r s k u r ð u r:

### I.

#### Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefnt sóknaraðili, annars vegar, og fjármálafyrirtækið F, hins vegar, hér eftir nefnt varnaraðili.

Málið barst úrskurðarnefnd 1. desember 2003 með kvörtun lögmanns sóknaraðila, dagsettri 25. nóvember 2003. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 3. desember 2003, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi hans, dagsettu 23. desember 2003. Bréfið var sent lögmanni sóknaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu 23. desember 2003, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi lögmanns sóknaraðila, dagsettu 11. janúar 2004.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 6. og 27. febrúar 2004.

### II.

#### Málsatvik.

Hinn 25. október 1999 sótti sóknaraðili um viðskiptakort frá varnaraðila. Um er að ræða svonefnt xxxxxx kreditkort. Á þremur reikningsyfirlitum frá varnaraðila á tímabilinu frá maí til og með júlí 2002 voru færðar alls sjö úttektir sóknaraðila hjá A í Bretlandi, samtals að fjárhæð kr. 676.559,40, eins og hér greinir. Á yfirliti, dagsettu 23. maí 2002, voru skráðar þrjár úttektir frá því fyrr í þeim mánuði, samtals að fjárhæð kr. 378.456,90 og á yfirliti, dagsettu 21. júní 2002, voru skráðar tvær úttektir í þeim mánuði, samtals að fjárhæð kr. 169.938,10. Loks voru á yfirliti, dagsettu 22. júlí 2002, skráðar tvær úttektir frá því í júní 2002, samtals að fjárhæð kr. 128.164,40.

Hinn 14. febrúar 2003 gerði sóknaraðili athugasemdir við fyrrgreindar færslur og kvaðst ekkert kannast við þær.

Með bréfi lögmanns sóknaraðila til varnaraðila, dagsettu 18. september 2003, gerði sóknaraðili þá kröfu að varnaraðili endurgreiddi umræddar úttektir. Var krafan ítrekuð með bréfi lögmanns sóknaraðila til varnaraðila, dagsettu 7. október 2003. Sættir

náðust ekki og var málinu skotið til úrskurðarnefndarinnar með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 25. nóvember 2003.

### III.

#### Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili gerir þá kröfu að varnaraðila verði gert að greiða honum kr. 676.559,40 með dráttarvöxtum af kr. 378.458 frá 5. júní 2002 til 3. júlí 2002, en af kr. 548.396 frá 3. júlí 2002 til 6. ágúst 2002 en af kr. 676.559,40 frá þeim degi til greiðsludags. Þá er krafist kr. 190.000 í „þóknun vegna vinnu við innheimtuaðgerðir og bréfaskriftir.“ Ennfremur gerir sóknaraðili þá kröfu að „kannað verði með hliðsjón af 8. gr. laga nr. 87/1988 hvort lög t.d. nr. 30/2002 um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu, reglugerðir, reglur eða samþykktir um greiðslukortafyrirtæki / rafeyrisfyrirtæki hafi verið brotin eða að starfsemin sé að öðru leyti í samræmi við heilbrigða og eðlilega viðskiptahætti og að niðurstaða nefndarinnar verði rökstudd.“

Sóknaraðili kveður umræddar úttektir hafa verið ólöglegar og sé úttektaraðilinn sóknaraðila með öllu ókunnur. Honum hafi hins vegar með einhverjum ólöglegum aðferðum tekist að komast yfir verulegar fjárhæðir frá sóknaraðila með aðstoð og atbeina varnaraðila.

Sóknaraðili bendir á að engin undirritun fyrir úttektum liggi fyrir eða heimild frá honum fyrir þeim. Þá hafi verið farið langt út fyrir úttektarheimildir. Telur sóknaraðili að varnaraðila hafi borið skylda til að kanna sérstaklega heimildir A til að taka út af kortinu.

### IV.

#### Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að vísað verði frá úrskurðarnefndinni kröfu sóknaraðila um að „kannað verði með hliðsjón af 8. gr. laga nr. 87/1988 hvort lög t.d. nr. 30/2002 um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu, reglugerðir, reglur eða samþykktir um greiðslukortafyrirtæki / rafeyrisfyrirtæki hafi verið brotin eða að starfsemin sé að öðru leyti í samræmi við heilbrigða og eðlilega viðskiptahætti og að niðurstaða nefndarinnar verði rökstudd.“ Að öðru leyti krefst varnaraðili þess að kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili vísar til þess að í umsókn sóknaraðila um viðskiptakort, dagsettri 25. október 1999, komi fram skrifleg staðfesting sóknaraðila á því að hann hafi kynnt sér viðskiptaskilmála xxxxxx og samþykkt þá að öllu leyti, auk þess að skuldbinda sig til að nota kortið í samræmi við skilmálana og hlíta þeim í hvívetna. Á þessum tíma hafi gilt viðskiptaskilmálar frá 18. nóvember 1996 og hafi þeir enn verið í gildi þegar hinar umþrættu úttektir áttu sér stað.

Varnaraðili bendir á að samkvæmt d-lið 3. gr. skilmálanna skuldbindi korthafi sig til að varðveita kortið þannig að óviðkomandi aðili geti ekki komist yfir það. Ljóst sé hins vegar að óviðkomandi aðili hafi komist yfir númer kortsins og gildistíma og nýtt það til viðskipta hjá söluaðilanum A. Samkvæmt skilmálunum sé heimilt að færa korthafa til skuldar allar úttektir sem berist á kortanúmer hans, sbr. þó 9. og 10. gr. skilmálanna, og sé korthafi ábyrgur fyrir öllum úttektum sem kort hans hafi verið notað til.

Varnaraðili vísar til þess að sóknaraðili hafi ekki gert athugasemdir við hinar umdeildu færslur fyrr en 14. febrúar 2003 eða rúmu hálfu ári eftir að hann fékk reikningsyfirlit með síðustu umþrættu færslunum. Bendir varnaraðili á í þessu sambandi að samkvæmt viðskiptaskilmálum skuli korthafi tilkynna viðskiptabanka sínum eða sparisjóði innan 10 daga frá eindaga hafi hann athugasemdir við reikningsyfirlit. Þá sé einnig tekið fram á hverju reikningsyfirliti að athugasemdir óskist gerðar innan 10 daga. Þá kveður varnaraðili samræmdar alþjóðlegar reglur gilda hjá kortafyrirtækjum um uppgjör kortaviðskipta. Sé þar m.a. mælt fyrir um hvernig standa skuli að bakfærslum sem taldar séu korti og korthafa óviðkomandi. Samkvæmt reglunum sé heimild til að bakfæra færslur sett þröngar skorður og geti aldrei orðið lengri en 120 dagar frá færsludegi. Hafi frestir sem varnaraðili hafði til að leiðrétta hinar umdeildu færslur, ef söluaðili og/eða viðskiptabanki hans hefðu samþykkt, því löngu verið liðnir. Þrátt fyrir það hafi varnaraðili umfram skyldu athugað málið en ekki hafi tekist að fá hinar umdeildu færslur bakfærðar.

Loks bendir varnaraðili á að samkvæmt viðskiptaskilmálum skuldbindi korthafi sig til að fara ekki umfram heimiluð úttektarmörk á hverjum tíma auk þess sem sérstaklega sé kveðið á um að notkun kortsins erlendis megi ekki nema hærrí fjárhæð en sem svari úttektarheimild korthafa. Sé það því korthafinn sem taki á sig vissar skyldur og hefði hin háa úttekt sem fram komi á reikningsyfirliti því enn frekar átt að vekja athygli sóknaraðila.

## V.

### Niðurstaða.

Samkvæmt a-lið 2. mgr. 3. gr. samþykktu fyrir Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki, dagsettum 8. júní 2000, sem tóku gildi 15. júní það ár, tekur nefndin m.a. til meðferðar kvartanir sem varða réttarágreining milli fjármálafyrirtækis eða dótturfyrirtækis slíks fyrirtækis annars vegar og viðskiptamanns hins vegar, enda sé samningssamband á milli aðila. Samkvæmt 6. gr. samþykktanna fjallar nefndin ekki um ágreining sem samkvæmt lögum heyrir undir stjórnvöld, kröfu viðskiptamanns sem ekki verður metin til fjár, breytingar á almenntri gjaldtöku fjármálafyrirtækja, ágreiningsmál sem eru til meðferðar almennra dómstóla eða gerðardóms og loks mál sem eru það óljós, illa upplýst eða kröfur aðila svo óskýrar að þau eru ekki tæk til úrskurðar.

Eins og að framan greinir óskar sóknaraðili eftir því að nefndin kanni með hliðsjón af 8. gr. laga nr. 87, 1988 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi hvort lög og reglur um greiðslukortafyrirtæki hafi verið brotin eða hvort starfsemin sé að öðru leyti í samræmi við heilbrigða og eðlilega viðskiptahætti. Samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 87, 1988 er það Fjármálaeftirlitsins að fylgjast með því að starfsemi eftirlitsskyldra aðila sé í samræmi við lög, reglugerðir, reglur eða samþykktir sem um starfsemina gilda og að starfsemin sé að öðru leyti í samræmi við heilbrigða og eðlilega viðskiptahætti. Framangreind krafa sóknaraðila verður heldur ekki metin til fjár og því ekki borin undir úrskurðarnefnd. Er það utan starfsviðs nefndarinnar að láta í té álit sitt með þeim hætti sem óskað er eftir. Verður því að vísa fyrrgreindri kröfu frá úrskurðarnefndinni.

Með undirritun sinni undir umsókn um viðskiptakort hjá varnaraðila hinn 25. október 1999 lýsti sóknaraðili því yfir að hann hefði kynnt sér viðskiptaskilmála varnaraðila og samþykkti þá að öllu leyti. Þá voru í gildi viðskiptaskilmálar sem tóku gildi 18. nóvember 1996 og voru þeir enn í gildi þegar hinar umþrættu úttektir áttu sér

stað í maí og júní 2002. Samkvæmt a-lið 9. tölul. skilmálanna bar sóknaraðila að tilkynna það viðskiptabanka sínum innan 10 daga frá eindaga hefði hann athugasemdir við reikningsyfirlit sitt. Fyrir liggur að reikningsyfirlit með umþrættum úttektum eru dagsett 23. maí 2002, 21. júní 2002 og 22. júlí 2002. Á öllum yfirlitunum er skýrt tekið fram að athugasemdir óskist gerðar til viðkomandi banka eða sparisjóðs innan 10 daga. Úttektirnar voru skuldfærðar af bankareikningi sóknaraðila 5. júní 2002, 3. júlí 2002 og 6. ágúst 2002 án athugasemda eða fyrirvara af hálfu sóknaraðila.

Óumdeilt er að sóknaraðili gerði ekki athugasemdir við færslur á umræddum reikningsyfirlitum fyrr en með bréfi þann 14. febrúar 2003. Voru þá liðnir rúmir átta mánuðir frá fyrstu úttekt og rúmí sex mánuðir frá því að síðustu færslurnar voru skuldfærðar af reikningi hans og því löngu liðinn sá frestur sem sóknaraðili hafði til að gera athugasemdir við reikningsyfirlit sín. Var þá enn fremur liðinn sá lengsti mögulegi tími sem varnaraðili hafði samkvæmt alþjóðlegum reglum til að bakfæra færslurnar.

Á fyrrgreindu tómlæti verður sóknaraðili sjálfur að bera ábyrgð. Hafði varnaraðili ekkert tilefni til að gera athugasemdir við úttektirnar eða rengja réttmæti þeirra áður en sóknaraðili sendi félaginu bréf sitt 14. febrúar 2003. Hefur varnaraðili umfram skyldu reynt að leita leiðréttingar en án árangurs.

Sökum þessa tómlætis sóknaraðila verður þá þegar að hafna öllum fjárkröfum hans á hendur varnaraðila og reynir því ekki frekar á málsástæður sóknaraðila.

### Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu sóknaraðila um að „*kannað verði með hliðsjón af 8. gr. laga nr. 87/1988 hvort lög t.d. nr. 30/2002 um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu, reglugerðir, reglur eða samþykktir um greiðslukortafyrirtæki / rafeyrisfyrirtæki hafi verið brotin eða að starfsemin sé að öðru leyti í samræmi við heilbrigða og eðlilega viðskiptahætti...*“ er vísað frá úrskurðarnefndinni.

Fjárkröfum sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, fjármálafyrirtækinu F, er hafnað.

Reykjavík, 27. febrúar 2004.

Guðjón Ólafur Jónsson

Grétar Gréтарsson

Íris Ösp Ingjaldsdóttir

Ólöf Embla Einarsdóttir

Sölvi Sölvason

# ÚRSKURÐARNEFND UM VIÐSKIPTI VIÐ FJÁRMÁLAFYRIRTÆKI

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Ár 2004, föstudaginn 27. febrúar, er fundur haldinn í Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Guðjón Ólafur Jónsson, formaður, Grétar Grétarsson, Íris Ösp Ingjaldsdóttir, Ólöf Embla Einarsdóttir og Sölvi Sölvason.

Fyrir er tekið **mál nr. 30/2003**:

**M**  
**gegn**  
**fjármálafyrirtækinu F**

og kveðinn upp svohljóðandi

## ú r s k u r ð u r:

### I.

#### Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefnd sóknaraðili, annars vegar, og fjármálafyrirtækið F, hins vegar, hér eftir nefndur varnaraðili.

Málið barst úrskurðarnefnd 5. desember 2003 með kvörtun sóknaraðila, dagsettri sama dag. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 8. desember 2003, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi lögmanns varnaraðila, dagsettu 29. desember 2003. Bréfið var sent sóknaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu 8. janúar 2004, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með rafpósti sóknaraðila, dagsettum 12. janúar 2004.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 6. og 27. febrúar 2004.

### II.

#### Málsatvik.

Hinn 5. apríl 1993 afhenti A, varnaraðila tryggingarvixil til tryggingar yfirdrætti á tékkareikningi hans hjá varnaraðila. Var vixilinn samþykktur af A til greiðslu, útgefinn af B, og ábektur af sóknaraðila. Var vixileyðublaðið óútfyllt að því er varðaði útgáfudag og gjalddaga en að fjárhæð kr. 3.200.000. Vanskil urðu á greiðslu yfirdrattarskuldar og fyllti varnaraðili þá út vixileyðublaðið og formgilti vixilinn með því að færa á hann útgáfudag, 20. desember 1994 og gjalddaga 20. febrúar 1995. Var útfylling vixilsins í samræmi við umboð varnaraðila.

Greiðslufall varð á fyrrgreindum vixli og höfðaði varnaraðili mál til greiðslu hans. Var sakaukastefna gefin út á hendur sóknaraðila og þingfest í héraðsdómi 14. nóvember 1995. Var sakaukamálið sameinað máli varnaraðila á hendur útgefanda og greiðanda vixilsins. Fallið var frá kröfum á hendur B þar sem hann mun hafa gengið frá samkomulagi við varnaraðila um greiðslu skuldbindinga sinna. Máli á hendur A og

sóknaraðila var hins vegar lokið hinn 1. desember 1995 með áritun dómara um aðfararhæfi dómkrafna og málskostnaðar.

Samkomulag tókst með málsaðilum hinn 4. janúar 1996 um að sóknaraðili greiddi varnaraðila þriðjung víxilskuldarinnar með útgáfu skuldabréfs að fjárhæð kr. 1.375.000 sem greiðast skyldi með 204 jöfnum mánaðarlegum afborgunum auk vaxta og var fyrsti gjalddagi 1. febrúar 1996. Umrætt skuldabréf hafði sóknaraðili gefið út til varnaraðila 22. desember 1995.

Með rafpósti, dagsettum 24. júlí 2002, kvaðst sóknaraðili með réttu einungis hafa borið ábyrgð á kr. 500.000 af fyrrnefndri yfirdráttarskuld. Hann væri hins vegar búinn að borga kr. 1.209.796 af skuldabréfinu og gerði því kröfu um að fá kr. 709.796 endurgreiddar frá varnaraðila. Erindinu mun hafa verið hafnað af varnaraðila.

Málið var lagt fyrir úrskurðarnefnd með kvörtun, dagsettri 5. desember 2003.

### III.

#### Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili kveðst fara fram á að skuld sín verði felld niður þar sem hann sé búinn að borga kr. 14.000 á mánuði í átta ár. Skuldin hafi hins vegar verið afskrifuð á aðra. Telur sóknaraðili að hann sé búinn að borga skuld sína við varnaraðila.

### IV.

#### Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili telur að mál þetta heyri ekki undir úrskurðarnefndina, sbr. 4. tölul. samþykkt fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki, dagsettra 8. júní 2000. Um sé að ræða uppgjör á víxilskuld sem lokið hafi með samkomulagi aðila 4. janúar 1996 og hafi sóknaraðili greitt varnaraðila í samræmi við samkomulagið skuld sína með skuldabréfi. Sé skuldin því að fullu uppperð og enginn ágreiningur með aðilum þar um. Skuldabréfið verði hins vegar innheimt eftir efni sínu.

### V.

#### Niðurstaða.

Þrátt fyrir óljósan málalíbúnað sóknaraðila þykir mega skilja hann svo að gerð sé krafa um að eftirstöðvar skuldabréfs sem sóknaraðili gaf út til varnaraðila hinn 4. janúar 1996 verði felldar niður. Málalíbúnað varnaraðila þykir mega skilja þannig að aðallega sé gerð krafa um að málinu sé vísað frá nefndinni, en til vara að kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Eins og fyrr er rakið var sóknaraðila með áritaðri stefnu gert að greiða varnaraðila tilgreinda víxilskuld. Þá skuld greiddi sóknaraðili varnaraðila með skuldabréfi. Fjallar mál þetta um kröfu sóknaraðila um niðurfellingu eftirstöðva skuldabréfsins. Þykir eins og málið liggur fyrir mega líta á þá kröfu sem sérstakt mál og tæka til efnismeðferðar fyrir úrskurðarnefndinni. Verður málinu því ekki vísað frá úrskurðarnefndinni.

Með samkomulagi sínu við varnaraðila, dagsettu 4. janúar 1996, skuldbatt sóknaraðili sig til að greiða varnaraðila kr. 1.375.000 með skuldabréfi sem hann og gerði. Hafði sóknaraðili og gefið umrætt skuldabréf út til varnaraðila hinn 22. desember 1995. Við skilmála samkomulagsins og skuldabréfsins er sóknaraðili bundinn samkvæmt almennum reglum samninga- og kröfuréttar. Eru því engin efni til að verða við kröfum sóknaraðila.

## Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu varnaraðila, fjármálafyrirtækisins F, um að málinu verði vísað frá úrskurðarnefndinni er hafnað.

Kröfu sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, fjármálafyrirtækinu F, er hafnað.

Reykjavík, 27. febrúar 2004.

Guðjón Ólafur Jónsson

Grétar Grétarsson

Íris Ösp Ingjaldsdóttir

Ólög Embla Einarsdóttir

Sölvi Sölvason

# ÚRSKURÐARNEFND UM VIÐSKIPTI VIÐ FJÁRMÁLAFYRIRTÆKI

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Ár 2004, fimmtudaginn 4. mars, er fundur haldinn í Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Guðjón Ólafur Jónsson, formaður, Gunnar Viðar, Íris Ösp Ingjaldsdóttir, Ólöf Embla Einarsdóttir og Sölvi Sölvason.

Fyrir er tekið **mál nr. 31/2003**:

**M**  
**gegn**  
**fjármálafyrirtækinu F**

og kveðinn upp svohljóðandi

## ú r s k u r ð u r:

### I.

#### Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar, og fjármálafyrirtækið F, hins vegar, hér eftir nefndur varnaraðili.

Málið barst úrskurðarnefnd 15. desember 2003 með kvörtun lögmanns sóknaraðila, dagsettri 11. sama mánaðar. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 16. desember 2003, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi lögmanns varnaraðila, dagsettu 21. janúar 2004. Bréfið var sent lögmanni sóknaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu 23. janúar 2004, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi lögmannsins, dagsettu 2. febrúar 2004.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 9. og 27. febrúar og 4. mars 2004.

### II.

#### Málsatvik.

Hinn 8. nóvember 2000 gekkst sóknaraðili í sjálfskuldarábyrgð til tryggingar greiðslu yfirdráttar á tékkareikningi bróður síns, A, nr. XXXXX hjá varnaraðila. Nam hámarksfjárhæð sjálfskuldarábyrgðar sóknaraðila kr. 3.000.000. Í ábyrgðaryfirlýsingu sóknaraðila er bæði merkt við að hann óski ekki eftir því að greiðslugeta reikningseiganda verði metin og að greiðslugetan hafi verið metin og sóknaraðili hafi kynnt sér niðurstöðu þess mats, auk gagna sem það væri byggt á, án þess að gera nokkrar athugasemdir.

Hinn 30. nóvember 2001 nam yfirdráttarskuld bróður sóknaraðila kr. 11.731.958. Mun varnaraðili þá hafa ákveðið að ganga að ábyrgðarmönnum, þ.e. sóknaraðila og afa þeirra bræðra. Greiddi afi sóknaraðila hinn 21. desember 2001 kr. 10.000.000 beint inn á reikninginn en að auki var andvirði skuldabréfs að fjárhæð kr. 3.000.000 sem bróðir sóknaraðila gaf út til varnaraðila hinn sama dag lagt inn á reikninginn hinn 27. sama mánaðar. Nam sú fjárhæð kr. 2.902.868,70 og var innstæða á reikningnum eftir þá greiðslu kr. 1.170.909,82. Tókst sóknaraðili á hendur sjálfskuldarábyrgð á láninu til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu höfuðstóls, vaxta, dráttarvaxta og alls kostnaðar sem af vanskilum kynni að leiða. Ritaði sóknaraðili jafnframt daginn eftir undir

yfirlýsingu þar sem merkt var við að hann óskaði ekki eftir því að greiðslugeta bróður síns yrði metin. Í yfirlýsingunni, sem er í stöðluðu formi, stendur þó að greiðslumat fari ávallt fram ef láns hæð er hærri en kr. 1.000.000.

Hinn 4. nóvember 2002 var bú bróður sóknaraðila tekið til gjaldþrotaskipta. Lauk skiptum hinn 13. ágúst 2003. Með bréfi til varnaraðila, dagsettu 3. október 2003, óskaði lögmaður sóknaraðila eftir gögnum varðandi umrætt skuldabréfalán. Var áréttað að greiðsla sem sóknaraðili hefði greitt eða kynni að greiða væru greiddar með almennum fyrirvara um réttmæti þeirra. Erindið var ítrekað með bréfi lögmanns sóknaraðila, dagsettu 17. október 2003. Umbeðin gögn bárust með bréfi varnaraðila til lögmannsins, dagsettu 11. nóvember 2003. Með bréfi lögmanns sóknaraðila til varnaraðila, dagsettu 19. nóvember 2003, var því lýst yfir af hálfu sóknaraðila að hann teldi síðargreinda ábyrgðaryfirlýsingu sína óskuldbindandi þar sem greiðslugeta lántaka hefði ekki verið metin. Var óskað eftir viðræðum við varnaraðila um sættir. Varnaraðili mun hafa hafnað þeirri beiðni munlega.

Málið var lagt fyrir úrskurðarnefnd með kvörtun, dagsettri 11. desember 2003.

### III.

#### Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili gerir þá kröfu að sjálfskuldarábyrgð hans á fyrrgreindu skuldabréfi verði ógilt og að varnaraðila verði gert að endurgreiða honum þá fjármuni sem hann hefur þegar greitt á grundvelli ábyrgðarinnar.

Sóknaraðili telur að varnaraðila hafi verið skylt að meta greiðslugetu bróður sóknaraðila og upplýsa hann um niðurstöðu þess áður en sóknaraðili gaf ábyrgðarloforð sitt. Vísar sóknaraðili til þess að í yfirlýsingu þeirri sem hann undirritaði hafi komið skýrt fram að greiðslumat skuli fara fram ef lánsfjárhæð væri yfir kr. 1.000.000. Hafi annað hvorki komið fram í yfirlýsingunni sem hafi verið á stöðluðu formi frá varnaraðila né hafi sóknaraðili haft ástæðu til að ætla annað. Telur sóknaraðili umrætt greiðslumat hafa verið eina meginforsendu fyrir skuldbindingagildi ábyrgðaryfirlýsingar hans og verði varnaraðili að bera allan halla af því að hafa látið hjá líða að gera slíkt mat. Vísar sóknaraðili í þessu sambandi til úrskurðar nefndarinnar í máli nr. 20/2002 og samkomulags um notkun sjálfskuldarábyrgða sem hann kveður varnaraðila hafa þverbrotið.

Þá telur sóknaraðili varnaraðila hafa haldið leyndum fyrir sér upplýsingum um greiðslugetu bróður sóknaraðila en skráð vanskil hafi þá verið ríflega kr. 4.000.000. Hafi varnaraðila borið að upplýsa sig um vanskilasögu lántaka óháð skilmálum ábyrgðaryfirlýsingarinnar enda hafi varnaraðila mátt vera ljóst að sóknaraðili hefði ekki gefið ábyrgðarloforð sitt hefði honum verið kunnugt um vanskil bróður síns. Telur sóknaraðili með vísan til 33. og 36. gr. samningalaga að varnaraðili geti ekki borið fyrir sig ábyrgðaryfirlýsingu hans. Sóknaraðili kveður skyldu varnaraðila til að upplýsa sig um greiðslugetu lántaka hafa verið enn ríkari þar sem um skuldbreytingu hafi verið að ræða. Telur sóknaraðili sig ekki hafa verið í neinni aðstöðu til að meta greiðslugetu bróður síns þegar hann gekkst í ábyrgð fyrir hann og hafi staðið í þeirri trú að hann stæði vel.

Lokst áréttar sóknaraðili að hann hafi á engan hátt notið góðs af umræddri lánveitingu auk þess sem mikill aðstöðu- og þekkingarmunur hafi verið á stöðu aðila. Hafi hann aldrei stundað þann rekstur sem lántaki stóð í og ekkert þekkt til fjárhagsstöðu bróður síns. Hafi hann heldur ekki vitað að lánveitingin væri tengd atvinnurekstri hans.

#### IV.

##### **Athugasemdir varnaraðila.**

Varnaraðili krefst þess að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað. Kveður varnaraðili sóknaraðila og bróður hans hafa stundað samskonar rekstur, þ.e. útgerð smærri fiskibáta og kaup og sölu báta og veiðiheimilda. Hafi velta á tékkareikningi bróður sóknaraðila numið tugum milljóna á ári hverju. Hafi hann af þeim sökum fengið fyrrgreindan yfirdrátt að fjárhæð kr. 3.000.000 gegn ábyrgð sóknaraðila. Hafi ábyrgðin verið gefin út á stöðluðu eyðublaði varnaraðila. Hafi sóknaraðili þar lýst því yfir að hann óskaði ekki eftir því að greiðslugeta bróður síns yrði könnuð enda hafi hún verið honum betur kunnug heldur en varnaraðila. Þá hafi ábyrgð sóknaraðila tengst atvinnurekstri bróður hans en ekki einkaneyslu. Varnaraðili segir að þegar vanskil hafi orðið á yfirdráttarskuld bróður sóknaraðila hafi sóknaraðili leyst sig undan ábyrgð með skuldabréfi útgefnu af bróður sínum (sic) og gegn þessari greiðslu fengið afhenta ábyrgðaryfirlýsingu sína.

Varnaraðili telur að sér hafi verið óskýlt að kanna greiðslugetu bróður sóknaraðila áður en til útgáfu skuldabréfs kom í desember 2001 þar sem að ábyrgðarskuldbinding sóknaraðila hafi ekki fallið undir skilmála samkomulags um notkun sjálfskuldarábyrgða þar sem skuldbindingin hafi verið til komin vegna reksturs bróður sóknaraðila en ekki einkaneyslu. Kveður varnaraðili umrætt samkomulag varða lán til einstaklinga og byggi á þeirri augljósu staðreynd að könnun á greiðslugetu rekstraraðila sé bæði flóknari, dýrari og meiri óvissu bundin heldur en könnun á stöðu einstaklinga. Hafi öllum aðilum verið þetta ljóst bæði þegar til ábyrgðar var stofnað og þegar til greiðslu kom.

Varnaraðili kveður ábyrgðarskuldbindingu sóknaraðila þegar hafa verið fallin á hann í desember 2001 og hafi varnaraðili litið svo á að með afhendingu fyrrgreinds skuldabréfs og greiðslu frá afa sóknaraðila hafi ábyrgðarmenn fyrir yfirdráttarskuld bróður sóknaraðila verið að gera upp skuldbindingar sínar. Varnaraðili telur undirritun sóknaraðila á eyðublað með nafninu „*til ábyrgðarmanna fjárskuldbindinga*“ engin áhrif hafa á þessa niðurstöðu. Hafi hún átt sér stað eftir að kærandi gekkst í ábyrgð fyrir skuldinni og því ekki verið ákvörðunarástæða fyrir áritun hans á skuldabréfið.

Varnaraðili segir bróður sóknaraðila ekki hafa verið í vanskilum með skuldbindingar sínar í nóvember 2000 þegar skuldbinding kæranda stofnaðist. Þá hafi hann heldur ekki verið í miklum vanskilum í desember 2001 þegar sóknaraðili ritaði undir umrætt skuldabréf sem ábyrgðarmaður og tiltekur varnaraðili þar tvær kröfur, samtals að fjárhæð kr. 265.590.

Varnaraðili kveðst hafa komið fram af sanngirni gagnvart sóknaraðila og gætt allra þeirra varúðarreglna sem um viðskiptin giltu. Hafi sóknaraðila verið það fullljóst þá er hann gekkst í ábyrgð fyrir bróður sinn vegna hvers konar reksturs yfirdráttarheimild hafi verið veitt. Hafi hann því þekkt vel þá áhættu sem ákvörðun hans fylgdi.

#### V.

##### **Niðurstaða.**

Hinn 8. nóvember 2000 ábyrgðist sóknaraðili með yfirlýsingu sinni greiðslu yfirdráttar á tékkareikningi bróður síns hjá varnaraðila. Nam hámarksfjárhæð sjálfskuldarábyrgðar hans kr. 3.000.000. Á fyrirliggjandi sjálfskuldarábyrgðaryfirlýsingu sóknaraðila er bæði merkt við að óskað sé eftir því að greiðslugeta reikningseiganda verði

metin og hins vegar að greiðslugetan hafi verið metin og að sóknaraðili hafi kynnt sér niðurstöðu þess mats, auk annarra gagna sem það hafi verið byggt á, án þess að gera nokkrar athugasemdir. Á þessu misræmi hafa ekki fengist viðhlítandi skýringar. Verður að ætla að greiðslumat hafi ekki farið fram enda hefur varnaraðili hvorki haldið því fram né lagt fram gögn því til stuðnings.

Á fyrrgreindum tíma var í gildi samkomulag um notkun sjálfskuldarábyrgða frá 27. janúar 1998. Að samkomulaginu stóðu Samband íslenskra viðskiptabanka f.h. viðskiptabanka, Samband íslenskra sparisjóða f.h. sparisjóða, Kredikort hf., Greiðslumiðlun hf., Neytendasamtökin og viðskiptaráðherra og félagsmálaráðherra af hálfu stjórnvalda. Voru með samkomulaginu settar meginreglur til verndar ábyrgðarmönnum í þeim tilvikum sem sjálfskuldarábyrgð var sett til tryggingar fjárhagslegri skuldbindingu, sbr. 1. gr. Í 3. gr. samkomulagsins var kveðið á um að fjármálafyrirtæki bæri að meta greiðslugetu greiðanda óskaði ábyrgðarmaður eftir því áður en hann gengist í ábyrgð. Í 2. mgr. 3. gr. samkomulagsins var skýrt kveðið á um að skylt væri að meta greiðslugetu greiðanda þegar óskað væri sjálfskuldarábyrgðar til tryggingar fjárhagslegri skuldbindingu sem næmi meira en kr. 1.000.000.

Samkvæmt framansögðu er ótvírætt að varnaraðila var skylt að meta greiðslugetu bróður sóknaraðila áður en sóknaraðili gekkst í ábyrgð til tryggingar greiðslu yfirdráttar á tékkareikningi hans. Breytir þar engu hvort tékkareikningurinn var notaður í þágu atvinnurekstrar bróður sóknaraðila eður ei.

Ekki liggur fyrir hver staða á áðurgreindum tékkareikningi var þegar varnaraðili gekkst í fyrrnefnda sjálfskuldarábyrgð. Hins vegar liggur fyrir að í lok janúar 2001 var skuldin orðin rúmar kr. 13.000.000. Þegar sóknaraðili kveðst hafa ákveðið að ganga að ábyrgðarmönnum í desember 2001 nam skuldin rúmlega kr. 11.700.000. Af því tilefni greiddi annar ábyrgðarmanna, afi sóknaraðila og reikningseiganda, kr. 10.000.000 inn á reikninginn hinn 21. desember 2001. Sama dag gaf bróðir sóknaraðila út skuldabréf til varnaraðila að fjárhæð kr. 3.000.000 og rann andvirði þess til greiðslu yfirdráttarskuldar hans. Gekkst sóknaraðili í sjálfskuldarábyrgð til tryggingar greiðslu skuldar samkvæmt skuldabréfinu.

Hinn 21. desember 2001 hafði samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga sem tók gildi 1. nóvember 2001 leyst af hólmi eldra samkomulag frá 27. janúar 1998. Í 1. mgr. 3. gr. samkomulagsins er nú mælt svo fyrir að fjármálafyrirtæki beri að meta greiðslugetu greiðanda nema ábyrgðarmaður óski sérstaklega eftir því með skriflegum hætti að svo verði ekki gert. Í 3. mgr. 3. gr. segir að þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. sé fjármálafyrirtæki skylt að greiðslumeta skuldara þegar ábyrgð ábyrgðarmanns á skuldum viðkomandi skuldara nemi meira en kr. 1.000.000. Samkvæmt þessu var varnaraðila ótvírætt skylt að meta greiðslugetu bróður sóknaraðila áður en sóknaraðili gekkst í sjálfskuldarábyrgð fyrir hann til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu af umræddu skuldabréfi. Í yfirlýsingu þeirri sem sóknaraðili ritaði undir af þessu tilefni og er á stöðluðu eyðublaði frá varnaraðila kemur og fram að greiðslumat fari ávallt fram ef lánsfjárhæð sé hærri en kr. 1.000.000. Er þetta í samræmi 3. mgr. 3. gr. fyrrgreinds samkomulags. Breytir því engu þótt sóknaraðili hafi ekki óskað eftir því að greiðslugeta bróður hans yrði metin af þessu tilefni. Það leysir varnaraðila heldur ekki undan fyrrgreindri skyldu að sjálfskuldarábyrgð sóknaraðila til tryggingar greiðslu yfirdráttarskuldar hafi verið ógilt samhliða útgáfu yfirlýsingu hans um sjálfskuldarábyrgð á skuldabréfinu.

Samkvæmt framansögðu brást varnaraðili í tvígang þeirri skyldu sinni að láta meta greiðslugetu bróður sóknaraðila áður en sóknaraðili gekkst í sjálfskuldarábyrgð til tryggingar greiðslu á skuldum hans. Er það ámælisvert. Það að slíkt greiðslumat hafi ekki farið fram leiðir hins vegar ekki sjálfkrafa til ógildingar ábyrgðaryfirlýsinga einstaklinga. Verður þess háttar niðurstaða hvorki leidd af samkomulagi um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga né úrskurði nefndarinnar í máli nr. 20/2002 sem sóknaraðili vísar til. Verður hér að líta til atvika hverju sinni einkum með hliðsjón af meginreglum samninga- og kröfuréttar um skuldbindingagildi slíkra yfirlýsinga.

Bróðir sóknaraðila var ekki á vanskilaskrá þegar sóknaraðili gaf út ábyrgðaryfirlýsingu sína hinn 8. nóvember 2000. Önnur gögn sem fyrir nefndina hafa verið lögð þykja heldur ekki gefa tilefni til að ætla að sóknaraðili hefði skorast undan því að veita umrædda sjálfskuldarábyrgð að fengnu greiðslumati því sem með réttu átti að fara fram. Hefur því heldur ekki verið haldið fram af hálfu sóknaraðila.

Ljóst er að greiðslumat sem fram átti að fara í tengslum við yfirlýsingu sóknaraðila um sjálfskuldarábyrgð á skuldabréfi útgefnu af bróður hans hinn 21. desember 2001 hefði leitt til þess að sóknaraðili hefði fengið upplýsingar um vanskil bróður síns. Til þess ber hins vegar að líta að sóknaraðili var á þessum tíma ábyrgur fyrir yfirdráttarskuld bróður síns að sömu hámarksfjárhæð og fjárhæð skuldabréfsins og hefði væntanlega orðið að greiða þá ábyrgðarskuld sína hefði ekki komið til útgáfu skuldabréfsins og ábyrgðar hans á greiðslu þess. Var hann og samtímis leystur undan ábyrgð á greiðslu yfirdráttarskuldarinnar.

Með vísan til alls framanritaðs og atvika máls að öðru leyti er það mat úrskurðarnefndarinnar að ekki sé þrátt fyrir ófullnægjandi vinnubrögð varnaraðila nægjanlegt tilefni til að ógilda sjálfskuldarábyrgð sóknaraðila á margnefndu skuldabréfi. Er kröfum hans því hafnað.

Það athugast að í málatilbúnaði varnaraðila og gögnum málsins kemur fram að sóknaraðili hafi ekki fyllt út eyðublað sem varnaraðili hefur útbúið til ábyrgðarmanna fjárskuldbindinga fyrr en degi eftir að umrætt skuldabréf var gefið út. Á eyðublaðinu kemur m.a. fram afstaða sóknaraðila til þess hvort hann vilji að greiðslugeta bróður síns verði metin, svo og upplýsingar um að greiðslumat fari ávallt fram ef lánsfjárhæð sé hærri en kr. 1.000.000. Ótækt er að útfylling slíks eyðublaðs fari fram eftir útgáfu skuldabréfs og áritun ábyrgðarmanns á það. Er það í augljósri andstöðu við 3. gr. samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga frá 1. nóvember 2001 og eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti fjármálafyrirtækis. Verður ekki hjá því komist að átelja þessi vinnubrögð sérstaklega.

## Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfum sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, fjármálafyrirtækinu F, er hafnað.

Reykjavík, 4. mars 2004.

Guðjón Ólafur Jónsson

Gunnar Viðar

Íris Ösp Ingjaldsdóttir

Ólöf Embla Einarsdóttir

Sölvi

Sölvason

# ÚRSKURÐARNEFND UM VIÐSKIPTI VIÐ FJÁRMÁLAFYRIRTÆKI

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Ár 2004, fimmtudaginn 11. mars, er fundur haldinn í Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Guðjón Ólafur Jónsson, formaður, Grétar Gréтарsson, Íris Ösp Ingjaldsdóttir, Ólöf Embla Einarsdóttir og Sölvi Sölvason.

Fyrir er tekið **mál nr. 32/2003**:

**M**  
**gegn**  
**fjármálafyrirtækinu F**

og kveðinn upp svohljóðandi

## ú r s k u r ð u r:

### I.

#### Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefnd sóknaraðili, annars vegar, og fjármálafyrirtækið F, hins vegar, hér eftir nefndur varnaraðili.

Málið barst úrskurðarnefnd 17. desember 2003 með kvörtun lögmanns sóknaraðila, dagsettri 9. sama mánaðar. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 17. desember 2003, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi hans, dagsettu 8. janúar 2004. Bréfið var sent lögmanni sóknaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu 13. janúar 2004, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust hinn 29. janúar 2004 með ódagsettu bréfi lögmannsins.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 6. febrúar, 4. og 11. mars 2004.

### II.

#### Málsatvik.

Hinn 26. nóvember 1996 gekkst sóknaraðili í sjálfskuldarábyrgð á skuldbindingu vegna greiðslukorts sonar síns, A, nr. XXXXXXXXXXXX, að hámarki kr. 400.000 auk vaxta og kostnaðar við innheimtu skuldarinnar. Vanskil urðu á greiðslu úttekta samkvæmt kortinu. Hinn 23. janúar 2002 sendi varnaraðili korthafa bréf þar sem tilkynnt var um að vanskilin næmu kr. 1.335.565,50. Var skorað á korthafa að greiða eða semja um skuldina ella yrði málið sent til lögfræðings. Í bréfinu kemur fram að afrit af bréfinu sé sent til ábyrgðarmanns og fékk sóknaraðili það sent. Hinn 4. febrúar 2002 greiddi sóknaraðili visaskuld sonar síns, kr. 1.289.620 fyrir milligöngu B.

Með bréfi B, dagsettu 25. mars 2002 var óskað eftir því við varnaraðila að hann endurgreiddi sóknaraðila mismuninn á því sem hann hafði greitt og hámarksfjárhæð ábyrgðar hans. Var þess getið í bréfinu að eiginmaður sóknaraðila hafi nokkrum dögum eftir greiðslu farið og fengið afrit sjálfskuldarábyrgðaryfirlýsingar sóknaraðila þar sem fram hafi komið að ábyrgð hans væri ekki hærri en kr. 400.000. Erindinu var hafnað hinn 24. september 2002 með rafpósti varnaraðila til B. Með bréfi lögmanns sóknaraðila til varnaraðila, dagsettu 23. janúar 2003, var farið fram á að gengið yrði til samninga við

sóknaraðila um lok málsins honum að skaðlausu. Erindinu var hafnað með rafpósti og bréfi varnaraðila, dagsettu 1. ágúst 2003.

Málið var lagt fyrir úrskurðarnefnd með kvörtun, dagsettri 9. desember 2003.

### III.

#### Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili gerir aðallega þá kröfu að varnaraðila verði gert að greiða honum kr. 1.289.620 ásamt dráttarvöxtum frá 4. febrúar 2002. Til vara krefst sóknaraðili þess að varnaraðili greiði honum kr. 889.620 ásamt dráttarvöxtum frá sama tíma. Í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar samkvæmt málskostnaðarreikningi.

Sóknaraðili kveðst hafa leitað til viðskiptabanka síns, B, eftir að hann fékk afrit af fyrrgreindu bréfi til skuldara. Hafi B haft samband við varnaraðila og óskað upplýsinga um hversu háa fjárhæð sóknaraðili þyrfti að greiða. Hafi honum verið gefin upp fjárhæðin kr. 1.289.620 sem hann hafi millifært af tveimur reikningum, annars vegar kr. 1.089.620 og hins vegar kr. 200.000. Eiginmaður sóknaraðila hafi síðar farið og fengið ábyrgðaryfirlýsingu sóknaraðila afhenta og þá séð að höfuðstóll hennar var kr. 400.000.

Sóknaraðili telur ábyrgðarskuldbindingu sína frá því í nóvember 1996 hafa verið fyrnda þegar innheimtubrési var beint að honum í janúar 2002. Vísar sóknaraðili í þeim efnum til 4. tölul. 3. gr. laga um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda nr. 14, 1905 og um upphaf fyrningarfrests til 1. mgr., sbr. 3. mgr. 5. gr. sömu laga.

Sóknaraðili kveður ljóst að varnaraðili hafi sem móttakandi ofangreindrar greiðslu verið grandvís um stöðu sóknaraðila sem ábyrgðarmanns og hafi því borið að gefa upp réttar upplýsingar um fjárhæð ábyrgðarskuldbindingar hans og fullvissa sig um að hann gerði sér grein fyrir réttarstöðu sinni. Kveðst sóknaraðili ekki hafa sérstaka þekkingu á bankaviðskiptum og einungis fengið afrit af innheimtubrési til skuldara. Hafi sér ekki verið gerð bréflaga grein fyrir stöðu sinni sem ábyrgðarmaður eða hver skuldastaða hennar í raun var. Hafi varnaraðila borið að gera sóknaraðila grein fyrir því að honum væri óskýlt að greiða þá fjárhæð sem tilgreind var í bréfi til skuldara og inna sóknaraðila sérstaklega eftir því hvort hann ætlaði að greiða ábyrgðarskuld sína eða heildarskuld sonar síns. Segist sóknaraðili hafa verið í villu um staðreyndir máls enda hafi gögn þau sem varnaraðili sendi frá sér ekki borið með sér hver raunveruleg ábyrgðarskuld sóknaraðila hafi verið. Þá vísar sóknaraðili til ólíkrar stöðu aðila.

### IV.

#### Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað. Telur varnaraðili það vera sóknaraðila að sýna fram á að varnaraðili hafi veitt rangar upplýsingar eða leynt þeim upplýsingar sem máli skiptu. Sé ekkert slíkt komið fram. Þá kveður varnaraðili sóknaraðila hafa fengið afrit ábyrgðaryfirlýsingar og hafi því haft allar upplýsingar um stöðu sína.

Varnaraðili hafnar því að ábyrgð sóknaraðila hafi verið fyrnd enda miðist upphaf fyrningar ótímabundinnar sjálfskuldarábyrgðar við þann dag sem krafa verður gjaldkræf en ekki þann dag sem ábyrgðin var gefin. Varnaraðili mótmælir þeim röksemdum sóknaraðila að hann hafi verið grandvís um að sóknaraðili væri að greiða meira en hann þyrfti og að slíkt væri hann að gera vegna misskilnings. Vísar varnaraðili til þess að sóknaraðili hafi ekki verið persónulega í samskiptum við sig heldur hafi greiðslan farið fram í B og sé það ekki á ábyrgð varnaraðila hvaða upplýsingar sóknaraðili hafi fengið

þar. Bendir varnaraðili á að ekkert liggi fyrir um samskipti B og varnaraðila og þá jafnframt hvort spurt hafi verið um heildarskuld korthafa eða ekki. Þá kveður varnaraðili sóknaraðila hafa greitt umrædda fjárhæð án fyrirvara og hafi varnaraðili verið í góðri trú um að sóknaraðili væri meðvitaður um þá greiðslu og hvað í henni fælist.

Varnaraðili bendir á að samkvæmt gögnum málsins hafi kr. 200.000 verið millifærðar af reikningi sem ekki sé í eigu sóknaraðila og verði ekki séð að hann hafi umboð til að krefja um endurgreiðslu þeirra.

**V.**

**Niðurstaða.**

Fyrir liggur að sóknaraðili greiddi varnaraðila kr. 1.289.620 hinn 4. febrúar 2002. Af viðskiptakvittun sem sóknaraðili fékk af því tilefni verður ráðið að greiðslan hafi verið vegna skuldar á greiðslukorti sonar sóknaraðila. Greiðslan var innt af hendi án nokkurs fyrirvara eða athugasemda af hálfu sóknaraðila.

Áður en til greiðslunnar kom hafði sóknaraðili fengið afrit af bréfi varnaraðila til umrædds korthafa, dagsettu 23. janúar 2002. Í bréfinu sem stílað er á korthafann kemur fram að kortið sé enn í vanskilum þrátt fyrir margar aðvaranir. Segir að það séu eindregin tilmæli varnaraðila að korthafinn komi og greiði eða semji um skuldina þá þegar eða eigi síðar en 10 dögum frá dagsetningu bréfsins. Verði vanskil þessi að öðrum kosti send til lögfræðings og bætist þá við, auk málshöfðunar, verulegur innheimtukostnaður samkvæmt gjaldskrá lögmannna. Segir síðan að afrit af bréfinu sé sent til ábyrgðarmanns. Loks er ítrekað að frekari aðvaranir verða ekki sendar af hálfu varnaraðila.

Ekki verður framhjá því horft að umrætt bréf er bréf varnaraðila til korthafa þar sem honum er gefinn lokafrestur til að greiða eða semja um skuld sína áður en hún verður falin lögfræðingi til innheimtu. Var afrit af bréfinu sent sóknaraðila sem ábyrgðarmanni samkvæmt yfirlýsingu þar um og hann þar með upplýstur um stöðu mála. Lögfræðilegar innheimtuaðgerðir voru hins vegar hvorki hafnar gagnvart korthafa né sóknaraðila sem ábyrgðarmanni. Hafði sóknaraðili því ekki verið krafinn um greiðslu á grundvelli ábyrgðaryfirlýsingar sinnar. Bréfið gefur heldur ekki til kynna að sóknaraðili sé ábyrgur fyrir allri þeirri fjárhæð sem þar er nefnd.

Sóknaraðili kveðst nú hafa staðið í þeirri trú að honum hafi sem ábyrgðarmanni verið skylt að greiða alla þá skuld sem tilgreind var í fyrrnefndu bréfi varnaraðila. Ekkert liggur fyrir um að varnaraðili hafi vitað eða mátt vita um þennan meinta skilning sóknaraðila eða að hann væri forsenda greiðslu hans. Verður og að hafa í huga eins og fyrr greinir að greiðslan var innt af hendi án fyrirvara eða athugasemda af hálfu sóknaraðila.

Með vísan til alls framanritaðs verður þegar af þessum ástæðum að hafna öllum kröfum sóknaraðila á hendur varnaraðila.

**Ú r s k u r ð a r o r ð:**

Kröfum sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, fjármálafyrirtækinu F, er hafnað.

Reykjavík, 11. mars 2004.

Guðjón Ólafur Jónsson

Grétar Gréтарsson

Íris Ösp Ingjaldsdóttir

Ólöf Embla Einarisdóttir

Sölvi

Sölvason

# ÚRSKURÐARNEFND UM VIÐSKIPTI VIÐ FJÁRMÁLAFYRIRTÆKI

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Ár 2004, þriðjudaginn 30. mars, er fundur haldinn í Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Guðjón Ólafur Jónsson, formaður, Grétar Grétarsson, Íris Ösp Ingjaldsdóttir, Ólöf Embla Einarsdóttir og Sölvi Sölvason.

Fyrir er tekið **mál nr. 33/2003:**

**M**  
**gegn**  
**fjármálafyrirtækinu F**

og kveðinn upp svohljóðandi

## ú r s k u r ð u r:

### I.

#### Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndir sóknaraðilar, annars vegar, og fjármálafyrirtækið F, hins vegar, hér eftir nefnt varnaraðili.

Málið barst úrskurðarnefnd 22. desember 2003 með ódagsettri kvörtun lögmanns sóknaraðila, f.h. A, vegna sóknaraðila, en A er faðir þeirra. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 22. desember 2003, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi hans, dagsettu 15. janúar 2004. Bréfið var sent lögmanni sóknaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu 16. janúar 2004, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi lögmannsins, dagsettu 20. janúar 2004. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 11. mars 2004, var óskað eftir frekari upplýsingum, gögnum og athugasemdum frá varnaraðila. Svar barst með bréfi varnaraðila, dagsettu 17. mars 2004. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 18. mars 2004, var bréfið sent lögmanni sóknaraðila og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Bárust þær með bréfi lögmannsins, dagsettu 23. mars 2004.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 6. febrúar, 4., 11., 25. og 30. mars 2004.

### II.

#### Málsatvik.

Hinn 15. desember 1999 keypti faðir sóknaraðila fyrir hönd hvors sóknaraðila um sig, með milligöngu varnaraðila, hlutabréf í B. að nafnvirði kr. 29.000 á genginu 3,85 og nam kaupverð hlutabréfa hvors um sig kr. 111.650.

Faðir sóknaraðila kveðst hafa gefið varnaraðila fyrirmæli um að selja bréf sóknaraðila hinn 11. apríl 2000 á þáverandi gengi sem hafi verið 18,3 en varnaraðili segir engin gögn hafa verið lögð fram um það. Kveður varnaraðili föður sóknaraðila hafa gefið fyrirmæli um að selja bréfin á fyrirfram ákveðnu gengi sem ekki hafi fengist og hafi faðir sóknaraðila ekki verið tilbúinn til að selja þau á markaðsverði. Engin gögn liggja fyrir um frekari samskipti aðila fyrr en með rafpósti milli varnaraðila og föður sóknaraðila hinn 4. apríl 2002. Hafnaði varnaraðili þá kröfum sóknaraðila. C keypti fyrrgreind hlutabréf sóknaraðila hinn 14. ágúst 2003 í tengslum við yfirtöku félagsins á B. Fékk hvor um sig greiddar kr. 46.400 fyrir sinn hlut eða sem svarar genginu 1,6.

Málið var lagt fyrir úrskurðarnefnd með kvörtun, móttækinni 22. desember 2003.

### III.

#### Umkvörtunarefni.

Sóknaraðilar gera aðallega þá kröfu að varnaraðila verði gert að greiða sóknaraðilum kr. 968.600 ásamt dráttarvöxtum samkvæmt IV. kafla (sic) laga um vexti og verðtryggingu nr. 38, 2001 frá 4. maí 2002 til greiðsludags. Þá er krafist vaxtavaxta samkvæmt 12. gr. sömu laga er höfuðstólsfærisk á 12 mánaða fresti. Til vara er þess krafist að varnaraðili greiði sóknaraðilum kr. 951.200 ásamt dráttarvöxtum og vaxtavöxtum eins og fyrr greinir. Til þrautavara er gerð krafa um að varnaraðili greiði sóknaraðilum kr. 719.200 ásamt dráttarvöxtum og vaxtavöxtum með sama hætti og áður segir. Loks krefjast sóknaraðilar þess til þrautþrautavara að varnaraðila verði gert að greiða þeim kr. 487.200 ásamt dráttarvöxtum og vaxtavöxtum eins og fyrr er rakið. Í öllum tilvikum er þess krafist að varnaraðila verði gert að greiða sóknaraðilum kr. 159.796 vegna lögmanskostnaðar.

Sóknaraðilar byggja aðalkröfu sína á því að samist hafi um með aðilum að gefa mætti fyrirmæli um kaup og sölu símleiðis. Telja þeir eðlilegt að varnaraðili beri ábyrgð á því að samskipti og fyrirmæli skyldu fara fram með þeim hætti. Sóknaraðilar kveða föður sinn hafa verið til sjós og meira og minna sambandslaus við fastalandið. Þegar hann hafi komið í land og ætlað að fjárfesta fyrir hönd sóknaraðila fyrir afrakstur af sölu bréfanna í B hafi komið í ljós að hún hafi aldrei farið fram og gengi bréfanna lækkað umtalsvert. Hafi faðir sóknaraðila leitað eftir leiðréttingu mála fyrir þeirra hönd hjá varnaraðila. Rafpóstsendingar hans og varnaraðila hafi hins vegar að mestu glatast þegar tölva hans eyðilagðist. Þó séu til rafpóstsendingar frá 4. apríl 2002.

Aðalkröfu sína kveða sóknaraðilar nema mismun á markaðsgengi hlutabréfa í B þegar faðir þeirra hafi fyrir þeirra hönd gefið varnaraðila fyrirmæli um að selja bréfin hinn 11. apríl 2000 annars vegar og kaupverði þeirra hins vegar. Hafi þeir keypt bréfin fyrir 174.000 en gengi þeirra fyrrgreindan dag hafi verið 18,3 og markaðsvirði því kr. 1.061.400. Sé mismunurinn kr. 968.600 sem sé tjón sóknaraðila. Varakröfu sína segja sóknaraðilar miðaða við að sölugengi bréfanna hafi verið 18,0 eins og faðir þeirra virðist ganga út frá í rafpósti sínum til varnaraðila. Þrautavarakrafan miðist við sölugengið 14,0 en sóknaraðilar hafi talið sig hafa náð samkomulagi við varnaraðila um að hann keypti bréfin á því gengi. Loks byggist þrautþrautavarakrafa sóknaraðila á boði varnaraðila um að kaupa bréfin á genginu 10 eins og ráða megi af rafpóstsendingum aðila.

Sóknaraðilar vísa til þess að varnaraðili sé fjármálafyrirtæki sem selji sérfræðiráðgjöf og þjónustu. Kveða þeir varnaraðila hafa látið hjá líða að selja hlutabréf þeirra þegar hann hafi fengið fyrirmæli þar um. Hafi varnaraðili viðurkennt mistök sín en neitað að bæta sóknaraðilum tjón sitt. Sóknaraðilar vísa til þess að samkvæmt 2. málsl. 1. mgr. 15. gr. þágildandi laga um verðbréfavíðskipti nr. 13, 1996 hafi varnaraðila borið að veita föður þeirra ráðgjöf og þjónustu í samræmi við þekkingu hans og reynslu. Hafi varnaraðili átt að kalla eftir skýrri afstöðu til þess hvort sóknaraðilar vildu selja bréf sín á markaðsgengi.

### IV.

#### Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað. Kveður varnaraðili að um umboðsvíðskipti hafi verið að ræða þar sem faðir sóknaraðila hafi falið varnaraðila að selja og kaupa hlutabréf.

Varnaraðili segir engin gögn hafa verið lögð fram til staðfestingar á því að beðið hafi verið um sölu á hlutabréfum sóknaraðila í síðargreinda félaginu hinn 11. apríl 2000 og þó svo hefði verið þá kæmi ekki fram á hvaða gengi óskað hefði verið eftir að bréfinu yrðu seld á. Kveður varnaraðili það staðfest af sinni hálfu að faðir sóknaraðila hafi beðið um sölu á hlutabréfunum á fyrirfram ákveðnu gengi en gengið hafi lækkað mjög hratt og hafi faðir sóknaraðila ekki verið tilbúinn að selja á markaðsgengi. Hafi gengið þannig runnið undan honum án þess að hann tæki nokkurn tíma ákvörðun um að selja. Varnaraðili kveður föður sóknaraðila hafa verið kunnan verðbréfavíðskiptum og eðli slíkra víðskipta.

Varnaraðili mótmælir því ekki að samist hafi um með aðilum að gefa mætti fyrirmæli um kaup og sölu símleidis. Því sé hins vegar alfarið mótmælt að gefin hafi verið fyrirmæli um að selja hlutabréf sóknaraðila í B á markaðsgengi. Hefði svo verið hefðu hlutabréfin verið seld þann dag sem fyrirmælin hefðu verið gefin og á því verði sem markaðurinn hefði verið tilbúin að kaupa þau á þann dag. Kveður varnaraðili föður sóknaraðila hafa gefið fyrirmæli um að selja bréfin á fyrirfram ákveðnu gengi sem ekki hafi fengist og hafi hann ekki verið tilbúinn til að selja þau á markaðsverði.

Varnaraðili bendir á að fyrrgreind hlutabréf hafi verið keypt á genginu 3,85 og eigi fullyrðingar sóknaraðila um gengið 3,00 því ekki við rök að styðjast. Þá kveður varnaraðili tilboð um sættir eingöngu hafa verið sett fram í þeim tilgangi að leysa málið og hafi ekki falist í þeim nein viðurkenning á sök varnaraðila.

## V.

### Niðurstaða.

Kröfugerð sóknaraðila, sem njóta aðstoðar lögmanns við málarekstur sinn, miðast við að þeir eigi óskipta kröfu á hendur varnaraðila og þar með sé um samaðild þeirra að ræða. Af gögnum málsins verður hins vegar ráðið að hvor sóknaraðila um sig keypti hinn 15. desember 1999 hlutabréf í B að nafnverði kr. 29.000 á genginu 3,85 (en ekki 3,00 eins og greinir ranglega í málatilbúnaði sóknaraðila). Er því um tvær aðskildar kröfur sóknaraðila að ræða. Eftir atvikum þykir mega fallast á samlagsaðild þeirra enda hefur henni ekki verið mótmælt sérstaklega af hálfu varnaraðila. Má því skilja málatilbúnað sóknaraðila svo að hvor um sig krefjist þess aðallega að varnaraðili greiði honum kr. 484.300, til vara kr. 475.600, til þrautavara 359.600 og til þrautaþrautavara kr. 243.600, auk dráttarvaxta og lögmannskostnaðar.

Sóknaraðilar kveða föður sinn hafa gefið varnaraðila fyrirmæli hinn 11. apríl 2000 um að selja bréf þeirra í B. Varnaraðili kveður engin gögn hafa verið lögð fram til staðfestingar þessu og hafnar kröfum sóknaraðila. Hins vegar kveður varnaraðili föður sóknaraðila hafa beðið sig um að setja inn sölutilboð á hlutabréfunum, þ.e. tilboð um að bréfin væru fól á tilteknu gengi, en ekki að selja þau á hagstæðasta kauptilboði. Ekki kemur þó fram hvenær það á að hafa verið gert eða við hvaða gengi umrætt sölutilboð miðaðist.

Í kvörtun sóknaraðila kemur fram að faðir þeirra hafi leitað leiðréttingu mála sinna hjá varnaraðila þá er hann kom í land á ný eftir veru sína á sjó. Ekki liggur þó fyrir hvenær það á að hafa verið. Kveða sóknaraðilar gögn þar að lútandi hafa glatast er tölva föður þeirra eyðilagðist. Ekkert verður ráðið af gögnum málsins um samskipti aðila fyrr en með rafpóstsendingum varnaraðila og föður þeirra um tveimur árum síðar, hinn 4. apríl 2002. Kemur þar m.a. fram í rafpósti varnaraðila að hann hafi enn á ný farið yfir

málið. Bendir varnaraðili föður sóknaraðila þann dag á að bera mál þeirra undir úrskurðarnefndinni. Það var þó ekki gert fyrir en með kvörtun, móttækinni 22. desember 2003.

Atvik máls eru að flestu leyti óljós. Sóknaraðilar bera sönnunarbyrði fyrir þeirri fullyrðingu sinni að faðir þeirra hafi fyrir þeirra hönd gefið varnaraðila fyrirmæli um að selja hlutabréf þeirra í B hinn 11. apríl 2000. Engra skriflegra gagna nýtur við í þeim efnum. Þá liggur ekki fyrir hvenær faðir sóknaraðila hafi hringt í varnaraðila eða hvaða fyrirmæli hann gaf. Engin gögn liggja fyrir um samskipti aðila frá því að umþrætt hlutabréf voru keypt 15. desember 1999 þar til að þau voru seld 14. ágúst 2003 ef frá er talinn rafpóstur þeirra á milli hinn 4. apríl 2002. Ekki verður hins vegar nægilega mikið ráðið af þeim samskiptum til að hægt sé að byggja niðurstöðu málsins á þeim.

Í málatalbúnaði sóknaraðila kemur fram að faðir þeirra hafi gert kröfu um greiðslu úr hendi varnaraðila allt að tveimur árum áður en fyrrgreindur rafpóstur var sendur hinn 4. apríl 2002. Sé það rétt virðist faðir sóknaraðila hafa uppgötvað mjög fljótlega að sú sala sem hann kveðst hafa óskað eftir hafði ekki farið fram. Af gögnum málsins verður þó ekki ráðið að faðir sóknaraðila hafi gert neitt til að ítreka fyrirmæli sín um sölu bréfanna eða gert aðrar ráðstafanir um sölu þeirra eftir að hann komst að því að bréfin höfðu ekki verið seld meðan hann var á sjó. Hafði hann þó til þessa næg tækifæri en bréfin voru ekki seld fyrir en við yfirtöku þriðja aðila á umræddu félagi í ágúst 2003 og þá á genginu 1,6. Er það fremur til styrktar frásögn varnaraðila um að sóknaraðili hafi ekki á sínum tíma viljað selja bréfin á þáverandi markaðsgengi.

Með hliðsjón af öllu framansögðu og að öðru leyti til atvika máls þykja ekki næg efni til að snúa sönnunarbyrði við í málinu. Verður því að fallast á að ósannað sé að faðir sóknaraðila hafi fyrir þeirra hönd gefið varnaraðila fyrirmæli um að selja bréfin hinn 11. apríl 2000 svo sem þeir halda fram. Þá er heldur ekki komið fram að slík fyrirmæli hafi verið gefin eftir þann tíma eða að varnaraðili hafi síðar skuldbundið sig til að kaupa hlutabréfin á einhverju tilteknu gengi. Verður því ekki hjá því komist að hafna öllum kröfum beggja sóknaraðila á hendur varnaraðila.

Úrskurðarnefndin brýnir fyrir varnaraðila nauðsyn þess að tryggð sé sönnun um fyrirmæli um kaup og sölu verðbréfa með skriflegum gögnum, þ.á m. rafpósti eða símbréfum, eða hljóðupptökum, og að varsla þeirra gagna sem hafa að geyma slík fyrirmæli verði tryggð með viðunandi hætti. Áréttað skal að skortur á varðveislu slíkra gagna kann að leiða til þess að sönnunarbyrði verði velt yfir á fjármálafyrirtæki þótt ekki hafi eins og atvikum var háttað verið nægilegt tilefni til þess í því máli sem hér um ræðir.

## Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfum beggja sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, fjármálafyrirtækinu F, er hafnað.

Reykjavík, 30. mars 2004.

Guðjón Ólafur Jónsson

Grétar Grétarsson

Íris Ösp Ingjaldsdóttir

Ólöf Embla Einarisdóttir

Sölvi Sölvason